allt

AXEL OG SIGRÍÐUR

*Feðgin á skíðum í Andorra um hátíðirnar*

jólin koma bílar ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



BÍÓPARTÍ TARANTINO

*Seldist upp á níu mínútum*

Verður hjá Conan O'Brien eftir heimsóknina hingað

FÓLK 58






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. desember 2005 — 346. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

# Vill skera upp herör gegn launamisréttinu

**Laun helstu embættismanna hækka um 8,15 prósent frá næstu áramótum og hafa hækkað um níutíu prósent frá árinu 1999. Það er fjörutíu prósentustigum umfram hækkun launa almennings. Formaður BSRB vill skera upp herör gegn misréttinu.**

**KJARAMÁL** Kjaradómur hefur ákveðið að laun helstu embættismanna þjóðarinnar hækki um 8,15 prósent frá og með næstu áramótum. Inni í þeirri tölu er sú 2,5 prósenta launahækkun sem launþegar fá á almennum vinnumarkaði. Samtals hafa laun þessara embættismanna hækkað um minnst 13,75 prósent frá síðustu áramótum.

Úrskurðurinn gildir um forseta Íslands, ráðherra, forseta Hæstaréttar og hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ríkissáttasemjara, ríkisendurskoðanda, biskup Íslands, dómstjóra, héraðsdómara, umboðsmann barna og alþingismenn.

Laun embættismannanna hafa hækkað um 90 prósent frá árinu 1999 meðan laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað um 51 prósent á sama tíma.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir launahækkunina hefðbundið hneyksli og að það sannist eina ferðina enn að kjaradómur hugsi um sína. „Það er fráleitt að tiltekinn hópur manna standi fyrir utan alla kjarasamninga, njóti ávaxtanna af réttindabaráttu launafólks og fleyti alltaf rjómann ofan af henni,“ segir hann. Hann hvetur til þess að öll hreyfing launafólks á Íslandi sameinist um að skera upp herör gegn þessu misrétti þannig að þessi mál verði færð í átt til jafnræðis.

Mánaðarlaun forseta Íslands hafa hækkað um 167 þúsund á einu ári, úr 1.460 þúsund krónum fyrir ári í 1.626.722 þúsund á mánuði frá næstu mánaðamótum. Laun forsætisráðherra hækka um tæp 120 þúsund og verða tæplega 990 þúsund. Laun ráðherra hækka um 107 þúsund og verða 893 þúsund. Laun alþingismanna hækka um tæp 60 þúsund. Þeir eru launalægstir með rúmlega 497 þúsund.

Embættismennirnir hafa hækkað þrisvar á einu ári. Fyrst fengu þeir þriggja prósenta launahækkun um síðustu áramót. 1. júlí hækkuðu laun þeirra um tvö prósent og nú hækka laun þeirra um 8,15 prósent. Þeir fengu enga launahækkun í fyrra en aftur á móti hækkuðu laun þeirra um 11 til 19 prósent árið 2003. **- ghs**



**ÚTIVERA Á LEIKSKÓLANUM DAL** Líklegt er að það þurfi að loka deildum á leikskólanum Dal í Kópavogi eftir áramót vegna manneklu. Þessi ungi drengur hafði hins vegar ekki miklar áhyggjur af því þar sem hann lék sér í brekkunni þegar útivistartími krakkanna á leikskólanum stóð sem hæst. **Sjá síðu 10** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fundur sérfræðilækna og samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins í gær:

# Ekkert samkomulag í augsýn

**KJARAMÁL** Fundi samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins lauk án samkomulags í gær. Nýr fundur hefur ekki verið boðaður. Kvóti sérfræðilækna hjá Tryggingastofnun fyrir þetta ár er búinn og greiðir Tryggingastofnun sérfræðilæknum því ekkert fram til áramóta.

Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur, segir að sérfræðilæknar hafi samning við Tryggingastofnun sem gildi út mars 2008 og sá kvóti sé alltof lítill. Um áramótin byrji nýtt kvótaár. Það sem eftir sé ársins standi sérfræðilæknar frammi fyrir því þurfa að skera niður þjónustu enn frekar en orðið er. Ef þeir taki á móti sjúklingum verði þeir að vinna kauplaust eða taka við þeim hluta greiðslunnar sem Tryggingastofnun ætti annars að fá.

„Sérfræðingar eru í mörgum tilfellum að vinna en skila ekki inn reikningum,“ segir Kristján og telur kvótann alltof lítinn. Ekki komi til greina að sérfræðilæknar loki alveg fyrir þjónustu sína. Þeir virði fjárlög en séu andvígir ákvæðum í samningum og reglugerðum um að þeir megi aldrei taka við hluta Tryggingastofnunar úr hendi sjúklinga. **- ghs**

## Verðlaunaðir í bak og fyrir

Hljómsveitin Sigur Rós fékk í gær afhentar gullplötur fyrir nýjustu plötu sína Takk og plötuna ( ) sem kom út árið 2002. FÓLK 48



## Eftirvæntingin var mikil

75 ár eru liðin frá því Ríkisútvarpið hóf reglubundnar útsendingar. TÍMAMÓT 32

## Afmælisbarn sunnudagsins

Það er frekar vegna vaxandi andúðar á taumlausari afbrigðum af neysluhyggju en vegna þverrandi áhrifa kristinnar trúar að jólahald er minna í tísku í Evrópu en áður segir Jón Ormur Halldórsson. UMRÆÐA 28

## Undarlegt val á besta leikmanni heims



Þegar rýnt er í val þeirra sem kusu í kjörinu á besta knattspyrnumanni heims kemur margt forvitnilegt í ljós. Til dæmis telur Zinedine Zidane að Didier Drogba sé besti leikmaður heims. ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÍTILSHÁTTAR SLYDDA EÐA SNJÓÉL** á landinu en yfirleitt þurrt og bjart austan og suðaustan til. Hiti 0-3 stig, svalast á norðanverðu landinu. VEÐUR 4

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MARKAÐURINN

Fleiri innherjamál send til Fjármálaeftirlitsins

Magnús festir kaup á Toyota



**SÍKÁTIR SVEINAR** Skyrgámur hafði mikinn áhuga á gulu bókinni en hún inniheldur gildandi kjarasamning. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Stéttarvitund á Húsavík:

# Jólasveinar í baráttuhug

**HÚSAVÍK** Fjórir vaskir sveinar mættu óvænt á skrifstofu Verkalýðsfélags Húsavíkur í gær til að kynna sér helstu starfsréttindi sín. Sögðust þeir vera bræður; alíslenskir að ætt og uppruna og nýkomnir ofan úr norðlenskum fjöllum.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, kynnti þeim gildandi kjarasamning og segir þá hafa verið þokkalega sátta: „Þeir bræður sögðust vinna sólarhringinn saman við að leita uppi skó í gluggum dagana fyrir jól og ég gaf þeim heimild til að brjóta vökulögin, að því gefnu að þeir hvíldu sig vel eftir áramót.“ **- kk**

Óþrifnaður í lestum:

# Reykingamenn greiði meira

**DANMÖRK** Frá og með næsta vori munu reykingamenn í Danmörku þurfa að greiða helmingi meira fyrir lestarmiðann en aðrir farþegar. Einnig verða allar reykingar bannaðar á fyrsta farrými. Þetta kom fram í dagblaðinu Metroxpressen.

Haft er eftir talsmanni fyrirtækisins DSB, sem á og rekur dönsku lestarnar, að reykingum fylgi óþrifnaður og því sé breytingin réttlætanleg.

Danska neytendaráðið hefur mótmælt þessum fyrirhuguðu breytingum og segir þær mismuna farþegum. **- ks**





## SPURNING DAGSINS

*Stefán, er nema von að Framari setji spurningamerki við framfarahugtakið?*

„Engan veginn. Það eru miklar framfarir fyrir 1. deildina að fá okkur í heimsókn.“

Stefán Pálsson fjallaði um framfarir og líkti þeim við knattspyrnu á fundi Sagnfræðingafélagsins í gær. Stefán er áhangandi Frams í knattspyrnu sem féll niður um deild í sumar.

Hjördís Hákonardóttir fær ársleyfi á launum vegna jafnréttisdóms á hendur dómsmálaráðherra:

# Jafnréttisbrot kostar níu milljónir

**JAFNRÉTTI** Hjördís Hákonardóttir, dómstjóri á Suðurlandi, fær ársleyfi á launum til að sinna fræðistörfum og kemur til álita að gera við hana starfslokasamning að því loknu. Ríkissjóður greiðir Hjördísi tæplega níu milljónir króna í leyfinu miðað við að hún hafi 738 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði eins og dómstjórar úti á landi hafa frá áramótum.

Þetta er í samræmi við samkomulag sem hefur tekist milli dómsmálaráðherra og Hjördísar vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála frá því í fyrra en Hjördís kærði þá ákvörðun dómsmálaráðherra að skipa Ólaf Börk Þorvaldsson hæstaréttardómara í ágúst fyrir tveimur árum. Kærunefndin komst að þeirri niðurstöðu að dómsmálaráðherra hefði brotið jafnréttislög og beindi þeim tilmælum til ráðherra að fundin yrði viðunandi lausn á málinu.



**HJÖRDÍS HÁKONARDÓTTIR** Dómstjóri á Suðurlandi er á leið í ársleyfi.

Hjördís Hákonardóttir dómstjóri kveðst ætla að byrja á því að kíkja á MA-ritgerð sem hún eigi hálfkláraða og sjái svo til hvað við taki. Eftir eitt ár sé möguleiki á starfslokasamningi. „Það getur vel verið að ég sé búin að kveða upp síðasta dóminn,“ segir hún.

Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður telur að dómsmálaráðherra sé greinilega búinn að gangast við jafnréttisbroti sínu. „Það er greinilegt að hann teygir sig langt í samkomulagsátt til þess að forðast dómsmálið, enda hefði það ekki verið á það bætandi fyrir þessa ríkisstjórn að fá annan dóm af þessu tagi,“ segir hún.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir stjórnvöld: „Þær eru orðnar ansi dýrar þessar geðþóttaákvarðanir ráðherranna í þessari ríkisstjórn.“

- æþe/ghs



**NORSKA KONUNGSFJÖLSKYLDAN** Lét að venju taka af sér jólamyndir fyrr í vikunni.

Norska konungsfjölskyldan:

## Vinsældirnar minnka sífellt

**BERGEN** Vinsældir norsku konungsfjölskyldunnar hafa farið snarminnkandi undanfarin ár að því er fram kemur í norska dagblaðinu Aftenposten. Einungis þrettán prósent norskra ungmenna segjast nú ánægð með konungsfjölskylduna, en það voru þrjátíu prósent árið 1991.

Aðeins meiri hrifningar á konungsfjölskyldunni gætir hjá öðrum aldurshópum, en vinsældirnar hafa þó hrapað á síðustu árum. Norskur stjórnmálafræðingur segist ekki telja niðurstöðurnar endurspegla sérstaka óánægju með meðlimi konungsfjölskyldunnar. Þjóðleg gildi séu einfaldlega að glata gildi sínu. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Íslenskri konu vísað úr sænskum strætó

**Sjónskert íslensk kona stóð í stappi við strætisvagnstjóra á Skáni í Svíþjóð. Lögregla vísaði henni úr vagninum þegar hún stóð á rétti sínum og neitaði að borga undir aðstoðarmann sinn. Málið vakti mikla athygli ytra um helgina.**

**FÉLAGSMÁL** Rut Sverrisdóttur, sjónskertri konu sem býr í Bromölla á Skáni í Suður-Svíþjóð, var þar vísað út úr strætisvagni í bænum Hässleholm með lögregluvaldi seint á föstudagskvöld. Kona sem keyrði vagninn neitaði að halda áfram þegar Rut stóð á rétti sínum og neitaði að borga undir aðstoðarmann sinn. Á Skáni eiga aðstoðarmenn blindra og sjónskertra að fá með þeim ókeypis far í almenningsvögnum.

Úr varð heilmikil uppákoma þar sem vagnsstjórinn neitaði að aka af stað nema aðstoðarmaðurinn borgaði. Voru aðrir farþegar farnir að hreyta ónotum í Rut en hún var einnig með ársgamlan son sinn með í för.



Kristianstadsbladet

Utmålades som fuskare på buss

**UMFJÖLLUN Í SVÍÞJÓÐ** Í september lenti Rut í fyrsta sinn í því að vera vísað úr strætó með aðstoðarmanni sínum og þá var fjallað um málið í héraðsfréttablaðinu.

„Svo var þetta nálægt klukkan hálf tólf um kvöld niðri í miðbæ og þar langaði mig ekki að vera í ferðinni með barnið innan um fólk að drekka,“ segir hún. Eftir um tuttugu mínútna þóf kom svo lögreglan, þeim var öllum vísað frá borði og tóku leigubíl heim.

„Ég átti aldrei von á því að þetta myndi vekja svona mikla athygli,“ segir Rut, en fjallað var um uppákomuna í héraðsfréttablöðum og -sjónvarpi á Skáni og í aðalfréttatíma Sænska ríkissjónvarpsins síðasta sunnudagskvöld. „Þetta var heilmikil úttekt, fréttin var heilar fjórar mínútur.“



**RUT SVERRISDÓTTIR ÁSAMT BÖRNUM SÍNUM** Rut hefur búið í Svíþjóð í um 16 mánuði, en þar segist hún fá mun meiri þjónustu fyrir sig og Helgu dóttur sína en hér heima. Báðar eru sjónskertar. Með á myndinni er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn, Sverrir. MYND/BJARKI HILMARSSON

Rut segir þetta vera í annað sinn sem hún lendi í svona stappi við vagnstjóra, en í september var lögregla einnig kvödd til þegar það sama gerðist. Í þetta sinn ákváðu Rut og aðstoðarmaður hennar hins vegar að vekja athygli á málinu og sendu staðarblaðinu bréf. „Ég var ekki bara að standa á rétti mínum heldur á ég fimm ára gamla sjónskerta stelpu sem þarf á þessari þjónustu að halda þegar hún verður eldri. En það er ekki skemmtilegt að standa í þessu.“

Vagnsstjórinn hefur eftir að málið kom upp fengið áminningu í starfi, segir Rut, og hún fengið afsökunarbeiðni frá umsjónarmanni almenningssamgangna á Skáni.

Rut flutti til Svíþjóðar um mitt ár 2004 með manni sínum Bjarka og Helgu dóttur þeirra. „Ég er hálfgerður flóttamaður frá Íslandi,“ gantast hún og kveðst hafa verið nauðbeygð að flytja því fjölskyldan fái ekki þá þjónustu heima sem hún þarf á að halda. Áður bjuggu þau á Akureyri.

olikr@frettabladid.is



**NORRÆNA Í SEYÐISFJARÐARHÖFN** Lögreglan gefur ekki upp hve mikið magn fíkniefna fannst í förum tveggja manna.

Handteknir vegna smygls:

## Með eiturlyf í Norrænu

**LÖGREGLA** Tveir menn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram á Þorláksmessu vegna fíkniefnasmygls með Norrænu.

Að sögn Ásgeirs Karlssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík, voru mennirnir, sem eru á fimmtugs- og sextugsaldri, handteknir á höfuðborgarsvæðinu, annar á fimmtudaginn var, en hinn á laugardag. Þeir höfðu komið hingað til lands með Norrænu frá Danmörku á þriðjudaginn í síðustu viku með efnin falin í bíl sínum.

Töluvert magn fíkniefna var falið í bíl mannanna, en þeir eru grunaðir um að hafa flutt það hingað til dreifingar og sölu. Ásgeir sagði málið enn í rannsókn og gaf ekki upp frekari upplýsingar um efnin eða magn þeirra. - óká

### ÞJÓÐKIRKJAN

**Einn um hituna** Annar umsækjenda um embætti sóknarprests í Hallgrímskirkjuprestakalli, Pjetur Þorsteinn Maack, dró umsókn sína til baka í gærmorgun. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson er því eini umsækjandinn um stöðuna.

### SLÖKKVILIÐIÐ

**Bruni í heimahúsi** Eldur kviknaði í kertaskreytingu í Vesturbænum rétt fyrir kvöldmatarleytið í gær. Vel gekk að slökkva eldinn og litlar skemmdir urðu. Slökkviliðið vill þó benda fólki á að fara varlega með kertaljósin.






Síldarvinnslan í Neskaupstað kaupir Súluna ehf.:

# Súlan EA kveður Akureyri

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað hefur gert framvirkan samning um kaup á öllum hlutabréfum í Súlunni ehf. á Akureyri. Súlan ehf. gerir út loðnuskipið Súlan EA 300 og eru eigendur fyrirtækisins Sverrir Leósson og Bjarni Bjarnason. Síldarvinnslan hf. mun samkvæmt samningnum kaupa öll hlutabréf í Súlunni fyrri hluta árs 2007 eftir að vetrarvertíð á loðnu lýkur og taka þar með við rekstri skipsins. Ekki fæst kaupverðið upp gefið að svo stöddu.



**SÚLAN EA-300** Hefur verið eitt af kennileitum Akureyjarbæjar í tímans rás þar sem skipið hefur legið við Torfunesbryggju.

Sverrir Leósson, annar eigandi skipsins, segist sjá eftir Súlunni en að hann hafi talið að nú væri rétti tíminn að selja. Hann hafi sinnt rekstrinum í landi svo til einn og að hann sé orðinn lúinn eftir um 50 ára sjómennsku. Hann treystir tilvonandi rekstraraðilum vel. „Þetta eru góðir og traustir kaupendur sem við höfum átt gott samstarf við í ellefu ár og ég hefði ekki viljað selja neinum skipið frekar.“

Áhöfn Súlunnar hefur verið mönnuð af Akureyringum en nær öllum aflanum hefur verið landað í Neskaupstað.

Loðnuveiði hefur gengið illa þessi misseri og loðnuleit Hafrannsóknastofnunar líka, en þrátt fyrir erfitt ástand er Sverrir bjartsýnn. Hann telur leitina hafa gengið illa sökum mikils hafíss sem sé á helstu leitarmiðunum þar sem loðnan haldi sig á þessum árstíma, en hann er sannfærður um að veiðarnar muni glæðast eftir áramót.

- æþe

*Jólabækurnar 2005*

# METSÖLULISTI JPV

1 SÆTI




FJÓRÐA PRENTUN ER KOMIN

**„Viskurit sem vekur til umhugsunar,**
gagnlegt öllum sem vinna
að lífsgæðum og vanda ævigönguna.“
Sigurður Árni Þórðarson

**„Vísar lesendum veginn til mögulegs þroska**
og mögulegrar hamingju ...
**Kaflinn um tilfinningar er einkar vel skrifaður.“**
Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

2 SÆTI




ÞRIÐJA PRENTUN ER KOMIN

**„... eini rithöfundurinn sem þorir ...“**
SIRKUS

**„Mögnuð bók! Hélt mér límdum við síðurnar.“**
Sigurður G. Tómasson / NFS

**„Þrælspennandi og vel fléttuð glæpasaga.“**
Jón Yngvi / KASTLJÓS

3 SÆTI




ÞRIÐJA PRENTUN ER KOMIN

**„Hún kann galdurinn við að hrífa lesandann ...**
**og heilla hann upp úr skónum.”**
Friðrika Benónýs / MORGUNBLAÐIÐ

**„Maður er svolítið klökkur að lestri loknum.**
**Finnst maður hafa farið í gegnum þroskaferil.”**
Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

**„Það er kraftur í þessari frásögn,**
sterk löngun til að segja frá sem smitar lesandann.”
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

4 SÆTI




ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING 2005

FJÓRÐA PRENTUN ER KOMIN

**„Meiriháttar lesning ...**
gat hreinlega ekki slitið mig frá henni.“
Stefán Þór Sæmundsson / hexia.net

**„Ætti að senda kaldan hroll niður**
**eftir baki einhverra lesenda.“**
Guðrún Lára Pétursdóttir / KISTAN.IS

**„Hörkufín glæpasaga með öllu sem til þarf.“**
Ingvi Þór Kormáksson / BOKMENNTIR.IS

5 SÆTI




ÖNNUR PRENTUN ER KOMIN

**„Frábær söguleg skáldsaga ...**
**skrifuð af fádæma stílgáfu ...**
**ævintýraleg ... mjög lífleg ...“**
Jón Yngvi / KASTLJÓS

**„Höfuðlausn er fantafín saga.“**
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

**„Fangar strax athygli lesandans**
**og heldur honum þar til yfir lýkur.“**
Bók vikunnar / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,96 | 63,26 |
| Sterlingspund | 111,24 | 111,78 |
| Evra | 75,38 | 75,8 |
| Dönsk króna | 10,11 | 10,17 |
| Norsk króna | 9,382 | 9,438 |
| Sænsk króna | 8,026 | 8,074 |
| Japanskt jen | 0,5404 | 0,5436 |
| SDR | 90,7 | 91,24 |

*Gengisvísitala krónunnar*
105,9612

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Arnold Schwarzenegger gramur heimaborg sinni í Austurríki:

# Skilar heiðursviðurkenningu

**AUSTURRÍKI, AP** Borgarstjóri Graz í Austurríki, heimabæjar Arnolds Schwarzenegger, skammaði í gær borgarstjórnarmenn sem höfðu reitt Schwarzenegger til reiði með því að gagnrýna að hann skyldi ekki hafa beitt ríkisstjóravaldi sínu til að náða dauðadæmdan fanga sem tekinn var af lífi í Kaliforníu í fyrri viku.

Schwarzenegger brást í fyrradag við þessari gagnrýni með því að endursenda heiðursviðurkenningu sem honum var veitt af borgarstjórninni árið 1999 og banna borgaryfirvöldum að nota nafn sitt í kynningarskyni.



**SCHWARZENEGGER-LEIKVANGURINN Í GRAZ** Kaliforníuríkisstjórinn vill sjá nafn sitt fjarlægt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nafn hans skyldi líka fjarlægja af íþróttaleikvangi í borginni sem kenndur er við hann.

Borgarstjórinn, Siegfried Nagl, sakaði borgarfulltrúa jafnaðarmanna, græningja og aðra, sem beitt hefðu spjótum sínum að Schwarzenegger, um að standa fyrir „neyðarlegum farsa“. Hann fullyrti að borgarbúar væru stoltir af hinum heimsfræga syni bæjarins.

Nagl sagðist í gær myndu senda Schwarzenegger bréf þar sem hhann segði honum að vinsældir hans í borginni stæðu óhaggaðar. **- aa**

Tveggja mánaða dómur:

## Nefbraut sér yngri mann

**DÓMSMÁL** 44 ára gamall maður var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Maðurinn stóð á samt fleirum í slagsmálum á skemmtistaðnum Áttunni í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins 23. janúar og var á leið út af staðnum þegar hann skallaði sér 20 árum yngri mann þannig að sá nefbrotnaði.

Dómurinn segir engu skipta hver átti upptökin að átökunum umrætt kvöld heldur áverkin sem hlaust af árás mannsins, sem dómurinn segir hafa verið illskeyttari en það sem á undan var gengið. **- óká**



**GENGIÐ TIL VINNU** Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, gengur í fylkingarbrjósti fyrir þúsundum manna yfir Brooklyn-brúna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkfall í New York:

## Samgöngur lamaðar

**NEW YORK, AP** Engar jarðlestir eða strætisvagnar gengu í New York í gær vegna verkfalls starfsmanna almenningssamgöngukerfis borgarinnar. Milljónir íbúa og gesta borgarinnar á háannatíma jólaverslunarinnar urðu því að finna aðrar leiðir til að komast leiðar sinnar.

Michael Bloomberg borgarstjóri gekk sjálfur, ásamt þúsundum annarra, yfir Brooklyn-brúna til vinnu sinnar í ráðhúsinu á Manhattan. Hann sagði að verkfallið kostaði borgina sennilega um 400 milljónir dollara á dag. Þetta er fyrsta verkfall almenningssamgöngustarfsmanna í New York síðan árið 1980. Líklegt þykir að bráðabirgðalög verði sett á verkfallið nú. ■

# Þorsteinn Pálsson hættir við söguritun

**Sundurþykkja og deilur um þá ákvörðun forseta Alþingis að fá Þorstein Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, til að rita sögu þingræðis á Íslandi urðu til þess að hann sagði sig frá verkinu. Rétt ákvörðun, segir Mörður Árnason.**

**STJÓRNMÁL** Þorsteinn Pálsson kveðst hafa sagt sig frá ritun sögu þingræðisins á Íslandi á vegum forsætisnefndar Alþingis. „Þegar Halldór Blöndal, fyrrverandi þingforseti, færði þetta í tal við mig fannst mér þetta áhugavert. Ég setti það skilyrði fyrir mitt leyti að um það yrði að vera samstaða. Samstaða var í forsætisnefndinni en þegar umræður fóru fram í þinginu kom síðar í ljós að þessi ákvörðun nefndarinnar naut ekki óskoraðs stuðnings í þinginu. Þar með voru brostnar forsendur fyrir minni þátttöku í þessu,“ segir Þorsteinn Pálsson sendiherra.

Málið var einnig harðlega gagnrýnt af hálfu Sagnfræðingafélags Íslands og af ýmsum fræðimönnum utan þess.

Halldór Blöndal, þáverandi forseti Alþingis, kynnti upphaflega hugmyndina að söguritininni í forsætisnefnd Alþingis árið 2000 og hlaut hún góðan hljómgrunn, en árið 2004 voru liðin 100 ár frá upphafi þingræðis hér á landi.

Að tillögu Halldórs var óskað eftir því að Þorsteinn Pálsson tæki að sér að vera ritstjóri verksins og hefði jafnframt á hendi ritun þess að meginhluta, eins og fram kom í svörum Sólveigar Pétursdóttur forseta Alþingis við fyrirspurn Marðar Árnasonar þingmanns í október síðastliðnum.

Mörður kallaði Þorstein byrjanda í fræðiskrifum í umræðum á þingi og spurði hvort Alþingi ætlaði sér að vera eins konar endurmenntunarstöð fyrir fyrrverandi formenn Sjálfstæðisflokksins.

„Þorsteinn tekur þarna rétta ákvörðun og hefði átt að taka hana fyrr,“ segir Mörður Árnason nú.



**ALÞINGISMENN AÐ STÖRFUM** Gagnrýni á Alþingi varð til þess að Þorsteinn Pálsson hætti við að taka að sér ritstjórastörfin.



MÖRÐUR ÁRNASON



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR



ÞORSTEINN PÁLSSON

Sólveig Pétursdóttir segir að málið hafi verið rætt á fundi forsætisnefndar á mánudag og verkinu verði haldið áfram. „Ég hef ákveðið að skipa dr. Þorstein Magnússon, stjórnmálafræðing og forstöðumann á skrifstofu Alþingis, í ritnefndina, en áður höfðu verið valin í hana Ragnhildur Helgadóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.“

Sólveig segir að áfram sé lagt upp með að verkið verði heildstætt. Ritnefndin komi saman á næstunni og skipti með sér verkum. **johannh@frettabladid.is**



**SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ** Fylgið við Bush var í sögulegu lágmarki í síðasta mánuði en nú nýtur hann stuðnings fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Bandaríkjanna:

## Vinsældirnar fara vaxandi

**BANDARÍKIN** George W. Bush Bandaríkjaforseti er að sækja í sig veðrið meðal almennings í Bandaríkjunum.

Samkvæmt nýrri könnun dagblaðsins Washington Post og sjónvarpsstöðvarinnar ABC eru 47 prósent Bandaríkjamanna ánægð með störf forsetans, sem er átta prósentustigum hærra en í sambærilegri könnun sömu miðla í nóvember. Þá voru færri ánægðir með forsetann en nokkru sinni fyrr.

Nýafstaðnar kosningar í Írak og jákvæðar horfur í efnahagsmálum heima fyrir virðast skila Bush auknum vinsældum nú. ■

Róstur í Afríkuríkinu Tsjad:

## Þrjú hundruð manns felldir

**TSJAD, AP** Tsjadneskir embættismenn hafa greint frá því að yfir 300 manns, sem taldir eru uppreisnarmenn á mála hjá súdönskum stjórnvöldum, hafi fallið í átökum við stjórnarherinn skammt frá súdönsku landamærunum.

Talið er að uppreisnarmennirnir hafi verið liðhlaupar úr stjórnarher Tsjad. Súdanar þvertaka fyrir að styðja uppreisnarhópa hinum megin landamæranna.

Yfirmaður flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Tsjad óttast að átökin geti haft slæm áhrif á hag 230.000 flóttamanna frá Darfur sem hafast við í Austur-Tsjad. ■


Opið í kvöld & á morgun til kl. 21.

› á Þorláksmessu til kl. 23.

Í fyrsta skipti á Íslandi tískufatnaður frá FOX og THOR.

Komdu við og sjáðu glæsilega fatalínu frá þessum vinsælu merkjum. Allt fyrir stelpur og stráka.

*Þú færð jólagjöfina hjá okkur!*



pukinn.com

GRENSÁSVEGI 14 / 108 REYKJAVÍK / 566 6820


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐRIÐ UM JÓLIN**

Jólaveðrið er á mildu nótunum þetta árið. Á aðfangadag og jóladag verða áttir suðlægar. Vindur verður meiri vestan til en austan. Það verður að líkindum úrkomulítið á aðfangadag en síðan má búast við vætu á jóladag sunnan og vestan til. Annan í jólum kólnar en úrkomulítið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Nokkur vindur. Lítilsháttar slydduél. Hiti 1-3 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C hálfskýjað | París | 7°C heiðskírt | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | -2°C hálfskýjað | Berlín | 4°C hálfskýjað | Mílano | 10°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -1°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | New York | 2°C léttskýjað |
| Helsinki | -7°C alskýjað | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 15 °C skúrir |
| London | 11°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 17°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Landsliðið aðstoðar þig við valið á jólakjötinu

## Besti hryggurinn

### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

## Landslið matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Skeifunni, Smáralind, Kringlu og á Akureyri og aðstoðar þig við val á jólamatnum. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Í Skeifunni, Smáralind og Kringlu
19. - 22. desember
kl. 15-18

Á Akureyri
21. - 22. desember
kl. 15-18



HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Vildir þú sjá Hillary Clinton sem næsta forseta Bandaríkjanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 80% |
| Nei | 20% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að herða kröfur á starfsmannaleigur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Forsvarsmenn súnní-araba í Írak óánægðir:

# Segja kosningarnar gallaðar

**ÍRAK, AP** Talsmenn stjórnmálafylkingar súnní-araba í Írak báru í gær upp ásakanir um að rangt hefði verið haft við í þingkosningunum í síðustu viku, sérstaklega í Bagdad-héraði. Yrði ekki gerð gangskör að því að laga það sem aflaga fór ætti að láta kjósa upp á nýtt í þessu fjölmennasta kjördæmi landsins.

Talsmaður yfirkjörstjórnar sagði að þótt yfir 1.000 athugasemdir hefðu borist vegna framkvæmdar kosninganna og verið væri að rannsaka þær hefðu aðeins 20 framkominna athugasemda sýnt sig að vera „mjög alvarlegar". Hann bjóst þó ekki við að þær myndu breyta heildarúrslitum kosninganna sem hann boðaði að yrðu birt í byrjun janúar.

Forsvarsmenn súnní-araba gáfu í skyn að öryggi og stöðugleiki Íraks væri í húfi yrði ekki tekið tillit til athugasemda þeirra.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum talningar í Bagdad-héraði fékk helsti flokkur sjía-múslima þar um 59 prósent atkvæða en helsta kosningabandalag súnní-araba aðeins 19 prósent. **- aa**



**ADNAN AL DULIMI** Einn af leiðtogum kosningabandalags súnní-araba í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kvennaathvarf fær ekki styrk:

# Latibær fær 30 þúsund krónur

**VESTURBYGGÐ** Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti í síðustu viku að veita fyrirtækinu Latabæ ehf. þrjátíu þúsund króna styrk til að halda orkuátak.

Bæjarráðið hafnaði á sama fundi umsókn kvennathvarfsins um rekstrarstyrk. Einnig hafnaði það styrktarumsókn Bíldudalskirkju vegna hundrað ára afmælis kirkjunnar, umsókn sögufélags Bíldudals um styrk til bókaútgáfu og umsókn um styrk til handa svokölluðu Snorraverkefni, sem snýst um að styrkja tengsl Vestur-Íslendinga við Íslendinga hérlendis. **- sh**



**SJÚKRABÍLAR OG LÖGREGLA** Engin alvarleg slys urðu á fólki í árekstri við Smáralind.

Fjögurra bíla árekstur:

# Enginn slasaðist en tjónið mikið

**LÖGREGLA** Fjórir bílar lentu í árekstri sem olli miklu eignatjóni um korter í fjögur í gær. Áreksturinn varð á Reykjanesbraut við Smáralind í Kópavogi. Slys á fólki voru minniháttar að sögn lögreglu.

Um aftanákeyrslu var að ræða. Þrír fóru á slysadeild með minni háttar meiðsli og þrjá bíla þurfti að draga af vettvangi mikið skemmda. Hálka var á vegum og nokkur umferðarþungi. **- dac**

## Vill sjálfstæða launastefnu

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs sendi frá sér ályktun í gærkvöld þar sem skorað er á bæjarstjórn Kópavogs að draga til baka samningsumboð sitt til launanefndar sveitarfélaganna.

Stjórnin lýsir yfir áhyggjum sínum vegna stöðunnar sem upp er komin varðandi launakjör félagsmanna sinna í kjölfar samnings sem Reykjavíkurborg gerði við starfsmannafélag sitt á dögunum. Þá segir að erfiðlega hafi gengið að manna ákveðna vinnustaði í Kópavogi, meðal annars vegna lakra launakjara og með nýgerðum samningum Reykjavíkur sé hætt við frekari flótta starfsmanna yfir til Reykjavíkur. Stjórnin skorar enn fremur á bæjarstjórnina að taka upp sjálfstæða launastefnu sem byggð verði á forsendum bæjarfélagsins.

# Foreldrar leikskólabarna á Dal ósáttir

**Skólastjórinn í leikskólanum Dal í Kópavogi hefur tilkynnt að loka þurfi deildum í leikskólanum eftir áramót vegna manneklu. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir unnið að því hörðum höndum að ráða bót á vandanum.**

**KJARAMÁL** Starfsmönnum í leikskólanum Dal mun fækka um fimm eftir áramót. Þeir eru óánægðir vegna mikils launamunar á ófaglærðum starfsmönnum í leikskólum Reykjavíkur annars vegar og leikskólum Kópavogs hins vegar.

Flosi Eiríksson, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, segir að minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs hafi í fyrradag komið með tillögu á bæjarstjórnarfundi þar sem lagt var til að Kópavogsbær settist niður með Starfsmannafélagi Kópavogs og Félagi leikskólakennara og tæki upp viðræður um kjör og aðbúnað. Tillögunni var frestað af hálfu meirihluta bæjarstjórnar og segir Flosi að hún hafi ekki fengið góðan hljómgrunn hjá meirihlutanum.

„Það sem er að fara með okkur er að Reykjavíkurborg býður miklu betri kjör. Við erum einfaldlega ekki samkeppnishæfir hér í Kópavogi og meirihlutinn sýnir algjört skeytingarleysi gagnvart þessum störfum í Kópavogi," segir Flosi. Hann bendir á að álag á leikskólakennurum aukist sífellt þegar skólarnir eru undirmannaðir og það geti haft í för með sér að þeir fari að hugsa sér til hreyfings.

Margir foreldrar barna á Dal eru mjög óánægðir með stöðu mála. Í viðræðum við foreldri barns á leikskólanum kom fram að margir foreldrar og starfsmenn leikskólans hefðu áhyggjur af börnunum vegna fyrirhugaðra lokana og því rótleysi sem þeim fylgdu.

Að sögn Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogs, er ábyrgara að bíða með að ræða kjör starfsmanna Kópavogsbæjar þangað til launamálaráðstefnu sveitarfélaganna, sem fer fram um miðjan janúar, lýkur. „Við hækkuðum laun þeirra lægst launuðu mest í kjarasamningum hér í Kópavogi fyrir ríflega mánuði síðan. Það gerðum við með eingreiðslum til okkar launþega sem skiluðu sér í því að þeir lægst launuðu voru að fá mun meira en aðrir í prósentum talið. Það eru öfugmæli hjá meirihlutanum í Reykjavík að launahækkanirnar þar séu sérstakar aðgerðir fyrir láglaunastörf, umönnunarstörf eða kvennastörf, hækkanirnar ganga upp launastigann," segir Gunnar. „Við viljum bíða með að ræða launakjör þangað til launaráðstefna er búin því þá hafa sveitarfélögin ráðið ráðum sínum og við getum betur áttað okkur á því út á hvað þessir samningar ganga í Reykjavík."

Varðandi stöðuna á leikskólanum Dal segir Gunnar að stefnt sé að því að ráða starfsmenn á leikskólann til að koma í veg fyrir að loka þurfi deildum þar.

**steinar@frettabladid.is**




**LEIKSKÓLINN DALUR** Reynt verður að ráða starfsmenn á leikskólann svo að hægt sé að koma í veg fyrir að deildum þar verði lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FLOSI EIRÍKSSON**



**GUNNAR I. BIRGISSON**











Skoðanakönnun á vegum Björns Inga Hrafnssonar:

# Sjálfstæðisflokkurinn fengi meirihluta í Reykjavíkurborg

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn fengi meirihluta atkvæða ef gengið yrði til kosninga í Reykjavík núna, samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Björn Inga Hrafnsson, þátttakanda í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík. Framsóknarflokkurinn hefur tvöfaldað fylgi sitt frá síðustu könnun.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 55,7 prósent atkvæða og hreinan meirihluta ef kosið yrði nú. Samfylkingin fengi 25,3 prósent, Vinstri-grænir fengju 12,3 prósent, Framsóknarflokkurinn 4,8 prósent og Frjálslyndi flokkurinn 1,7 prósent.

Fylgi Framsóknarflokksins mældist 2,3 prósent í september og hefur það því tvöfaldast nú ef marka má þessa skoðanakönnun. Björn Ingi segir á vefsíðu sinni, bjorningi.is, að ekki vanti mikið í viðbót til að einn borgarfulltrúi sé inni eða aðeins 5-6 prósent.

Á vefsíðunni kemur einnig fram að könnunin sýni að tæplega sjö prósent borgarbúa á kosningaaldri ætli að taka þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins og að þriðjungur borgarbúa treysti Birni Inga til að gegna starfi borgarstjóra í Reykjavík. **- ghs**



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Framsóknarflokkurinn fengi 4,8 prósent atkvæða í Reykjavík og engan mann kjörinn ef gengið yrði til kosninga núna. Björn Ingi Hrafnsson hefur boðið sig fram í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í borginni.

www.toyota.is

# Toyota
# áfram í traustum höndum

## Ágætu viðskiptavinir

Í ljósi ákvörðunar fjölskyldunnar um að selja starfsemi P. Samúelssonar hf, Toyota- og Lexusumboðin á Íslandi, er það okkur mikil ánægja að nota tækifærið og þakka öllum viðskiptavinum fyrr og síðar fyrir góð og ánægjuleg samskipti og kynni á liðnum 35 árum.

Um leið og við óskum nýjum eiganda P. Samúelssonar velfarnaðar sendum við ykkur og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Fyrir mína hönd og fjölskyldu minnar,

Páll Samúelsson

TODAY TOMORROW TOYOTA










Ný fjölmiðlanefnd á nýju ári:

# Engin tímamörk

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur ákveðið að skipa á ný þverpólitíska fjölmiðlanefnd. „Páll Hreinsson lagaprófessor og Páll Þórhallsson lögfræðingur hjá forsætisráðuneytinu eru skipaðir sem sérfræðingar nefndarinnar. Auk þess er gert ráð fyrir að stjórnmálaflokkarnir skipi hver sinn fulltrúa í þessa sjö manna nefnd,“ segir Þorgerður Katrín.

Fyrri nefnd menntamálaráðherra skilaði skýrslu síðastliðið vor og segir Þorgerður Katrín að unnt verði að byggja starfið á niðurstöðum þeirrar nefndar. Hún kveðst ekki setja nefndinni nein tímamörk, en verkefni hennar er að leggja fram tillögur eða drög að frumvarpi um eignarhald á fjölmiðlum og fleiri atriði. **-jh**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Hefur skipað tvo sérfræðinga í nýja fjölmiðlanefnd.




**VIÐ HESTAHEILSU** Sharon var fölur en glaður þegar hann var útskrifaður af Ein Karem-sjúkrahúsinu í Jerúsalem í gær. Læknar hans lögðu sig í líma við að undirstrika að veikindi forsætisráðherrans væru minniháttar og hefðu lítil áhrif á starfsgetu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kadima með yfirburðafylgi

**Benjamin Netanyahu hefur verið kjörinn formaður Likud-bandalagsins. Flokkur Ariels Sharon, fær mikið fylgi í könnunum, þrátt fyrir veikindi leiðtogans.**

**ÍSRAEL** Þrátt fyrir veikindi Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur fylgi hins nýstofnaða flokks hans, Kadima, aldrei mælst hærra. Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur verið kjörinn formaður Likud-bandalagsins.

Ariel Sharon var útskrifaður af sjúkrahúsi í Jerúsalem í gærmorgun, en hann fékk vægt heilablóðfall á sunnudaginn. Með bros á vör þakkaði hann læknum sínum fyrir meðferðina en einnig kvaðst hann snortinn yfir þeim hlýhug sem þjóðin hefur sýnt honum. Sharon sagði enn fremur að veikindin myndu engin áhrif hafa á störf sín en neitaði að tjá sig um kjör eftirmanns síns í Likud-bandalaginu, Benjamins Netanyahu. „Það er tími til kominn að koma sér aftur að verki, horfa fram á við,“ hefur dagblaðið Haaretz eftir honum.

Tilkynnt var um kjör Netanyahu í gær en leiðtogakjörið fór fram á sunnudag. Þegar búið var að telja allan þorra atkvæða hafði hann hlotið 44 prósent þeirra en 33 prósent höfðu fallið Silvan Shalom, utanríkisráðherra og helsta keppinautar Netanyahu, í skaut. Aðrir fengu minna.

Stjórnmálaskýrendur segja úrslitin þýða að harðlínumenn hafi nú undirtökin í flokknum en Shalom er sagður mun hófsamari en Netanyahu og hefði vel getað myndað ríkisstjórn með Kadima að loknum kosningunum í mars. Í staðinn er talið nær öruggt að Likud verði í stjórnarandstöðu, enda þótt Netanyahu hafi heitið því að hans fyrsta verk væri að koma flokknum aftur til valda.

Skoðanakönnun sem dagblaðið Maariv birti í gær sýnir að ef gengið yrði til kosninga nú fengi Kadima 42 sæti á ísraelska þinginu, Knesset, eða rúman þriðjung. Verkamannaflokkur Amir Peretz fengi 22 þingsæti en Likud-bandalagið aðeins 13 sæti. Jafnvel þótt Sharon væri fjarri góðu gamni í kosningunum og Kadima væri undir forystu Tzipi Livni dómsmálaráðherra fengi flokkurinn 30 þingsæti.

Í könnun Yedioth Aharonoth sem birt var í gær fengi Kadima 39 sæti, Verkamannaflokkurinn 21 og Likud 13 ef kosið yrði nú. 91 prósent aðspurðra sögðu að veikindi Sharons breytti engu um skoðanir þeirra. Hins vegar er fastlega búist við að Likud-bandalagið sæki í sig veðrið þegar óvissunni um hver verður leiðtogi þess hefur verið eytt.



**NÝKJÖRINN FORMAÐUR** Benjamin Netanyahu var kampakátur þegar ljóst varð að hann hefði borið sigur úr býtum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sveinng@frettabladid.is

# Jólatilboðin í fullum gangi




## Temprakon hitajöfnunarsængin




### Sængin sem breytir öllu

Nú á jólatilboði

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™




www.design.is @ 2005

# Heilsukoddar

## Mjúki pakkinn sem bætir lífið



Tempur Original



Tempur Classic



Tempur Millenium

TEMPUR-PEDIC®
Heilsunnar vegna




Allir sem kaupa Tempur heilsukodda fyrir jólin fá hina frábæru bók, Með lífið að láni, að gjöf.

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið: mánudag til fimmtudagsins 22. des. kl. 10-22**
**og á Þorláksmessu kl. 10-23 - Aðfangadag kl. 10-13**



**MORALES FAGNAR** Evo Morales, verðandi forseti Bólivíu, veifar er hann mætti til blaðamannafundar í La Paz í gær. Hann boðaði þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvernig kókarækt skyldi stjórnað í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KEA vill matvælarannsóknastofnun norður:

# Bíða eftir svari frá Halldóri

**AKUREYRI** Stjórnendum Kaupfélags Eyfirðinga hefur enn ekki borist svar við formlegu erindi þar sem óskað var eftir fundi með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra til að ræða hugsanlega aðkomu KEA að uppbyggingu matvælarannsóknastofnunar á Akureyri. Erindið var sent 29. nóvember síðastliðinn og segir Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, að félagið vilji gjarna fara að sjá einhver viðbrögð við erindinu.

Fyrir liggur að ríkisstjórnin hyggst leggja fram frumvarp á Alþingi um að matvælarannsóknastofnun verði komið á fót og er ætlunin að stofna hlutafélag um rekstur stofnunarinnar. KEA hefur lýst yfir áhuga á að leggja fram fjármuni í þetta félag og er KEA einnig tilbúið til að leigja stofnuninni húsnæði til lengri tíma.

Steingrímur S. Ólafsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, segir ráðherra hafa tekið vel í erindið og hann ætli að eiga fund með stjórnendum KEA við fyrsta tækifæri, líklega í upphafi nýs árs. - kk



**HALLDÓR JÓHANNSSON** Framkvæmdastjóri KEA segir Akureyri kjörinn stað fyrir matvælarannsóknastofnun þar sem sjávarútvegur og landbúnaður séu burðarásar atvinnulífsins í Eyjafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Sýknaður af ölvunarakstri:

## Áfengi mælt í lofti ekki blóði

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið sýknaður af ölvunarakstursákæru vegna misræmis þegar kemur að því hvort áfengi er mælt í útöndunarlofti eða blóði.

Í dóminum, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjaness í gær, segir að fullt tilefni sé til að endurskoða verklagsreglur við endanlegan útreikning á áfengismagni. „Óviðunandi er að þegar áfengismagn mælist við vanhæfismörk, þá séu meiri líkur á því að ökumaður sé betur settur ef alkóhólmagn hefur verið mælt í blóði heldur en ef það hefði verið mælt í útöndunarlofti.“ - óká




**FLUGVÉLIN HRAPAR** Vegfarandi með myndbandstökuvél náði þessum myndum af vélinni í þann mund sem hún hrapaði í hafið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslys í Flórída:

## Tuttugu sagðir hafa týnt lífi

**BANDARÍKIN** Allir sem voru um borð í sjóflugvél sem hrapaði við strendur Miami í fyrrakvöld, alls tuttugu manns, eru taldir af.

Átján farþegar voru um borð í vélinni, þar af þrjú smábörn, auk tveggja manna áhafnar. Vélin, sem var tveggja hreyfla, var á leiðinni til Bahamaeyja frá Miami. Hún hrapaði skömmu eftir flugtak en orsakir slyssins liggja enn ekki fyrir.

Að sögn vitna varð sprenging í vélinni á meðan hún var enn á lofti og eftir það hrapaði hún beinustu leið í sjóinn. ■

# Þrýst á mikinn samdrátt veiða

**Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsins hófu í gær árlegt samningaþóf sitt um fiskveiðikvóta næsta árs. Vegna ískyggilegs ástands fiskistofna, sérstaklega þorsks, er lagður til verulegur niðurskurður veiða.**

**BRUSSEL, AP** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna komu saman í Brussel í gær til árlegs samningafundar um ákvörðun fiskveiðikvóta næsta árs í lögsögu aðildarríkjanna.

Alþjóðahafrannsóknastofnunin, Ices, lagði til í október síðastliðnum að enginn þorskur yrði veiddur í lögsögu ESB á árinu 2006 þar sem stofninn, einkum í Norðursjónum og á miðunum vestur af Skotlandi og Írlandi, væri mjög hætt kominn vegna ofveiði.

Framkvæmdastjórn ESB gekk reyndar ekki svo langt í tillögum sínum til ráðherranna, enda er í gildi samkomulag sem kveður á um að ekki skuli skera kvótann niður um meira en 15 prósent í einu milli ára. En framkvæmdastjórnin leggur til að kvótinn verði skorinn niður um þessi 15 prósent bæði í þorski og nokkrum öðrum tegundum, enda veiðist þorskur gjarnan sem meðafli með öðrum bolfiski. Jafnframt er mælst til að þorskveiðar verði bannaðar á vissum hafsvæðum og sóknardögum fækkað í sóknarmarkskerfinu sem útgerðir í Skotlandi og víðar starfa eftir.

Breski sjávarútvegsráðherrann Ben Bradshaw, sem stýrir ráðherrafundinum þar sem Bretar gegna formennskunni í ESB til áramóta, sætir miklum þrýstingi af hálfu útgerðarmanna í Skotlandi að samþykkja ekki fækkun sóknardaga. Enn frekari niðurskurður á kvóta og í sóknarmörkum muni að þeirra sögn gefa mörgum útgerðarbæjum náðarhöggið.

Vísbendingar um að síldar- og lýsingsstofnar í nyrsta hluta ESB-lögsögunnar séu að rétta úr kútnum gáfu framkvæmdastjórninni aftur á móti tilefni til að leggja til lítils háttar aukningu á veiðikvótum úr þessum stofnum.

Þess var vænst að niðurstaða næðist ekki í kvótaviðræðurnar fyrr en í dag.



**BEN BRADSHAW** Sjávarútvegsráðherra Breta í kröppum dansi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MIKIÐ Í HÚFI** Sjómenn í áhöfn togarans Diego David gera að sardínuafla undan Vigo, stærstu útgerðarhafnar Spánar. Mikið er í húfi fyrir útgerðarbæi ESB-ríkjanna er ákvörðun verður tekin um kvóta næsta árs. NORDICPHOTOS/AFP








**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Slagurinn um toppsætið:

## Fagnar Degi í slaginn

**STJÓRNMÁL** „Þetta hefur legið í loftinu. Ég vissi um ákvörðun Dags því við vorum búin að ræða þetta,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, sem sækist eftir efsta sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík líkt og Dagur B. Eggertsson.

„Ég er ánægð með að Dagur hafi tekið af skarið og gengið til liðs við Samfylkinguna. Um átök innan flokksins er það eitt að segja að það er tekist á í prófkjöri. Mér finnst gott að fá mælingu fyrir mig, því þá veit ég hver stuðningurinn við mig er meðal fólks. Ég veit ekki betur en að sjálfstæðismenn hafi gengið í gegnum þetta sjálfir nýverið,“ segir Steinunn Valdís. - jh



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**

Framboð Dags B. Eggertssonar:

## Styrkir lista Samfylkingar

**STJÓRNMÁL** „Dagur á heima í Samfylkingunni. Ég sagði einhvern tíma að ég skyldi ættleiða hann pólitískt,“ segir Stefán Jón Hafstein, sem lýst hefur yfir framboði sínu í efsta sæti lista Samfylkingarinnar í Reykjavík, en prófkjör flokksins fer fram í febrúar.

„Dagur B. Eggertsson mun styrkja listann. Ég býst við að hann fái ágætis kosningu og verði í einu af efstu sætum listans. Ég held óhikað minni stefnu hvað það varðar að ná fyrsta sæti í prófkjörinu, en það er það sæti sem ég skipaði í upphafi kjörtímabilsins. Átök frambjóðenda í prófkjöri endurspegla ekki nein flokksátök,“ segir Stefán Jón. - jh



**BÚLGARSKIR JÓLASIÐIR** Búlgarar í þjóðbúningum að fremja athöfn að fornum sið til að særa á brott ára og óska frjósemi á nýju ári, fyrir utan bústað Búlgaríuforseta í miðborg Sofíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margrét Sverrisdóttir hjá Kvenréttindafélagi Íslands um sigur Unnar Birnu:

# Viðbrögð femínista dónaleg

**JAFNRÉTTISMÁL** „Við erum gáttaðar á dónalegum viðbrögðum Femínistafélags Íslands. Þó að við séum ekki hlynntar fegurðarsamkeppnum fannst okkur ekki ástæða til annars en að samgleðjast Unni Birnu," segir Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Kvenréttindafélags Íslands.

Kvenréttindafélagið sendi fegurðardrottningunni heillaóskir og auk þess bókargjöf. Það var bókin Veröld sem ég vil, en í henni er rakin saga kvenréttindabaráttu á Íslandi frá byrjun síðustu aldar.

Verkefnisstýrur baráttuárs kvenna 2005, sem jafnframt eru í Femínistafélagi Íslands, sendu forsætisráðherra athugasemd vegna heillaóskaskeytis sem hann sendi Unni Birnu í nafni íslensku þjóðarinnar. Í athugasemdinni segir að þar með hafi forsætisráðherra gert lítið úr þeirri kröfu að konur séu metnar að verðleikum en ekki eftir ytra útliti.

„Við teljum hins vegar að Unnur Birna hafi unnið út á svo margt annað en útlitið og ekki er annað að sjá á því sem hún er að gera að þar fari mikill jafnréttissinni. Hún hefur til dæmis starfað í lögreglunni, er að mennta sig og við treystum henni sannarlega til þess að vera verðugur fulltrúi," segir Margrét. - jse



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Segir félagið vilja fá Unni Birnu í lið með sér frekar en að hrekja hana frá jafnréttisbaráttunni eins og henni þykja viðbrögð femínista líkleg til að gera.



**UNNUR BIRNA Í SMÁRALIND** Fegurðardrottningin fékk bókina Veröld sem ég vil að gjöf frá Kvenréttindafélagi Íslands ásamt heillaóskum. Sú bók rekur sögu kvenréttindabaráttu á Íslandi.

Nauðgunarmál í Bretlandi:

## Svefngengill var sýknaður

**BRETLAND** Dómstóll í Jórvík hefur sýknað mann sem ákærður var fyrir að hafa nauðgað vinkonu sinni.

Maðurinn bar því við að hann gengi í svefni en samkvæmt breskum lögum telst svefnganga gild málsvörn.

Að sögn dagblaðsins The Independent hafði maðurinn boðið konunni heim eftir skemmtun, hún sofnaði í rúmi hans en hann í sófa í öðru herbergi. Konan vaknaði svo við að maðurinn var að reyna að koma fram vilja sínum við hana. Hann kvaðst ekkert muna en sagðist hafa gengið í svefni frá unglingsaldri. ■

Fimmtán handteknir á Spáni:

## Taldir þjálfa bardagamenn

**MADRID, AP** Fimmtán hafa verið handteknir á Spáni grunaðir um að styrkja og þjálfa menn til þátttöku í bardögum í Írak.

Innanríkisráðherra Spánar sagði hópinn í nánum tengslum við meðlimi al-Kaída í Írak, og að tveir bardagamenn hafi þegar verið sendir til Íraks að leggja uppreisnarmönnum lið. Heimildir herma að hinir handteknu hafi verið Marokkómenn og Eþíópíumenn, auk Ghanabúa og Spánverja.

Handtökurnar áttu sér stað í héruðunum Katalóníu og Andalúsíu og á eyjunni Mallorca. ■

Sala á popptónlist í Íran þrátt fyrir bann:

# Almenningur lætur sig það litlu varða

**ÍRAN, AP** Íranar virðast kippa sér lítið upp við nýsett bann forseta landsins á vestrænni tónlist. Plötubúðaeigendur héldu áfram að selja popptónlist í verslunum sínum og kaupendur létu ekki standa á sér. Ekki er búist við að banninu sem Mahmoud Ahmadinejad lýsti yfir á mánudag verði framfylgt með valdi, ólíkt því þegar álíka bann var sett í kjölfar byltingarinnar árið 1979. Um tíu ár eru síðan Íranar fóru að hlusta á vestræna popptónlist að nýju. Eins hefur verið sett bann við öllum kvensöngvurum og óhóflegum farða. Hvorugu banni er framfylgt að neinu ráði. ■



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Forsetinn heldur áfram harðlínustefnu sinni á öllum sviðum.



**SORPHIRÐA Í REYKJAVÍK** Langflestir starfsmenn borgarinnar eru í starfsmannafélaginu, þó ekki allir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# 6,5 milljarða samningur

**Kjarasamningar Reykjavíkurborgar við 4.200 starfsmenn í Eflingu og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar voru samþykktir á borgarstjórnarfundi.**

**STJÓRNMÁL** Kostnaður höfuðborgarinnar vegna nýgerðra kjarasamninga er áætlaður um 6,5 milljarðar króna á samningstímanum til ársloka 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri gerði grein fyrir samningunum á borgarstjórnarfundi í gær en þeir ná til um 4.200 manns sem starfa hjá borginni.

Steinunn sagði að starfsmat á vegum borgarinnar hefði dregið markvisst úr launamun kynjanna síðan árið 2000.

Hún gagnrýndi framgöngu Einars Odds Kristjánssonar þingmanns og Gunnars Birgissonar bæjarstjóra sem opinberlega hefðu fundið samningunum flest til foráttu. „Ég minnist þess ekki að hafa heyrt neitt frá þeim þegar ríkisvaldið hefur gert mjög rausnarlega samninga sem síðan hefur verið bætt í hressilega með svokölluðum stofnanasamningum. Ekki minnist ég þess að þessir menn hafi risið upp á móti og mótmælt þegar samið var við framhaldsskólakennara um 45 prósenta hækkun. Ekki minnist ég þess að þeir hafi sett sig upp á móti kjarabótum hjúkrunarfræðinga eða að þeir hafi neitað sér um 70 prósenta hækkun þingfararkaups á sama tíma."

Steinunn sagði að ef til vill væri mönnum vorkunn því þeir hefðu ekki yfirsýn yfir hversu ríkulega væri verið að semja með viðbótarsamningum stofnana ríkisins.

Ólafur F. Magnússon, fulltrúi Frjálslyndra og óháðra, lét færa til bókar að nýgerðir samningar efldu velferðar- og umönnunarþjónustu í borginni. Þeir hefðu verið óhjákvæmilegir og kæmu barnafjölskyldum, öldruðum og sjúkum til góða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarfulltrúi R-listans, kvað samninginn tímamótasamninga.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir borgarfulltrúi bókaði að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins væru fylgjandi því að kjör þeirra sem lægst hefðu launin væru hækkuð. „Engu að síður er ljóst að samningar þessir valda rökstuddum og háværum óskum annarra stétta um kjarabætur, eins og fram hefur komið sérstaklega í máli leikskólakennara," eins og segir í bókuninni.

johannh@frettabladid.is



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR BORGARSTJÓRI** „Þeir neituðu sér ekki um 70 prósenta hækkun þingfararkaupsins á sama tíma."



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON FRJÁLSLYNDUM** „Samningarnir óhjákvæmilegir og koma barnafjölskyldum, öldruðum og sjúkum til góða."



**GUÐRÚN EBBA ÓLAFSDÓTTIR SJÁLFSTÆÐISFLOKKI** „Samningar þessir valda rökstuddum og háværum óskum annarra stétta um kjarabætur."




BELGÍA: LÍTIÐ LAND,
HEIMSINS BESTI BJÓR.

ANNO 1366
STELLA ARTOIS®

0,0%



Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
HEILT HANGILÆRI
1189 kg KR.
MEÐ BEINI
FRAMPARTUR
1359 kg KR.
ÚRBEINAÐUR
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
SÉRVALIÐ FYRSTA FLOKKS LAMBAKJÖT
ÞJÓÐLEGUR ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR
KJARNAFÆÐI
FRAMPARTUR MEÐ BEINI
595 kg KR.
Í BITUM
HANGILÆRI
1839 kg KR.
ÚRBEINAÐ
KJARNAFÆÐI
Opið til 22.00 í kvöld
TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1799 kg KR.
Merkt verð 2399kr.
TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1349 kg KR.
Merkt verð 1799kr.
Taðreykt
25% afsláttur við kassann
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR PARÍSARKARTÖFLUR
íslenskar kartöflur
2x 300grömm
359 KR.
600g
ÍSLENSKT RIFIÐ HÁTÍÐARRAUÐKÁL
íslenskt
NIÐURSKORIÐ RAUÐKÁL
259 KR.
350g
BÓNUS

EKKERT BRUDL

# Bónus býður betur!

Sykurpúðatenórarnir

**1598** KR.

DISKURINN

Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama

IL DIVO - tenórarnir
ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

## Bezt hamborgarhryggur

BEZT HAMBORGARHRYGGUR
**899** kg KR.
Merkt verð 1498kr.

**40% afsláttur** við kassann

## Afgreiðslutími til jóla

Opið í dag, miðvikudag
12.00 til 22.00

Fimmtudag 22. des.
10.00 til 22.00

Föstudag 23. des.
þorláksmessu
10.00 til 22.00

Laugardag 24. des.
aðfangadag
9.00 til 12.00
Lokað jóladag
og annan jóladag

## ALI hamborgarhryggur með áratuga hefð að baki

**1049** KR.kg
ALI hamborgarhryggur
Merkt verð 1498KR.

**1399** KR.kg
ALI hamborgarhryggur
ÚRBEINAÐUR
Merkt verð 1998KR.

**30% afsláttur** við kassann

Ali

BÓNUS

www.bonus.is

ERAN/Landlist

BÓNUS bonus.is BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Stór humar
Risarækja
hörpuskel

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070








Mikið að gera hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur í desember:

# Margar góðar gjafir borist

**GÓÐGERÐARMÁL** Mikil eftirspurn hefur verið eftir aðstoð hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur fyrir jólin í ár.

Að sögn Guðlaugar Jónínu Aðalsteinsdóttur, hjá Mæðrastyrksnefnd, er fjöldi umsókna eftir aðstoð í ár svipaður og í fyrra en hins vegar hefur fjöldi gjafa og styrkja aukist verulega. Starf nefndarinnar er umfangsmeira í ár því hún er í fyrsta skipti í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar. Guðlaug segir að margar góðar gjafir hafi borist. „Fjöldi fyrirtækja hefur gefið rausnarlegar gjafir og svo hafa einstaklingar hringt í unnvörpum og gefið ýmislegt. Ung hjón komu með tvo fulla kassa af glænýjum bókum, ung stúlka kom með hundrað geisladiska með barnalögum og ég gæti haldið lengi áfram,“ segir Guðlaug. Hún segir þá sem þiggja aðstoð vera mjög þakkláta og að starfskonur Mæðrastyrksnefndar finni fyrir miklum hlýhug meðal þjóðarinnar.


**MÆÐRASTYRKSNEFND** Kristín Njarðvík, hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, hugar að gjöfum sem borist hafa síðustu daga.

Mæðrastyrksnefnd starfar allt árið við úthlutun á mat og fatnaði til bágstaddra fjölskyldna. Á hverjum mánuði eru á bilinu 440 til 550 fjölskyldur afgreiddar en í desembermánuði margfaldast sá fjöldi sem óskar eftir aðstoð. **- sk**

# Ungt fólk reykir frekar en það eldra

**Ný könnun Gallup, fyrir Lýðheilsustöð, sýnir að færri reykja en áður. Nítján prósent fólks á aldrinum 15 til 89 ára reykir daglega, miðað við tæp þrjátíu prósent árið 1990. Háskólamenntaðir hætta frekar að reykja en aðrir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samantektir þriggja kannana, sem IMG Gallup vann fyrir Lýðheilsustöð á tímabilinu febrúar til október á þessu ári, sýna að dregið hefur úr reykingum frá árinu 1989.

Að venju er töluverður munur á reykingum fólks eftir aldri en tíðni reykinga er langminnst hjá aldurshópnum 70 til 89 ára en hæst á meðal fólks á aldrinum 20 til 29 ára.

Athygli vekur að reykingar hafa aukist lítillega meðal kvenna undanfarin ár, úr 18,6 prósentum árið 2004 í 19,2 prósent nú. Reykingar hafa hins vegar minnkað hjá körlum en alls sögðust rúm 21 prósent þeirra reykja daglega árið 2004 en nú stendur tala þeirra í 19,3 prósentum.

Færri reykja nú á landsbyggðinni heldur en áður og er hlutfall reykingamanna þar og á höfuðborgarsvæðinu svipað eða um nítján prósent.

Líkt og undanfarin ár virðist vera töluverður munur á tíðni reykinga eftir menntun einstaklinga. Af þeim hafa háskólapróf reykja 9,5 prósent að staðaldri á meðan að í hópi þeirra sem ekki hafa lokið háskólanámi reykja rúm 22 prósent daglega. Í hópi háskólamenntaðra hefur reykingarmönnum fækkað síðan 1989 um tæp 44 prósent en í hópi ófaglærðra hefur reykingum fækkað minna eða um 32 prósent.

Jakobína H. Árnadóttir, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð, segist mjög ánægð með að niðurstöðurnar sýni að reykingar fari minnkandi. „Það sem að mér finnst athyglisverðast við niðurstöðurnar er þessi munur á menntunarstigum, hvernig þetta hefur minnkað töluvert meira hjá þeim sem eru háskólamenntaðir miðað við önnur menntunarstig, en þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða betur,“ segir Jakobína.


**JAKOBÍNA H. ÁRNADÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI TÓBAKSVARNA** Er mjög ánægð með að dregið hefur úr reykingum og segir að meðal annars megi þakka því að tóbaksauglýsingar eru bannaðar og hversu hátt verð er á tóbaki.

Niðurstöðurnar þakkar Jakobína ýmsum þáttum, meðal annars breyttum félagslegum viðmiðum með tilkomu strangari lagasetninga er varða reykingar á opinberum stöðum, banninu við tóbaksauglýsingum og háu verði á tóbaki sem hún segir að rannsóknir sýni að hafi hvað mest áhrif á reykingar ungs fólks. **aegir@frettabladid.is**







Aukin starfsemi verður í Konukoti yfir jólin:

# Opið allan sólarhringinn

**GÓÐGERÐARMÁL** Frá og með næstkomandi fimmtudegi verður opið allan sólarhringinn í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur.

Fram til þessa hefur Konukot verið næturathvarf fyrir konur sem ekki eigan í nein hús að venda. Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands rekur Konukot og að sögn Brynhildar Barðadóttur, verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurdeildinni er þessi breyting á starfseminni reynsluverkefni hjá Reykjavíkurborg sem stendur til 1. júní næstkomandi.

Spurð um aðsókn í athvarfið í desembermánuði, segir Brynhildur að starfsmenn í Konukoti hafi enn sem komið er ekki orðið varir við aukna ásókn kvenna í athvarfið. „En við vonum að aðsóknin nú þegar opið verður allan sólarhringinn eigi eftir að aukast því við höfum heyrt af konum sem vilja ekki vera hérna þar sem þær setja það fyrir sig að þurfa að vakna snemma og fara út,“ segir Brynhildur.


**KONUKOT** Heimilislausar konur geta leitað skjóls í Konukoti. Jólagjafir frá hjartagóðum aðilum hafa borist til kotsins sem væntanlega munu gleðja gesti þar á aðfangadagskvöld.

Margar jólagjafir hafa borist í Konukot og Brynhildur segir að ýmislegt annað verði gert til að skapa réttu jólastemninguna. „Við erum búin að skreyta allt og svo verður eldaður góður jólamatur.“ **- sk**




Jólatré!

Ís eða kakó og jólasveinahúfa fyrir öll börn sem koma í jólaskóginn í Skútuvogi

50% afsláttur jólavara, jólaseríur

# Jól í Skútuvogi



Túlipanar, 10 stk. 799



Leiðiskross 1599

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**Í HEITA POTTINUM** Miklar frosthörkur hafa verið í Japan að undanförnu og hafa apar landsins ekki farið varhluta af þeim. Nokkrir þeirra notuðu tækifærið og dýfðu sér ofan í heita laug í grasagarðinum í Hakodate sem er í norðurhluta Japans. Þar búa 122 apar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verslanir verða opnar fram eftir kvöldi fram að jólum:

# Búist við örtröð í búðum

**VERSLUN** Afgreiðslutímar í verslunum höfuðborgarinnar eru með lengsta móti síðustu dagana fyrir jól.

Verslanir í miðborginni, Kringlunni og Smáralind eru opnar frá klukkan tíu á morgnana til tíu á kvöldin alla daga í vikunni nema á Þorláksmessu, en þá er afgreiðslutíminn lengdur um klukkustund, til klukkan ellefu.

Þeir sem enn eiga eftir að gera innkaup á aðfangadag þurfa ekki að örvænta um of því þeir hafa kost á því að gera þau í miðbænum á milli níu og tólf eða í Kringlunni og Smáralind frá tíu til eitt eftir hádegi.



**PAKKAÐ INN** Því er spáð að þjóðin setji met þegar kemur að jólainnkaupum.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að verslunareigendur sjái fram á metár í jólainnkaupum og því má búast við örtröð í verslunum næstu daga.

Bílastæðum í miðborginni hefur fjölgað með tilkomu bílastæðahúss við Laugaveg 94, á gömlu Stjörnubíólóðinni. Bíleigendur sem vilja fara akandi í miðbæinn gleðjast sjálfsagt yfir því að ekki þarf að greiða krónu fyrir bifreiðastöður í nýja húsinu fram að áramótum. Að öðru leyti verður gjaldskylda með hefðbundnum hætti næstu daga.

- dac

Dómskerfið í Svíþjóð:

## Æ fleiri fá lífstíðarfangelsi

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir dómarar dæma afbrotamenn til stöðugt harðari refsingar. Þannig hafa átta afbrotamenn fengið lífstíðarfangelsisdóm á þessu ári. Í vefútgáfu Dagens Nyheter er því haldið fram að ofbeldið hafi ekki gerst grófara, einungis sé um stefnubreytingu dómstóla að ræða.

Um 100 manns eru myrtir í Svíþjóð á hverju ári. Morðingi getur fengið tíu ára fangelsisdóm eða lífstíðarfangelsi. Þróunin sýnir að stöðugt fleiri sakborningar fá lífstíðarfangelsi og æ færri eru sýknaðir. Frá árinu 1995 hafa aðeins 26 verið sýknaðir meðan 118 hafa fengið dóm til lífstíðar. ■






**STYRKURINN AFHENTUR** Gáfu fé til Mæðrastyrksnefndar í stað þess að senda jólakort.

Styrkur í stað jólakorta:

## Mæðrastyrksnefnd styrkt

**GÓÐGERÐARMÁL** Sparisjóður Kópavogs styrkti Mæðrastyrksnefnd Kópavogs með peningagjöf síðastliðinn mánudag.

Undanfarin sjö ár hefur Sparisjóðurinn ekki sent jólakort til viðskiptavina sinna heldur notað andvirði þess fjármagns til að styrkja Mæðrastyrksnefnd. Það var Unnur Guðríður Árnadóttir, markaðsfulltrúi bankans, sem afhenti Mæðrastyrksnefnd styrkinn.

Að sögn forsvarsmanna Sparisjóðs Kópavogs hefur þetta mælst afar vel fyrir hjá viðskiptavinum bankans.

- sk



**VIÐ GUÐSÞJÓNUSTUNA** Fjölmargir sóttu Nikulásarmessu rússneska rétttrúnaðarsafnaðarins sem fram fór um helgina.

Rétttrúnaðarsöfnuðurinn:

## Forsetinn við Nikulásarmessu

**TRÚMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var viðstaddur Nikulásarmessu rétttrúnaðarsöfnuðarins í tilefni af hátíð Sankti Nikulásar sem fram fór í kapellu rússneska Rétttrúnaðarkirkjunnar í húsakynnum sendiráðs Rússlands á Íslandi á sunnudaginn var.

Meðal annarra gesta var staðgengill sendiherra Rússlands, Valeiy Polyakov, breski sendiherrann Alp Mehmet og staðgengill sendiherra Bandaríkjanna, Philip S. Kosnett. ■

**NOREGUR**

**Drukkinn enn eina ferðina**

Allsnakinn Finni, búsettur í Noregi, var handtekinn í rútu á leið til Björgvinjar í síðustu viku fyrir ölvun og óspektir. Að sögn Bergens Tidende hefur hann 99 sinnum verið sektaður fyrir svipaðar sakir og er talið að um Noregsmet, ef ekki Norðurlandamet, sé að ræða. Hann er sagður fækka fötum eftir því sem ölvunin eykst.

# Möndlugjöfin í ár

EKKERT BRUÐL

Hér höfum við AÐAL stuðspilið!
PARTY & CO
Stanslaus skemmtun fyrir
alla sem taka þátt.




PARTY & CO 3789 KR.

SÉRVÖRU VERSLANIR




Talnaþrautin skemmtilega klikkar ekki!

SUDOKU 1389 KR.

## Dillandi gleði og gaman!

Orðaspilið vinsæla




RAPIDOUGH 1389 KR.

Þú færð stig fyrir hvern staf í orði!




RAPIDOUGH 2889 KR.

Þú mótar svörin í leir!

SEQUENCE hefur verið eitt vinsælasta fjölskylduspilið á Íslandi undanfarin ár. Ómæld gleði og æsingur.

SÉRVÖRU VERSLANIR




SEQUENCE 1989 KR.

## Opið til 22.00

EKKERT BRUÐL

Lærdómsleikur fyrir börnin áður en byrjað er í skólanum




LÆRDÓMSSPILIÐ 3190 KR.



Leikur til að byggja upp sjálfstraust barnanna

www.bonus.is

ERAN/Landlist

BÓNUS bonus.is

# Gjafir f

**Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Kring**

OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla



7.990

Senseo

**Philips Senseo kaffikanna**
1450w Senseo kaffivél, hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu, tekur aðeins 30 sekúndur að laga. Auðvelt að hreinsa.

4 fallegar könnur fylgja meðan birgðir endast.



**Ideline raklette**
8 manna raklette panna, 1200 w

3.990



**United ferðatæki**
Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og geislaspilara.

4.990



**Philips matvinnsluvél**
Einföld og öflug 600w matvinnsluvél með 1,25 lítra skál, 2 hraðastillingar og púls 9 aukahlutir.

5.990



**Philips töfrasproti**
Kröftugur mótor Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt. Auðvelt að þrífa. Veggupphengi fylgir.

3.990



19.990



**Casio hljómborð**
5 áttundir, möguleiki að tengja við tölvu og nálgast hljóð af netinu. 61 nóta, 500 hljóð og 120 ryþmar, 32 nótna pólifónía og 3ja skrefa kennslukerfi. Ásláttarnæmni, LCD skjár með baklýsingu. Tengi fyrir USB og míkrafón, hægt að tengja fótstig við.

24.990



**United 21" sjónvarp með DVD spilara**
21" Black Matrix myndlampi. Stereo hljóðkerfi, textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi. Fjarstýring, fjölkerfa DVD spilari, spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3.

4.990



**United DVD spilari**
Fjölkerfa DVD spilari, spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD. Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG, dolby digital og DTS, scart, CVBS og heyrnartólstengi, digital optical og coaxial tengi. NTSC afspilun yfir í PAL, fjarstýring.

Gildir til 26. desember eða á meðan birgðir endast.

# yrir alla

**lu og á Akureyri. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.**




**Disney brauðrist**
800w brauðrist. Mikka mús mynd prentast á brauðið og lag spilar þegar brauðið er tilbúið. Með safnbakka.




**Disney samlokugrill**
700w samlokugrill Mikka mús mynd prentast á samlokuna.




**Disney vöfflujárn**
750w vöfflujárn Mikka mús vöfflulag.




**Minolta digital myndavél 8,0**
Lítil og nett digital myndavél, 8 megapixel 2,5" LCD skjár (118.000 pixlar), 3x optical zoom og 4x digital zoom. Linsa: 7.7 - 23.1mm (35mm samb.: 37 - 111mm). Anti-shake, autofocus og auto white balance, auto exposure og þrjár manual stillingar. Hágæða hreyfimyndataka með hljóði (640x480). Fimm myndstærðir, super macro, landscape, night portrait, text og sunset modes. Auto flass og red eye reduction, USB 2.0 tenging við tölvu 32mb SD kort fylgir. Rafhlaða endist í tæplega 150 skot. Hugbúnaður fylgir. 9,5cm x 6,8cm x 1,95cm og aðeins 135 grömm.




**Olympus digital myndavél 6,0**
6 megapixel, 3x optical zoom og 4x digital zoom. Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm). 1,8" LCD skjár, autofocus og auto white balance. Auto exposure og þrjár manual stillingar, hreyfimyndataka (hámarksupplausn 320x240). Þrjár myndstærðir, 16 scene modes, auto flass, red eye reduction og tímarofi. USB tenging við tölvu 32MB xD kort, USB snúra og rafhlöður fylgja. Hugbúnaður fylgir.




**Olympus digital myndavél**
4 MegaPixel, 2.8x Optical Zoom og 4x digital zoom. Linsa: 6.2 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 106mm). 1,5" LCD skjár autofocus og auto white balance. Auto exposure og þrjár manual stillingar. Hreyfimyndataka (hámarksupplausn 320x240). Þrjár myndstærðir, 4 scene modes, auto flass, red eye reduction og tímarofi. USB tenging við tölvu, 28MB innra minni og tekur xD kort. USB snúra, rafhlöður og hugbúnaður fylgja.




**United útvarp**
Fallegt gamaldags útvarp, 3 litir




**Philips rakvél**
Svört, micro+ action hnífar. 30 mín hleðsla, kambar með sjálfstæðri fjöðrun. Tekur 8 klst. að hlaða. Bartskeri.




**Philips hársett keramik**
8 í einu - Allt fyrir hárið! Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkar.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

*Ertu nú alveg heiðarleg?*

**„Fyrsta sem kemur upp í hugann er skýrslan hans Stefáns Ólafssonar „Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum“.**

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR UM BESTU BÓK ÁRSINS Í FRÉTTABLAÐINU.

*Orð í tíma töluð*

**„Og Guðni (menntamálaráðherra númer tvö) ætti að hætta að tönglast á því að ísland sé best og fallegast, og þannig koma sér undan því að taka á vandamálunum.**

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR KENNARI Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU UM HÁTT MATARVERÐ.

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON ATHAFNAMAÐUR

## Með símann rauðglóandi á sólarströnd



„Ég er á Spáni í því sem á að kallast frí. Hins vegar virðist allt vera farið í háaloft á íslandi í kjölfar Quentin Tarantino-kvöldsins svo ég er með símann límdan á kinnina og augun við laptoppið. Eiginlega bara í vinnunni í aðeins betra veðri og aðeins færri fötum“, segir Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Icelandic film festival hlæjandi. Ísleifur stendur að komu leikstjórans góðkunna sem nýlega tók ástfóstri við Frón nú um áramótin. „Tarantino lendir þann 28. og ætlar að sýna þrjár myndir úr einkasafni sínu, það er að segja filmusafni. Það varð uppselt á sýninguna á níu mínútum í morgun og þá verður allt brjálað. Fólk er farið að braska með miða og svona og síminn stoppar ekki hjá mér“. Óvisst er hvaða myndir Tarantino sýnir og Ísleifur vill ekki ljóstra upp því leyndarmáli. „Ég get samt sagt að mér sýnist stefna í kung fu kvöld, þú mátt hafa það eftir mér.“

Ísleifur er einnig framkvæmdastjóri Event sem skipuleggur skemmtanir og uppákomur og þar er líka margt framundan. „Í janúar verðum við með þýsku grínistana The Shneedles, þurftum að bæta við aukasýningum með þeim, virðist ætla falla fólki vel í geð. Svo koma Goldie looking Chain og halda tónleika í febrúar.“ Blaðamaður kannast ekki við þá hljómsveit svo Ísleifur syngur til skýringar „...guns don't kill people, rappers do, kannastu ekki við þetta?“ segir hann hlæjandi. „Breskir rapparar, bráðfyndnir en töff um leið“.

Ísleifur heldur svo áfram að að lýsa því hvað sé í bígerð. „Við erum búin að bóka eða eigum í viðræðum við fólk vegna atburða langt fram á næsta ár, alveg fram í maí eða júní jafnvel. Það skýrist allt bráðlega og það má búast við miklum yfirlýsingum frá okkur í janúar, mikið í pípunum.“ Að svo sögðu þarf Ísleifur að kveðja og sinna rauðglóandi farsímanum.

### SJÓNARHÓLL
DAGUR VILL FYRSTA SÆTIÐ HJÁ SAMFYLKINGUNNI



KRISTINN SNÆLAND LEIGUBÍLSTJÓRI

## *Ferskur*

„Mér líst ágætlega á þetta hjá Degi. Hann kemur ferskur og fínn inn þó hann hafi verið áður í borgarstjórn,“ segir Kristinn Snæland leigubílstjóri um þá ákvörðun Dags B. Eggertssonar, læknis og borgarfulltrúa, að gefa kost á sér í fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í maí.

Áður hafa Stefán Jón Hafstein og Steinunn Valdís Óskarsdóttir lýst yfir framboði. „Ég á alveg eins von á að hann vinni þau,“ svarar Kristinn aðspurður. En ætlar hann að kjósa Samfylkinguna í vor? „Nei,“ svarar hann án umhugsunar.

# Matreiðslan víkur á aðventunni

**Vitlaust er að gera á skyndibitastöðum höfuðborgarinnar þessa síðustu daga fyrir jól. Sums staðar þarf að bæta við starfsfólki til að mæta auknu álagi. Ekkert ógnar pepperoni sem vinsælasta pítsuáleggi landsmanna.**

Magnús Már Björnsson, vaktstjóri hjá Pizzahöllinni, segir að pítsusalan taki alltaf mikinn kipp í desembermánuði ár hvert. Hún aukist dag frá degi og nái hámarki síðustu dagana fyrir jól. „Þegar jólainnkaupin standa sem hæst kemur fólk seint heim, nennir ekki að elda og pantar sér pítsu,“ segir hann. Máli sínu til stuðnings nefnir hann mánudaga. „Venjulega er allt steindautt á mánudögum en síðastliðinn mánudag var mjög mikið að gera.“ Forsvarsmenn Pizzahallarinnar hafa vaðið fyrir neðan sig og fjölga starfsfólki í desembermánuði til að anna eftirspurninni.

Framkvæmdastjóri Nings, Hilmar Sigurjónsson, segir að salan síðustu tvær vikurnar hafi tekið stökk miðað við vikurnar tvær á undan. „Það er mjög mikið um að fyrirtæki panti stóra skammta fyrir starfsfólk sitt sem vinnur fram eftir í mánuðinum.“ Hann kveðst þó ekki þurfa að bæta við starfsfólki þrátt fyrir aukninguna.

Baldur Baldursson, framkvæmdastjóri Dominos, segir verulega aukningu verða á viðskiptunum strax í byrjun desember en allt falli í ljúfa löð strax eftir jólahátíðina. „Við fjölgum starfsfólki og þeir sem fyrir eru vinna lengri vaktir en vanalega,“ segir Baldur og bætir við að pepperoni sé langvinsælasta pítsuáleggið.



PITSA MEÐ PEPPERONI



**DEIGIÐ FLATT ÚT**
Miklar annir eru á pitsustöðum og öðrum skyndibitastöðum þessa dagana enda kjósa margir að fá heimsendan mat í stað þess að elda á meðan jólin eru undirbúin.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Dunilin** gerir þér kleift að töfra fram glæsilega servíettuskreytingu í takt við tilefnið. Fjölbreytt litaúrval auðveldar þér að ná fram þeirri stemningu sem þú leitar eftir.

Í verslunum liggur frammi bæklingur frá Duni þar sem finna má fjölmargar hugmyndir að servíettubrotum og borðskreytingum.

Duni

ENNEMM / SIA / NM18835


# Elfar Logi bæjarlistamaður á Ísafirði

Leikarinn Elfar Logi Hannesson hefur verið útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar. Elfar Logi nam leiklist í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan 1997. Hann hefur verið ötull í menningarlífi Ísfirðinga og raunar Vestfirðinga allra síðustu ár og meðal annars sett upp fjölda einleikja sem vakið hafa eftirtekt víða um land. Auk leiklistarinnar starfrækir Elfar Logi kaffihúsið Langa Manga á Ísafirði.



Elfar Logi Hannesson, leikari og bæjarlistamaður Ísafjarðar.

# Jólafatnaður 30-50% afsláttur

af völdum vörum

**OPIÐ**
til kl. 22
öll kvöld til jóla

Hagkaup óska Unni Birnu innilega til hamingju með glæstan sigur í Miss World




**Micro** flíspeysa/buxur
st. 36-44
1.699 kr/stk



**Húfa, trefill, vettlingar**
verð frá 799 kr




**Leður/rúskins** hanskar
verð frá 1.299 kr




TILBOÐ verð frá 1.799 kr
verð áður 2.999

**Toppur** margir litir, st. S-XL
**jakkapeysa** margir litir, st. S-XL




TILBOÐ 2.099 kr
verð áður 3.499

**Bolur** m/steinum
margir litir, st. S-XL



true
**Jakki**
svartur, teinóttur
st. S-XL
TILBOÐ 1.999 kr
Verð áður 3.999,-

true
**Buxur**
svartar, teinóttar
st. 26-38
TILBOÐ 999 kr
verð áður 2.999




**Korsiletta**
hvít, svört, b.hvít
st. XS-L
TILBOÐ 2.799 kr
verð áður 3.999



**Korsiletta**
fjólublá, svört, b.hvít
st. S-XL
TILBOÐ 2.499 kr
verð áður 3.499




**Toppur**
rauður, svartur
st. S-XL
TILBOÐ 2.399 kr
verð áður 3.999




**Bolur**
rauður, svartur
st. S-XL
TILBOÐ 2.399 kr
verð áður 3.999




**Ökklaskór**
svartir, brúnir, st. 36-41
5.999 kr



**Ballerínuskór**
svartir, brúnir, st. 36-41
4.999 kr



**Ballerínuskór**
svartir, brúnir, st. 36-41
4.999 kr



**Ballerínuskór**
svartir, brúnir, st. 36-41
3.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Fjöldi félaga í Sambandi íslenskra myndlistarmanna




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAMHEITALYF

# *Verkun nánast alltaf sambærileg*

Íslenska fyrirtækið Actavis hefur sett fyrsta samheitalyfið undir eigin vörumerki á markað í Tékklandi. Samkeppni hefur aukist á milli samheitalyfja á lyfjamarkaði en virkni þeirra er í flestum tilvikum eins.



**Hvað eru samheitalyf?**
Oft eru lyf með sama innihaldsefni seld undir ýmsum heitum og getur verð þeirra verið töluvert mismunandi. Þegar fleiri en tvö lyf eru svipuð að innihaldi og lyfjaformi þá eru þau nefnd samheitalyf. Það er algengt að sá framleiðandi sem fyrst þróar lyfið og setur það á markað selji það dýrara en þeir sem ákveða að framleiða svipað lyf síðar.

**Er gæðamunur á samheitalyfjum?**
Það er algengt að læknar og þeir sem höndla með lyfin beri meira traust til framleiðanda sem lengst hafa rannsakað lyfið. Eins og með aðra vöru þá spilar einnig inn í sölumáttur þekktra vörumerkja.

Á Íslandi eru hins vegar öll eftirlíkingarlyf sem seld eru í lyfjaverslunum framleidd af mjög virtum framleiðendum. Þau fást ekki skráð nema sýnt hafi verið fram á að verkun þeirra sé svipuð frumlyfinu í nær öllum atriðum. Eftirlíkingarlyfin koma oftast á markað nokkrum árum á eftir frumlyfinu en þó kemur fyrir að þau eru skráð á markað á undan frumlyfinu.

**Hafa samheitalyf sömu verkun?**
Stundum segja þeir sem nota lyfin að þeir finni mun á verkun sambærilegra lyfja. Þetta útskýra sérfræðingar oftast á þann veg að um ímyndun sé að ræða hjá notendum. Önnur rök geta þó átt við. Stundum eru til dæmis efni í lyfjum í töfluformi sem binda töflurnar saman eða litar þær og það getur hugsanlega breytt virkni lyfsins. Hins vegar hefur aukin nákvæmni í framleiðslu lyfja gert það að verkum að munur á milli samheitalyfja hefur minnkað og með aukinni nákvæmni í lyfjaframleiðslu í framtíðinni heldur munurinn áfram að minnka.

**SPURT & SVARAÐ**

LÖG EÐA REGLUR UM STARFSMANNALEIGUR

## *Nauðsynlegt til aðhalds*

Engin lög gilda hér á landi um starfsmannaleigur, íslenskar eða erlendar. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir slík lög undirstöðu þess að stofnun hans geti veitt nauðsynlegt aðhald.



**GISSUR PÉTURSSON**
Forstjóri Vinnumálastofnunar.

**Er þörf á lagasetningu um starfsmannaleigur?** Að mínu mati er svarið já. Það er óásættanlegt að stofnun á borð við þá sem ég starfa við hafi litla sem enga hugmynd um rekstur slíkra fyrirtækja hér á landi. Um alla starfsmenn hér gilda ákveðnar reglur og við verðum að geta fylgst með að þeim sé framfylgt.

**Hvaða þýðingu hefur lögsetningin fyrir Vinnumálastofnun?** Hún er aðallega mikilvæg vegna þess að eins og staðan hefur verið höfum við enga yfirsýn yfir fjölda eða stærð þeirra starfsmannaleiga sem hér starfa eða hafa starfað.

**Mun stofnunin þá hafa völd til að grípa til aðgerða í framtíðinni?** Samkvæmt lögunum getum við kallað til lögreglu ef ábendingar okkar eru virtar að vettugi eða reglur brotnar á annan hátt. Hefðum við haft þau úrræði áður er enginn vafi í mínum huga að tilefni hefði verið til að beita þeim.

# Bjartsýnir fyrir hönd barnanna

**Ástandið í Írak batnar hægt en örugglega að mati Barkar Gunnarssonar sem starfar fyrir Atlantshafsbandalagið í landinu. Hann segir einna mikilvægast að súnníar hafi ákveðið að berjast fyrir réttindum sínum á vettvangi stjórnmálanna en þó sé enn langt í að landsmenn geti tekið alfarið við stjórnartaumunum.**




**Á SKRIFSTOFUNNI** Börkur segir að góð kjörsókn súnnía í þingkosningunum í síðustu viku auki mönnum vonir um að friðsamlegri tíð sé í vændum. Enn er þó of snemmt fyrir erlent herlið að pakka saman og halda heim.

Atlantshafsbandalagið NATO tók ekki þátt í innrásinni í Írak en síðustu misseri hefur bandalagið séð um að þjálfa íraska herforingja upp á nýtt. Börkur Gunnarsson er talsmaður þessa verkefnis og framkvæmdastjóri upplýsingaskrifstofu NATO í Írak og því hefur hann verið búsettur í Bagdad síðastliðna tíu mánuði. Starfið undanfarna mánuði hefur gengið vel en Börkur segir að frá og með næsta ári muni NATO úrskrifa árlega um þúsund herforingja í skólum innan Íraks og þjálfa um fimm hundruð í skólum sínum í Evrópu.

**Sannkallað sómafólk**
„Þetta er afar áhugavert samfélag þótt vissulega sé það að mjög mörgu leyti frábrugðið því sem við eigum að venjast,“ segir Börkur um lífið í Bagdad. „Ég bý á græna svæðinu svonefnda sem er vel varið. Síðasta sjálfsmorðsárásin innan þess var framin tveimur mánuðum áður en ég kom og síðan þá hefur allt verið með nokkuð kyrrum kjörum.“ Ástandið er þó mun ótryggara utan svæðisins og því ferðast NATO-menn yfirleitt á milli staða í vel vörðum bílalestum eða jafnvel með þyrlum.

Þrátt fyrir að rósturnar í landinu séu umtalsverðar ber Börkur Írökum mjög vel söguna. „Þetta er sannkallað sómafólk,“ segir hann og bætir því við að hann finni síður en svo til óvildar í garð NATO. „Þegar ráðist var inn í landið börðust margir gegn Bandaríkjamönnum en fæstir þeirra segjast bera kala til þeirra, þeir voru einfaldlega í Íraksher á þessum tíma og hlýddu skipunum. NATO virðist hins vegar hafa aðra ímynd í augum Íraka þar sem fæstar þjóðirnar sem taka þátt í NATO-verkefninu hér tóku þátt í innrásinni.“

**Framfarirnar hægar en bítandi**
Mikið vatn hefur runnið til sjávar í Írak undanfarna mánuði og hafa landsmenn til dæmis gengið þrívegis að kjörborðinu á tæpu ári. Börkur kveðst reyndar þeirrar skoðunar að framfarirnar í landinu hafi ekki verið svo stórstígar en þær hafi hins vegar verið jafnar og í rétta átt. „Ég kem til landsins strax eftir janúarkosningarnar en á kjördag féllu sextíu manns í árásum. Í kosningunum í síðustu viku voru þeir teljandi á fingrum annarrar handar. Í janúarkosningunum sniðgengu súnníar þær að mestu. Nú starfa þeir af krafti í stjórnmálum landsins. Vissulega er stuðningur við uppreisnarmenn enn mikill á stórum svæðum súnnía og svo verður væntanlega um þó nokkurn tíma áfram. Draumurinn var hins vegar alltaf að súnníar skiluðu sér vel á kjörstað og sú varð raunin.“

Í þessu sambandi bendir Börkur á að aðalstuðningurinn við uppreisnarmenn kemur frá súnníum. „Þrátt fyrir að vera aðeins fimmtungur þjóðarinnar réðu þeir lögum og lofum í þjóðfélaginu og þeir hafa farið verst út úr valdasviptingum síðustu missera. Því hafa þeir stutt uppreisnarmenn og jafnvel hryðjuverkahópa og þar af leiðandi hefur líka verið minnst uppbygging á þeirra svæðum. Hagur þeirra er eiginlega að öllu leyti verri en fyrir innrásina og meðan þannig verður og þeir taka ekki þátt í stjórnmálunum þá er skiljanlegt að stuðningur við uppreisnina minnkar lítið. Nú þegar þeir eru farnir að hefja pólitíska þátttöku þá er vonandi að þeir sjái sér hag í því að brjóta ekki allt niður.“



**SKÓLINN VÍGÐUR** NATO tók herforingjaskóla sinn í Írak í notkun í september á þessu ári og klipptu þeir Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, og Jaap de Hoop Scheffer,

**Enn er langt í land**
Þótt horfurnar hafi batnað mikið undanfarna mánuði segir Börkur að talsverður tími sé þangað til að Írakar geti tekið alfarið við stjórn landsins. „Skrefin sem stigin hafa verið í ár hafa samt sem áður verið mjög mikilvæg. Í vor tóku Írakar alfarið við stjórn Najaf og þar hefur árangurinn verið frábær. Þeir hafa einnig tekið við stjórn á svæðum í suður- og norðurhluta landsins og nokkrum hverfum í Bagdad og þar hefur stórlega dregið úr róstunum um leið.“

Börkur dregur samt í efa að erlent herlið geti yfirgefið landið alveg á næstunni. „Margir sem ég umgengst efast um að það sé hægt jafn fljótt og George W. Bush og ríkisstjórn Bandaríkjanna vill,“ segir hann en bendir þó á að útfæra megi herverndina á ýmsa vegu, til dæmis með því að binda hana við stuðning úr lofti.

Hvað sem þessum vangaveltum kveðst Börkur fullviss um að betri tíð sé framundan. „Já, að minnsta kosti til langs tíma. Það er bara eins og með Írakana. Þeim er frekar þungt í sinni eins og stendur en þótt þeir séu gagnrýnir á ástandið í dag þá eru þeir nánast allir bjartsýnir fyrir hönd barna sinna.“

Börkur flytur erindi á opnum fundi Félags stjórnmálafræðinga í dag á veitingahúsinu Litla ljóta andarunganum. Erindið hefst klukkan tólf.



FRÉTTAVIÐTAL
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is

DV
Pétur Blöndal deilir á Mæðrastyrksnefnd
Segir dóttur sína svindla á kerfinu
– ÞÁÐI MATARGJÖF FRÁ MÆÐRASTYRKSNEFND
– FÆR 135 ÞÚSUND Á MÁNUÐI SEM ÖRYRKI
– MÓÐIR HENNAR SEGIR PÉTUR Á VILLIGÖTUM
þorir þegar aðrir þegja!





JÓLAPAKKATILBOÐ
27" ÖRÞUNNT LCD
UNITED LTV27
27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 99.990
21" DVD
UNITED TVD5038
21" SJÓNVARP með DVD spilara, textavarpi, DTS digital out, RCA tengi, svefnrofa og fjarstýringu.
SJÓNVARP OG DVD SPILARI
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
20" ÖRÞUNNT LCD
UNITED LTV20L50
20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.
TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990
20"
UNITED UTV20x40
20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.
TILBOÐ 13.990
FULLT VERÐ kr. 16.990
HEIMABÍÓ HLJÓMTÆKI FLÖT SJÓNVÖRP DVD SPILARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
Dantax CR42
Einfaldur ÚTVARPS-VEKJARI með stórum LCD skjá.
VERÐ 1.990
FRÁBÆRT VERÐ
tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax WS150
VEÐURSTÖÐ sem skynjar hitastig innan- og utanhúss. Með klukku og vekjara.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS DECT221
ÞRÁÐLAUS DECT SÍMI með stórum LCD skjá með baklýsingu, 30 númerum og nöfnum í minni, 10 tíma hleðslu í notkun og 5 dögum í bið, endurvali í síðustu 25 númer, sýnir númer sem hringir og með Polyphonic hringitónum.
TILBOÐ 4.490
FULLT VERÐ kr. 5.990
DECT
HEIMABÍÓ HLJÓMTÆKI FLÖT SJÓNVÖRP DVD SPILARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
MP3 MEÐ ÚTVARPI
Hægt að nota sem diktafón!
UNITED MP5518-256
MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu 256MB minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, tónjafnara og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum. Vistar tölvugögn.
TILBOÐ 4.990
ALLT AÐ 128 LÖG
MP3 MEÐ ARMBANDI
UNITED MP6519512
Vandaður MP3 SPILARI með 512 Mb minni. Frábær í skokkið eða líkamsræktina. Má festa um upphandlegginn.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
OLYMPUS VNP80PC
Stafrænn DIKTAFÓNN með 64mb Flash minni, hljóðnema og hátalara, 8 klst. upptöku, VCVA (Voice Activasion), USB 2. Þyngd með rafhlöðum 67 gr.
TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ kr. 9.990
OLYMPUS FE100
Digital MYNDAVÉL með 4 milljóna punkta upplausn, 2.8x Optical Zoom og 4x Digital, 6.2 - 17.4mm linsu, 1,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 28mb innra minni og rauf fyrir xD kort.
4 MEGA PIXEL
TILBOÐ 9.990
FULLT VERÐ kr. 12.990
DVD SPILARI
UNITED DVD6071
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4 og DivX 3.11/4.x/5.x
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
Vandaður fjölkerfa DVD SPILARI sem spilar öll kerfi og alla diska. Frábær kaup.
TILBOÐ 4.990
FULLT VERÐ kr. 5.990
DVD SPILARI DivX
PHILIPS DVP3010
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x og XviD – og CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Progressive Scan, Dolby Pro Logic II, Dolby Digital og DTS, Scart með RGB og SVHS tengi, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Coaxial tengi, Digital Zoom, Smart Picture og Smart Sound, Zoom, Rotate og Flip fyrir Picture CD, spilar Picture CD með Mp3 hljóði og er með fjarstýringu.
TILBOÐ 8.990
FULLT VERÐ kr. 13.990
MYNDBANDSTÆKI
JVC HRV510
6 hausa Nicam Stereó MYNDBANDSTÆKI með Longplay og NTSC afspilun, BEST myndtækni, Longplay, upptökuminni, sjálfleitara, hægspilun, Index leitun, Scart tengi og fjarstýringu.
TILBOÐ 11.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
DVD HEIMABÍÓ
PHILIPS HTS3300
SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD SPILAR CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG
Nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.
TILBOÐ 22.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Orkla Media er fimmta stærsta fjölmiðlafyrirtækið í norðri

**Gríðarleg samþjöppun hefur átt sér stað á fjölmiðlamarkaði á Norðurlöndum á síðustu árum. Nokkrar stórar keðjur ráða stærstum hluta markaðarins. Langstærst er sænska Bonnier og þétt á eftir kemur finnska Sanoma. Hið norska fjölmiðlafyrirtæki Orkla Media er fimmta stærsta fjölmiðlafyrirtækið á Norðurlöndum. Stóru norrænu fjölmiðlafyrirtækin eiga í harðri samkeppni sín á milli og við ýmsa alþjóðlega risa.**




Mikil samþjöppun hefur átt sér stað á fjölmiðlamarkaði á Norðurlöndum á síðustu árum og einkennist það af tvenns konar útbreiðslu. Fjölmiðlafyrirtækin Bonniers, Schibsted og Orkla Media líta svo á að Norðurlöndin séu einn heimamarkaður og hafa nokkrar stórar keðjur keypt upp flestalla fjölmiðla, sérstaklega dagblöðin, þvers og kruss yfir landamæri. Sérstaklega hefur hið sænska Bonniers breitt úr sér og á nú flesta þekktustu fjölmiðlana í Svíþjóð. Hin fjölmiðlafyrirtækin, sérstaklega Sanoma, hafa lagt áherslu á að breiða úr sér til landa Austur-Evrópu.

Það eru því fáar stórar keðjur sem ráða stærstum hluta fjölmiðlamarkaðarins á Norðurlöndum og þar mæta sívaxandi samkeppni frá alþjóðlegum fyrirtækjum. Stærstu fjölmiðlafyrirtæki í heiminum eru þekkt fjölmiðla- og afþreyingafyrirtæki á borð við Time Warner, Viacom og Disney. Stærstu keðjurnar á Norðurlöndum eru Bonniers í Svíþjóð, SanomaWSOY í Finnlandi, Schibsted og Orkla Media í Noregi og Stenbäcksfären í Svíþjóð og það í þessari stærðarröð. Bonnier og Sanomat eru í 15. og 16. sæti á heimslistanum, þétt á eftir þeim koma Schibsted, Orkla og Stenbecksfären. Fjölmiðlafyrirtækið Egmont er einnig ofarlega á listanum en það einbeitir sér að afþreyingarefni og þá sérstaklega fyrir börn. Allers er hluti af Schibsted-samsteypunni og gefur út tímarit á borð við Séð og heyrt í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það er í 25. sæti.

### Orkla Media

Dagsbrún skoðar hugsanleg kaup á norska fjölmiðladeildinni Orkla Media sem er innan Orkla-samsteypunnar og slæst þar með hugsanlega í hóp þeirra norrænu fjölmiðlafyrirtækja sem hafa verið að færa út kvíarnar frá því í byrjun tíunda áratugarins. Á þessum tíma hafa fjölmiðlafyrirtækin átt við mikinn rekstrarvanda að stríða. Þau hafa fækkað starfsmönnum á ritstjórnum sínum því að auglýsingatekjurnar hafa dregist verulega saman. Internetið hefur tekið talsverðan hluta af auglýsingakökunni, til dæmis í bílaviðskiptum, bátaviðskiptum, í viðskiptum tengdum húsnæði og heimili. Samtímis hafa þau nýtt sér tækifæri til vaxtar og breitt úr sér um Norðurlöndin og til landa Austur-Evrópu.

Kaupi Dagsbrún norska fjölmiðlafyrirtækið Orkla Media tengjast 365 ljósvaka- og prentmiðlar samsteypunni sem á áhrifaríka miðla á borð við Berlingske og síðdegisblaðið BT í Danmörku. Orkla Media á að minnsta kosti meirihluta í 31 dagblaði í Noregi og stóran hlut í einu sænsku blaði, Norrländska Socialdemokraten. Orkla Media gefur út dagblöð, vikublöð og er með rafræna starfsemi og sjónvarpsstöðvar. Félagið hefur starfsemi í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Póllandi, Finnlandi, Litháen og Úkraínu. Orkla Media er í dag hluti af stærri samsteypu sem tengist meðal annars matvöruverslun.

### Bonniers

Bonniers-fjölmiðlafyrirtækið á rætur sínar að rekja til upphafs nítjándu aldar þegar Gerard Bonnier opnaði bókaverslun í Kaupmannahöfn en Bonnier varð ekki eitt af stærstu forlögum í Svíþjóð fyrr en um 1860. Bonnier-samsteypan endurskipulagði starfsemi sína á níunda áratugnum og var þá skipt upp í svið. Bonniers hefur starfsemi á öllum sviðum fjölmiðlunar, bæði í bókaútgáfu, blaðaútgáfu og bíó og ljósvakamiðlum en hefur selt tímaritaútgáfuna til Allers og Egmont. Bonnier á virta fjölmiðla á borð við Dagens Nyheter, Expressen, Dagens Industri og TV4 í Svíþjóð svo að dæmi séu nefnd. Bonnier er leiðandi fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði í Norður-Evrópu.

### Sanoma

SanomaWSOY er finnskt fjölmiðlafyrirtæki að uppruna, sem gefur út Helsingin Sanomat, virtasta dagblað Finnlands, og Ilta Sanomat. Sanoma hefur breitt úr starfsemi sína og er nú fimmta stærsta útgáfufyrirtæki Evrópu með viðamikla starfsemi í Rússlandi og Úkraínu. Sanomat er einnig með starfsemi í tíu löndum Evrópu og þá einkum austurhluta Evrópu fyrir utan Finnland og Benelúx-löndin. Hlutfallslega litla veltu fyrirtækisins má skýra með því hversu mikill hluti samsteypunnar er í fátækum ríkjum á borð við Rússland og Úkraínu sem samt hafa mikla vaxtarmöguleika. Sanoma er fyrst og fremst í dagblaðaútgáfu en líka í útgáfu tímarita, sjónvarpsstöðvum og ýmsum sviðum afþreyingar.

### Stenbäck

Stenbacksfaren hefur átt gott pláss í fjölmiðlaheiminum á Norðurlöndum. Um tíma átti hún undir högg að sækja en það hefur breyst. Stenbäcksfären skapað sér sérstöðu í Metro-blaðaútgáfunni en Metro-blað er nú gefið út í 18 löndum og hefur yfir 15 milljónir lesenda. Metro er í eigu Metro International SA sem er skráð í sænsku kauphöllinni.

### Schibsted

Schibsted á Svenska Dagbladet og Aftonbladet, norska Aftenposten og Verdens Gang, TV2 í Noregi. Schibsted hefur í dag starfsemi í dagblöðum, sjónvarpi, kvikmyndum, bókaútgáfu, fjölmiðlun og farsíma. Schibsted er á öllum sviðum fjölmiðlunar.

Egmont og Allers eru þessara fyrirtækja minnst í dagblaðaútgáfu og meira í útgáfu tímarita, bóka og jafnvel ljósvakarekstri. Egmont er sérstaklega sterkt í barnaefni.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri 365, segir að félagið hafi lengi haft áhuga á að reyna fyrir sér erlendis og fylgst með hræringum á fjölmiðlamarkaði í Norður-Evrópu, Orkla Media-einingin sé til sölu og 365 vilji skoða það því að „við teljum okkur reka fjölmiðlafyrirtæki hér með góðum árangri og teljum að það væri gaman að prófa rekstur í stærra umhverfi," segir hann.

Norrænu fjölmiðlafyrirtækin hafa mörg verið að færa út kvíarnar í löndum Austur-Evrópu en Gunnar Smári segir að 365 hafi lítinn áhuga á slíku. Fjölmiðlamarkaðurinn er að stærstu leyti drifinn áfram af auglýsingum og styrkur fjölmiðlamarkaðarins segir hann að tengist kaupmætti í viðkomandi löndum beint þó svo að fjölmiðlarnir sem samfélagsfyrirbrigði geti verið öflugir á fátækari svæðum.

„Við höfum fyrst og fremst áhuga á þróaðri mörkuðum vestur-Evrópu og norðurlöndum. Þessi lönd eru líkari okkar samfélögum og því líklegra að við náum árangri með því að fara þar inn en að fara inn á markaði þar sem er meiri óvissa," segir hann og telur mikla vaxtarmöguleika í norður-Evrópu.

„Eðli lífsins er að það er síbreytilegt. Ef það væri ekki síbreytilegt þá væri það dautt, þá myndi lífið tilheyra steinaríkinu. Í lífinu er engin kyrrstaða og þá síður í þróaðri hagkerfunum, það er meiri síkvika þar en í vanþróaðri löndum þó að það verði meiri hlutfallslegur vöxtur í minni löndum með veikara hagkerfi," segir hann.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

### STÆRSTU FJÖLMIÐLAFYRIRTÆKI Í HEIMI

| | | Velta af fjölmiðlastarfsemi | Heildarvelta |
|---|---|---|---|
| 1 | **Time Warner** | 3.200 milljarðar | 3.201 milljarðar |
| 2 | **Viacom** | 2.150 milljarðar | 2.151 milljarðar |
| 3 | **Disney** | 1.670 milljarðar | 2.189 milljarðar |
| 4 | **News Corporation** (Murdoch) | 1.572 milljarðar | 1.572 milljarðar |
| 11 | **Reuters** | 422 milljarðar | 422 milljarðar |
| 15 | **Bonniers** | 188 milljarðar | 194 milljarðar |
| 16 | **SanomatWSOY** | 185 milljarðar | 222 milljarðar |
| 18 | **Egmont** | 103 milljarðar | 103 milljarðar |
| 19 | **Schibsted** | 98 milljarðar | 98 milljarðar |
| 21 | **Orkla** | 84 milljarðar | 518 milljarðar |
| 22 | **Stenbecksfaren** | 81 milljarður | 564 milljarðar |
| 25 | **Aller** | 43 milljarðar | 43 milljarðar |

** Stærðarröðin byggist á veltu af fjölmiðlastarfsemi árið 2003. Eins og sést á grafinu eiga Orkla og Stenbeck það sameiginlegt að vera með starfsemi á fleiri sviðum en í fjölmiðlarekstrinum.*

### % MARKAÐSHLUTDEILD NORRÆNU FJÖLMIÐLAFYRIRTÆKJANNA

| | Heimamarkaður | Hin norðurlöndin | Önnur lönd | Útlönd samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Bonniers** | 56% | 27% | 17% | 44% |
| **SanomaWSOY** | 46% | - | - | 54% |
| **Schibsted** | 50% | 41% | 9% | 50% |
| **Egmont** | 27% | 49% | 24% | 73% |
| **Stenbecksfaren** | 36% | 34% | 30% | 64% |
| **Orkla Media** | 39% | 51% | 10% | 61% |





SOFÐU VEL UM JÓLIN
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Svefn & heilsa
www.svefn.is
ATH!
Vaxtalaus greiðslukjör í 12 mánuði.
Chiropractic®
1910
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.- stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
EINSTÖK ÞRÝSITJÖFNUN
RÉTTUR STUÐNINGUR
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 119.900.- stgr.
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.- stgr.
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.- stgr.
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Large kr. 7.490.- stgr.
Medium kr. 6.990.- stgr.
Small kr. 5.990.- stgr.
Vinsælasta jólagjöfin
Amerískar heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.- stgr.
Sleep Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.- stgr.
Queen 153x200 69.900.- stgr.
Leður Hægindastólar
Kr. 54.000.- stgr.
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.- stgr.
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Samgöngur milli Vestmannaeyja og lands.

## Bakkafjara vænlegur kostur

Nýr valkostur virðist nú vera kominn fram til lausnar á samgöngumálum Vestmannaeyinga, sem fróðlegt verður að fylgjast með, en það er höfn í Bakkafjöru.

Samgöngumál Eyjamanna hafa lengi verið til umræðu og nokkrar tillögur komið fram til lausnar á þeim. Flugsamgöngur við Eyjar hafa oft verið stopular, en það er þó kostur sem alls ekki má afskrifa þótt eitthvað annað reki á fjörur Eyjanna. Flugvöllurinn á Heimaey hefur margsannað ágæti sitt, enda hefur hann verið byggður upp og búinn góðum tækjum sem tilheyra á þessum stað. En veður og vindar eru oft þannig í Eyjum að ekki gefur til flugs þangað svo dögum skiptir, og þá er það sjóleiðin sem gildir.

Með hafnargerð í Þorlákshöfn og ferjulægi eftir gos, varð bylting í samgöngumálum Eyjamanna, því áður sigldu skip sem héldu uppi ferðum milli Eyja og lands fyrir Reykjanesskagann, sem er bæði lengri og erfiðari sjóleið. Nútíminn krefst þess hins vegar að samgöngur við Eyjar verði stórbættar, þannig að Eyjamenn og séu álíka settir og aðrir landsmenn hvað varðar samgöngumál. Að öðrum kosti mun áfram draga úr búsetu fólks í Vestmannaeyjum, og það væri miður.

*Ferjuhöfn í Bakkafjöru þótti fyrir nokkrum árum fjarlægur kostur til að leysa samgöngumál við Vestmannaeyjar, en nú hafa málin þróast á þann veg, að þarna virðist við fyrstu sýn vera komin framtíðarlausn.*

Þrír kostir hafa aðallega verið til umræðu varðandi bættar samgöngur milli Eyja og lands. Fyrst má nefna hraðskreiðari Herjólf, í öðru lagi jarðgöng undir sjávarbotni og í þriðja lagi ferjuhöfn við Bakkafjöru. Það er ljóst að nýr Herjólfur styttir ekki ferðatímann nema lítillega. Þá virðist sjávarbotninum milli lands og Eyja, ekki vera sem heppilegastur fyrir jarðgöng, og það mun kosta mikið að kanna jarðlögin þarna til hlítar.

Ferjuhöfn við Bakkafjöru er nú talinn raunverulegur valkostur. Hafnargerð við Suðurströndina var lengi vel talin óframkvæmanleg, en Gísli Viggósson verkfræðingur hjá Siglingamálstofnun og starfsmenn hans, hafa ítrekað sýnt að næstum ekkert er ómögulegt í þesum efnum, samanber hafnargerð á Hornafirði, í Þorlákshöfn og Grindavík, svo dæmi séu nefnd.

Við nánari rannsóknir og tilraunir á sjólagi á eftir að koma í ljós hvernig best yrði staðið að hafnargerðinni, en fyrstu tilraunir lofa góðu. Með ferjuhöfn í Bakkafjöru yrði aðeins hálftíma sigling milli lands og Eyja á ganggóðu skipi, og yrði bylting í samgöngumálum við Eyjarnar. Fyrstu áætlanir benda líka til þess að kostnaður yrði mun minni en við jarðgöng. Þá er á það að líta að ofan við Bakkafjöru er kominn flugvöllur fyrir Vestmannaeyjaflug og með tilkomu ferjuhafnar yrði þarna eins konar samgöngumiðstöð fyrir Eyjarnar, þar sem flug og ferja ynnu saman.

Ferjuhöfn í Bakkafjöru þótti fyrir nokkrum árum fjarlægur kostur til að leysa samgöngumál við Vestmannaeyjar, en nú hafa málin þróast á þann veg, að þarna virðist við fyrstu sýn vera komin framtíðarlausn. Það er mikilvægt að nægar fjárveitingar verði til þessa verkefnis, sem er bæði spennandi og hagkvæmt að því er séð verður.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Mismunandi kerfi**



Pawel Bartoszek stærðfræðingur, sem nú dvelst við nám í Danmörku, gerir muninn á fjárhagsstuðningi við námsmenn þar í landi og á Íslandi að umtalsefni í fróðlegum pistli á vefritinu Deiglunni. Hann bendir á að í Danmörku fái allir námsmenn 18 ára og eldri svokallaðan SU-styrk sem er vasapeningur frá ríkinu. Styrkur þessi nemur um það bil fjörutíu þúsund krónum íslenskum á mánuði og er greiddur þangað til viðkomandi hættir í námi eða nær ákveðnum aldri. „Umræddur peningur er auðvitað ekki nóg til að lifa af“, skrifar Pawel, „dugar oftast rétt svo fyrir leigunni“. Hins vegar sé hægt að taka námslán með eða, eins og flestir kjósa að gera, vinna með námi, enda séu dönsku námslánin óhagstæðari en þau íslensku, og fólk vilji skiljanlega vera skuldlaust að námi loknu ef kostur er.

**Lengri námstími**

Ekki þarf að fjölyrða um kerfið á Íslandi. Hér bjóðast námsmönnum framfærslulán með bærilegum kjörum en styrkir eru nær óþekktir. Er danska leiðin betri? Ekki telur Pawel það. Ókosturinn við danska styrkjakerfið er að hans mati sá að „margir kjósa að taka einungis 70% tilskildra eininga á hverri önn eða gera reglulega hlé á námi sínu. Meðaltími sem það tekur danska nemendur að ljúka meistaragráðu er þannig 6,5 ár, einu og hálfu ári lengur en það sem „eðlilegt“ getur talist“.



**Meira hvetjandi**

„Íslenska námslánakerfið er þannig mun meira hvetjandi en það danska“, segir Pawel. „Það er hagkvæmt fyrir fólk að ljúka námi sínu sem fyrst, því öfugt við það sem gerist í Danmörku fá námsmenn á Íslandi ekki gefins pening í hverjum mánuði. Raddir um að breyta SU-styrknum alfarið í námslán hafa vissulega heyrst hér í Danmörku en frá pólitískum sjónarhóli er afar ólíklegt að þær hugmyndir verði að veruleika.“ Hann lýkur pistlinum með þessum orðum: „Vissulega þurfa námslánin að vera í sífelldri endurskoðun og vafalaust margt í íslenska kerfinu sem mætti betur fara. En ef hugmyndin er að hvetja fólk til að taka námið föstum tökum er íslenska kerfið alla vega mun betra en það danska“.

**gm@frettabladid.is**

## Afmælisbarn sunnudagsins

Í DAG
JÓL



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Ég sá nýlega pistil í blaði eftir einstaklega víðförulan mann þar sem hann hélt því fram að Svíar, Norðmenn, Finnar og Danir kynnu betur að halda jól en annað fólk á þessari jörð. Ekki veit ég hvort hann sleppti Íslandi, einu Norðurlanda, úr upptalningunni vegna kunnáttuleysis eða kunnáttusemi um íslenskt jólahald. Hvoru tveggja virðist álíka sennilegt. Allt sem maðurinn sagði um jólahald hjá nágrönnum okkar í Skandinavíu minnti á þá staðreynd að í þessum heimshluta hafa menn langa reynslu af því að reyna gera gott úr vetrinum.

Á þeirri reynslu byggir mikið af jólahaldi þessara þjóða eins og ég var þægilega minntur á núna um daginn þegar ég sótti sænska Lúcíuhátíð og finnska jólavöku í sömu vikunni. Það var líka greinilegt að dálkahöfundurinn hafði heillast af þeirri kyrrð, rósemd og notalegheitum sem finna má í aðventu og jólahaldi hjá nágrönnum okkar. Það er ekki víst að hann hefði fundið það sama á íslenskri aðventu. Ég veit ekki hvort hugtakið jólastress er til á öðrum tungumálum en íslensku en það er í öllu falli óvíða sem aðstæður hafa hrópað á slíkt hugtak með sama hætti og í okkar landi.

Kveikjan að grein mannsins var annars kenning sem virðist njóta mikils fylgis víða á Vesturlöndum þetta árið. Hún er sú að jólin séu sérlega hallærislegt fyrirbæri og komin úr tísku hjá öllu sæmilega vitibornu fólki sem leiðir þau að mestu hjá sér eða flýr heimaslóðir á þessum árstíma. Það er raunar ekki um það að efast að jól eiga það til að vera einstaklega hallærisleg á mælikvarða fágaðs smekks í hegðun og hugsun. En menn þurfa líka alveg að misskilja tilgang hátíða, trúarlegra og veraldlegra, til að leggja slíka mælikvarða á jólahald.

*Það er frekar vegna vaxandi andúðar á taumlausari afbrigðum af neysluhyggju en vegna þverrandi áhrifa kristinnar trúar að jólahald er minna í tísku í Evrópu en áður.*

Það er hins vegar vafalítið rétt að jólin eru komin úr tísku hjá mörgum Evrópubúum. Þetta sést meðal annars á því að milljónir manna flýja úr borgum og bæjum álfunnar um jólin eða í aðdraganda þeirra og halda til staða þar sem lítil hefð er fyrir jólahaldi. Það hefur líka orðið auðveldara með árunum að leiða jólin gersamlega hjá sér í evrópskum stórborgum því þar geta menn núorðið lesið dagblöð og horft á sjónvarp dagana fyrir jól án þess að vera sérstaklega minntir á hátíðarnar sem í hönd fara. Það eina sem minnir á jólin í dagblöðunum og ég les hér á meginlandinu eru daglegar áhyggjur manna af því að verslun fyrir jólin verði víða í álfunni of lítil til að ýta við eftirspurn í hagkerfinu. Það er líklega óvíða, eða jafnvel hvergi, sem fjölmiðar og daglegt líf er svo gersamlega lagt undir jólaundirbúning eins og á Íslandi. Sem væri svo sem ágætt ef allt þetta stúss snerist um leit að þeirri kyrrð og rósemd og þeim friði sem finna má í kulda og myrkri þessa árstíma. Eða þá um kristna trú sem menn tengja oft við jólahald þótt trúin virðist ekki hafa umtalsverð áhrif á það. Í Betlehem hefur mér stundum verið hugsað til jóla úr bernsku en í þeim heimshluta verða minningar um íslensk jól þó öllu áleitnari á árlegum verslunarhátíðum í olíuríkjunum við Persaflóa en á völlunum neðan við Betlehem. Ég held að menn geti verið sammála um að ákveðið spennuástand ríki á milli jólahalds á Íslandi og kristinna guðspjalla.

Það er frekar vegna vaxandi andúðar á taumlausari afbrigðum af neysluhyggju en vegna þverrandi áhrifa kristinnar trúar að jólahald er minna í tísku í Evrópu en áður. Neysluhyggjan verður að teljast nokkuð á skjön við ráð guðspjallanna til manna, og raunar ráð allra trúarbragða heimsins, og því ættu menn kannski að fagna þessum þverrandi áhuga á jólunum í evrópskum borgum. Hin sjáanlegu jól í Evrópu eru heldur ekki stórlega öðru vísi en jól í austur Asíu þar sem jólin koma trúarlífi nákvæmlega ekkert við og jólin eru tengd við jólasveininn en ekki við krist. Þar austur frá sagði mér maður af hindúasið að sá maður sem sneri í áttina frá sjálfum sér og sínum litla heimi sneri í áttina til guðs. Afmælisbarn sunnudagsins sagði eitthvað svipað.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Veldu Focus** Nýtt tákn um gæði - www.ford.is

Nýtt tákn um gæði

### Vertu Comfort um jólin. Taktu jólatilboði Brimborgar

# Í dag: Besta verð á Focus.

### Vertu á nýjum Focus um jólin. Komdu í Brimborg.
### Jólatilboð: Lægra verð, betri kjör, tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.

- Meiri afsláttur - lægra verð
- Lægri vextir
- Lægri mánaðargreiðslur
- Lægri útborgun
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn**
- Meiri staðalbúnaður
- Upphitanleg framrúða án aukakostnaðar
- Comfort framsæti án aukakostnaðar
- Vetrardekkin undir, sumardekkin í skottið án aukakostnaðar



| Ford Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra* |
|---|---|---|---|
| Jólaverð 1.790.000 kr. | Jólaverð 1.845.000 kr. | Jólaverð 1.875.000 kr. | Jólaverð 1.890.000 kr. |
| Bílasamningur 21.450 kr. | Bílasamningur 22.110 kr. | Bílasamningur 22.600 kr. | Bílasamningur 22.640 kr. |
| Rekstrarleiga 31.900 kr. | Rekstrarleiga 32.300 kr. | Rekstrarleiga 32.550 kr. | Rekstrarleiga 32.800 kr. |

Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti.

Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið.

Þú færð án aukakostnaðar rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu.

Einnig frábært jólaverð á sjálfskiptum Ford Focus - aukalega aðeins 94.000 kr.

**Jólatilboð Brimborgar**

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör. Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar. Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr., ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.*



Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!

**Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is**



Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur og þokuljós.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun
Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
og vodafone
Heyrumst!



# Er ISBN númer á Biblíunni?

UMRÆÐAN
TRÚARLÍF LANDSMANNA



HAUKUR MÁR HELGASON HEIMSPEKINGUR

*En hagkerfið er trúarsamfélag. Trú á gjaldmiðil - ásamt öðrum hugtökum um óáþreifanleg fyrirbæri eins og fyrirtæki, hlutabréf, úrvalsvísitölu o.s.frv. - bindur saman samfélag á sama hátt í dag og kristin trú gerði um margra alda skeið...*

Trúarlíf landsmanna stendur um þessar mundir í miklum blóma enda stærsta trúarhátíð ársins að ná hápunkti. Eins og dulspekingar hafa löngum vitað er ekki hægt að nefna hinn raunverulega guð á nafn, þá þegar hefur maður gert honum rangt til - og reyni maður að benda með orði á þann guðdóm sem nú er blótaður langt fram eftir nóttu í heilan mánuð er ekki nóg með að það hljómi eilítið hallærislega heldur fara orðin á mis við hann. Hvort sem maður nefnir hann peninga, auðmagn, hagkerfi, gengi krónunnar eða, upp á gamla mátann: mammón, fer það á mis við bæði hann og lesandann. Þess vegna reynist þarft að hnita hringi í kringum guðdóminn með lítilsháttar guðfræði.

Álpönnuverksmiðjan Alpan er að flytja starfsemi sína frá Reyðarfirði til Rúmeníu. Í frétt af málinu hermir að starfsemi álpönnuverksmiðjunnar muni leggjast niður á Reyðarfirði í mars, en hefjast aftur í Rúmeníu í maí. Fyrir ókunnugan - vantrúaðan - gæti þetta hljómað ólíkindalega: að álpönnuverksmiðja hverfi í Reyðarfirði einn mánuðinn en birtist síðan aftur í Rúmeníu þann þar næsta. Er þetta sama álpönnuverksmiðjan, gæti heiðinginn spurt, rétt eins og sá sem stendur forviða frammi fyrir skóflu sem hefur ítrekað fengið nýtt skaft og nýtt blað. Vandinn og furðan leysast með trúnni eins og hún birtist í athöfnum: nýtist skóflan, er eigandanum slétt sama hvort hún er söm eða ekki eftir að skipt er um skaft og blað - skófla er skófla. Á sama hátt leysist hinn verufræðilegi og landfræðilegi vandi álpönnufyrirtækisins auðveldlega upp fyrir þeim sem skírst hefur og skilur peninga: álpönnuverksmiðja er álpönnuverksmiðja, fyrirtæki er fyrirtæki, velta er velta. Reyðarfjörður er Rúmenía.

Þannig er líka epli appelsína og flatskjár kjóll. Hagkerfið er hið stóra samasem-merki okkar tíma, skáldskapurinn sem laðar fram samhengi í því sem virðast við fyrstu sýn óskyld fyrirbæri. Pólskur verkamaður er, þegar betur er að gáð, hálfur íslenskur verkamaður. Fiskverksmiðja í Kína er gullnáma.

En hagkerfið er trúarsamfélag. Trú á gjaldmiðil - ásamt öðrum hugtökum um óáþreifanleg fyrirbæri eins og fyrirtæki, hlutabréf, úrvalsvísitölu o.s.frv. - bindur saman samfélag á sama hátt í dag og kristin trú gerði um margra alda skeið: hún kemur reglu á hegðan fólks og samskipti frá degi til dags og gefur um leið lífinu samhengi, inntak og merkingu. Einn af helstu kostum hennar umfram kristna trú er vitaskuld að trúrækni samtímans má auðveldlega mæla, og verðlauna hana dag frá degi í lífinu, en ekki á óvissum efsta degi eftir dauðann.

Íslendingar hafa tekið hinn nýja sið jafn auðveldlega og þeir tóku kristni hér áður fyrr, og raunar á sama hátt, enda leika tískuvindar létt og strítt um eylönd. Eins og allsherjargoðinn úrskurðaði forðum að þó landið gerðist kristið mætti blóta gömlu goðin á laun, má fólk stunda kristindóm í dag, búddisma, ásatrú eða hvað annað sem það vill, svo fremi sem sú trú hefur ekki ýkja mikil áhrif á daglegt líf eða sjáanleg áhrif á samfélagsgerðina. Því er það vandræðalaust að enn eimi eftir af Kristi og kærleika í jólahaldi - hreyturnar af hinni gömlu trú bergmála inni á heimilum en á götum úti sinnir fólk ríkistrúnni.

Löngu liðinn kristinn heimspekingur sagði vantrúuðum að krjúpa og biðja, þá myndi trúin koma af sjálfri sér. Að sama skapi máttu halda hvað sem þú vilt, svo fremi sem kortið þitt rennur í gegnum posann. Peningar eru nefnilega umburðarlyndir og miskunnsamir. Þeir dæma ekki. Í augum þeirra er enginn glataður og allir hólpnir. Aðeins mishólpnir.

Þessi pistill átti að vera um starfsmannaleigur - hugtak og fyrirbæri sem fellur eins og flís við rass hins nýja siðs, löngu eftir að þrælahald komst úr tísku. En það er einhvern veginn svo fátt um það, út af fyrir sig, að segja. Nema, eins og Mörður Árnason hefur réttilega bent á í vefpistli, að orðið ætti að beygjast „starfsmannaleigna“ í eignarfalli fleirtölu, ekki „starfsmannaleiga“. Maður þarf að fara hugarflugi ein tíu, tuttugu ár til baka til að þykja nokkuð annað athugavert við orðið starfsmannaleiga. Og hver man svo langt? Auðvitað eru til starfsmannaleigur. Enda eru allir leigðir starfsmenn, þannig séð. Og allir eru jólasteik. Aðeins misleigð jólasteik. Gleðileg jól.

(P.S. Við skulum hafa vakandi auga með því að orðið kirkja verði beygt rétt í framtíðinni: ekki kirkjuleiga, heldur kirknaleiga.)

Skata, Skata, Skata, Skata Verð frá:399.-
Ekta góður saltfiskur
Hnoðmör hamsatólg kartöflur
Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003
Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070
Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Pétur hringdi:**
Ég er einn af þeim sem sá til þess að Stóra orðabókin um íslenska málnotkun komst í fyrsta sæti á metsölulista Pennans á dögunum - með öðrum orðum, ég er einn þeirra sem keypt hafa eintak. Ég get ekki orða bundist og má til með að hrósa Jóni Hilmari Jónssyni og samstarfsfólki hans fyrir þetta þrekvirki, sem Stóra orðabókin sannarlega er. Hér er komið verk sem fer langt fram úr öllum sambærilegum ritum sem ég hef barið augum hingað til og ætti að vera til á hverju heimili.

**Sveinn Halldór skrifar:**
Það eru að koma jól og eðli málsins samkvæmt flykkist fólk í Kringluna til að versla inn, enda vill enginn fara í jólaköttinn. Í Kringlunni er margt góðra verslana en það er hins vegar þvílík handvömm hversu fá bílastæði eru við hana.
Ég er á áttræðisaldri og styðst við staf. Mér þykir nógu erfitt að þurfa að ganga frá Borgarleikhúsinu og inn í Kringlu en steininn tekur úr þegar mér er gert að þramma frá Húsi verslunarinnar! Vona ég að forráðamenn Kringlunnar geri bragarbót á þessu máli fyrir næstu jól.

**Helga skrifar:**
Er ungt fólk upp til hópa ómálga? „Ungu fólki“ hlakkar til jóla, það spáir í „því“ og „talvan“ á hug þeirra allan. Ekki svo að skilja að ég sé ein þeirra sem aðhyllist dauðhreinsun tungunnar; tökuorð geta til dæmis verið af hinu góða; en beygjum tunguna að minnsta kosti rétt. Íslenskan færði okkur sjálfstæði á sínum tíma og honum Kiljan nóbelsverðlaun, að því er kemur fram í nýlegum greinum. Gerum jafn vel við hana og hún hefur gert við okkur.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.26 | 15.30 |
| Akureyri | 11.38 | 13.11 | 14.44 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

HÁSKÓLAJÓL
Eru hagkvæm
bls. 5

bílar o.fl.
SAGA KERFI
Gott í bílinn
bls. 2

ferðir o.fl.
KANARÍ
Griðastaður um jólin
bls. 10



Góðan dag!

Í dag er miðvikudagurinn 21. desember, 355. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Sveinn við hjólið sitt sem hann ætlar að nota til jöklaferða í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Á vélhjóli í jöklaferðir

***Jöklaferðir hafa á undanförnum árum verið vinsælar meðal jeppa-, skíða- og göngufólks. Færri stunda slíkar ferðir á vélhjólum en þeir eru þó til. Sveinn Birgisson er einn af þeim.***

„Ég er búinn að vera að hjóla í 12 ár með hléum. Keypti skellinöðru þegar ég var 15 ára," segir Sveinn. „Það sem heillar mig við hjólin er hraðinn, góður félagsskapur, útiveran og snertingin við náttúruna."

Sveinn segist reyna að fara í tvö góð ferðalög hvert sumar á hjólinu en á veturna er stefnt á jöklana. En hvað er það sem heillar við jöklana og af hverju að fara þangað á mótorhjóli af öllum farartækjum? „Af sömu ástæðu og maður fer á vélsleða. Það er ómögulegt að láta græjurnar standa inni, það þarf að vera hægt að nota þetta yfir veturinn líka. Að komast á jökul er alltaf sérstakt, allt öðruvísi en að vera í Bláfjöllum til dæmis. Þeir toga alltaf í mann. Ef veðrið er gott er útsýnið og hreinleikinn svo mikilfenglegt að maður fær hálfgert víðáttubrjálæði. Maður veit líka að það komast ekki allir þangað. Þetta er ekki eins og að kaupa flugmiða til London," segir Sveinn með virðingarvotti í röddinni. Hann hefur líka reynslu af jeppa-, vélsleða- og gönguferðum á jökla svo það kemur kannski ekki á óvart að hann sæki þangað líka á vélhjóli.

Jöklaferðir á vélhjólum eru ekki ýkja frábrugðnar vélsleðaferðum. Aðalatriðið er að vera vel klæddur og varinn. Maður finnur mikið fyrir veðrinu og snörpum hreyfingum. Hraðinn er meiri en í jeppaferðum og oft gefast fleiri tækifæri til að stökkva og leika sér. „Fyrir utan hlýjan fatnað þurfa allar hlífar að vera til staðar. Nýrnabelti og brynja eru skilyrði. Maður þarf líka enduro- eða krossaraskó, hjálm auðvitað og svo er alltaf að færast í vöxt að vera með hálskraga sem öryggisbúnað. Hvað hjólið varðar er gott að vera á ísdekkjum. Þau eru með nöglum sem eru mitt á milli nagla í bíldekkjum og nagla í sleðabeltum. Svo er mjög gott að vera með ískross ádrepara. Þá er snúra frá ádreparanum bundin í úlnlið ökumannsins. Ef hann dettur af hjólinu drepst á mótornum og hjólið skaðar engan," segir Sveinn og bætir við að gullna reglan um jöklaferðir eigi líka við ef maður stundar þær á vélhjóli: „Það er bannað að slasa sig."

Spurður um hvort vélhjólatímabilið sé ekki búið þennan veturinn svarar Sveinn: „Nei, nei, það er rétt að byrja. Hjólið mitt er á númerum og verður það fram undir páska alla vega." ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### [BÍLAR, JÓL OG FERÐIR]

**Umferðin** er ekki beint staðurinn þar sem fólk vill eyða jólaundirbúningnum sínum. Umferðin er gífurlega mikil núna rétt fyrir jólin en það verður að passa upp á að hún fari ekki í taugarnar á manni. Það væri fátt leiðinlegra en að lenda í umferðaróhappi svona rétt fyrir jólin.



**Áramótaferð** Ferðafélags Íslands hefur verið endurvakin. Um er að ræða þriggja daga ferð þar sem lagt verður af stað frá Mörkinni 6 föstudaginn 30. desember kl. 10.00. Komið er til baka á nýju ári, 1. janúar 2006 um kl. 18.00. Farið verður á stórum breyttum fjallajeppum og boðið verður upp á ýmsa afþreyingu. Fararstjóri verður Páll Guðmundsson en fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

**Jólagjafapakkar** flugfélaganna verða brátt teknir af markaðnum eins og kannski gefur að skilja. Slíkir pakkar eru yfirleitt nokkuð ódýrari en ódýrustu fargjöldin sem flugfélögin eru að bjóða almennt upp á. Þess vegna má líka gefa sjálfum sér einn slíkan.

**Tískustraumar** nútímans hafa leitað mikið til fortíðinnar og endurvakið upp ýmis tískufyrirbrigði. Nú er útlit fyrir að þessi retró-tískubylgja sé að ná yfir til bílaframleiðanda því Chevrolet stefnir að því að gera bíla í 50's-stíl. Margir hljóta að fagna því enda slíkir bílar afar glæsilegir.

Íslensk list

gerir hús að heimili



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur



Mynd eftir Irene Jensen

LISTMUNASALA fold

Opið alla daga til jóla frá kl. 10–22

Opið á Þorláksmessu til kl. 23

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

**Á jólunum** er skemmtilegra að fjölskyldubíllinn sé hreinn að innan sem utan. Það getur verið leiðinlegt ef fólk þarf að fara eitthvað á bílnum í sparifötunum að bíllinn sé mjög skítugur.













allt jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga




Friðgeir með akstursrita sem er hluti af Saga-kerfinu. Með honum má fylgjast með bílnum og aksturshegðun bílstjórans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bætt aksturshegðun og minni rekstrarkostnaður

***Saga-kerfið vaktar bílinn stöðugt, hvort sem hann er í sendiferð eða hefur verið stolið.***

Hugsaðu þér ef þú gætir fylgst með ferðum heimilis- eða fyrirtækjabílanna á tölvuskjá. Hugsaðu þér að þú getir séð hvort unglingurinn á heimilinu keyrði of hratt í gærkvöldi eða hvort sendillinn þinn er að fara sniðugustu leiðina upp í Breiðholt eða ekki. Þetta er akkúrat það sem Saga-kerfið gerir þér kleift að gera.

Það er fyrirtækið New Development á Íslandi sem á heiðurinn að kerfinu. Fyrirtækið var stofnað í kjölfar hrinu af banaslysum árið 2000 með það fyrir augum að bæta umferðarmenningu og fækka slysum. Saga er alsjálfvirkt aksturseftirlitskerfi sem samanstendur af ökurita með GPS-staðsetningartæki og GSM/GPSR-símtæki sem sett er í bílinn annars vegar og alsjálfvirkri stjórnstöð hins vegar sem sækir gögn til ökuritanna, annað hvort með vissu millibili eða stöðugt. Notendaviðmótið er svo þannig að yfirmaður bílaflota, hvort sem það er einn heimilisbíll eða 100 sendibílar, fer á netið til að fá upplýsingar um staðsetningu, tíma, stopp og síðast en ekki síst aksturshegðun.



Mynd úr notendaviðmóti Saga-kerfisins.

Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins í dag eru fyrirtæki með stóran bílaflota en Friðgeir Jónsson framkvæmdastjóri segir kerfið ekki síður gagnast einstaklingum. „Það er til dæmis frábært fyrir foreldra að hafa þann möguleika að hafa þetta kerfi í bíl unglingsins á heimilinu. Tækið kennir fólki að keyra og þeir sem eru með svona tæki í bíl sínum í dag segjast vera farnir að breyta sinni aksturshegðun.“

Friðgeir segir tryggingafélögin hrifin af kerfinu því auk þess að lækka rekstrarkostnað á stórum bílaflotum verulega fækki það slysum. „Í júlí síðastliðnum fórum við til dæmis í verkefni með VÍS. Við settum ökurita í bíla hjá tuttugu ungum ökumönnum sem voru nýkomnir með bílpróf. Þeir kepptu svo í þrjá mánuði um það hver væri besti ökumaðurinn. Við rýndum í gögnin og útkoman var frábær. Við eigum eftir að halda þessu áfram,“ segir Friðgeir og bætir við að fyrirtækið sé þegar farið að hasla sér völl erlendis. „Við erum að fara í umfangsmikið verkefni af svipuðum toga með Norðmönnum. Hluti af viðskiptavinum okkar er í Skandinavíu og við erum með margt í undirbúningi um alla Evrópu.“

Eitt af því sem Saga-kerfið býður upp á er að fylgjast stöðugt með staðsetningu bíla. Sé bíl stolið getur eigandi hans því bent lögreglu á hvar bíllinn er niðurkominn og heimt hann aftur fljótt og örugglega. „Það er hægt að ganga þannig frá ökuritanum að hann er falinn í mælaborðinu. Sá sem stelur bílnum getur því ekki aftengt kerfið,“ segir Friðgeir.

Fyrirtæki í viðskiptum við New Development á Íslandi eru á fimmta tug. Sum þeirra hafa náð það miklum árangri með notkun Saga-kerfisins að þau segja minnkað dekkjaslit duga eitt og sér til að borga rekstrarkostnað kerfisins. Kostnaður vegna eldsneytis og tjóna lækki líka mikið en mest af öllu skipti þó bætt aksturshegðun og færri slys á fólki.

*einareli@frettabladid.is*

# Öryggi vélsleðamanna

***Út er kominn bæklingur sem ætlað er að fræða vélsleðamenn um vélsleðaslys og varnir gegn þeim.***

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Landssamband íslenskra vélsleðamanna hafa í sameiningu gefið út bæklinginn Öryggi og ábyrgð, upplýsingarit um akstur vélsleða. Í bæklingnum er farið yfir helstu þætti er varða notkun vélsleða, til dæmis lög og reglur, aðsteðjandi hættur, ástæður vélsleðaslysa, slysavarnir, hlífðar- og öryggisbúnað og almennar ferðareglur svo eitthvað sé nefnt.

Vélsleðaeign Íslendinga eykst með ári hverju og slysunum fjölgar samhliða því. Til að auka öryggi vélsleðamanna hefur meðal annars verið gert átak á meðal vélsleðamanna um að nota svokallaðar brynjur sem verja brjóstkassa og hrygg og geta dregið verulega úr áverkum ef slys eða óhapp verður. Hefur notkun þeirra aukist til muna það sem af er þessu ári.

Bæklinginn er hægt að nálgast á sölustöðum vélsleða og varahluta, hjá Landssambandi íslenskra vélsleðamanna og björgunarsveitum um allt land. ■



# Sendibílar til leigu

***Cargó er ný sendibílaleiga sem sérhæfir sig í útleigu sendibíla til einstaklinga og fyrirtækja.***

Cargo bílarnir eru af gerðinni VW Transport. Þeir eru búnir rúmgóðum flutningskassa, sem er 3,5 metri á lengd og 2 metrar á hæð og breidd, auk vörulyftu sem auðveldar meðferð allra þyngri hluta. Bílarnir eru einfaldir í notkun og þægilegir í öllum akstri, svo eru þeir undir þeim stærðarmörkum sem gera kröfu um meirapróf bílstjórans, Samt eru þeir nægilega stórir til að henta í flesta þá flutninga sem einstaklingar og minni fyrirtæki fást við og með því að aka sendibílnum sjálfur sparar leigutaki sér umtalsverðan kostnað. Hægt er hvort heldur sem er að leigja Cargo bíla í lengri tíma eða einungis hluta úr degi. Leigugjald frá kl 18 til næsta morguns er til dæmis sjö þúsund krónur en leiga í einn sólarhring kostar tólf þúsund krónur. Cargo sendibílaleigan er til húsa að Skemmuvegi 32 í Kópavogi og fást nánari upplýsingar í síma 566-5030 eða á www.cargobilar.is



Einar Ingi Einarsson er eigandi og framkvæmdastjóri Cargo sendibíla.


Alexander á verkstæðinu þar sem smíðuð hafa verið mörg veltibúr í bíla. Hann segir að slík búr ættu að vera algengari, það sanni dæmin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Veltibúr ættu að vera miklu algengari

***Einfalt og tiltölulega ódýrt er að setja veltibúr í jeppa. Mörg dæmi eru um að slík búr geti bjargað mannslífum. Þrátt fyrir það er sjaldgæft að einstaklingar láti smíða veltibúr í bíla sína.***

Einhver alvarlegustu slysin sem jeppar lenda í eru veltur. Fullbreyttur bíll með farþegum, farangri og aukaeldsneyti sem keyrir fram af hengju eða veltur í hlíðarhalla getur komið mjög þungt niður á toppinn. Láti hann undan er augljóst að farþegum bílsins er mikil hætta búin. Alvarleg meiðsl og banaslys hefðu í sumum tilfellum mátt fyrirbyggja með veltibúri.

Fyrirtækið Prófílstál smíðar veltibúr í allar gerðir bíla. Alexander Bridde framkvæmdastjóri segir ekki algengt að einstaklingar láti setja búr í jeppabifreiðar. Hann verður þó var við aukna umræðu í kjölfar slysa.

„Það var mikið algengara hér áður fyrr að við smíðuðum búr í ferðabíla. Þá voru jepparnir með blæjum og plasthúsi, kannski búið að opna á milli húsa á pallbílum og þess háttar. Í dag smíðum við aðallega í björgunarsveitarbíla og svo auðvitað rallíbíla,“ segir Alexander. „Við smíðum ekki mikið í einkabíla núna þó svo að slysin hafi sýnt það og sannað að veltibúr geti bjargað mannslífum.“

Alexander segir að veltibúr þurfi ekki að vera flókin smíði til að gera gagn. „Algengast er að menn séu tveir í bíl á fjöllum. Þá gæti dugað að vera með einfaldan boga yfir framsætin. Svo má bæta við skástífum sem hægt er að fjarlægja. Svoleiðis grind gerir hundrað sinnum meira gagn en engin.“

Þegar veltibúr er hannað þarf að taka tillit til þunga bílsins og í hvað á að nota hann. „Torfærugrindur eru til dæmis frekar léttar, eru aðallega notaðar í möl og taka ekki mjög harðar byltur. Jeppi á stórum dekkjum, fullur af mannskap á fleygiferð úti í sveit tekur öllu meiri skelli. Þá er aðalatriðið að veltibúrið dreifi þunga, haldi yfirbyggingunni saman og nýti hana til að vernda farþegana,“ segir Alexander.

Mörg dæmi eru um gagnsemi veltibúra og Alexander segir ófáa hafa þakkað þeim í gegnum tíðina fyrir að smíða búr í bíla sína. Það tekur um einn dag að smíða einfaldan boga í flestar gerðir bíla en kostnaðurinn við veltibúr getur verið frá 30 til 100 þúsund krónur eftir stærð þess og gerð bílsins. „Þegar haft er í huga hversu miklu þau geta bjargað er ljóst að þau ættu að vera miklu algengari,“ segir Alexander að lokum. ■

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar





Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

nokian DEKK PIRELLI

Jólagjöf NÚNA* frá Max1
Komdu strax!



Komdu við á Max1, Bíldshöfða eða Breiðhöfða í Reykjavík eða Tryggvabraut á Akureyri. Láttu okkur þjónusta bílinn þinn. **Við færum þér veglega og flotta jólagjöf: öflugan 12V rafmagnsfelgulykil að verðmæti 6 þúsund krónur ef þú kaupir þjónustu eða vörur hjá Max1 að andvirði 12.000 kr. í desember.*** Frábær í bílinn - eða bílskúrinn. Komdu strax og náðu í jólagjöfina þína! Ekki taka óþarfa áhættu. Stuðlaðu að öruggum akstri þínum og fjölskyldunnar í vetur.

*Þú færð flotta jólagjöf ef þú kaupir þjónustu eða vörur hjá Max1 að andvirði 12.000 kr. í desember**

* í desember á meðan birgðir endast.



**Hjólbarðaþjónusta**
Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði á flestar gerðir fólksbíla og jeppa frá m.a. Nokian og Pirelli.

**Smurþjónusta**
Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.

**Rafgeymaþjónusta**
Þarftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.

**Bremsuþjónusta**
Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bílum.

**Demparaþjónusta**
Eru demparanir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bíla.

**Önnur þjónusta**
Við skiptum líka um þurrkublöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

Rað- og léttgreiðslur

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:**
**Bíldshöfða 8**. Símar 515 7097 og 515 7098. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18
**Breiðhöfða 1**. Símar 515 7095 og 515 7096. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18. Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.
**AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN:** Tryggvabraut 5. Sími 462 2700. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is
MAX1 BÍLAVAKTIN

NOTUÐ TÆKI


**Hyundai 170**
árg.2004 Vst.2.440


**JCB JS330 Beltavél**
árg.1999 Vst.7.600


**MAN TG-A 26-510**
Með ADR búnaði og tvöfaldri vökvadælu
árg.2003


**JCB 3CX**
árg.1999 Vst.5.100


**JCB 8018**
árg. 1999 Vst.2.400

VÉLAVER HF
Símar 588 2600 og 893 1722
www.velaver.is



**Jólin** eru alveg að koma. Þeir sem eiga ennþá eftir að kaupa einhverjar jólagjafir ættu að fara að huga að því. Það er ekki gott að gera það alveg á síðustu stundu því þá er meiri hætta á því að einhver gleymist.








Axel og dóttirin Sigríður hlakka til að verja jólunum í Andorra ásamt hinum í fjölskyldunni.

# Fúsi skíðafantur fyrri vikuna og Axel Tomba þá seinni

***Meðal þeirra sem ekki halda hefðbundin jól í ár eru Axel Jónsson útgerðarmaður á Höfn og fjölskylda hans sem er á leið í fjórtán daga ferð til Andorra.***



Feðginin taka örugglega miklum framförum á skíðum um jólin.

„Við ætlum að renna okkur á skíðum um jólin,“ segir Axel kampakátur og hlakkar augljóslega til. Kveðst hafa fengið þessa flugu í höfuðið fyrir þremur vikum og farið að „veltast eitthvað“ á netinu. „Við slógum upp skíðaferðum í Google og þá kom Andorra upp. Kort yfir svæðið og allar upplýsingar svo við pöntuðum flug til London og þaðan til Barcelóna. Þaðan er þriggja tíma ferð upp til Andorra. Það hefði verið miklu styttri akstur ef við hefðum flogið til Parísar frá London og þaðan til Tolouse. En við vorum búin að panta áður en við föttuðum það. Látum bara aka okkur um Spán í rútu!“ segir Axel og hlær dillandi hlátri.

Axel og kona hans Fanney Þórhallsdóttir eiga þrjú stálpuð börn, Þórhall, Sigríði og Jón, sem öll fara með. En þar sem Hornafjörður er með snjóléttustu svæðum landsins er Axel inntur eftir skíðaiðkun fjölskyldunnar til þessa. „Ég steig á skíði í fyrsta skipti í fyrra, konan er viðvaningur líka enda úr Eyjum og krakkarnir hafa lítið kynnst þessari íþrótt. En við fórum í skíðaferð til Austurríkis í fyrravetur og það er albesta frí sem við höfum farið í. Það var svo gaman. Alltaf nóg að gera. Maður vaknaði klukkan átta, fór í morgunmat og var svo límdur á lyftuhurðina klukkan níu. Svo var komið heim klukkan fimm til sex og maður var sofnaður klukkan níu, alveg búinn. Þegar maður kann svona lítið þá fer svo ofboðsleg orka í þetta. Allt sem tiltækt er,“ segir Axel og bætir við skellihæjandi. „Ég var kallaður Fúsi skíðafantur fyrri vikuna og Axel Tomba þá seinni!“

Hann segir fjölskylduna ætla að leigja skíði þegar komið sé á áfangastað en hvað um jólamatinn. Verður hann með í farteskinu til Andorra? „Bara hangikjöt. Það er of mikil áhætta taka rjúpurnar með. Þær gætu verið hirtar af okkur og eru alltof dýrmætar til þess. Samt er ég ósáttur við að skilja þær eftir því mér finnst engin jól nema hafa rjúpur. Það verður bara að éta þær á þrettándanum!“

*gun@frettabladid.is*


Timberland Make it better.

100% vatnshelt á alla fjölskylduna
Frábær jólagjöf



Timberland Kringlunni • Sími 533-2290

GJAFAKORT Í JÓLAPAKKANN HENNAR

Gudrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Viltu veita þér og þínum forskot í námi eða starfi?

Minnum á hin vinsælu gjafabréf Hraðlestrarskólans

"Enginn ætti að láta þetta framhjá sér fara. Á skipulegan og skjótvirkan hátt er hægt að margfalda lestrarhraða án þess að það bitni á skilning. Samfara lestri er námstækni sem nýtir aukin afköst lesturs og tryggir að það sem lesið er gleymist ekki."

*Þorvaldur H., 24 ára lögfræðinemi.*

Gjafabréfið gildir á eitthvert þeirra námskeiða sem haldið verður 2006 og hverju gjafabréfi fylgir 3.000 kr. inneign inn á bók frá JPV-útgáfu.

JPV ÚTGÁFA

Hægt er að panta gjafabréfið í síma 586-9400 og á www.h.is
...næsta námskeið 5. janúar 2006

HRAÐLESTRARSKÓLINN

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »




# Skötuveisla á Hótel Borg á Þorlák

***Þorláksmessuskötuveisla verður haldin á Hótel Cabin í Borgartúni.***



Margir hafa þann sið að halda í kæsta veislu á Þorláksmessu með öllu tilheyrandi.

Hin árlega skötuveisla Hótels Cabin verður haldin í hádeginu þann 23. desember. Á boðstólum verður skata sem madreidd verður á ýmsa vegu, ásamt saltfiski, síld og ýmiss konar meðlæti. Verðið er í lægra lagi og því ættu kæstir karlar og kerlingar að panta sér borð hið snarasta til að missa ekki af skötulestinni.

# Hagsýn háskólajól

***Jólagleðin er fljót að hverfa er VISA-reikningurinn berst í janúar og selja þarf hús og bíl til að lenda ekki í fangelsi. Afgangurinn af árinu fer í að vinna upp skuldir og þegar búið er að rétta úr kútnum eru komin jól aftur.***

Háskólanemar kunna ýmislegt fyrir sér þegar kemur að jólasparnaði. Hér á eftir fara nokkur sparnaðarráð sem þeir hafa lært í áranna rás en fáir eru nýtnari og naskari að nýta það sem til fellur en þeir.

**Sparnaðarráð 1:**

Jólatré eru afskaplega dýr. Þú getur vissulega fengið ódýrt jólatré í nóvember en þá er það löngu dautt þegar dansa á í kringum það á aðfangadag. Börnin stinga sig á barrinu sem liggur eins og hráviði út um öll gólf og heimta grenjandi að þú kaupir nýtt jólatré hið snarasta. Það er lítill sparnaður í því. Það er því þjóðráð að leysa þetta mál með gömlum íslenskum sið. Göngum við í kringum einiberjarunn. Hver þekkir ekki þetta ástsæla og mjög svo langa jólalag? Hvernig væri að búa til einiberjatré þessi jólin? Vandamálið er að einiberjarunni er ekki algengur en hver þekkir einiberjalyng frá öðru lyngi? Þú getur alveg eins skroppið upp í Heiðmörk eða upp á næstu heiði og rifið upp eins mikið af bláberjalyngi og þig listir. Lyngið festir þú á kústskaft og herðartré og börnin geta dundað við að mála grænar baunir rauðar svo tréð verði virkilega þjóðlegt.

**Sparnaðarráð 2:**
Þú þarft ekki ný spariföt hver jól. Eina ástæðan fyrir skiptunum er að þú ert orðinn leiður á gömlu fötunum. Það er ekki eins og þau séu ónýt. Hvernig væri að finna félaga með svipaða líkamsbyggingu og þú og skiptu um föt við hann? Þannig færðu ókeypis ný föt og allir halda að þú vaðir í seðlum og kaupir stöðugt föt.

**Sparnáðarráð 3:**
Ekki senda jólakort á þeim forsendum að þú sért umhverfissinni og viljir vernda regnskóginn.

**Sparnaðarráð 4:**
Haltu jólin í janúar. Jólatré og jólaskraut eru nær gefins. Kaupmenn keppast um að henda jóladótinu inn í bílinn hjá þér svo þeir þurfi ekki að horfa upp á það morkna í geymslunni (sem þeir þurfa að leigja á morð fjár). Allt er á janúarútsölu svo jólagjafirnar færðu á slikk. Jól á „skid og ingenting," eins og frændur okkar Danir myndu orða það. Það er minna stress, fólk verður rosalega ánægt með síðbúnu jólagjöfina sína og það er miklu meiri líkur á hvítum jólum í janúar.



**Sparnaðarráð 5:**
Farðu í heimsókn til vinafólks á aðfangadagskvöld. Segðu svo að þú hafir ekki áttað þig á því hvaða dagur væri og hvaða vinur heldur þú að láti félaga sína borða frosna pitsu á aðfangadagskvöld? Auðvitað verður þér boðið í mat.

**Sparnaðarráð 6:**
Ekki kaupa flugelda. Horfðu heldur á alla hina brenna peningana sína. Þó að þú fáir ekki að kveikja sjálfur á flugeld þá er það hálf hallærislegt að fullorðið fólk verði að kveikja í hlutum.


KOLAPORTIÐ

JÓLAMARKAÐUR

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Leikfangabásinn við Kaffi Port


600.-

50% afsláttur af leikföngum


1.400.-


800.-


800.-


1.500.-


800.-

Barnafatabásinn við kókosbollurnar

lopapeysur

7.500.-

Pils með belti

2.990.-

gallabuxur

frá 1.990.- til 2.990.-

opið 12-18 og 12-23 þorláksmessu



Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040




Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík




Nýkomið mikið úrval af sófasettum

Bogart Vandað sófasett með Bycast leðri

3+1+1 Verð aðeins kr.
179.000.- Verð áður kr. 219.000.-

3+2+1 Verð aðeins kr.
209.000.- Verð áður kr. 249.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið til kl. 19:00


birta

www.kokkarnir.is

Osta- og gjafakörfur

hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum og gerðum




kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU HAGKAUPUM, KRINGLUNNI

Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is

ART-ADJS 12.2005





Verslun

Lágmarks álagning

Mikið úrval

Búsáhöld- jólavörur- klukkur ljós- leikföng- sjöl- skartgripir slæður- úr- verkfæri- veski ofl. ofl.

Flottur fatnaður á alla fjölskylduna á sama verði og erlendis!

Allt í jólapakkann fæst hjá okkur

B.MAGNÚSSON

Austurhrauni 3,Gbæ/ KAYS (nóg af bílastæðum)
www.bmagnusson.is bm@bmagnusson.is sími: 5552866
Opið virka daga 10-18 Þorláksmessa 10-19
Aðfangadag 10-12



OPIÐ TIL KL. 22

MIÐBORGIN

JÓLALEGA

Sölustaðir
Penninn
Mál og menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða

MIÐBORGAR GJAFAKORTIÐ

305 verslanir

Næg bílastæði



Létt 96,7

Jólastöðin þín!



allt tíska

Alla fimmtudaga




Með smá kartoni með gefa gömlum þreyttum jólaseríum algjörlega nýtt og ferskt útlit. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Einföld og afar falleg ljósaskreyting

***Gamla jólaseríu má gera sem nýja með einföldu kartoni. Slíkar ljósaseríur má einnig nota allt árið um kring en ekki bara um jólin.***

Flott jólaskraut þarf ekkert endilega að vera einhver kvöl og pína. Oft má útbúa fallegt jólaskraut á mjög ódýran og einfaldan hátt. Jólaserían sem um ræðir er einmitt þannig. Til þess að gera hana þarf í grunninn aðeins fjóra hluti; heftara, skæri, pappa og jólaseríu.

Þú byrjar á því að klippa pappann í jafnmarga ferninga og perur á seríunni eru. Síðan er hver ferningur vafinn í sívalning utan um peruna og síðan heftað eins nálægt seríunni og hægt er. Þetta ferli er síðan endurtekið fyrir hverja peru.

Einnig er hægt að klippa pappann í hringi, hafa pappír með myndum á og í raun er hægt að hafa hvernig pappa sem er. Það má í raun láta hugmyndaflugið ráða för og útfæra þessa hugmynd á hvaða veg sem er.

Slík skreyting þarf heldur ekki að flokkast sem jólaskreyting. Svona ljósaseríur má vel nota allt árið um kring og sóma sér vel í hvaða glugga sem er eða jafnvel í glerskál. ■



Ljósasería, skæri, heftari og pappi er það eina sem þarf í verkið.



Pappaferningnum er vafið upp í sívalning utan um peruna og svo er pappinn festur með heftara, helst eins nálægt seríunni og hægt er.



Svona lítur afrakstturinn út

# Pössum jólaljósin

NEYTENDASTOFA HEFUR VERIÐ IÐIN Í DESEMBER VIÐ AÐ BRÝNA FYRIR FÓLKI RÉTTA MEÐHÖNDLUN Á JÓLALJÓSUNUM.



Óvandaður, skemmdur og rangt notaður ljósabúnaður getur valdið bruna og slysum.
Eftirfarandi eru atriði sem gott er að hafa í huga varðandi meðhöndlun á ljósabúnaði.

- Látum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman.
- Hendum gömlum jólaljósum sem eru úr sér gengin.
- Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika.
- Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólaljósum.
- Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti.
- Vörum okkur á óvönduðum jólaljósum
- Inniljós má aldrei nota utandyra.
- Förum eftir leiðbeiningum um uppsetningu og notkun.
- Látum logandi kerti aldrei standa ofan á rafttæki.
- Góður siður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól.
- Þegar „deyr“ á einni peru eykst ljósstyrkur þeirra sem eftir loga og þar með hitinn á þeim líka og geta þá valdið bruna.
- Sýnum sérstaka varúð gagnvart jólastjörnum og öðru pappírsskrauti sem sett er utan um ljósaperur.

Nánari upplýsingar má finna á http://neytendastofa.is

## á jóladöfinni }

### 21. desember

Gluggagægir heimsækir Þjóðminjasafnið kl. 11.

Jólahrollur í hádeginu- Reynir Traustason les úr bók sinni Skuggaböörn í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12.15.

Reyklaust hádegi á aðventunni á Súfistanum í Hafnarfirði. Magga Stína og Drengjasveitin Strengir hefja leik kl. 12.15.



Söngkonan góðkunna Hera Björk og píanóleikarinn Óskar Einarsson verða með tónleika í Laugarneskirkju þann kl. 20.

Á dimmri nóttu - Aðventuvaka Önnu Sigríðar Helgadóttur söngkonu og Aðalheiðar Þorsteinsdóttur píanóleikara í Fríkirkjunni í Reykjavík á lengsta kvöldi ársins 21. desember. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

Kertaljósatónleikar Camerarctica í Kópavogskirkju kl. 21.

## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

## Gáttaþefur

*Ellefti var Gáttaþefur,*
*- aldrei fékk sá kvef,*
*og hafði þó svo hálegt*
*og heljarstórt nef.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Með heljarstóra nefinu sínu gat Gáttaþefur fundið ilminn af laufabrauðinu og kökubakstrinum alla leið upp á heiðar. Svo rann hann á lyktina og reyndi að hnupla laufabrauðinu eða einni smáköku. Gáttaþefi finnst ilmurinn af jólabakstrinum hreint unaðslegur. Hann kemur til byggða í kvöld og ráðlegt er að baka ekki fram eftir kvöldi þar sem lyktin gæti leitt Gáttaþef af braut og seinkað verki hans við að gefa í skóinn.

# Bílastæði fyrir alla

***Þeir sem ætla að stunda jólainnkaupin í miðbæ Reykjavíkur geta glaðst yfir því að í desember eru bílastæðahúsin opin klukkustund lengur en verslanir í miðbænum.***

Fyrir þá sem leggja í stæði er gott að vita að tímamiðar úr miðamælum gilda áfram þó að þeir færi bíla sína, svo lengi sem lagt er innan sama gjaldsvæðis. Þeir sem eru lengi að velja gjafir geta svo huggað sig við það að engin takmörk eru fyrir því hvað hægt er að borga fyrir langan tíma í senn í stöðumæla í miðborginni.



Af bílastæðum er nóg í miðbænum.































Öryggisverðir sjá um fyrirbyggjandi eftirlit í verslunum. VALLI

# Öryggisgæsla eykst til muna um hátíðarnar

***Jólaverslunin mun brátt nálgast sitt hámark. Fleiri og fleiri verslanir hafa á síðustu árum fengið öryggisverði til þess að gæta verslana sinna. Það er þó ekki þar með sagt að þjófnuðum fjölgi.***

Árni Guðmundsson, forstöðumaður gæslusviðs Securitas, segir að fyrirtækið þurfi að bæta við tugum starfsmanna yfir jólatímabilið, sérstaklega óski verslanir eftir öryggisvörðum á Þorláksmessu. „Á Þorláksmessu fáum við um 60-70 aukamenn. Þetta eru langmest verslanir og fyrirtæki sem eru að auka öryggisgæsluna. Eftirspurn eftir öryggisgæslu hefur aukist jafnt og þétt,“ segir Helgi og andmælir því að þjófnuðum fjölgi. „Starfsfólk hefur nóg með að sinna viðskiptavinum í afgreiðslu, þannig að verslanir ráða okkur til þess að sjá um fyrirbyggjandi eftirlit,“ segir Helgi.

Agnar Agnarsson, verkefnastjóri öryggisdeildar hjá Öryggismiðstöð Íslands, hefur nær sömu sögu að segja. Verslanir um allan bæ sækist í auknum mæli eftir öryggisvörðum. „Hægt og bítandi hefur þetta verið að aukast,“ segir Agnar og bætir við að það séu nær eingöngu verslanir sem nýti sér þessa þjónustu.

Agnar segir að hingað til hafi verðir á vegum fyritækisins ekki ent í neinum teljandi vandræðum. „Öll vandamál hafa leyst farsællega. Það eru mest þessir smáþjófnaðir sem koma upp. Við lendum ekki í neinum slagsmálum eða neinu slíku,“ segir Agnar að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*

# *Gott að borða jólamat í hádeginu*

***Nú er tími jólahlaðborðanna og margir freistast til að taka forskot á matarsæluna fyrir jólin. Nokkur af fremstu veitingahúsum bæjarins bjóða upp á góðan mat í hádeginu sem vert er að athuga nánar.***

Það er ekki ódýrt að fara út að borða á fínum veitingastað en það þarf ekki að vera dýrt. Á mörgum veitingahúsum er hægt að fá mat í hæsta gæðaflokki á góðu verði. Til að mynda býður Hótel Holt upp á ódýran jólamatseðil á veitingastað sínum, Listasafninu. Í hádeginu kostar seðillinn 3.100 kr. á mann. Þar kennir ýmissa grasa en hægt er að velja um þrjá rétti í forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Dæmi um máltíð gæti verið rjómalöguð saffran skelfisksúpa með hvítlauksflani og hörpuskel í forrétt, hreindýrasmásteik með beikonkartöflum, villisvepparagú, kastaníumauki og rauðvínsperusósu í aðalrétt, og mjólkursúkkulaði brulée með kanil-eplaís.



Hangikjöt ratar í munn flestra landsmanna um jólin en sjaldan lítur það svona glæsilega út FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Veitingastaðurinn Vox á Nordica hótel býður upp á glæsilegt jólahlaðborð í hádeginu. Hádegisseðillinn á Vox kostar 3.250 kr.

Bæði Humarhúsið og La Primavera bjóða upp á hádegismatseðla og á La Primavera er til dæmis hægt að fá hreindýrakjöt og kostar þriggja rétta máltíð, þar sem hægt er að velja um þrjá rétti, 2.190 kr. í hádeginu.

Sjávarkjallarinn fer aðeins aðra leið í jólaundirbúningnum. Þeir bjóða upp á svokallaðan Jóla-exotic matseðil, en þá er það í höndum kokksins að velja góðgæti á diskinn. Hádegismatseðill þeirra er einnig með jólaívafi og er hann ódýrari en sá sem boðið er upp á síðla dags.






Hreindýrakjöt þykir herramannsmatur og er víða að finna á jólamatseðlum veitingahúsa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 21. desember 2005 – 38. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa




**Ítalía**

Seðlabankastjóri Ítalíu hættir

4



**Samkeppnishæfur sjávarútvegur**

Meira frelsi betra en minna

10-11

**Einkaneyslan**

Neyslufyllerí í rénun



4

## Keppa um kaupendur

Júlíus Jón Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja (HS), ætlar að lækka raforku til viðskiptavina um áramótin. Hann segir að búið hafi verið að ákveða það þegar Orkuveita Reykjavíkur dreifði miða í hús í Hafnarfirði þar sem auglýst var lægri gjaldskrá hjá þeim en HS, en samkeppni í raforkusölu á að hefjast um áramót.

Júlíus segir reyndar að ekki sé allt tilbúið og fresta eigi samkeppni milli raforkuframleiðenda um allt að þrjá mánuði. Prufukeyra eigi nýja kerfið fyrst.

Aðspurður hvort hann ætli að svara í sömu mynt og auglýsa ódýra raforku í Reykjavík segir hann enga ákvörðun hafa verið tekna um það. Það sé ekki mikið upp úr slíku að hafa og ekki verði farið í mikla auglýsingaherferð. Allir sem vilja séu samt velkomnir í viðskipti við HS. - bg

## Stanford kaupir í Ghost

Kevin Stanford, einn stofnenda Karen Millen og einn eigenda Mosaic Fashion's hefur ásamt Arev, fyrirtæki í eigu Jóns Scheving Thorsteinsson, keypt hlut í bresku tískukeðjunni Ghost.

Ghost er keðja sem nýtur mikillar virðingar fyrir hágæða tískuhönnun. Times fjallaði um kaupin í gær og segir Stanford og Arev hafa keypt þrjátíu prósenta hlut á ríflega fimm hundruð milljónir króna.

Ghost er óskráð einkahlutafélag og samkvæmt heimildum Markaðarins horfa nýir hluthafar til þess að áherslа stofnendanna hafi verið á hönnun og tísku og ýmsir möguleikar liggi í að þróa viðskiptaþátt starfseminnar.

Kevin Stanford hefur tekið þátt í fjárfestingum með Baugi, en einnig náð góðum árangri í skammtímafjárfestingu á breskum smásölumarkaði. Þannig hagnaðist hann um á annað hundrað milljónir með kaup og sölu á hlutabréfum í Marks og Spencer. - hh

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Novator með tilboð** Félagið Novator sem er í eigu Björgólfs Thors hefur gert tilboð í þrettán prósenta hlut í fjarskiptafyrirtækinu Netia. Novator stefnir á að eignast 25 prósenta hlut í félaginu

**Dagsbrún íhugar kaup** Dagsbrún móðurfélag 365 miðla íhugar nú kaup á fjölmiðlafélaginu Orkla media sem gefur meðal annars út Berlingske Tidene, Aftenposten og BT.

**Fjórða stærst** Actavis er orðið fjórða stærsta fyrirtækið í sölu samheitalyfja. Actavis náði þessu marki þegar lyfjafyrirtækið Alpharma var keypt. Yfirlýst stefna fyrirtækisins er að vera á meðal fimm stærstu fyrirtækjanna sem selja samheitalyf.

**Sæplast flytur** Sæplast hefur flutt trollkúluframleiðslu sína til Danmerkur. Ástæða flutningsins er óhagstæð gengisþróun.



**OR stækkar** Orkuveitan tekur við rekstri fráveitna fjögurra sveitarfélaga um næstu áramót. Alfreð Þorsteinsson segir að holræsagjald muni lækka um tíu prósent í kjölfarið.

**KB kaupir** FIH Erhvervsbank dótturfélag KB banka hefur keypt 25 prósent hlut í félaginu Icopal. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu þakplatna.

**Afleiðusamningur í athugun** Yfirtökunefnd hefur óskað eftir gögnum vegna afleiðusamningsins sem gerður var vegna kaupa Landsbankans í Oddaflugi dótturfélagi FL Group

# Fleiri innherjamál send til Fjármálaeftirlitsins

## Mikil viðskipti og örar verðbreytingar félaga í Kauphöll Íslands hafa sett viðvörunarbjöllur oft af stað.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

"Á undanförnum mánuðum hefur fleiri málum verið vísað til Fjármálaeftirlitsins en við höfum viljað sjá," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. Tengjast flest málanna viðskiptum innherja með bréf í skráðum félögum. Undanfarna þrjá mánuði hefur starfsfólk Kauphallarinnar bent Fjármálaeftirlitinu á sex tilvik sem eru nú til frekari skoðunar hjá eftirlitinu. Aðilar málsins eru ekki alltaf látnir vita til að spilla ekki fyrir rannsóknarhagsmunum. Niðurstöðu er að vænta snemma á næsta ári, segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

"Málin tengjast flest innhverjaviðskiptum. Þá er það venjulega í kjölfar einhverra óvenjulegra verðhreyfinga sem hafa orðið með hluti í félögum, til dæmis fyrir birtingu uppgjöra eða tilkynninga um mikilvæga samninga. Þess vegna hafa vaknað spurningar hvort gætt hafi verið að meðferð upplýsinga í aðdraganda þessara tilkynninga. Það er gríðarlega mikilvægt að tryggja með réttum hætti að upplýsingar séu í þröngum hópi," segir Þórður. Tilvikum sem þessum hafi fjölgað núna í ár.

"Þetta tengist því að hluta að það hefur verið mikið að gerast á markaðnum ¿ miklar verðbreytingar. Engu að síður leggjum við mjög mikla áherslu á að menn vandi til verka svo ekki sé hætta á að viðskiptahættir séu með þeim hætti að þeir grafi undan markaðnum," segir forstjóri Kauphallarinnar.

Rannsókn á innherjaviðskiptum er á verksviði Fjármálaeftirlitsins. Kauphöllin sendir til eftirlitsins mál sem vekja upp spurningar og byggjast á gögnum úr viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Fjármálaeftirlitið rannsakar málin frekar og beitir stjórnvaldssektum ef ástæða þykir til.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir að samkvæmt nýrri gagnsæisstefnu eftirlitsins séu upplýsingar um ástæður stjórnvaldssekta birtar á heimasíðu. Fari svo verði niðurstöður í málum, sem komu til meðferðar eftir aðalfund í nóvember, birtar eftir áramót. Kærufrestur þurfi að líða, sem er þrír mánuðir.

"Ef menn hafa ekki verið að vanda sig nógu mikið í tengslum við viðskipti er mikilvægt að það komi upp á yfirborðið núna. Það þarf að gefa aðilum á markaðnum skýr skilaboð um að innherjaviðskipti eru ekki í nægilega föstum skorðum," segir Þórður.

"Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á ákvæðum um rannsóknar- og tilkynningarskyldu innherja og skil á innherjalistum," sagði forstjóri Fjármálaeftirlitsins á aðalfundi í síðasta mánuði. Tólf mál hafi endað með stjórnvaldssektum í fyrra. Þau voru hins vegar ekki gerð opinber þar sem Fjármálaeftirlitið hafði ekki tekið upp gagnsæisstefnuna, sem nú er unnið eftir. Á hún að veita markaðsaðilum aukið aðhald.

# Magnús festir kaup á Toyota

## Selja yfir fjögur þúsund bíla á ári. 35 ára starfi Páls Samúelssonar lokið.

Magnús Kristinsson, fjárfestir frá Vestmannaeyjum, hefur keypt stærsta bílaumboð á Íslandi, P. Samúelsson sem er umboðsaðili Toyota og Lexus. Það er Smáey, fjárfestingarfélag í eigu Magnúsar og fjölskyldu, sem stendur að kaupunum.

Magnús tekur við félaginu fullur eftirvæntingar: "Ég væri ekki að þessu nema ég væri bjartsýnn framtíðina og sæi tækifæri til að hagnast á þessum kaupum." Toyota hefur verið söluhæsta bílategundin á Íslandi síðan 1988 og hvergi er markaðshlutdeild Toyota meiri. "Ætli maður verði ekki bara að Toyota-væða alla þjóðina," segir hann aðspurður um hvort hægt sé að auka markaðshlutdeildina frekar.



**MAGNÚS KRISTINSSON KAUPIR TOYOTA** Útgerðarmaður og stór hluthafi í Straumi sem kemur nú einnig að bílasölu.

Á síðasta ári seldi umboðið um 3.500 Toyota-bifreiðar en fjöldi seldra bifreiða verður vel yfir fjögur þúsund á þessu ári.

Seljendur eru Páll Samúelsson og fjölskylda sem hafa starfað við fyrirtækið í 35 ár. Starfsmenn félagsins eru um 150 talsins. Kaupverð fæst ekki uppgefið en samkvæmt heimildum voru eignir félagsins metnar á yfir tvo milljarða króna.- eþa


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember–1. desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

## OM tryggir sig í Skandia

Old Mutual hefur tryggt sér 62,5 prósent hlutafjár í Skandia. Þetta er heldur undir takmarki stjórnenda Old Mutual sem settu stefnuna á 70 prósent en þó eru ekki öll kurl komin til grafar þar sem eitthvað af samþykktum tilboðum á eftir að skila sér. "Mér til mikillar gleði sér meirihluti hluthafa þann spennandi valkost að sameina félögin tvöMutual-fjölskylduna," segir Jim Sutcliffe, forstjóri OM, í tilkynningu til Kauphallarinnar í London. - eþa

## Hægir á vexti einkaneyslu

### Áfengissala eykst meira en sala á dagvöru.

Veltuaukning í dagvöru- og áfengisverslun á tólf mánaða tímabili var minni í nóvember en undanfarna mánuði samkvæmt mælingum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Setrið telur að það sé vísbending um að nokkuð sé að hægja á vexti einkaneyslu.

Velta í dagvöruverslun var tíu prósentum meiri í nóvember en á sama tíma í fyrra á föstu verðlagi en 7,8 prósentum meiri á hlaupandi verðlagi. Velta áfengis jókst um 12,4 prósent á milli ára á föstu verðlagi en um tólf prósent á hlaupandi verðlagi.

Rannsóknasetrið býst við að velta allrar smásölu aukist um tæp ellefu prósent í jólamánuðinum samanborið við desember 2004.- eþa



**MEIRA VÍN** Velta í sölu áfengis jókst um ríflega tólf prósent á milli ára.

## Meðalhúsið fór á 45 milljónir

Sex milljarða velta var á fasteignamarkaði vikuna 9.-15. desember og nam meðaltal hvers kaupsamnings um 45,4 milljónum króna. Það mun vera metupphæð. Síðustu tólf vikurnar hefur meðaltalið hins vegar verið 27,8 milljónir króna.

Töluverðar sveiflur eru á milli vikna bæði í veltu og meðalupphæð kaupsamnings og er erfitt að fullyrða þróun markaðarins út frá einum vikutölum. Þó má ætla að stórar og dýrar fasteignir hafi selst vel í vikunni sem var. - eþa



**MEIRA VÍN** Velta í sölu áfengis jókst um ríflega tólf prósent á milli ára.

## Álögur á launafólk lækka

### Seltjarnarnesbær eina sveitarfélagið sem lækkar skatta. Lágmarksútsvar er fátítt.

Skattur sem landsmenn greiða af tekjum lækkar um eitt prósent um næstu áramót. Mun fólk þá greiða 23,7 prósent af tekjum sínum í ríkissjóð. Ofan á það leggst skattur sveitarfélaga, svokallað útsvar. Af 101 sveitarfélagi taka 74 sveitarfélög hámarksútsvar af launum fólks eða 13,03 prósent. Séu þessir skattar lagðir saman greiðir þorri landsmanna 36,73 í skatt af launum sínum á næsta ári.

Seltjarnarnesbær er eina sveitarfélagið sem hefur ákveðið að lækka útsvarið hjá sér á næsta ári og verður það 12,35 prósent. Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri, segist varla muna eftir því að sveitarfélög lækki álögur á íbúa. Góð fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar geri þetta mögulegt nú.

Aðeins þrjú sveitarfélög innheimta lágmarksútsvar, sem ákveðið er með lögum frá Alþingi, af launum íbúa sinna eða 11,24 prósent. Miðað við hæsta leyfilega útsvar fær launamaður að halda eftir tæpum 90 þúsund krónum meira í þeim sveitarfélögum miðað við fimm milljónir króna árstekjur. Þessi sveitarfélög eru Hvalfjarðarstrandah reppur, Skorradalshreppur og Helgafellssveit. - bg



**BÆJARSTJÓRINN Á SELTJARNARNESI** Jónmundi Guðmarssyni finnst jákvætt að íbúar haldi meiru eftir að tekjum sínum.



**BANKASTJÓRN OG AÐALHAGFRÆÐINGUR** Skoðun Seðlabankans til bindiskyldu lánastofnana hefur ekki breyst eftir að Davíð Oddsson tók við sem formaður bankastjórnar.

## Vill ekki hækka bindiskyldu

### Seðlabankastjórar vara við tillögu sem er sögð endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

„Þeirri skoðun hefur verið varpað fram að hækkun bindiskyldu kynni að vera heppilegri aðgerð en hækkun vaxta til að draga úr framboði lánsfjár. Seðlabankinn er ósammála þessu,“ segir í svari bankastjóra Seðlabankans til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sem vildi vita afstöðu bankans til þingsályktunartillögu um að aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, eins og tillagan er kölluð.

Í umsögn bankans segir að fjármálastofnanir geti vikið sér undan áhrifum aukinnar bindiskyldu, aukin bindiskylda komi misjafnlega niður á einstökum lánastofnunum og erfitt er að sjá fyrir áhrif breytinganna og afleiðingar.

„Bankinn er sem fyrr þeirrar skoðunar að framlag hans til efnahagslegs stöðugleika felist í að stuðla að stöðugu verðlagi eins og lög kveða á um að hann skuli gera. Til þess hefur hann í meginatriðum aðeins eitt stjórntæki, stýrivexti sína, og því mun hann beita í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt,“ segir í umsögn Seðlabankans sem Davíð Oddsson og Jón Sigurðsson skrifa undir.

# Magnús Þorsteinsson langstærstur í Avion

### Hagnaður félagsins nærri tvöfaldast milli ára. Huldufélag verður næststærsti hluthafinn í félaginu.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Á morgun hefst hlutafjárútboð flutningasamstæðunnar Avion Group þar sem í boði eru ný hlutabréf að markaðsvirði sex milljarðar.

Samkvæmt útboðslýsingu er Magnús Þorsteinsson langstærsti hluthafinn í Avion Group með um 40 prósenta eignarhlut. Hlutur hans minnkar niður í 37 prósent í útboðinu. Næststærsti hluthafinn er sem stendur Straumur-Burðarás en hlutur hans mun minnka talsvert þegar félagið hefur greitt út hlutabréf í Avion Group sem arð til 22 þúsund hluthafa sinna.

Þetta þýðir að Pilot Investors verður annar stærsti hluthafinn en félagið er í eigu Lakehouse Management AG í Sviss sem er í eigu fjárfesta sem hvorki tengjast öðrum eigendum í Avion né stjórnendum.

Aðrir stórir hluthafar í Avion eru meðal annars fyrrverandi eigendur Excel Airways, Arngrímur Jóhannsson, stofnandi Atlanta, stjórnendur í Eimskip o.fl.

Hagnaður Avion Group á fyrstu tíu mánuðum ársins nam 37,7 milljónum dala eða tæpum 2,4 milljörðum króna sem er 87 prósenta meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Tekjur samstæðunnar voru um 76,4 milljarðar króna sem er um 275 prósenta aukning á milli ára en heildargjöld um 73,4 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam því þremur milljörðum króna.

Heildareignir Avion Group eru eitt hundrað milljarðar en eigið fé um 28 milljarðar króna.

Útboðinu er beint til fagfjárfesta í tengslum við skráningu félagsins á Aðallista Kauphallarinnar í janúar. Fjárfestar skila fyrst inn viljayfirlýsingu þar sem fram kemur fjöldi umbeðinna hluta og gengi sem þarf að vera á bilinu 34,3-38,3 krónur á hlut. Þegar Landsbankinn hefur úthlutað hlutunum skila fjárfestar inn bindandi tilboð í samræmi við úthlutun.

Avion Group hefur gefið öllum starfsmönnum sínum, sem eru 4.500 að tölu, hlutabréf að markaðsvirði 50 þúsund krónur og vinnur að kaupréttaráætlun fyrir lykilstarfsmenn.

**TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR AVION GROUP AÐ LOKNU ÚTBOÐI ***

| | |
|---|---|
| Frontline Holding | 37,30% ** |
| Pilot Investors | 11,30% |
| Straumur-Burðarás | 6,50% |
| Basalt Investments | 3,70% |
| Philip Wyatt | 3,70% |
| Craqueville | 3,20% |
| Topos Holding | 3,10% *** |
| Arngrímur Jóhannsson | 3,00% |
| Fidecs Trust Company | 2,30% |
| Blue Sky Transport | 2,00% |

** 22 þúsund hluthafar í Straumi skipta með sér 8,3 prósent hlutafjár í hlutfalli við hlutafjáreign sína.*
** Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group*
*** Í eigu Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskipa, og Steingríms Péturssonar.*



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Aðaleigandi Avion GroupFélagið hagnaðist um 2,4 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins. Á morgun hefst hlutafjárútboð í tengslum við skráningu í Kauphöllina.

## Mikil viðskipti með stofnfé í SPV

### Áhugi að koma á fót markaði með stofnfjárbréf sparistjóðsins.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV, segir að stjórnin hafi samþykkt eigendaskipti að fjórum prósentum stofnfjár í sparisjóðnum. Kaupandi bréfanna er MP-Fjárfestingarbanki sem hefur lýst því yfir að fyrirtækið hafi hug á að eignast allt að tíu prósent stofnfjár í SPV. Ætla má að markaðsvirði að fjórum prósentum stofnfjár nemi um 120 milljónum króna.

Jón segir að MP-verðbréf hafi leitað til sín með það í huga hvernig væri best að standa að kaupunum.

„Ég er ánægður með að þetta sé allt uppi á borðinu. Það er vitað hver er að kaupa og mjög jákvætt að það sé hægt að versla með hluti því marga stofnfjáreigendur hefur langað til að selja.“

Að sögn Jóns er áhugi innan stjórnar sparisjóðsins að koma á fót stofnfjármarkaði í líkingu við þann sem hefur verið starfræktur af hálfu SPRON í meira en ár. Fyrst verði þó líklega að breyta samþykktum SPV þannig að stofnfjáreigendum verði heimilt að fara með atkvæðisrétt að fleiri en sex bréfum en tillaga þess efnis var felld á síðasta aðalfundi SPV.

Sigurður Valtýsson, framkvæmdastjóri hjá MP-Fjárfestingarbanka, segir að stofnfjáreigendur hafi sýnt frumkvæði bankans mikinn áhuga og leitað mikið til hans.

Þótt fjárfestingarbankinn eigi um fimm prósent stofnfjár þá fer hann aðeins með atkvæðisrétt af sex bréfum. Útgefin stofnfjárbréf í SPV eru 3.205. - eþa

„Samband okkar er 13.301.556 króna virði.*“
Mótframlagið þitt
Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Lífeyrissparnaður Landsbankans
*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.
GOTT FÓLK McCANN

# Jólagjöf til þín frá EJS

## Kauptu Dell Dimension fyrir jól og þú gætir fengið hana í jólagjöf!




Nú er rétti tíminn til að hressa upp á heimilistölvuna því ef þú kaupir Dell Dimension fyrir jól gætirðu fengið hana ókeypis. Við drögum í jólaleiknum okkar 17. og 24. desember og þá fá tveir heppnir viðskiptavinir tölvuna sína endurgreidda!

En jafnvel þó þú þurfir að borga færðu frábæra tölvu á hagstæðu verði, nýjustu örgjörva og íhluti og einstaklega vandaðan frágang. Veldu merki sem þú getur treyst og vertu með í jólaleik EJS!



### Dell Dimension 1100

| |
|---|
| Intel Celeron D 325 2.53GHz/533Mhz FSB 256k |
| 256MB 400MHz DDR vinnsluminni |
| 80GB (7,200 rpm) IDE harður diskur |
| 48x DVD/CD+RW Combo geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| Intel Extreme 2 skjástýring |
| AC97, ADI 1980 hljóðkort |
| Íslenskt lyklaborð & Logitech ljósamús |
| XP Home, Microsoft Works og Dell Media Experience |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **79.900,-** m/vsk



### Dell Dimension 5150

| |
|---|
| Intel Pentium 4 630 3.00GHz/2MB, 800MHz FSB & HT |
| 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni |
| 9-1 minniskortalesari (les öll algengustu minniskort) |
| 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur |
| 16x DVD+RW Dual Layer geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| 128MB ATI Radeon X300 SE skjákort |
| Microsoft XP Home SP2 |
| Microsoft Works 7.0 |
| Dell Media Experience 3.0 Deluxe |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **119.900,-** m/vsk

Dregið 17. og 24. desember. **Gleðileg jól!**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27 / ÍSAFIRÐI 456-5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

Fiton/SÍA FI015658

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

Opið 9–18 alla virka daga og 10–16 á laugardögum í verslun EJS, Grensásvegi 10

# Honda í sólarrafhlöður

## Hyggst reisa verksmiðju til að framleiða sólarsellur




**Þriðji stærsti bílaframleiðandi Japans, Honda, hyggst fara í fjöldaframleiðslu á sólarrafhlöðum til að mæta aukinni eftirspurn eftir umhverfisvænni orku. Honda áætlar að salan muni nema 40-70 milljón dollurum þegar verksmiðjan hefur náð fullum afköstum.**

**Honda mun notast við nýja tækni sem veldur því að rafhlöðurnar muni vinna helmingi hraðar úr sólarorku en áður hefur þekkst. Hlutabréf í Honda hækkuðu um 1,7 prósent í kjölfar tilkynningarinnar**

# Verðbólga á evrusvæði minnkar

Neysluverðsvísitala á evrusvæði lækkaði um 0,3 prósent í október. Verðbólga á ársgrundvelli mælist nú 2,3 prósent en var 2,5 prósent. Seðlabanki Evrópu hækkaði fyrr í þessum mánuði stýrivexti sína til að slá á þenslu. Vaxtahækkunin hefur hinsvegar mætt mikilli gagnrýni því vaxtahækkun gæti hægt á hagvexti.

Sérfræðingar telja að verðbólga innan evrusvæðisins eigi eftir að lækka enn frekar og verða um 2 prósent á árinu 2005.

# Putin leitar að nýjum forstjóra fyrir Rosneft

Vladimir Putin Rússlandsforseti hefur boðið fyrrum viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, Donald Evans, stöðu forstjóra hjá ríkisrekna olíufyrirtækinu Rosneft.

Rosneft er að miklum hluta myndað úr Yukos olíurisanum, en eignir Yukos voru gerðar upptækar vegna meintra skattalagabrota eigenda.

Með því að fá til sín stjórnendur erlendis frá vonast Pútín til að gagnrýni vegna stefnu ríkisins um að þjóðnýta olíuauðinn að hluta muni lægja.



VLADIMIR PUTIN

# Seðlabankastjóri Ítalíu segir af sér



Ítalski seðlabankastjórinn Antonio Fazio hefur sagt af sér í kjölfar ásakana um spillingu.

Ásakanir hendur Fazio fengu byr undir báða vængi um helgina þegar ítalska saksóknaraembættið handtók einn af nánustu vinum Seðlabankastjórans bankamanninn Gianpiero Fiorani. "Fiorani hefur verið ákærður fyrir að stjórna glæpaneti sjálfum sér til hagsbóta" segir í yfirlýsingu saksóknara.

Fazio hefur gegnt embættinu síðan 1993, hafði getið sér góðs orðs fyrir sjálfstæði frá afskiptum stjórnmálamanna og sterka peningastefnu. Antonio Fazio tókst að viðhalda trúverðugri ímynd seðlabankans þrátt fyrir óstöðugt stjórnmálaástand þar sem hver ríkistjórnin féll á fætur annarri.

Fyrr í sumar láku í fjölmiðla handrit af símtölum á milli seðlabankastjórans og Fiorani sem er bankastjóri Banca Populare. Í símtölunum kemur fram þegar Fazio tilkynnir vini sínum að hann hafi gefið grænt ljós á yfirtöku Banca Populare á öðru ítölsku fjármálafyrirtæki, Antonveneta á kostnað hollenska fyrirtækisins ABN Amro sem var í samkeppni um kaup á Antonveta.




# Útvarpsruddi ákærður

## Howard SternStern ákærður fyrir innherjasvik

Útvarpsmaðurinn umdeildi Howard Stern og Gary Herwitz voru fundnir sekir um innherjasvik en þettar kemur fram í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu Bandaríska.

Howard Stern og fyrrum yfirmaður Sirus Satellite radio Inc. Gary Herwitz var gefið að sök að hafa átt í viðskiptum með bréf í Sirius Satellite rétt áður en tilkynning barst fjölmiðlum að Stern hefði ráðið sig hjá fyrrnefndu fyrirtæki.

Bæði Stern og Herwitz sömdu við Fjármálaeftirlitið um að afsala sér hagnaði af verknaðinum og greiða sektir án þess þó að viðurkenna sekt sína.

# Ríkissprúttsalar dæmdir

Átján starfsmenn áfengisverslunar sænska ríkisins voru dæmdir í Svíþjóð fyrir að þiggja mútur.




Saksóknari í málinu fór fram á tveggja ára fangelsi þeim til handa, en dómstóllinn dæmdi þá til að greiða ríkinu það sem þeir þáðu ólöglega, auk sekta.

Starfmennirnir þáðu greiðslur fyrir að tryggja innkaup vöru og góða staðsetningu í verslunum sænsku áfengisverslunarinnar.

Fleiri mál bíða dómsniðurstöðu, en alls hafa 92 einstaklingar verið ákærðir fyrir að þiggja mútur. Alls nema mútugreiðslurnar 1,2 milljónum sænskra króna eða um tíu milljónum íslenskra króna. Sá verslunarstjóri sem hæstu múturnar þáði fékk í sinn hlut rúma eina milljón íslenskra króna.

# Amerískir fjárfestar úti að aka

## Könnun leiðir í ljós að þekkingu fjárfesta á lögmálum markaðarins er ábótavant, jafnvel þeirra sem telja sig virka.

**Ágúst Agnarsson**
skrifar

Í rannsókn sem gerð var af hagsmunasamtökum fjárfesta kemur í ljós að þekking hins almenna fjárfestis á gangverki fjármálamarkaða er takmörkuð.

Það jákvæða er að níutíu prósent fjárfesta lesa ársreikninga fyrirtækja sem þeir eiga hlut í. Flestir eru hins vegar illa að sér í fjármálum segir í rannsókninni sem birt var í LA Times á dögunum.

Einstaklingar í tvö þúsund manna úrtaki voru spurðir hvort þeir lýstu sér sem virkum þátttakendum á fjármálamarkaði eða ekki. 635 lýstu sér sem virkum þátttakendum, það er að þeir völdu hluta og skuldabréf sín sjálfir. Þessir einstaklingar voru í framhaldi látnir taka próf sem innihélt tólf spurningar um fjármálamarkaði. Til að standast prófið þurfti að svara 75 prósent spurninganna rétt. Niðurstaðan var sláandi, af 635 þátttakendum féllu 83 prósent.

Í prófinu gat aðeins helmingur svarað spurningum eins og hver áhrif vaxtahækkunar eru á hlutabréf og skuldabréf.

Vanþekking á fjármálum var ekki eina vandamálið, flestir gerðu engar ráðstafanir til að verja eignir sínar gegn áföllum. Flestir vissu ekki einu sinni af aðgerðum eins og að „taka stöðu í bréfum“ og öðrum aðgerðum sem beitt er til að verja hlutabréfaeign. Flestir sem tóku þátt í rannsókninni höfðu litla sem enga þekkingu á undirstöðuatriðum fjármála.




**NASDAQ** Hinn almenni fjárfestir hefur lítið vit á gangverki fjármálamarkaða.

# Haldið ykkur fast

Í skýrslu frá samgönguráðuneyti Bandaríkjanna kemur fram að ófaglært starfsfólk sér um sífellt stærri hlut í viðgerðum og viðhaldi flugvéla.

Í skýrslunni kemur fram að stærstu flugfélög Bandaríkjanna ráði til sín verktaka sem hafi ekki verið samþykktir hjá flugvélaeftirlitinu bandaríska til vinnu á verkefnum eins og að skipta um flugvélahreyfla, skipta um dekk og yfirfara hurðir flugvéla. Ástæðan er slæmt árferði í flugvélarekstri.

Skýrslan var unnin í kjölfar flugslyss sem rekja mátti til að viðgerðum og viðhaldi vélarinnar var ábótavant. James Oberstar samgönguráðherra sagði atriði í skýrslunni „kveikja á aðvörunarskiltum um hvað væri að gerast hjá flugfélögunum þegar fjárhagsumhverfið er eins slæmt og það hefur verið undanfarin ár“. Hjá ónefndu flugfélagi var 71 prósent viðhaldsvinnu unnin af verktökum sem höfðu ekki til þess tilskilinn leyfi. Fyrrverandi yfirmaður bandaríska flugvélaeftirlitsins segir það með ólíkindum að þetta hafi farið fram hjá kollegum sínum.

Í skýrslunni kemur fram að lélegra viðhald má að miklu leyti rekja til þess að flugfélög eru að minnka rekstrarkostnað og bent er á að athuga þurfi þessi mál án tafar.




**BANDARÍSKT FLUGFÉLAG** US Airways var eitt af þeim félögum sem rannsakað var í skýrslunni.

# Ö Ð R U V Í S I   H L J Ó M T Æ K I



PODSPEAKERS
Flottustu hátalarnir
í bænum...




audio pro
Mini stereó system með
Ace/Base
Hönnuður:
Steinar Árnason, Íslandi
verð kr. 79.900.-



GRADO
heyrnatæki í heimsklassa
verð frá kr. 8.900.-

## Þ Ú   F Æ R Ð   J Ó L A G J Ö F I N A   **H E N N A R**   H J Á   O K K K U R !



Plötuspilarar verð frá kr. 25.600.-



MARTIN LOGAN
Upplifðu tónlist og
hönnun samtímis



Heimabíómagnarar - Mikið úrval



Stereómagnarar - Mikið úrval




iDeck fyrir allar gerðir iPod
Þú smellir iPodinum framan á tækið
og þú ert komin með iPod tónleikahöll.



Tivoli Model two
Langflottasta gjöfin...



VIÐ KYNNUM
**USHER**
hátalara - Hápróuð tækni og hönnun

Opið miðvikud.,fimmtud. og föstud. frá 10:00 - 22:00

**www.hljómsyn.com**

**HLJÓMSÝN**
HLJÓMTÆKI • HEIMABÍÓ • BÍLTÆKI
Ármúla 38 - Sími 588-5010

projection design  Pro-Ject  GRADO  Paradigm  Vincent  marantz  lexicon  Martin Logan  audio pro  PODSPEAKERS

# Nýjustu myndirnar sóttar

Nú spretta upp fyrirtæki sem hyggjast bjóða einstaklingum að hala niður myndum á sama tíma og þær eru sýndar í kvikmyndahúsum. Óskarverðlaunahafinn Morgan Freeman ásamt örgjörfaframleiðandanum Intel hefur stofnað eitt slíkt fyrirækið Click star sem mun bjóða upp á þessa þjónustu. „Ný tækni hefur gert dreifingarröðina að sýna fyrst í kvikmyndahúsum og svo að setja myndirnar á DVD er úrelta“ Sagði Freeman aðspurður um fyrirtækið.

Talið er að stofnun þessara fyrirtækja eigi eftir að verða til mikilla bóta fyrir óháða kvikmyndagerðarmenn sem hafa ekki úr miklu að moða til að koma sér á framfæri.



**MORGAN FREEMAN** í Million Dollar Baby

# Silfur til sótthreinsunar

Silfur, eitt fyrsta efnið sem var notað gegn bakteríum, hefur öðlast sess á ný sem gott sótthreinsiefni en því má þakka getu vísindamanna til að endurraða frumeindunum.

Eiginleiki silfurs til að vinna á sýkingum hefur verið þekktur allt frá Grikklandi til forna þar sem til eru ritaðar heimildir um notkun þess.

Nýjustu rannsóknir hafa gefið mönnum von um að silfur geti í mörgum tilvikum komið í stað fúkkalyfja í baráttu við erfiðar sýkingar.



**EÐALMÁLMUR** Til margra nota.

## JÓLAGJAFIR FRAMTÍÐAR

Tæknifyrirtæki keppast við að dæla út nýjum vörum sem gætu orðið ágætis jólagjafir í framtíðinni.

**GÖNGUFERÐAR GPS**
Ég ætla í göngutúr segir langafi en endar í bílskúr nágrannans. Nýja GPS tækið mun leysa þetta vandamál það gæti meira að segja hjálpað langafa að finna baðherbergið.

**SÓFABORÐ**
HP og Microsoft eru farnir að vinna að sófaborðum með snertiskjám. Með sófaborðinu verður hægt að komast á Internetið, skiptast á myndum og spila tölvuleiki

## SÖGUHORNIÐ

# Ráðist inn í Panama

Þann tuttugasta desember 1989 réðst Bandaríkjaher inn í Panama. Þetta var í fyrsta sinn síðan í lok seinni heimstyrjaldarinnar að Bandaríkjamenn beittu hervaldi sem var kalda stríðinu óviðkomandi. Þetta var óvenjulegt stríð að mörgu leyti sem endaði með að æðsti maður Panama, hershöfðinginn Manuel Noriega, var tekinn höndum. Farið var með Noriega til Bandaríkjanna þar sem réttað var yfir honum fyrir eiturlyfjasölu og hann dæmdur í fangelsi.

Bandaríkin höfðu fram að innrásinni viljað halda Noriega við völd vegna baráttu hans gegn Sandínistum í Nicaracua. Vegna þessa höfðu þeir litið framhjá þeirri staðreynd að Noriega var stór hlekkur í smygli á kókaíni til Bandaríkjanna.

Upphafið að endalokunum hjá Noriega var þegar Bush lýsti yfir stríði á hendur eiturlyfjum í baráttu sinni til forseta. Í kjölfar þess var Noriega kærður fyrir eiturlyfjasmygl í Flóridaríki.

Í fyrstu reyndu Bandaríkin að losa sig við hann með því að toga í strengi á bak við tjöldin, reyna að koma honum frá með kosningum eða ýta undir uppreisn borgaranna til að steypa honum af stóli. Allt þetta var án árangurs og reyndu þá Bandaríkjamenn nýjar leiðir eins og samninga, viðskiptabönn og hótun um að beita hervaldi. Hæfileiki Noriega til að komast af var stórlega vanmetinn, hann var háll sem áll.

Allt þangað til á lokastundu trúði Noriega ekki að Bandaríkjamenn myndu gera alvöru úr hótunum sínum um innrás. En George Bush var stillt upp við vegg. Noriega hafði virt allar aðvaranir og hótanir að vettugi og þetta gerði Bush ótrúverðugan í augum alþjóðasamfélagsins. Á þessum tíma voru Sovétríkin að liðast í sundur og Bandaríkin því eina stórveldið eftir í heiminum. Miðað við framgöngu Bush í Panama höfðu menn efasemdir um að hann stæði undir þeirri ábyrgð að stjórna eina stórveldi heimsins. Auk þess hafði eitt af kosningaslagorðum Bush verið stríðið gegn fíkniefnunum.

Þann 20. desember 1989 var loks gripið til aðgerða með fyrrgreindum afleiðingum. Noriega var handtekinn og honum varp-



**PANAMASKURÐURINN** árið 1989 var Noriega tekinn höndum.



**DREKKUR OLÍU** Olíunotkun eykst við fiskveiðar og ef sjávarútvegur væri land þá væri það í átjánda sæti yfir olíunotkun í heiminum.

# Orkunýting versnar

## Orkunýting í sjávarútvegi hefur ekki fylgt þróun annarra greina sem minnkað hafa orkunotkun sína.

**Ágúst Agnarsson**
skrifar

Ef sjávarútvegur heimsins væri land myndi hann vera í átjánda sæti ásamt Hollendingum á lista þeirra landa sem nota mest af olíu. Sjávarútvegurinn er eina iðngreinin þar sem orkunýting versnar með ári hverju. Ástæðan er að þegar fiskstofnar minnka þarf sífellt meiri orku til að ná inn sama magni af fiski og áður. Allt að þrjátíu prósent fiskiskipaflota Evrópu liggur við landfestar vegna hækkandi olíuverðs og minni afla.

Í rannsókn sem gerð var af vísindamönnum við sjávarútvegsdeild háskóla Bresku-Kólumbíu kemur fram að 1,2 prósent af heildarneyslu eldsneytis í heiminum fer til sjávarútvegsins. Margt annað forvitnilegt kemur fram eins og að við eyðum tólf sinnum meiri orku í að veiða fiskinn en neytendur fá við að borða hann.

Mönnum gekk svo sem ágætlega við veiðar á seglskipum en notkun olíu jók möguleika útvegsins til mikilla muna sem hefur leitt til ofveiði flestra fiskistofna heimsins.

Dr. Tydeman sem er í forsvari fyrir rannsókninni segir að mæling á olíunotkun sé góður mælikvarði á hagkvæmni veiða í framtíðinni.



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

Tilboðin gilda til og með
31. desember 2005

# Jóla- og áramóta-glaðningur Tæknivals til fyrirtækja





## Fujitsu Siemens Esprimo E 5905 – BORÐTÖLVA
VFY: E5905-03NC

Small Form Factor, turnvél eða borðvél
Intel 915G Express kubbasett
Intel® Pentium® 4 640 3.2 GHz
Front Side Bus 800MHz, 1MB L2
512MB DDR2 minni (2X 256, Mest 3GB)
80GB 7200sn. diskur, Serial ATA
Intel® GMA 950 skjástýring (allt að 128MB)
48x DVD drif, floppy drif
Gigabit netkort (10/100/1000), PXE, BootP
2 PCI raufar low profile, 1 PCI-E 16x Low Profile
2 raðtengi, 1 hliðtengi, 2 PS/2 tengi mús/lyklab.
6 USB 2.0 tengi (2 að framan), 2 S-ATA tengi
Hljóðinngangur inn/út að framan og á baki
Vönduð mús með flettihjóli
Windows XP Professional
F-Secure vírusvörn - frí uppfærsla í 1 ár
100% umhverfisvæn og endurvinnanleg
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**89.900 kr. m.vsk.**

## Fujitsu Siemens 17” B17-2 TÖLVUSKJÁR
S26361-K977-V151

17” skjáflötur
1280 x 1024 upplausn
Birta 260 CD/M2
Skerpa 500:1
8ms viðbragðstími
VGA og DVI tengi
Hæðarstillanlegur
Innbyggðir hátalarar

**TILBOÐSVERÐ:**
**29.900 kr. m.vsk.**



## Fujitsu Siemens Primergy TX150 S2 – NETÞJÓNN
VFY:TX150S3-002DK

Ódýr en öflugur netþjónn sem býður upp á flest það sem stærri netþjónar bjóða upp á. Hann hentar vel fyrir minni fyrirtæki sem aðalnetþjónn eða í stærri fyrirtæki fyrir einstök verkefni. „Hot-Plug“ harðir diskar og RAID diskastýringar auka áreiðanleika og minnka viðhald. Það er hægt að setja TX150 netþjón-inn í skáp með aukabúnaði. Honum fylgir hugbúnaður til uppsetningar og umsjónarhugbúnaður sem fylgist með ástandi netþjónsins og lætur vita komi eitthvað uppá. Einnig bjóðum við uppá ókeypis vöktun á netþjóninum í gegnum fjarvinnslu.

Tower / Rack 5U
Intel E7210 kubbasett
Intel P4 3.2Ghz 1MB
800Mhz FSB
1GB ECC DDR (Mest 4GB)
2x 250GB 7200sn hot-plug diskar
Tekur 4x SATA hot-plug diska
SATA RAID 0, 1, 10
On-board 1-channel U320 stýring
Intel 10/100/1000 netspjald
DVD drif
4x PCI 64bit / 1x PCI 32bit
-ServerView hugbúnaður
1 ár on-site

**TILBOÐSVERÐ:**
**129.900 kr. m.vsk.**

**Vörurnar í þessari auglýsingu eru aðeins nokkur dæmi um mikið úrval tilboða til fyrirtækja.**

SAMSTARFSAÐILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolva.is

**Tæknival**
– sterk heild

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is





**VIÐ STOFNUN YFIRTÖKUNEFNDAR** Viðar Már Matthíasson, formaður Yfirtökunefndar, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, á blaðamannafundi.

# Yfirtökunefnd milli steins og sleggju

Yfirtökunefnd hefur tvívegis með skömmu millibili komist að þeirri niðurstöðu að yfirtökuskylda hafi skapast í tveimur félögum. **Viðar Már Matthíasson**, formaður nefndarinnar, segir að hún hafi ekki úrrræði til að framfylgja málum en biður stofnaðila, sem meðal annars eru bankar, að virða niðurstöður hennar. *Eggert Þór Aðalsteinsson* tekur saman nýliðna atburði.

Yfirtökunefnd hefur verið mikið í sviðsljósinu að undanförnu vegna álits hennar á yfirtökuskyldu í FL Group og Hampiðjunni og er ljóst að stórir þátttakendur á íslenskum hlutabréfamarkaði verða að hugsa sig vel um áður en þeir hreyfa sig.

Nefndin tók til starfa þann 1. júlí og er stofnuð eftir breskri fyrirmynd. Hún er algjörlega sjálfstæð nefnd sem starfar á grundvelli stofnsamnings og eru stofnaðilar hennar meðal annars stofnanir, hagsmunasamtök og fyrirtæki, þar á meðal bankar og sparisjóðir og Kauphöll Íslands. Nefndin setur sér starfsreglur sem eru til endurskoðunar á hverju ári. Hlutverk hennar er meðal annars að fylgjast með breytingum á eignarhaldi og atkvæðisrétti í félögum og meta hvort yfirtökuskylda hafi myndast. Henni er ekki síður ætlað að veita ráðgjöf um yfirtökuskyldu og framkvæmd yfirtöku og fylgjast með framkvæmd yfirtöku.

### HÖRÐ VIÐBRÖGÐ

Óhætt er að segja að álit nefndarinnar í málefnum Hampiðjunnar og FL Group hafi fallið í grýttan jarðveg þeirra sem áttu hlut að máli. Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals sem er langstærsti hluthafinn í Vogun, stærsta hluthafanum í Hampiðjunni, lét hafa það eftir sér í fjölmiðlum að Yfirtökunefnd væri „andvana fædd“ og var mjög hissa á niðurstöðu hennar. Sömuleiðis kom álit nefndarinnar Baugsmönnum í opna skjöldu.

Í fyrra málinu taldi nefndin að hagsmunaleg tengsl væru með eigendum Vogunar, Fiskveiðihlutafélagsins Venusar, sem á Hval, og nokkurra smærri hluthafa og hefði Venus gerst yfirtökuskyldur þegar félagið jók eignarhlut sinn um þrjú prósent í nóvember síðast liðnum. Samanlagður eignarhlutur þessara aðila fór yfir 45 prósent en þar sem að viðkomandi aðilar áttu yfir 40 prósent af hlutafé Hampiðjunnar fyrir gildistöku laganna þá voru þeir ekki yfirtökuskyldir.

Af viðbrögðum Kristjáns Loftssonar og Árna Vilhjálmssonar, stjórnarformanns Hvals, í fjölmiðlum verður vart annað skilið en að eigendum Venusar hafi orðið á í messunni og brást félagið við áliti Yfirtökunefndar með því að selja 0,7 prósenta hlut þannig að samanlagður hlutur þessara aðila undir 45 prósent.

Í seinna skiptið var niðurstaða nefndarinnar á þá leið að Baugi væri skylt að gera yfirtökutilboð í FL Group. Niðurstaðan byggðist á því að um samstarf hefði verið að ræða með stærstu hluthöfunum, Baugi og Oddaflugi, við hlutafjáraukingu sem fram fór í FL Group um miðjan nóvember og þar sem að þeir að voru yfir 40 prósentum þá ættu yfirtökureglurnar við. Þar sem Baugur jók hlut sinn í útboðinu var hann álitinn skyldur til að gera yfirtökutilboð.

Baugur brást við álitinu með því að selja um fimm prósent til Landsbankans og það sama gerði Oddaflug. Báðir aðilar gerðu afleiðusamninga við bankans sem þykja umdeildir þar sem seljendur bera ávinning og áhættu af verðbreytingum bréfanna þrátt fyrir að atkvæðisrétturinn hafi flust til kaupandans.

### VILJA EKKI ÚRRÆÐI

Það er skoðun Greiningardeildar KB banka að Yfirtökunefnd sé í vanda eftir síðara álit hennar í FL Group. „„Afleiðusamningarnir“ sem urðu til þess að komist var hjá yfirtökuskyldu hljóta að setja yfirtökunefndina í vanda. Það liggur í hlutarins eðli að fyrst hægt er að hanna samninga með þessum hætti til að komast hjá yfirtökuskyldu verða úrræði nefndarinnar að teljast bitlítil.“

Formaður Yirtökunefndar, Viðar Már Matthíasson lagaprófessor, gerir ekki athugasemdir við gagnrýni greiningardeildar KB banka á starfshætti nefndarinnar vegna málefna Baugs og FL Group. KB banki segir að úrræði nefndarinnar séu bitlaus. „Það er út af fyrir sig alveg rétt. Til þess að vera nákvæmur á því þá höfum við engin úrræði og viljum ekkert hafa.“ Það er ekki Yfirtökunefndar að framfylgja álitunum að sögn Viðars heldur opinberra eftirlitsaðila á borð við Fjármálaeftirlitsins að meta hvort þörf sé á frekari aðgerðum í þessum málum.

„Bankar eru aðilar að nefndinni og það eru auðvitað þeir sem eiga að tryggja að farið sé að álitum hennar. Við höfum enga úrræði til þess og því er fullmikið að segja að þetta séu bitlaus úrræði,“ segir Viðar.

### ÍSLANDSBANKI SVARAÐI EINN

Margir hljóta að spyrja sig hvort það sé eðlilegt að aðilar sneiði hjá yfirtökuskyldu með því að selja af hlut sínum líkt og gert var í báðum tilvikum. Yfirtökunefnd telur svo vera að það sé nægjanlegt að selja sig niður fyrir yfirtökumarkið. Að beiðni Baugs Group sendi hún frá sér tilkynningu, eftir að Baugur hafði selt fimm prósent í FL Group, þar sem kom fram að nefndin teldi að skylda fyrir yfirtökutilboði væri ekki lengur fyrir hendi. Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga hjá Baugi, segir að þar með sé málinu lokið af hálfu Baugs og Oddaflugs.

Þar með er kannski ekki sagt að málið sé úr sögunni. Viðar Már, segir að nefndin hafi óskað eftir því að fá afleiðusamninginn í hendur til að athuga hvort að það sé samstarf milli Landsbankans og Baugs og Oddaflugs. En nefndin glímdi einnig við þann vanda að greina eigendahóp FL Group:

„Við óskuðum eftir upplýsingum við hverja tilteknir bankar höfðu gert framvirka samninga. Þeir samningar telja yfirleitt í þessum yfirtökureglum þar sem viðskiptamaður bankans fer með atkvæðisréttinn. Við fengum ekki upplýsingar um það við hverja þessir bankar höfðu gert samninga við nema frá Íslandsbanka sem að eigin frumkvæði aflaði samþykkis frá sínum viðskiptamönnum til þess að geta veitt þessar upplýsingar. Kaupþing banki upplýsti einnig að hann hefði enga slíka samninga gert. Þar sem að við fengum ekki upplýsingar um þessa framvirku samninga þá gáfum við okkur að við mundum ekki hafa fengið upplýsingar um hverjir stæðu að baki þessum safnreikningum. Þess vegna tókum við fram að við hefðum ekki fengið þessar upplýsingar.“

### ENGIN ÖNNUR MÁL

Það eru ekki fleiri mál til skoðunar á vegum Yfirtökunefndar eins og stendur. Nefndin tók málefni Icelandic Group til skoðunar í haust þegar stórir hlutir skiptu um hendur og átti fund með stjórnarformanni og fulltrúum Landsbankans Íslands. Niðurstaðan sú að ekki var ákveðið að halda þessu áfram.

En hvernig eru mál tekin upp? Viðar Már segir að nefndin geti tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði samkvæmt starfsreglum. Einnig er hægt að senda nefndinni skriflega erindi. „Við viljum hafa þau skrifleg þar sem meiri alvara er á bak við það heldur en munnlegar athugasemdir.“

## ÞRJÚ ÁLIT YFIRTÖKUNEFNDAR

1. Yfirtökuskylda Oddaflugs í FL Group (fyrra málið)
   *Niðurstaða: Oddaflug var ekki yfirtökuskylt og ekkert aðhafst.*

2. Yfirtökuskylda í Hampiðjunni
   *Niðurstaða: Fiskveiðahlutafélagið Venus var yfirtökuskylt.*
   *Viðbrögð: Venus og tengdir aðilar seldu sig niður fyrir 45 prósenta markið.*

3. Yfirtökuskylda í FL Group (síðara málið)
   *Niðurstaða: Baugur Group var yfirtökuskyldur*
   *Viðbrögð: Baugur og Oddaflug selja samtals 10 prósenta hlut til Landsbankans og fara samanlagt niður fyrir 40 prósentin.*

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
8,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. nóv. 2005 - 30. nóv. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðassjóða síðustu 3,6 og 12 mánuði skv. www.sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


FJARSKIPTALAUSNIR
HUGBÚNAÐARLAUSNIR
REKSTRARLAUSNIR

# ÞÚ SPARAR
## með Launaþjónustu Skýrr

**Leitar þú leiða til að lækka rekstrarkostnað fyrirtækis þíns? Má bjóða þér launadeild sem vinnur allan sólarhringinn, fer aldrei í frí, verður aldrei veik og segir aldrei upp störfum? Kíktu þá inn á vefsíðuna skyrr.is/laun**

- Launaþjónusta Skýrr hentar fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum. Hún sparar fyrirtækjum og stofnunum mannskap og peninga, eykur sveigjanleika í starfsemi og bætir stöðugleika og öryggi í rekstri.
- Með Launaþjónustu Skýrr útvista viðskiptavinir allri launatengdri starfsemi til Skýrr.
- Skýrr rekur allan hug- og vélbúnað og sér um skráningu og viðhald launatengdra upplýsinga um starfsmenn, ásamt keyrslum og eftirvinnslu.
- Starfsmenn og stjórnendur viðskiptavina fá aðgang að sjálfsafgreiðslukerfi fyrir laun á vefnum.
- **Hafðu samband við Launaþjónustu Skýrr og leitaðu tilboðs.**

„Ég er ánægður viðskiptavinur Launaþjónustu Skýrr.“

**Brandur Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Flugfjarskipta ehf.

Skýrr

skyrr.is / 569 5100

Fíton/SÍA FI015448





**DUGLEGIR SJÓMENN.** Hver íslenskur sjómaður framleiðir meiri verðmæti en norskur.



**SVEIGJANLEGUR VINNUMARKAÐUR.** Ísl

# Frelsi í sjávarútvegi til farsældar

## Íslendingar standa betur að vígi en Norðmenn í fiskveiðistjórnun, fiskvinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu þar sem borin var saman samkeppnishæfni sjávarútvegs í Noregi og á Íslandi. Munurinn er ekki mikill á löndunum þegar heildarniðurstaðan er skoðuð, en 139 mælikvarðar voru notaðir. *Björgvin Guðmundsson* rýndi nánar í tölurnar.

„Rauði þráðurinn í skýrslunni er að meira frelsi er betra en minna,“ segir Valtýr Þór Hreiðarsson, framkvæmdastjóri Verðlagsstofu skiptaverðs.

Sjávarútvegsráðuneytið fékk Verðlagsstofu það hlutverk að hanna líkan sem leiddi í ljós samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í samanburði við aðrar þjóðir. Í samstarfi við vísindamenn við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Tromsö í Noregi var skýrslan unnin. Hélt Ottó Biering Ottósson utan um þá vinnu.



**ÁBATASAMARI FISKVINNSLA** Rekstrarhagnaður fiskvinnslunnar er meiri á Íslandi.

Ottó segir að þeir hafi ekki fundið neitt líkan sem bæri saman samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina milli landa. Þeir hefðu gengið út frá líkani um samkeppnishæfni þjóða, en þar væru mælikvarðarnir að hluta til öðru vísi en milli atvinnugreina. Þetta hafi þeir betrumbætt og búið til líkan sem lýsir á trúverðugan hátt hver staða íslensk sjávarútvegs er með hliðsjón af norskum sjávarútvegi.

Bæði Valtýr og Ottó segja að í heildina litið sé ekki sláandi munur á þessum atvinnugreinum milli landanna. Notast hafi verið við opinberar hagtölur, niðurstöður í skýrslu World Economic Forum og Gallup hefði gert könnun á viðhorfum aðila í greininni í báðum löndum.

### BETRI AFKOMA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA

„Ekkert kom okkur mikið á óvart,“ segir Ottó. Almennt séð sé rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja betra hér á landi, þau sýni betri afkomu og samvinna útgerða og fiskvinnslufyrirtækja er meiri. Það skili sér í betri rekstri síðarnefndu fyrirtækjanna. Einnig séu tengsl tæknifyrirtækja í greininni og birgja betri á Íslandi en í Noregi.

Valtýr segir hins vegar sláandi mun á framboði á menntuðu fiskverkafólki og millistjórnendum milli landanna. Þörf sé að bæta þar úr hér á landi. Skýrslu eins og þessa eigi einmitt að nota til að sjá hvernig Íslendingar geti bætt samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

Þeir benda á að samkvæmt skýrslunni sé olíukostnaður útgerða hærri hjá olíuþjóðinni Noregi en á Íslandi. Hins vegar sé rafmagnskostnaður hærri hjá sjávarútvegsfyrirtækjum hér á landi. „Við létum athuga þetta nokkrum sinnum svo þetta væri rétt,“ segir Ottó, en niðurstaðan hafi alltaf verið sú sama. Þetta komi mörgum spánskt fyrir sjónir.

### NORÐMENN FRAMAR Á TVEIMUR SVIÐUM

Skýrslan byggir á sex meginþáttum og ítarlegum samanburði þeirra á milli þjóðanna tveggja. Liðirnir sex eru fiskveiðar, hagstjórn og almenn starfsskilyrði fyrirtækja, umhverfi og innviðir, fiskveiðar og fiskvinnsla og markaðssetning. Gefin var einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem 7 þýddi að samkeppnishæfnin var góð á viðkomandi sviði í samanburðinum. Hægt er að sjá tölulegan samanburð í töflum hér á opnunni.

Norðmenn eru feti framar á tveimur sviðum; í hagstjórn og aðbúnaði fyrirtækja. Það skýrist fyrst og fremst af háum flutningskostnaði afurða á Íslandi í samanburði við Noreg og sterkri stöðu íslensku krónunnar.

Hvað fiskveiðistjórnunina snertir helgast hærri einkunn Íslendinga einkum af því að framsal aflaheimilda er mun frjálsari hér

# Vinna að víðtækari samanburði

## Sjávarútvegsráðherra segir tilefni til að knýja á um lækkun flutningskostnaðar.

**EINAR K. GUÐFINSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA.** „Íslensk fiskvinnslufyrirtæki eru feti framar en þau norsku. Forskot Íslendinga er einkum að þakka háu tæknistigi og góðu samstarfi við framleiðendur fiskvinnslubúnaðar.“

„Í heild er ég ánægður með niðurstöðu skýrslunnar um samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Íslenskur sjávarútvegur kemur vel út í heildina. Gagnið af skýrslunni felst líka í því að sjá hvar við stöndum verr að vígi miðað við Norðmenn og hvar við getum gert betur,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Ráðherrann segir Ísland koma heldur verr út þegar þættir sem lúta að efnahagsstjórninni eru skoðaðir. Það skýrist að miklu leyti af því að gengi krónunnar hafi verið hátt. Hann trúi því að um tímabundið ástand sé að ræða. Enginn vafi leiki á því að niðurstaðan hefði verið hagstæðari ef spurt hefði verið fyrir tveimur árum eða eftir eitt ár, þegar gengi krónunnar hafi lækkað aftur.

„Þá fengjum við allt önnur svör. Þetta vigtar ansi þungt í heildarmyndinni fyrir okkur,“ segir Einar og bendir á að aðrir þættir sem lúta að rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja fá góða einkunn eins og til dæmis skattaumhverfið. Ennfremur sé vinnumarkaðurinn mun sveigjanlegri hér í samanburði við Noreg.

### LÆKKA FLUTNINGSKOSTNAÐ

„Síðan finnst mér líka athyglisvert í þessu sambandi, þó menn segi að margt hafi verið gert til að bæta innri mannvirki samfélagsins, eins og til dæmis hvað varðar vegasamgöngur, hvað kvartað er yfir háum flutningskostnaði. Ég hlýt að álykta sem svo að þetta gefi mönnum í sjávarútvegi tilefni til að knýja á um að þessir kostnaðarþættir verði lækkaðir,“ segir Einar.

Í Noregi geta erlendir aðilar fjárfest í fiskvinnslufyrirtækjum en það er ekki heimilt á Íslandi. Fá Norðmenn því hæstu einkunn, eða 7, en Íslendingar lægstu einkunn, eða 1, hvað það varðar.

„Það er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar að breyta því,“ segir Einar spurður um hvort það bæti ekki samkeppnisstöðu sjávarútvegsins að leyfa erlendar fjárfestingar. „Hins vegar vil ég vekja athygli á því, sem ekki kemur nægilega vel fram í þessari skýrslu, að það eru heilmiklar heimildir til óbeinna fjárfestinga í sjávarútvegi en það er ekki mælt á þessum mælikvarða.“

### BÆTA ÞARF MENNTUN

Einar segir það líka eftirtektarvert við niðurstöðuna að Íslendingar fá heldur lakari útkomu en Norðmenn hvað varðar framboð á menntuðum millistjórnendum.

„Það er hlutur sem við í sjávarútvegsráðuneytinu erum byrjuð að vinna í. Þarna er greinilega einhver veikleiki sem við þurfum að bregðast við. Ég held að þetta kunni líka að stafa af því að gamli fiskvinnsluskólinn útvegaði sjávarútveginum mjög marga hæfa millistjórnendur. Þetta nám hefur ekki verið til staðar því það reyndist ekki vera nægjanleg eftirspurn eftir því á sínum tíma,“ segir ráðherrann.

„Við höfum mjög mikinn áhuga á því að samanburðurinn verði víðtækari og milli fleiri landa. Við höfum þegar haft samband við ýmis nágrannaríki okkar í því sambandi. Enn höfum við ekki fengið neitt ákveðið útúr því en ég er viss um að þessi skýrsla hvetji menn til að koma til samstarfs við okkur. Við erum að reyna að hafa frumkvæði að því,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.



enskur vinnumarkaður er betri en sá norski.

## Á TRAUSTUM FÓTUM

### Það sem gerir íslenskan sjávarútveg samkeppnishæfan.

| | |
|---|---|
| Betra fiskveiðistjórnunarkerfi | Frjáls flutningur aflaheimilda. |
| Sveigjanlegri vinnumarkaður | Auðveldara að ráða og reka launafólk. |
| Tíðni flutninga | Tíðari flutningar innanlands. |
| Fjárhagslegur styrkur | Útgerðir standa vel fjárhagslega. |
| Samvinna | Mikil samvinna við birgja fyrirtækja. |
| Góð framlegð | Fjárfestingar skila meiri tekjum. |
| Rekstur | Betri rekstur fiskvinnslufyrirtækja. |
| Framboð á fiski | Jafnara framboð á fiski yfir árið. |
| Fullvinnsla | Sjávarafurðir meira unnar og tilbúnar til neyslu. |

## Á BRAUÐFÓTUM

### Það sem dregur úr samkeppnishæfni Íslendinga.

| | |
|---|---|
| Minni rannsóknir | Umfang hafrannsókna minna á Íslandi. |
| Óstöðugt gengi | Flökt á genginu eykur óvissu í rekstri. |
| Háir vextir | Grunnvextir hafa verið háir á Íslandi. |
| Flutningskostnaður | Hár flutningskostnaður milli landa. |
| Fjárfestingar | Takmarkanir á erlendum fjárfestingum. |
| Menntun | Minna framboð af menntuðum millistjórnendum. |
| Samvinna | Lítil samvinna við alþjóðlega markaðsetningu. |
| Fiskiskip | Minni rekstrarhagnaður en í Noregi. |



**ELDRI FLOTI.** Hærra hlutfall norskra skipa yngri en tíu ára.

en í Noregi. Íslendingar eru duglegir að nýta nýjustu tækni og gott samstarf við íslenska framleiðendur tækja til fiskvinnslu hefur sitt að segja í fiskvinnslunni. Í markaðsmálum hafa Íslendingar einfaldlega betri og verðmætari vöru fram að færa samkvæmt skýrslunni.

**HÁR FLUTNINGSKOSTNAÐUR**

Vegna legu landanna kemur kannski ekki á óvart að flutningskostnaður er mjög mismunandi milli landanna. Í skýrslunni er borinn saman kostnaður við að flytja tonn af ferskfiski. Á bilinu 1 til 7 fær Ísland 1,9 en Noregur 6,1 í einkunn. Kostar um 325 evrur að flytja eitt tonn af ferskfiski samkvæmt skýrslunni í Noregi en yfir þúsund evrur frá Íslandi. Er þá miðað við flutning til viðskiptavina í Evrópu.

Munurinn er líka mikill þegar samanburður er gerður á flutningi á fiski í 40 feta gámi, sem er algeng aðferð við að flytja ferskfisk.



**MEIRI VERÐMÆTI.** Íslendingar selja meira af fullunnum sjávarafurðum.

Áætlaður meðalkostnaður við að flytja gáminn til viðskiptavinar í Evrópu er 3.575 evrur frá Noregi en 6.149 evrur frá Íslandi.

Hins vegar fær Ísland hærri einkunn þegar kemur að tíðni flutninga innanlands, aðstæður við hafnir og gæði flugflutninga.

**MEIRI FJÁRHAGSLEGUR STYRKUR**

Athygli vekur að samkvæmt skýrslunni er eiginfjárhlutfall íslenskra útgerða mun sterkara en norskra. Þó kemur fram að rekstrarhagnaður sem hlutfall af aflaverðmæti er mun minna hjá íslenskum útgerðum. Ísland fær einkunina 2,1 en Noregur 5,9 hvað þann mælikvarða varðar. Rekstrarhagnaður sem hlutfall af fjárfestingum er líka betri í Noregi en á Íslandi.

Þá er fiskiskipaflotinn í Noregi yngri en sá íslenski. Tæknistig flotans er svipað nema þegar kemur að vinnslu afurða um borð. Á því sviði eru íslensku skipin framar þeim norsku.

Íslensk fiskvinnslufyrirtæki standa líka framar þeim norsku hvað varðar eiginfjárstöðu. Ólíkt því sem gerist í útgerðum þá eru íslensku fiskvinnslufyrirtækin með mun meiri rekstrarhagnað sem hlutfall af framleiðsluverðmæti. Í heild má segja að fiskvinnslufyrirtækin íslensku standi mun betur en þau norsku. Tengsl vinnslu og útgerða útskýra að hluta þennan mun segja Valtýr og Ottó. Undir það tekur sjávarútvegsráðherra.

„Norðmenn flytja mikið út af óunnum eða lítt unnum fiski en Íslendingar vinna aflann meira. Þetta skilar sér í áberandi hærra verði sem íslensk fyrirtæki fá fyrir sínar afurðir,“ segir sjávarútvegsráðherra. Varan sem Íslendingar framleiði er mun nær neytandanum en afurðir Norðmanna. Fyrir það fá Íslendingar háa einkunn.



## FISKVEIÐAR

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Séráhrif stjórnvalda á fiskveiðar | 5,2 | 4,9 |
| Hæfni útgerða | 4,5 | 4,7 |
| Samkeppni/samstarf og birgjar | 5,1 | 4,4 |
| **Niðurstaða** | **4,8** | **4,7** |

## FISKVEIÐISTJÓRNUN

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Stöðugleiki og skilvirkni fiskveiðistjórnunar | 4,2 | 4,2 |
| Eignaréttur og frelsi til viðskipta með veiðiréttindi | 5,4 | 3,7 |
| Rannsóknir og ráðgjöf vegna heildarafla | 3,4 | 4,3 |
| Eftirlit | 5,3 | 4,2 |
| **Niðurstaða** | **4,5** | **4,0** |

## FISKVINNSLA

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Séráhrif stjórnvalda á fiskvinnslu | 4,9 | 5,6 |
| Hæfni fiskvinnslu | 4,5 | 3,7 |
| Samkeppni/samstarf og birgjar | 4,5 | 3,8 |
| **Niðurstaða** | **4,6** | **4,2** |

## HAGSTJÓRN OG ÁHRIF STJÓRNVALDA

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Vinnumarkaður | 5,5 | 3,5 |
| Skattar | 4,5 | 4,0 |
| Hagstjórn | 3,4 | 5,9 |
| Stjórnsýsla | 5,8 | 5,9 |
| **Niðurstaða** | **4,6** | **5,1** |

## INNVIÐIR OG UMHVERFI

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Menntun og þekking | 5,3 | 4,9 |
| Almennir innviðir | 4,1 | 4,9 |
| Samskipti | 7,0 | 6,8 |
| Fjármálamarkaðir | 5,7 | 6,1 |
| Stjórnunarhættir í fyrirtækjum | 5,4 | 5,8 |
| **Niðurstaða** | **4,8** | **5,2** |

## MARKAÐSSETNING

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Séráhrif stjórnvalda á markaðssetningu | 6,0 | 6,0 |
| Hæfni fyrirtækja í markaðssetningu | 4,1 | 3,1 |
| Samkeppni/samstarf og birgjar | 4,1 | 4,9 |
| **Niðurstaða** | **4,3** | **4,0** |

AURASÁLIN

# Jólagjafir í uppsveiflu

**Aurasálin man þá tíð** þegar jólin voru hátíð ljóss og friðar. Þetta, eins og svo margt annað í íslensku samfélagi, hefur breyst síðan við gengum í EES og bankarnir voru einkavæddir. Nú eru jólin fyrst og fremst hátið góss og ófriðar.

**Vinir Aurasálarinnar** sem flestir vinna í bönkum eða eru fagfjárfestar hafa haft orð á því undanfarið að erfitt sé að velja jólagjafir fyrir maka sína, börn og vini. Í fyrra var vinsælt að gefa sett af Plasma sjónvörpum; eitt 50 tommu í stofuna, tvö 30 tommu í svefnherbergi hjónanna, eitt 30 tommu per barnaherbergi, tvö 21 tommu í eldhúsið, eitt í sturtuklefann, eitt í loftið fyrir ofan baðið, eitt við heitapottinn, eitt fyrir framan klósettið og eitt fyrir aftan (svo karlmenn geti horft á meðan þeir pissa).

**En nú eru komnir nýir tímar** og kröfurnar aukast. Jólasveinninn á í stökustu vandræðum með að gefa börnum hástéttarinnar í skóinn, vinælt að gefa fartölvur og annað smálegt. Eitt barnið, sem hafði hegðað sér einstaklega vel, fékk skjalatösku með milljón Bandaríkjadölum í skóinn um helgina - og prísaði Jólasveinninn sig sælan hversu gengi krónunnar er sterkt um þessar mundir.

**En á aðfangadag** er mikilvægt að enginn verði fyrir vonbrigðum og ekkert klikki. Einn vinur Aurasálarinnar í fjármálageiranum ætlaði að gefa konunni sinni pels en hætti við þegar hann fann engan sem kostaði meira en tvær milljónir. Hann ákvað þá að gefa henni tvo pelsa en til þess að virðast ekki of nískur ætlar hann að láta afhenda hann á nýrri snekkju sem verður lagt fyrir utan sumarhöll þeirra hjóna á grísku eyjunni sem þau eiga í sameiningu með tveimur vinum sínum úr viðskiptalífinu.

**Ein vinkona Aurasálarinnar** ætlar að gefa manninum sínum flugbraut og litla flugvél þannig að hann geti flogið beint úr sumarbústaðnum sínum í Borgarfirði á fundi í London. Þetta er vel heppnuð gjöf að mati Aurasálarinnar enda er hún bæði praktísk og falleg. Og það er varla hægt að setja út á hina nýríku Íslendinga ef þeir leggja áherslu á að gefa hverjum öðrum gagnlega hluti sem hugsanlega koma til með að spara tíma og þar með auka verðmætasköpun í samfélaginu. Það mun svo skila sér í bættum hag annarra stétta - einkum leikskólakennara.

**Jólin eru fallegur árstími** og þá er mikilvægt að fólk haldi aftur af sínum lægstu hvötum, eins og öfund. Meistarar hins alþjóðlega viðskiptalífs þurfa ekki að skammast sín fyrir að gefa sínum nánustu gjafir í hlutfalli við eigin efnahag og kaupgetu. Höfum í huga orð gamla heimspekingsins að allir eigi að vinna eftir getu og uppskera eftir kaupgetu.



**FISKVÉLAR EHF.** „Verkefnastaða okkar er þannig í dag að framleiðslan þyrfti að vera fjórfalt meiri en það sem hún er til að anna eftirspurn," segir Elliði Hreinsson, framkvæmdastjóri.

# Fyrirtæki í hröðum vexti

**Elliði Hreinsson** stofnandi og einn af eigendum Fiskvéla ehf. settist niður með *Ágústi Agnarssyni* og fræddi hann um innviði fyrirtækisins.

Fyrirtækið Fiskvélar var stofnað árið 1994 af Elliða Hreinssyni. Í byrjun starfaði Elliði einn í 30 fermetra húsnæði við viðgerðir og endurbætur á fiskvinnsluvélum. Eftir tveggja ára starfsemi voru starfsmenn orðnir tveir í 150 fermetra húsnæði. En síðan þá hefur fyrirtækið stækkað hröðum skrefum. Núverandi húsnæði Fiskvéla er 500 fermetrar og starfsmenn eru í dag 14 talsins

**HRAÐUR VÖXTUR**

Árið 1999 urðu ákveðin straumhvörf í rekstrinum. Viðskiptavinir voru jafnan með ýmsar séróskir sem ekki var hægt að sinna með tækjabúnaði sem Fiskvélar réðu yfir á þessum tíma. Þetta varð til þess að fyrirtækið fór út í að smíða fiskvinnsluvélar frá grunni til að geta mætt kröfum viðskiptavinanna sem best. Til að þessar fyriræetlanir gengju upp þurfti að fá töluvert fé inn í reksturinn Erfiðlega gekk að fá lán, bankar voru óviljugir til að lána til iðnreksturs. Það var svo fyrir tilviljun að Jón Helgi Guðmundsson, einn af eigendum Byko, kom til sögunnar og bauðst til að fjárfesta í félaginu. Á svipuðum tíma kom Þorsteinn Vilhelmsson, einn af stofnendum Samherja, inn í fyrirtækið með fjármagn.

**Fiskvélar**
Stofnað 1994 af Elliða Hreinssyni
Starfsmenn 14
Áætluð velta á árinu 170 milljónir
Framleiðir fiskvinnsluvélar, sérhæfir sig forvinnslu, þ.e. hausun og flökun

**VERKEFNASTAÐA GÓÐ**

Síðan þá hafa þessir tveir aðilar komið með meira fjármagn inn í fyrirtækið sem er enn í hröðum vexti og stór hluti rekstrartekna hefur verið notaður til fjárfestinga. „Verkefnastaða okkar er þannig í dag að framleiðslan þyrfti að vera fjórfalt meiri en það sem hún er til að anna eftirspurn," segir Elliði Hreinsson, framkvæmdastjóri Fiskvéla.

Elliði ber hitann og þungann af þróun vélanna og aðspurður segist hann vera með fullt af hugmyndum sem eigi eftir að útfæra og þróa.

Byltingin í fiskvinnsluvélum hefur verið hröð á síðustu árum. Hver fiskur sem rennur í gegn um vélarnar er metinn af mörgum skynjurum og sér tölva svo um að vinna úr upplýsingunum. Stærð og lögun fisksins er metinn og hann skorinn með tilliti til hæstu mögulegrar nýtingar. Fiskuvinnsluvélar þurfa að vera fljótvirkar, þægilegar að vinna við og bilanatíðni verður að vera lág. Sérstaklega skiptir það máli fyrir vinnsluskip sem þurfa kannski að sigla margar dagleiðir ef eitthvað bilar og varahluta er þörf. Síðast en ekki síst verða vélarnar að ná góðri nýtingu úr hráefninu.

**ÁHERSLA Á FORVINNSLU**

Fyrirtækið hefur lagt áherslu á forvinnslu sjárvarafurða fyrir snyrtingu og pökkun. „Framleiðsla okkar skarast lítið við framleiðslu Marel þar sem við einbeitum okkur að forvinnslu en þeir eru meira í að bjóða lausnir sem fullvinna afurðir," segir Elliði. Þær vélar sem fyrirtækið framleiðir eru hausninga-, flökunar- og brýningavélar. Aðalsamkeppnisaðili Fiskvéla er þýska stórfyrirtækið Baader en þar vann einmitt Elliði í sjö ár áður en hann fór út í eigin rekstur en ætla má að þar hafi margar hugmyndir fæðst.

„Hausningarvélar frá okkur eru nú í 40 prósent frystitogara landans," segir framkvæmdastjórinn. Í samanburði sem norska fiskistofan gerði á hausurum Fiskvéla og Baader reyndist hausari Fiskvéla ná tveggja prósenta betri nýtingu. „Vélarnar eru fljótar að borga sig upp sem er ein af meginástæðum fyrir vinsældum þeirra."

**ÚTFLUTNINGUR EYKST**

Vægi íslenska markaðarins í veltu félagsins fer sífellt minnkandi með ári hverju. „Salan á Íslandi er áttatíu til hundrað milljónir á ári og hefur verið á þessu bili undanfarin ár," segir Elliði. Mikil söluaukning hefur orðið erlendis og löndin sem kaupa framleiðslu Fiskvéla fer fjölgandi. Aðspurður segir Elliði að lítið fari fyrir markaðssetningu, á Íslandi starfar aðeins einn sölumaður hjá Fiskvélum og tveir í Noregi auk þess sem tekið er þátt í sjávarútvegssýningunni hér á Íslandi og sýningu sem haldin er í Brussel ár hvert. Sýningin í Brussel er að sögn Elliða líklega sú alþjóðlegasta af þeim sýningum sem haldnar eru í heiminum. „Heimur þeirra sem lifa og hrærast í sjávarútvegnum er í raun lítill, þar eru miklar tengingar á milli aðila. Markaðsstarf okkar byggist að stórum hluta til á gæðum vörunnar, það er fljótt að spyrjast út ef einhver fiskvinnluvél skilar betri vöru og nýtingu en aðrar vélar á markaðinum."

Sterkt gengi

Forsvarsmenn Fiskvéla hafa ekki farið varhluta af sterku gengi krónunnar frekar en aðrir útflytjendur. Dollarinn hefur farið hæst í 110 krónur síðan 2001 og lægst í 60 krónur. „Rekstrarumhverfið hefur ekki verið gott undanfarið hjá þeim sem eru í útflutningi, við verðum einnig varir við að viðskiptavinir okkar innanlands hafa haldið að sér höndum og eru lítið að endurnýja tæki sín í þessu árferði. Viðskiptavinir Fiskvéla senda meirihlutann af sínum afurðum í útflutning og hafa því þurft að leita leiða til að lækka kostnað til dæmis með að fresta endurnýjun vinnsluvéla. Hátt gengi hittir Fiskvélar þessvegna fyrir á tveimur vígstöðvum," segir Elliði.

Fyrirtækið býr til stóran hluta af þeim pörtum sem fara í fiskvinnsluvélarnar, einnig hefur verið notast við aðila innanlands. Mótorar, iðntölvur og aðrir rafmagnshlutir koma hins vegar erlendis frá.

**BJART FRAMUNDAN**

Fiskvélar keyptu nýlega fyrirtækið Tækniskurð ehf. og fylgdu tveir starfsmenn með því. Tækniskurður verður rekið áfram sem sér eining. „Kaupin komu þannig til að Tækniskurður framleiddi fyrir okkur mikið af stórum hlutum fyrir vélar fyrirtækisins," segir Elliði. Rekstur tækniskurðar snýst fyrst og fremst í kringum vél sem sker nánast hvaða efni sem er með mikilli nákvæmni. Vélin sker efnið með örmjórri vatnsbunu undir miklum þrýstingi með mikilli nákvæmni. „Það styttist í að farið verður í að vinna í vöktum á vatnskurðarvélina til að anna því að framleiða fyrir Fiskvélar og aðra viðskiptavini og dugir varla sólarhringurinn til."

Framtíðarhorfur eru bjartar, velta fyrirtækisins hefur vaxið hratt á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.






**RÓBERT WESSMAN** Breytingar hafa verið gerðar á yfirstjórn Actavis.

# Breytingar í framkvæmdastjórn Actavis

Samheitalyfjafyrirtækið Actavis hefur gert breytingar á framkvæmdastjórn sinni. Breytingarnar koma í kjölfar kaupa Actavis á samheitalyfjastarfsemi Alpharma sem nú eru frágengin. Framkvæmdastjórn félagsins er nú skipuð átta framkvæmdastjórum, auk aðstoðarforstjóra og forstjóra.

Framkvæmdastjórn skipa stjórnendur tekju- og framleiðslueininga fyrirtækisins auk fjármálastjóra, forstjóra og aðstoðarforstjóra. Sölu og framleiðslueiningar eru nú skipulagðar með tilliti til landfræðilegrar legu. Það tryggir gott samstarf eininganna, betri þjónustu við viðskiptavini og hagræði í rekstri. Þessar breytingar eru gerðar í kjölfar mikils vaxtar fyrirtækisins við yfirtöku þess á samheitalyfjasviði Alpharma. Í kjölfar þessara breytinga á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar hverfa Guðrún S. Eyjólfsdóttir og Divya Patel úr framkvæmdastjórn en þau munu þó starfa áfram hjá félaginu og verða hluti af yfirstjórn þess. Guðrún sem yfirmaður gæðamála og Divya sem framkvæmdastjóri dótturfélags Actavis í Bandaríkjunum. Fred Lynch, forstjóri samheitalyfjasviðs Alpharma, mun láta af störfum þann 1. febrúar 2006 og snýr sér að öðrum verkefnum.

# Sjóvá tryggir Fram Foods

Sjóvá og Fram Foods hf. hafa undirritað samning um víðtæka tryggingavernd til handa Fram Foods í Svíþjóð, Frakklandi, Finnlandi og á Íslandi.

Fram Foods sérhæfir sig í vinnslu sjávarafurða.

Samningur þessi byggir á samstarfi Sjóvár við breska tryggingafélagið Royal & SunAlliance. Með því samstarfi er Sjóvá kleift að veita íslenskum alþjóðafyrirtækjum heildstæða tryggingaþjónustu vegna hagsmuna þeirra erlendis. Í fréttatilkynningu kemur fram að viðskiptavinir Sjóvár hafa aðgang að þjónustuneti sem nær til 133 landa og því geta viðskiptavinir fengið aðgang að þjónustu í því landi sem trygging er veitt. Samstarf Sjóvár og Royal & SunAlliance veitir viðskiptavinum yfirsýn og sams konar tryggingavernd hvar sem starfsemi þeirra er í heiminum.

Hilmar Ásgeirsson, forstjóri Fram Foods, segir í fréttatilkynningu að með þessum samningi sé fyrirtækinu gert mun betur kleift að hafa heildstæða yfirsýn yfir sín tryggingamál.

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, segir í sömu tilkynningu að fyrirtækjasvið Sjóvár hafi unnið að undirbúningi þessa verkefnis um nokkurt skeið. Búið sé að finna leið til að styrkja íslensk fyrirtæki í útrás.







MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Yfirtökunefnd hefur orðið fyrir áfalli.

# Þarf trúverðugleika

**Hafliði Helgason**

Nefndin hefur komist í sviðsljósið að undanförnu vegna tveggja mála. Fyrst vegna stórra eigenda í Hampiðjunni sem seldu eignarhluti til að fara niður fyrir yfirtökumörk. Hitt tilvikið var yfirtökuskylda Baugs á FL Group. Að höfðu samráði við yfirtökunefnd voru eignarhlutið Oddaflugs og Baugs seldir Landsbankanum og um leið gerðir afleiðusamningar sem tryggja þessum stóru eigendum ávinning, en um leið áhættu af þessum hlut. Atkvæðisrétturinn flyst hins vegar til Landsbankans. Greiningardeild KB banka benti á það með réttu að ólíklegt er að Landsbankinn beiti nýfengnum atkvæðisrétti sínum gegn vilja þessara viðskiptamanna sinna. Þetta er þvi málamyndagerningur. Síðan geta menn deilt um það hvort og hvernig yfirtökuskyldan myndaðist.

Þessi atburðarrás vekur ýmsar spurningar um stöðu yfirtökunefndarinnar. Fyrirmyndin er sams konar nefnd í Bretlandi. Sú nefnd hefur ekki formlegt vald, en aðhaldið af henni á markaði er þvílíkt að þeir sem brjóta gegn markmiðum hennar og vilja eiga ekki sjö dagana sæla á breska markaðnum í kjölfarið.

Baugur er auðvitað eitt þeirra fyrirtækja sem þurft hefur að vinna undir ströngum aga þessarar nefndar og orðið ágætlea ágengt. Fyrirtækinu sem og öðrum ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að gera slíkt hið sama hér.

Sú staða sem upp hefur komið og lausnin á stöðuni í FL Group er ekki til þess fallin að gefa nefndinni sterkara áhrifavald. Að flagga út atkvæðisrétti til fjármálastofnunar getur ekki verið varanleg lausn á því ef yfirtökuskylda er talin hafa myndast.

**Yfirtökunefnd er ekki öfundverð af þeirri stöðu sem nú er uppi.**

Sú hugmynd að markaðurinn sé sjálfur bestur til að beita aðhaldi er góðra gjalda verð. Atvinnulífið hefur viljað skapa sjálft sitt regluverk í stað þess að þiggja flókið og oft vanhugsað regluverk smíðað á Alþingi oft undir sérkennilegri og illa ígrundaðri dægurumræðu. Þessi leið að leikmennirnir á vellinum komi sér saman um reglur og formi eftirlit með þeim er góð. Markaðurinn er harður húsbóndi og best að lögmál hans fái sem mest að ráða í viðskiptalífinu.

Nú er það nánast alltaf svo að þegar menn verða fyrir barðinu á reglum, jafnvel þótt þeir hafi tekið þátt í smíðinni, þá kveinka menn sér og telja það ómaklegt. Slíkt er bara eðlilegur þáttur í framvindu hlutanna. Hins vegar láta menn yfirleitt segjast til lengri tíma litið vegna þess að þeir bera virðingu fyrir þeim grundvallaratriðum sem reglurnar byggjast á.

Yfirtökunefnd er ekki öfundsverð af þeirri stöðu sem nú er uppi. Innan Kauphallarinnar hlýtur að fara fram umræða um það hvernig verði best í framhaldinu að tryggja það að nefndin geti áunnið sér traust og virðingu gagnvart markaðnum. Yfirtökureglur og reglur um vernd minnihluta í hlutafélögum eru mikilvægar fyrir skilvirkni og þroska markaðarins. Skilvirkar og sanngjarnar leikreglur skipta ekki síður máli fyrir stærstu aðilana á markaðnum. Viðskipti byggjast á trausti og trúverðugleika. Það er hagur stórra fjárfesta á markaði að njóta slíks trúverðugleika. Það er þegar allt kemur til alls þeir sem kaupa og selja bréf í félögum sem mynda gengið. Stórir aðilar sem eru á jaðri yfirtökuskyldu hafa lítið svigrúm í þeim efnum. Þeim er því mikill akkur í því til lengri tíma litið að hafa stuðning, traust og trú smærri hluthafa á verkum sínum.

Íslenski markaðurinn hefur þroskast hratt og þrátt fyrir ýmsa agnúa má segja að þroskinn hafi komið hraðar en hægt var að búast við í litlu samfélagi og litlum markaði. Það er alltaf tilefni til að bæta sig og atburðarásina nú á að nota til að læra af henni og bæta það sem augljóslega þarf að laga.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is

# Ný dönsk lög um starfsemi fasteignasala

ORÐ Í BELG



Linda Wiium



Þórður Grétarsson

Í Danmörku var nýlega samþykkt lagafrumvarp um starfsemi fasteignasala sem tekur gildi sumarið 2006 og er áhugavert að sjá hvaða breytingar danska þingið taldi nauðsynlegt að gera á gildandi lögum. Á Íslandi tóku ný lög um fasteignasölu gildi þann 1. október 2004.

Danskur fasteignamarkaður hefur mótast af stórum innlendum keðjum og hefur nýjum aðilum reynst afar erfitt að ná fótfestu á markaðnum. Þetta hefur leitt til þess að þrátt fyrir hækkandi fasteignaverð í Danmörku og þar með aukna veltu á fasteignamarkaðnum, hefur verðlagning fasteignasala og þjónusta ekkert breyst. Þess vegna töldu stjórnvöld nauðsynlegt að endurskoða eldri lög um starfsemi fasteignasala. Til undirbúnings nýrri lagasetningu létu stjórnvöld m.a. rannsaka lagaumhverfi í Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Þýskalandi og Stóra-Bretlandi. Dönsk stjórnvöld gerðu einnig rannsókn á innlendum markaði árið 2004 sem sýndi að samkeppnin á milli fasteignasala var alls ekki nægjanleg. Stjórnvöld bentu því á að lítil samkeppni á markaði þýði oft að erfiðara sé fyrir nýja aðila að komast inn á markaðinn og verra er að koma með nýjungar í þjónustu sem ógnað geta núverandi markaðsumhverfi. Samkvæmt hollenskum rannsóknum hefur afnám á fasteignasölulöggjöf leitt til meiri samkeppni á fasteignamarkaðnum ásamt mun lægri söluþóknun og fjölbreyttara framboði af þjónustu.

Eins og fyrr greindi er aðalmarkmið dönsku ríkisstjórnarinnar að auka samkeppni á markaði til hagsbóta fyrir neytendur. Til að auka samkeppnina og gegnsæið á markaðnum setti ríkisstjórnin fram nokkrar tillögur sem urðu að lögum og meðal þeirra voru eftirfarandi:

- Felldar verði niður allar eignarhaldstakmarkanir á fasteignasölum þannig að nýir aðilar ættu aðgang að starfsgreininni
- Stuðlað skal að aukinni samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.
- Gegnsæ verðlagning á þjónustu.
- Felld niður ákvæði um auglýsingar á fasteignum.
- Einfölduð menntun fasteignasala og skilyrði fyrir löggildingu.

Það sem er athyglisvert er að með nýju dönsku lögunum eru öll eignarhöft á fasteignasölum afnumin en samkvæmt eldri lögum máttu einungis löggiltir fasteignasalar, lögmenn og fjármálastofnanir eiga og reka fasteignasölur. Þessi endurskoðun á lögunum er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem birt var í heftinu Bedre og billigere bolighandel í janúar á þessu ári. Í greinargerðinni með lagafrumvarpinu er bent á að í öðrum löndum séu langtum færri reglur sem leggja höft á fasteignamarkaðinn og að sú tilhneiging sé að afnema höft frekar en að leggja á höft. Í Danmörku voru mun meiri höft á fasteignamarkaðnum heldur en í áðurnefndum löndum. Reyndar er búið að ganga svo langt að afnema alla löggjöf um starfsgreinina í Hollandi. Í Þýskalandi eru slík lög ekki til staðar og í Noregi, Svíþjóð og Stóra-Bretlandi eru engin eignarhöft á fasteignasölum.

Í eldri lögum um sölu fasteigna voru afar nákvæmar reglur um framsetningu auglýsinga. Það er talið að það sé bæði fasteignasalanum og neytanda til hagsbóta að vel sé staðið að auglýsingagerð og því sé ónauðsynlegt að auglýsingar um fasteignir séu felldar inn í opinberan ramma. Í þeim löndum sem könnun stjórnvalda náði til gilda engar sérreglur um birtingu fasteignaauglýsinga. Því voru reglur um birtingu danskra fasteignaauglýsinga einfaldaðar til muna.

Samkvæmt íslenskri löggjöf er það sett sem skilyrði að löggiltur fasteignasali sé eigandi að fasteignasölu og sé fasteignasala í eigu félags, skulu fasteignasalar eiga meirihluta í félaginu. Hefur þetta ákvæði um höft á eignarhaldi vakið umfjöllun meðal manna í starfsgreininni á Íslandi og hefur hópur manna höfðað mál gegn ríkinu þar sem þeir halda því fram að slík höft á eignarhaldi á fasteignasölum standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar enda eru fasteignasölur í raun verðlaus fyrirtæki á meðan þau geta ekki verið í eigu annara en löggiltra fasteignasala. Mætti því segja að framkvæmd eignarhaldsákvæðis íslensku laganna sé í raun hrein eignaupptaka í þeim tilvikum þar sem fasteignasölur eru ekki í eigu fasteignasala. Í greinargerð dönsku laganna þar sem fjallað er um afnám eignarhaldsákvæða er því haldið fram að nauðsynlegt geti verið fyrir fasteignasala að eiga aðgang að fjárfestum m.a. til að koma á fót og reka fasteignasölur.

Þróunin virðist því vera í þá áttina á hinum Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu að afnema höft og auðvelda aðgang að mörkuðum, samræma menntunarkröfur og opna markaðinn betur - allt í þeim tilgangi að þjóna hagsmunum neytandans fyrst og fremst. Vekur þetta upp þá spurningu hvort Íslendingar séu sú þjóð í heiminum sem er með ströngustu löggjöf um sölu fasteigna sem um getur og í hvers þágu þá?

*Heimildir:*
*Frumvarp til laga, ásamt greinargerð, um breytingu á dönskum lögum um starfsemi fasteignasala.*
*Upplýsingabæklingur ríkisstjórnar Danmerkur, "Bedre og billigere bolighandel" um sama efni.*

**Samkvæmt íslenskri löggjöf er það sett sem skilyrði að löggiltur fasteignasali sé eigandi að fasteignasöluMætti því segja að framkvæmd eignarhaldsákvæðis íslensku laganna sé í raun hrein eignaupptaka í þeim tilvikum þar sem fasteignasölur eru ekki í eigu fasteignasala.**

**Höfundar eru félagar í Félagi starfsfólks á fasteignasölum**



Verndum heyrn
Skoðaðu úrval af heyrnahlífum á www.66north.is/heyrn
66° NORÐUR
66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Bölvun svarta gullsins*

**New York Times** | Í leiðara dagblaðsins The New York Times er sagt frá bölvun svartagullsins og smáríkinu Chad sem virtist ætla að verða undantekning frá reglunni. Bölvun svartagullsins lýsir sér þannig að þegar fátæk ríki finna olíu á landi sínu fylgir í kjölfarið mikil spilling, rotin stjórnvöld og stofnanir sem grefur undan allri þróun til betri lífskjara almennings.

Bölvun svartagullsins virtist ekki ná til afríkuríkisins Chad. Þegar olía fannst í landinu var gerð tilraun til að athuga hvort olíugróðann mætti nýta í lyf og menntun í stað vopna og lúxusvara fyrir spillta stjórnmálamenn. Alþjóðabankinn setti fram áætlun þar sem fimmtán prósent olíutekna skyldi fara í ríkiskassa landsins og stærstur hlut afgangsins myndi fara í sjóð sem hefði það verkefni að eyða fátækt í landinu og spara til þess tíma er olían gengi til þurrðar. Fyrstu niðurstöður lofa ekki góðu. Lífskjör þjóðarinnar þokast lítt upp á við og visbendingar eru um að peningar hverfi.

### *Umbætur í orði fremur en borði*

**Financial Times** | Í leiðara Financial Times er skrifað um Evo Morales sem vann stórsigur í forsetakosningunum í Bóllivíu. Kosningsigu forsetans endurspeglar óánægju almennings með efnahagsstefnu fyrri ríkistjórna sem hefur leitt til aukinnar fátæktar og breikkað bilið á milli fátækra og ríkra. Morales hyggst þjóðnýta jarðgasauðlindir landsins sem eru þær næststærstu í suður ameríku og sjá fátækum fyrir ódýrri orku.. Áður en hann varð forseti var hann talsmaður bænda sem rækta kókalauf og eitt af verkefnum forsetans er að iðnvæða kókaiðnaðinn og flytja út vörur eins og kókate til minnka það magn sem fer til framleiðslu kókaíns. Sumar þessar umbætur eru betri í orði en á borði. Vafi leikur á að suður amerísk fyrirtæki búi yfir nógu góðri tækni til vinnslu á gasinu og áætlanir um kókaiðnaðinn munu leiða til þess að landið einangrast sem má alls ekki gerast ef forsetanum á að takast að byggja upp landið og auka hagvöxtinn.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór A›alsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Lækkandi króna en líklega bara í bili

Krónan gaf eftir í byrjun vikunnar og Greining Íslandsbanka telur lækkunina líklegast tímabundna. „Margt bendir til þess að gengi krónu gæti lækkað heldur næsta kastið. Slík lækkun kann þó að vera tímabundin og eins er víst að krónan styrkist á fyrstu mánuðum nýs árs. Gengi krónu hækkaði nokkuð í liðinni viku og var dagslokagengi á föstudag u.þ.b. 104,8. Sú gengislækkun sem varð eftir hóflega vaxtahækkun Seðlabankans í desemberbyrjun hefur því gengið til baka. Trúlega er orsaka hækkunar í síðustu viku m.a. að leita í erlendri útgáfu krónubréfa, sem nam 13 mö.kr., og birtingu vísitölu neysluverðs sem sýndi meiri verðbólgu en flestir höfðu vænst, en meiri verðbólga setur þrýsting á Seðlabanka til hækkunar stýrivaxta, sem aftur leiðir til hærra gengis.“

„Svo virðist sem helstu áhrifavaldar gengis krónu til skamms tíma séu magn erlendrar útgáfu krónubréfa og vaxtamunur við útlönd. Flestir telja að erlenda útgáfan eigi drjúgan þátt í þeirri styrkingu gengis sem varð í september og október, auk þess sem myndarleg stýrivaxtahækkun í septemberlok hefur trúlega orðið til að styrkja gengið frekar. Raddir eru uppi um að erlendir útgefendur muni halda að sér höndum fram yfir hátíðirnar, þótt ekki sé hægt að útiloka frekari útgáfu næstu vikur. Munur skammtímavaxta milli Íslands og viðskiptalanda ræðst síðan af vaxtastefnu seðlabanka viðkomandi landa. Ólíklegt er að Seðlabanki Íslands hækki vexti fyrr en á fyrsta formlega vaxtaákvörðunardegi sínum 26. janúar. Gangi ofangreindar forsendur eftir er fátt sem styður við gengi krónu það sem eftir er árs. Trúlegt er því að sá þrýstingur sem nú er á gengislækkun vegna mikils og vaxandi viðskiptahalla mjaki krónunni niður á við út árið.“

„Með nýju ári koma til nýjar aðstæður. Verðbólgutölur í janúar gefa vísbendingu um það vaxtastig sem Seðlabanki kýs að setja í lok mánaðarins. Gangi spá okkar um 0,2% hækkun vísitölu neysluverðs og 4,3% verðbólgu eftir mun það auka þrýsting á bankann að hækka vexti meira en ella. Einnig telja ýmsir að líf færist á ný í erlenda útgáfu krónubréfa eftir áramótin. Því er ekki ósennilegt að gengi krónu styrkist á fyrsta ársfjórðungi, en við teljum að eftir það grafi viðskiptahalli og minnkandi innstreymi vegna fjárfestinga undan genginu og krónan sígi með stigvaxandi hraða út árið.““

AURASÁLIN

**Raddir eru uppi um að erlendir útgefendur muni halda að sér höndum fram yfir hátíðirnar, þótt ekki sé hægt að útiloka frekari útgáfu næstu vikur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Skráning skuldabréfa og víxla
MP Fjárfestingarbanka hf.
í Kauphöll Íslands hf.

Skuldabréfaflokkur MPB 04 1 – 3.015.000.000 kr.

| Auðkenni | Útgáfudagur | Gjalddagi | Útgefið og selt | Heildarstærð flokks |
|---|---|---|---|---|
| MPB 04 1 | 15.09.2004 | 15.09.2009 | 3.015.000.000 kr. | allt að 4.000.000.000 kr. |

Skilmálar skuldabréfanna
Skuldabréfin eru verðtryggð til 5 ára með einni greiðslu höfuðsstóls þann 15. september 2009. Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma ber að greiða 5,00% vexti árlega.

Skráningardagur
Kauphöll Íslands hf. tekur bréfin á skrá þann 21. desember 2005, enda uppfylli þau skilyrði skráningar.

Víxlar árið 2005 – 3.000.000.000 kr.

| Auðkenni | Útgáfudagur | Gjalddagi | Heildarnafnverð |
|---|---|---|---|
| MPB 06 0110 | 10.10.2005 | 10.01.2006 | 2.000.000.000 kr. |
| MPB 06 0210 | 10.11.2005 | 10.02.2006 | 1.000.000.000 kr. |

Skilmálar víxlanna
Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir.

Skráningardagur
Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að skrá tvo ofangreinda flokka Peningamarkaðsvíxla MP Fjárfestingarbanka hf. þann 21. desember 2005, enda uppfylli þeir skilyrði skráningar.

Umsjón með sölu og skráningu í Kauphöll Íslands hf. hefur Fyrirtækjasvið MP Fjárfestingarbanka hf., Skipholti 50d., 105 Reykjavík.

Skráningarlýsingarnar og önnur gögn sem vitnað er til í lýsingunum er hægt að nálgast hjá MP Fjárfestingarbanka hf. og á heimasíðu félagsins www.mp.is

MP
FJÁRFESTINGARBANKI
Skipholti 50d | 105 Reykjavík | sími 540 3200 | www.mp.is

www.kokkarnir.is
hugmynd handa þér....
Osta- og gjafakörfur
Varla er hægt að hugsa sér hátíðlegri og nýtilegri jólagjafir fyrir fjölskyldu, vini og vinnufélaga.
Ostakarfa nr. 1

Ostakarfa nr. 2

Ostakarfa nr. 3

Ostakarfa nr. 4

Ath. að körfurnar og einstaka vörur geta verið breytilegar milli sendinga.
Hringdu og fáðu upplýsingar 5114466
...gleðileg jól
ART-AD.IS 12.2005
kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU
HAGKAUPUM, KRINGLUNNI
Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is

## FÓLK Á FERLI

**EGGERT HERBERTSSON** hefur verið ráðinn sölustjóri Tölvuþjónustunnar Securstore. Eggert útskrifaðist með B.Sc gráðu í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og stundar nú MBA nám við Háskólann í Reykjavík með áherslu á upplýsingatækni og alþjóðastjórnun. Hann hefur 9 ára reynslu sem stjórnandi í sjávarútvegi og 6 ára reynslu í sölu- og markaðsmálum innan upplýsingatæknigeirans hjá Nýherja og Hugviti. Eggert er kvæntur Ingibjörgu Valdimarsdóttur, deildarstjóra markaðsdeildar Orkuveitu Reykjavíkur, og eiga þau tvö börn.Bjarki Jóhannesson hefur verið ráðinn markaðsstjóri Tölvuþjónustunnar Securstore. Bjarki útskrifaðist með mastersgráðu í alþjóðamarkaðsfræðum frá Odense Universitet 1996. Hann hefur 13 ára reynslu í sölu- og markaðsmálum og hefur starfað sem stjórnandi og ráðgjafi hjá Eimskip, Nýherja og Og Vodafone. Bjarki er giftur Erlu Olgeirsdóttur, Davis ráðgjafa, og eiga þau tvö börn.

**STELLA MARTA JÓNSDÓTTIR** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Kaffitárs og verður hún staðgengill forstjóra fyrirtækisins, Aðalheiðar Héðinsdóttur. Stella Marta starfaði áður sem deildarstjóri ráðgjafar og þjónustu hjá Maritech ehf. en einnig hefur hún starfað við verkfræðiráðgjöf í Danmörku. Hún er menntaður verkfræðingur og útskrifaðist með mastersgráðu frá Háskólanum í Álaborg og doktorsgráðu frá Tækniskólanum í Kaupmannahöfn. Doktorsverkefni hennar fólst meðal annars í að þróa leiðir og aðferðir til að stýra vöruþróun á matvælum við notkun hugbúnaðar. Stella Marta er gift Per Chr. Christensen og eiga þau tvær dætur. Hún mun hefja störf þann 6. febrúar á næsta ári.

# Fjör í jólaþorpinu

Sparisjóður Hafnarfjarðar (SPH) er aðalstyrktaraðili Jólaþorpsins í Hafnarfirði í ár. Tilgangur Jólaþorpsins er að setja jólabrag á mannlífið og auka jólaverslun í miðbæ Hafnarfjarðar. Með stuðningnum vill SPH, að því er fram kemur í tilkynningu, leggja sitt af mörkum til að styrkja athafna- og menningarlíf í bænum á aðventunni.

Jólaþorpið samanstendur af 20 smáhýsum þar sem boðnar eru margvíslegar vörur og veitingar. Ilminn af heitu jólaglöggi, súkkulaði og nýbökuðum vöfflum leggur fyrir vit gesta meðan þeir skoða ýmiss konar handverk, gæða sér á heimalöguðum brjóstsykri, kaupa sér fisk eða brauð og kökur. Grýla og jólasveinarnir skemmta yngstu gestunum og ýmsir listamenn koma í heimsókn og sjá til þess að sannkallaður jólaandi umvefji gesti.



**LEIKSKÓLABÖRN Í JÓLAÞORPINU.** Hér má sjá Helgu H. Magnúsdóttur verkefnisstjóra til vinstri og Ásdísi Garðarsdóttur frá SPH ásamt leikskólabörnum í Jólaþorpinu.



**LESIÐ UM THOR Í BANKA THORSARA** Guðmundur Magnússon, sagnfræðingur og blaðamaður á Fréttablaðinu, las upp úr bók sinni um Thorsarana í aðalútibúi Landsbankans í Austurstræti á föstudaginn. Thor Jensen og afkomendur hans voru áberandi og umsvifamiklir í íslensku viðskiptalífi fram eftir 20. öldinni. Fór vel á því að Guðmundur læsi upp úr bók sinni í Landsbankanum því þar ráða feðgarnir, Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson, nú ríkjum. Thor Jensen er einmitt langafi Björgólfs Thors, sem er einn umsvifamesti fjárfestir landsins. Guðmundur er einn fjölmargra rithöfunda sem hafa lesið upp úr verkum sínum í Landsbankanum á aðventunni.

## FÓLK Á FERLI

**ÞORSTEINN BJARNASON** hefur tekið til starfa sem forstöðumaður vöruhúsaþjónustu hjá Eimskip. Starfsemin felur í sér rekstur allra vöruhúsa Eimskips á Sundahafnarsvæðinu, þ.m.t. frysti- og kæligeymslu. Þorsteinn kemur til Eimskips frá Danmörku þar sem hann hefur verið framkvæmdastjóri vöruhúsareksturs hjá Brødrene A&O Johansen A/S í Kaupmannahöfn frá desember 2001. Á árunum 1995-2000 gegndi Þorsteinn starfi verkefnastjóra við þróun og hagræðingu lagerreksturs hjá Nomeco þar sem meðal stærstu verkefna má nefna uppbyggingu á nýju vöruhúsi og stækkun vöruhótels fyrir lyfjaframleiðendur.



Þorsteinn lauk námi í rekstrartæknifræði frá Odense Teknikum árið 1986 og síðar gráðu af sviði tölvu- og fjármálastjórnunar frá Handelshøjskolen í Kaupmannahöfn árið 1998.

Anders Fredholm hefur verið ráðinn forstjóri hjá Kerfi AB í Svíþjóð sem er dótturfélag Opinna Kerfa hf. Tekur hann við starfinu í febrúar 2006. Anders er iðnaðarverkfræðingur frá tækniháskólanum í Linköping. Hann hefur starfað hjá Capgemini síðan 1989 og gegnt þar ýmsum ábyrgðarstörfum. Nú síðast hefur hann borið ábyrgð á uppbyggingu og þróun viðskipta Capgemini á Norðurlöndunum ásamt því að skipa sæti í alþjóðlegri framkvæmdastjórn Capgemini.


Útgerðarstjóri

Sjávarútvegsfyrirtækið Oddi hf. á Patreksfirði leitar að útgerðarstjóra. Útgerðarstjóri hefur yfirumsjón með útgerðarmálum fyrirtækisins.

Oddi hf. er sjávarútvegsfyrirtæki sem á og rekur eigin útgerð, vinnslu og markaðsstarfsemi.
Félagið gerir út eitt skip; Núp BA-69 sem er beitingavélaskip og aflar um 2500 tonna á ársgrundvelli. Jafnframt leggur Vestri BA-63 sem er í eigu móðurfélags Odda hf., Vestra ehf. upp nær allan afla sinn hjá Odda hf., en það eru um 1500 tonn á ári. Í landi starfrækir fyrirtækið bolfiskvinnslu, þar sem saltaðar, ferskar og frosnar afurðir eru unnar úr bolfiski. Oddi hf. rekur sína eigin markaðsstarfsemi ásamt því að eiga í samstarfi við sölusamtök og fagaðila um sölu á afurðum.
Sjá nánar á www.oddihf.is

Helstu ábyrgðarsvið
- Almenn útgerðarstjórnun og samskipti við yfirmenn
- Áætlanagerð um útgerð
- Eftirlit með rekstrarkostnaði og samningar við rekstrarvörubirgja
- Uppgjörsmál við áhafnir
- Önnur verkefni sem tengjast starfsemi félagsins.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af sjávarútvegi
- Hæfni í áætlanagerð og tölvuvinnslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Útgerðarstjóri er í stjórnendateymi fyrirtækisins og starfar sem einn af lykilstjórnendum þess.
Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 3. janúar nk.
Númer starfs er **5047**. Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is


# Meistarar á jólaskákmóti

**Hið árlega jólaskákmót KB banka fór fram á laugardaginn í aðalútibúi bankans. Þetta var í fjórða skipti sem jólaskákmót KB banka fór fram á aðventunni og er þetta sterkasta hraðskákmót ársins.**

**Meðal þátttakenda voru stórmeistararnir Helgi Ólafsson, Helgi Áss Grétarsson, Þröstur Þórhallsson og Henrik Danielsen, sem er nýjasti stórmeistari Íslendinga. Stutt er síðan hann fékk íslenskan ríkisborgararétt.**

**Yngsti keppandinn var Hjörvar Steinn Grétarsson 12 ára. Hjörvar Steinn er sá yngsti í skáksögunni sem hefur áunnið sér rétt til að tefla í landsliðsflokki, og sló hann þar fyrri met Hannesar Hlífars Stefánssonar og Þrastar Árnasonar.**



**SETIÐ AÐ TAFLI** Neðst á myndinni má sjá Hjörvar Stein Grétarsson tefla í jólaskákmóti KB banka á laugardaginn. viðskiptavinir fylgdust spenntir með.

# Hagvangur styrkir Kraft

Framkvæmdastjóri Hagvangs, Katrín S. Óladóttir, veitti nú á dögunum Krafti, félagi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein, styrk fyrir hönd fyrirtækisins. Formaður Krafts, Steinunn Björk Ragnarsdóttir, veitti styrknum viðtöku í húsakynnum Hagvangs í Skógarhlíð 12.

Undanfarin ár hefur Hagvangur varið þeim fjármunum til góðgerðarmála sem annars hefðu farið í að senda viðskiptavinum félagsins jólakort. Ákveðið var að styrkja Kraft í ár, en félagið var stofnað 1. október 1999. Leiðarljós félagsins er að beita sameinuðum kröftum sínum til að aðstoða ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR



**KEÐJAN MYNDUÐ MILLI SVEITARFÉLAGANNA** Alfreð Þorsteinsson og Guðmundur Þóroddsson, frá OR, mynda hér handabandskeðju með fulltrúum sveitarfélaganna. Er slíkt handaband orðin að mjög skemmtilegri hefð við undirritun stórra samninga.

# OR tekur yfir fráveitur

Orkuveita Reykjavíkur tekur við rekstri fjögurra fráveitna sveitarfélaga á athafnasvæði fyrirtækisins frá og með áramótum. Um er að ræða Fráveitu Reykjavíkur, Fráveitu Akraness, Fráveitu Borgarbyggðar og Fráveitu Borgarfjarðarsveitar, en þessi sveitarfélög eru eigendur Orkuveitu Reykjavíkur.

Forsvarsmenn OR og sveitarfélaganna undirrituðu samning þessa efnis í höfuðstöðvum orkuveitunnar á fimmtudaginn í síðustu viku.



**FRÁ AFHENDINGU.** Frá vinstri talið Sigríður B. Einarsdóttir, SORPU, Rebekka Bjarnadóttir og Björg Haraldsdóttir frá Vin, Jóhanna Bragadóttir og Þórdís Guðjónsdóttir frá Læk, Björg Fríða, Björk Guðmundsdóttir og Hafdís Matthíasdóttir frá Dvöl og Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri SORPU.

# *Í ferðasjóð geðfatlaðra*

SORPA hefur undanfarin þrjú ár lagt góðum málum lið í stað þess að senda viðskiptavinum sínum jólakort að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu. Í ár rennur jólakortastyrkur SORPU til þriggja athvarfa fyrir geðfatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Athvörfin þrjú, Vin í Reykjavík, Dvöl í Kópavogi og Lækur í Hafnarfirði eru öll rekin af Rauða krossi Íslands.

Markmið athvarfanna eru meðal annarra að auka lífsgildi geðsjúkra, að rjúfa einangrun þeirra við umhverfi sitt, að draga úr fordómum og að efla þekkingu sem flestra á málefnum geðsjúkra. Gestir koma þangað að eigin frumkvæði og er um breiðan hóp að ræða, karla og konur á aldrinum 20-70 ára. Athvörfin safna peningum í sérstaka ferðasjóði sem nýttir eru til ferðalaga gesta athvarfanna innanlands sem utan. Styrkur SORPU rennur í ferðasjóði athvarfanna.













# Ísland úr bandalagi afturhaldsins

**Hvað er G 10?**
Þetta er bandalag níu ríkja á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem sameinast hafa um samningsmarkmið hvað varðar fríverslun með landbúnaðarmál. Löndin eru auk Íslands: Ísrael, Japan, Kórea, Liecthenstein, Máritíus, Noregur, Sviss og Tævan.

**Hver eru markmið G 10?**
Löndin hafa sett sér það markmið að leiða til lykta yfirstandandi samningalotu innan WTO, sem jafnan er kennd við Doha. Löndin hafa það sem yfirlýst markmið að þróa landbúnaðarstefnu sem tekur mið af mismunandi sögulegum bakgrunni landanna auk félagslegu og hagrænu umhverfi. Á íslensku þýðir það verndaður landbúnaður í nafni byggðastefnu, atvinnuverndar og umhverfissjónarmiða.

**Hver eru helstu áhrif verndartolla á landbúnaðarvörur og styrkja til greinarinnar?**
Verndartollar og kvótar leiða til þess að verð á landbúnaðarvörum helst hátt en einnig til þess að verð á annarri matvöru (staðkvæmdarvörum, þeim vörum sem neytendur bera saman við landbúnaðarvörur) er hærra en ella. Hægt er að líta á styrki til bænda bæði sem niðurgreiðslu til neytenda eða sem styrk til framleiðenda.

**Er hægt að afnema vernd á landbúnað án þess að rústa greinina?**
Já það væri hægt að gera bændur jafnsetta með því að hækka einfaldlega beina styrki til þeirra. Mikilvægt er að rugla ekki saman beinum styrkjum og óbeinum styrkjum sem felast í innflutningsverndinni. Hægt væri að afnema einhliða öll höft á innflutning landbúnaðarvara en aðstoða bændur við aðlögun í einhvern tíma þannig að tekjugrunnur þeirra myndi skerðast minna en ella.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Tryggva Þórs Herbertssonar*

*hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands*



**Hvaða áhrif hefði afnám tolla á fátækari ríki heims?**
Afnám tolla á Íslandi hefði lítil sem engin bein áhrif. Afnám tolla og tæknilegra hindrana í heiminum hefði hins vegar gríðarmikil áhrif. Ef marka má nýlegar rannsóknir má áætla að stærsti hluti þess velferðarábata sem verður til við afnám tolla og styrkjakerfis myndi renna til Vesturlanda en um 40% af velferðarábatanum myndu hins vegar falla þróunarríkjum í skaut. Ekki þarf að fjölyrða um það, að sé ábatinn reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu vænkast hagur þróunarlanda margfalt á við hag Vesturlanda.

**Á Ísland að vera í G 10?**
Nei! G-10 er bandalag afturhaldsömustu þjóða WTO hvað varðar landbúnaðarmál og það er Íslendingum til minnkunnar að tilheyra hópnum. Eðlilegast væri að Íslendingar veittu þróunarlöndunum tækifæri til raunhæfrar sjálfbærrar sjálfshjálpar með því að hvetja til fríverslunar.








# Varinn landbúnaður í G 10

**Ísland skipar sér í flokk með nokkrum löndum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem kölluð eru G 10 löndin. Lönd sem aðhyllast tollavernd til að verja eigin landbúnaðarframleiðslu.**

Nýlega kom út skýrsla hagfræðinganna Tryggva Þórs Herbertssonar, prófessors við HÍ, Halldórs Benjamíns Þorbergssonar og Rósu Bjarkar Sveinsdóttur sem unnin var fyrir RSE, rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál. Þar er hvatt til þess að Ísland yfirgefi þennan hóp sem samanstendur af þjóðum sem skipa sér í flokk þeirra sem lengst vilja ganga til þess að vernda eigin landbúnaðarframleiðslu.

MÁLIÐ ER *G 10*

Ekki vantar að hagsmunahópar í landbúnaði standa vörð um greinina. Sjálfur skilgreindi hópurinn stöðu sína og afstöðu á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar með þessum orðum: Að tryggja viðunandi sveigjanleika í reglum hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis svo landbúnaður aðildarríkjanna, sem meðal annars býr við mjög ólík framleiðsluskilyrði, geti farsællega aðlagast þeim breytingum í frjálsræðisátt sem um kann að semjast í yfirstandandi samningalotu.

Hagfræðingarnir líta málið öðrum augum. „Það er löngu ljóst að landbúnaður er óverulegt hagsmunamál fyrir Íslendinga og í raun óskiljanlegt að Ísland skuli vera í hópi þeirra ríkja sem reka harðasta vernarstefnuna í landbúnaðarmálum í heiminum,“ segja hagfræðingarnir og benda á að þjóðin sé að meginstefnu fylgjandi frjálsum og haftalausum viðskiptum.

Þeir segja engin hagfræðileg rök fyrir viðskiptahindrunum. Þvert á móti njóti þær þjóðir sem opna hagkerfi sín mikils ábata af því og þeir sem felli niður viðskiptahindranir njóti þess síst minna en þeir sem dyrnar eru opnaðar fyrir. „Rannsóknir á helstu gangráðum hagvaxtar í heiminum gefa til kynna að þau lönd sem aukið hafa veg fríverslunar hafi búið við hæst langtíma hagvaxtarstig,“ segir í skýrslu þremenninganna.

Rökin eru einfaldlega þau að með frjálsum viðskiptum geti sérhver þjóð boðið til sölu vörur sem hún framleiðir á hagkvæmari hátt en aðrar þjóðir og fengið í staðinn vörur sem kostnaðarsamara er að framleiða fyrir hana, en einhverja aðra. Niðurstaðan er sú að allir hagnast á fyrirkomulaginu.

Þeirri röksemd er gjarnan haldið á lofti að þróunarlönd séu illa í stakk búin til að taka þátt í alþjóðaviðskiptum. Þessu hafna hagfræðingarnir og benda á að með frjálsum viðskiptum myndu frumkvöðlar fátækari landa finna leiðir til að framleiða vörur á hagkvæmari máta en nú er gert, án þróunaraðstoðar.

Þróunaraðstoð má sín lítils að mati skýrsluhöfunda samanborið við ábatann af hindrunarlausum alþjóðaviðskiptum.

Niðurstaða þeirra af yfirferð yfir afstöðu Íslendinga til verndar eigin landbúnaðar er sú að við eigum að láta af henni og hætta samstarfinu við G10 þjóðirnar. Hagsmunir okkar liggi engan veginn í þeirri stefnu sem nú sé ástunduð í landbúnaðarmálum.

Rökin fyrir núverandi kerfi þjóni því hvorki okkar eigin hagsmunum, né heldur hagsmunum fátækari ríkja heims. Með afnámi viðskiptahindrana myndum við því slá tvær flugur í einu höggi. Efla eigin hag og stuðla að því að hjálpa fátækustu ríkjum veraldarinnar til sjálfshjálpar. Það getur varla talist svo afleitt, eða hvað? - hh




# Ófarir Argentínumanna vegna verndar

**Ein dæmisagan úr skýrslu um G 10 fjallar um þær ófarir sem Argentína lenti í kjölfar aukinna niðurgreiðslna og innflutningshafta**

Viðbrögð Argentínumanna við breyttum tímum voru að setja á innflutningshöft og niðurgreiða útflutning landbúnaðarvara, nokkuð sem þeir hefðu betur látið ógert. Argentínskt athafnalíf hefur síðan einkennst af uppdráttarsýki sem rekja má til verndarstefnunnar og landsframleiðsla hefur staðnað. Efnahagsleg velmegun er nú óralangt frá því að líkjast því sem tíðkaðist í löndunum sem Argentínu var líkt við í upphafi síðustu aldar.

Það er óþarfi að tíunda að margar þjóðir rómönsku Ameríku nutu takmarkaðs lánstraust á alþjóðamörkuðum við upphaf tíunda áratugarins en vantaði hins vegar sárlega framkvæmdafé, sem er óheppileg blanda. Argentína var þar engin undantekning. Skattstofnar landsins eru ákvaflega kvikir - auk þess sem skattsvik og undanskot eru regla þar á bæ frekar en undantekning. Í byrjun tíunda áratugarins freistuðu stjórnvöld landsins þess að fjármagna útgjöld ríkisins með peningaprentun og verðbólguskatti, sem leiddi til Ísland og alþjóðaviðskipti óðaverðbólgu og lífskjörum hrakaði ár frá ári.

.Vín- og kjötútflutningur Argentínumanna á í samkeppni við útflutning Brasilíu og Chile á alþjóðamarkaði og ráðstafanir sem gerðar voru á gengisfyrirkomulagi þessara landa í kjölfar gjaldmiðlakreppunnar árið 1999 juku enn á vanda Argentínu. Meðal annars má rekja skipbrot Mercosurviðskip tabandalagsins til óánægju ráðamanna í Argentínu með þá ráðstöfun Brasilí að láta gengi realsins fljóta á gjaldeyrismarkaði, en það hjó enn í knérunn argentínsks útflutnings á erlendum mörkuðum.

Og enn syrti í álinn: árið 2001 tóku erlendir lánardrottnar að heimta stöðugt hærri vexti af lánum Argentínumanna af ótta við að illa færi og að lokum drógu þeir að sér hendur í útlánum til landsins af ótta við algert hrun efnahagslífssins. Eðli máls samkvæmt leiddu þessi sinnaskipti til fjárþurrðar hjá hinu opinbera auk þess sem fyrirtæki landsins gátu ekki fleytt sér yfir erfitt tímabil með erlendri lántöku. Ári síðar var Argentína að þrotum komin - landið rambaði á barmi gjaldþrots, sem stjórnvöld lýstu opinberlega yfir í desembermánuði 2002. Síðasta erlenda lán til Argentínumanna (sem var frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum) var veitt í september 2002 eftir að fjármálaráðherra landsins hafði beitt fyrir sig hrakspám um að lýðræði í álfunni væri á undanhaldi, til að villa um fyrir Paul O'Neill í bandaríska fjármálaráðuneytinu. Í lok árs 2002 komst argentíska ríkið að lokum í þrot og kynntur var til sögunnar fjöldi efnahagsaðgerða sem einkenndust af úrræðaleysi og lýðskrumi.



**SJÁLFSHJÁLP** Frjáls viðskipti kynnu að hafa mun betri áhrif á efnahag fátækra ríkja en þróunaraðstoð.

## Sanngjörn viðskipti – eða frjáls viðskipti?

Á síðustu árum hefur umræða um sanngjörn viðskipti (e. fair trade) farið vaxandi á kostnað umræðunnar um frjáls viðskipti (e. free trade). Fæstir gera nokkurn greinarmun á hugtökunum tveimur og slá þeim jafnvel saman! Þannig eru neytendur hvattir til að kaupa kaffibaunir frá litlum framleiðendum til að styðja við bakið á sanngjörnum viðskiptum í stað þess að fá nýmalaðar baunir úr kvörnum alþjóðafyrirtækja, jafnvel þótt fyrrnefnda kaffið sé dýrara fyrir neytendur og jafnvel af lakari gæðum.

Hugsanavillan í þessari röksemd er síður en svo augljós: stórir framleiðendur eru skilvirkir og greiða hæfu vinnuafli hærri laun en óskilvirkir framleiðendur. Ef smáir framleiðendur væru skilvirkir í framleiðslu sinni fengju þeir greitt samkvæmt framleiðni sinni.

Sökum þessa er skynsamlegast fyrir þá Vesturlandabúa sem vilja auka hag þeirra verst settu að beina viðskiptum sínum í þá átt þar sem framleiðnivöxtur er líklegastur enda munu laun verkamanna hækka samfara aukinni framleiðni þeirra.

**Úr skýrslu hagfræðinganna um G10 sem unnin var fyrir RSE**


MARKAÐURINN
ÁRIÐ GERT UPP!



**AUGLÝSENDUR ATHUGIÐ**
**MARKAÐURINN** 28. desember verður sérstaklega spennandi blað.

Helstu forkólfar viðskiptalífsins fara yfir árið 2005 og horfa til þess næsta. Maður ársins og bestu viðskiptin valin, samkvæmt leynilegri kosningu meðal sérfróðra manna úr viðskiptalífinu.

Þetta er frábært tækifæri fyrir auglýsendur til að ná til lesenda Markaðsins, en samkvæmt nýjustu fjömiðlakönnun Gallup er Markaðurinn mest lesna viðskiptablaðið á Íslandi.

**Áhugasamir hafið samband** við Jónínu Pálsdóttir í síma 550 5817 netfang jonina.palsdottir@365.is eða Ingibjörgu Gísladóttir í síma 550 5827 netfang ingibjorg.gisladottir@365.is

**Markaðurinn kemur út með Fréttablaðinu alla miðvikudaga í 107.000 eintökum um allt land.**




Lestur **25-54** ára stjórnenda, atvinnurekenda, sérfræðinga, skrifstofufólks og fagfólks hjá hinu opinbera. Skv. fjölmiðlakönnun Gallup, okt. 2005.




**-mest lesna viðskiptablaðið**

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Heimsborgarar versla í heimabyggð

Þegar verslunarferðir Íslendinga hófust með bravúr fyrir nokkrum árum brugðust verslunarmenn við með því að verja vígið.

Auglýsingaherferð var sett af stað undir slagorðinu: Verslum í heimabyggð.

Nú fer það nokkuð eftir því hvernig menn skilgreina sig hvar blessuð heimabyggðin er. Þannig fréttist af Jóni Ólafssyni sem nýkominn er út á bók, þar sem hann var í jólagjafaleiðangri í New York. Sindri Sindrason var í Kaupmannahöfn, eins og frægt varð.

Íslendingar hafa smátt og smátt verið að sogast inn í heim alþjóðaviðskipta og spurningin er hvort við séum ekki bara orðnir svo miklir heimsborgarar að heimabyggðin sé jafnt í Súdan og Grímsnesinu.

## Báðir í framlínunni

Avion Group fer á markað í næsta mánuði og fylgjast margir spenntir með. Stærsti hluthafinn í Avion er eignarhaldsfélagið Frontline Holding sem er að öllu leyti í eigu Magnúsar Þorsteinssonar, stjórnarformanns Avion, eins af auðugustu mönnum landsins. Olíuflutningafélagið Frontline er einnig til í Noregi en það er að mestu leyti í eigu ríkasta manns Noregs, John Fredriksen, sem hefur auðgast gríðarlega á hækkun olíuverðs og hlutabréfaverðs í Noregi. Eignir hans eru metnar á 350 milljarða króna og á því Magnús eflaust langt í land að ná Norðmanninum.

## Draugur í draug

Arev, fyrirtæki Jóns Scheving Thorsteinsson, fer ekki hátt, enda sennilega lítill vilji til þess.

Fyrir utan að stjórnandi fyrirtækisins er hæglátur maður er fyrirtækið að kaupa og selja bréf á breska markaðnum þar sem menn hafa greint tækifæri. Of miklar spurnir af slíkum viðskiptum gera því lítið annað en að spilla fyrir. Það má því segja að með þátttöku í kaupum á Ghost hafi draugur verið að kaupa í draugi.

**2** Hagnaður Avion tvöfaldast á milli ára.

**45** Meðalverð á sérbýlum á Reykjavíkursvæðinu er 45 milljónir.

**0,01** Tekjuútsvar lækkar um 0,01 prósent á Seltjarnarnesi.





„Ég verð aldrei neitt án þín.“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

**Íslendingar** sem eyða jólunum einir í öðrum löndum fá oft tölverða heimþrá á jólunum. Það getur verið mikils virði fyrir þá að fá símtal frá ættingjum og vinum á aðfangadag þó að það sé ekki langt.





Á aðfangadag á Kanaríeyjum árið 2003. Á myndinni er Ella með gríslingunum sínum, Kristó og Jóhönnu, og Gulla bróður Ellu.



Ella ætlar vera á Kanaríeyjum um jólin.

# Sleppur við jólageðveikina á Kanaríeyjum

***Ella ætlar að fara til Kanaríeyja um jólin með börnum sínum tveimur. Hún sleppir öllum gjöfum og ætlar að vera úti í heilan mánuð.***

Hárgreiðslukonan Ella á Hár Expo er ekkert sértaklega mikið jólabarn og lítið fyrir skammdegið. Hún ætlar því að halda til heitari landa um jólin eins og fjölmargir aðrir Íslendingar. „Þetta er í fyrsta lagi til að sleppa við alla jólageðveikina en líka til að losna við skammdegið og kuldann. Ég er voðalega lítil vetrarmanneskja. Ég fer með gríslingana mína tvo sem eru að verða fimm og tíu ára. Þeim finnst þetta æðislegt og monta sig mikið við vini sína.“

Þetta er í annað skiptið sem fjölskyldan fer til Kanaríeyja en þau fóru líka árið 2003. „Ætli maður sé ekki bara búinn að gera það að hefð að fara út annað hvert ár. Það er náttúrulega ekkert sérstaklega jólalegt úti á Kanarí en þetta er samt sem áður yndislegur tími. Við höldum ekki upp á aðfangadagskvöld og borðum engan jólamat. Ég gef börnunum samt jólapakka og við förum út að borða.“

Ella hefur unnið myrkranna á milli síðustu vikur enda vilja allir láta klippa sig fyrir jólin. Hún vinnur til sjö, átta á kvöldin og því var erfitt að ná tali af henni. „Við sleppum öllum jólagjöfum. Ég gaf reyndar jólakort síðast en hef engan tíma til þess í þetta skiptið. Við förum út 20. desember og verðum í heilan mánuð. Við vorum í þrjár vikur síðast og ég var eiginlega í fýlu heilan mánuð á eftir því mig langaði ekkert heim,“ segir Ella hlæjandi.

Á áramótunum ætlar fjölskyldan að fara í verslunarmiðstöðina Júmbósenter en þar er svaka fjör. „Þangað safnast allir Íslendingarnir saman og síðan er haldin fimm mínútna flugeldasýning. Það er ekki leyfilegt að vera sjálfur með flugelda en á svarta markaðinum eru einhverjir gaurar að selja blys sem ég get keypt fyrir krakkana.“

Það leynir sér ekki að Ella er orðin mjög spennt yfir ferðinni. „Þetta verður algjör afslöppunarferð. Við ætlum bara að leika okkur, fara í tívolí og út að borða og njóta lífsins,“ segir Ella hress í bragði.

mariathora@frettabladid.is

# GPS á íslensku

***Ferðafólk tekur íslensku GPS tæki fagnandi.***

Fyrirtækið AMG Aukaraf í Kópavogi hefur hafið sölu á GPS staðsetningatækjum með íslensku notendaviðmóti sem er hannað af starfsmönnum fyritækisins.

„Hugmyndin er búin að vera til lengi. Við höfum verið að selja GPS tæki síðan 1997,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson, framkvæmdastjóri AMG Aukaraf. „Við urðum varir við að helmingur þeirra sem eiga svona tæki kunnu ekki á þau og notuðu þau því ekki. Þar ofan á bætist fjöldi fólks sem hefur lært á tækin en nota þau svo sjaldan að kunnáttan dettur niður á milli. Því fengum við þá hugmynd að íslenska tækin og gerðum það í sambandi við þriðja aðila.“

Nú þegar eru þrjú Magellan GPS tæki til sölu hjá Ásgeiri og félögum með íslenskum hugbúnaði. Snemma á næsta ári verður svo hægt að fá uppfærslu í önnur Magellan tæki hjá þeim og íslenska þannig eldri tæki. „Við vildum gera notkun þessara tækja einfaldari. Við finnum það sjálfir að okkur er eðlislægara að nota tækin á íslensku en ensku og ferðafólk hefur tekið þessu mjög vel. Fólk hefur verið að rugla saman skammstöfunum og heitum á ensku en okkur sýnist að það sé ómögulegt á íslensku,“ segir Ásgeir.

Þrátt fyrir mikla vinnu hafa tækin ekki hækkað í verði við að vera íslenskuð. Það er því engin ástæða til að fá sér ekki GPS tæki á íslensku og skilja loksins öll þessi skrítnu orð sem fylla skjáinn á svona tækjum þegar maður þarf mest á þeim að halda.



GPS tæki með íslenskum hugbúnaði.







## ferðir }



## Ferðaáætlun 2006

BÆKLINGUR ÚTIVISTAR KOMINN ÚT.

Ferðaáætlun Útivistar fyrir árið 2006 er komin út og má nálgast hana hjá Útivist og víðar. Alls eru 182 ferðir í áætluninni. Margar áhugaverðar ferðir eru í boði á næsta ári meðal annars ferð á Tröllaskaga, fjallahjólaferð að Fjallabaki, bakpokaferð upp með Jökulsá á Fljótsdal og Kelduá og einnig er áætlað að fara í sex daga skíðagönguferð á Vatnajökul. Mikið úrval er af dagsferðum og eitthvað um jeppaferðir sem njóta vaxandi vinsælda. Útivistarunnendur ættu því að kynna sér dagskrána vel fyrir komandi ferðaár.

## Áramótaferð

ÁRLEGT ÁRAMÓTAFJÖR Í ÞÓRSMÖRK.

Útivist heldur sitt árlega áramótafjör á fjöllum. Lagt verður af stað frá BSÍ klukkan átta að morgni þrítugasta desember. Haldið verður í Bása í Þórsmörk þar sem ferðalangar verða umkringdir fönnum og fellum með alls kyns furðum, troðfullum af litlu og stóru fólki. Í ferðinni verður sungið, dansað og leikið á hljóðfæri svo ekki sé talað um þá mögnuðu stemningu sem álfabrenna og flugeldar ná í umgjörð náttúrunnar. Fyrir ferðinni fer Ingibjörg Eiríksdóttir en sérstakur tónlistarstjóri er Sigurður Úlfarsson. Áhugasamir ferðalangar eru hvattir til að skrá sig sem fyrst.






Hér sést miðpunktur Íslands sem er norðan við Hofsjökul en þar er maður svo sannanlega umvafinn Íslandi. LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

# Miðpunktur Íslands fundinn

***Landmælingar Íslands tóku sig til og reiknuðu út miðju landsins sem hefur verið staðsett norðan Hofsjökuls.***

Margir hafa velt fyrir sér í gegnum aldirnar hver miðja Íslands sé. Nú er þeim aldalöngu vangaveltum hér með lokið þar sem nýjasta tækni hefur gert mögulegt að reikna út hvar miðjan er.

Með því að nota strandlínu IS 50V gagnagrunnsins gátu Landmælingar látið kortahugbúnað stofnunarinnar finna miðpunkt landsins. Eyjar landsins voru ekki teknar með í útreikningnum en reiknað var út að punkturinn hafi staðsetninguna 64°59‘11.4“ N og 18°35‘12.0“ V, eða 519507m A og 498558m N í ISN93 Lambert-vörpun. Á mannamáli þýðir það að miðpunktur landsins sé skammt norðan við Hofsjökul, austan undir Illviðrahnjúkum.

Meðfylgjandi er mynd af miðpunktinum á korti sem fengið var hjá Landmælingum Íslands sem sýnir svo ekki er um villst að miðjan er fundin, aldalöngu deilumáli lokið og spekingar geta andað léttar hvoru megin miðjunnar sem þeir eru staddir.

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Hyundai Santa Fe nýskr. 03/'03, bsk. ek. 41 þús. km. Verð 1.990.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.2 nýskr. 05/'02, bsk. ek. 81 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 650.000 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 05/'00, ssk. Ek. 101 þús. km. Verð 1.920.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 05/'98, ssk. Ek. 114 þús. km. Verð 480.000. Tilboð 320.000 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano Luxury nýskr. 07/'04, ssk. Ek. 33 þús. km. Verð 3.650.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Outback nýskr. 11/'99, ssk. Ek. 117 þús. km. Verð 1.420.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Land Rover Freelander nýskr. 06/'01, bsk. ek. 77 þús. km. Verð 1.370.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Volkswagen Golf 1.6 nýskr. 01/'04, bsk. ek. 50 þús. km. Verð 1.890.000. Tilboð 1.670.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6GL nýskr. 09/'99, bsk. ek. 106 þús. km. Verð 720.000. Tilboð 580.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Laguna nýskr. 05/'05, ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 2.590.000. Tilboð 2.420.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Vanette nýskr. 09/'03, bsk. ek. 48 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Wagon LUX nýskr. 03/'05, ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 2.720.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy GL nýskr. 12/'04, ssk. Ek. 16 þús. km. Verð 2.080.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chevrolet Silverado 1500 4wd Crew Cab Z71 nýskr. 12/'04, ssk. Ek. 9 þús. km. Verð 4.180.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Subaru Impreza LX nýskr. 09/'00, bsk. ek. 89 þús. km. Verð 750.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Zafira Comfort nýskr. 04/'00, bsk. ek. 122 þús. km. Verð 990.000. Tilboð 790.000 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Outback nýskr. 01/'01, ssk. Ek. 180 þús. km. Verð 860.000. Tilboð 680.000 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Skoda Octavia 1.8 Turbo nýskr. 07/'04, bsk. ek. 41 þús. km. Verð 1.820.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Galloper Galloper nýskr. 05/'99, bsk. ek. 109 þús. km. Verð 840.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota RAV4 nýskr. 03/'03, bsk. Ek. 46 þús. km. Verð 1.660.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



KIA Sportage nýskr. 10/'99, ssk. Ek. 104 þús. km. Verð 860.000. Tilboð 680.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 03/'02, ssk. Ek. 86 þús. km. Verð 2.590.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Outback 2.5 A/T nýskr. 09/'05, ssk. Ek. 2 þús. km. Verð 3.290.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.2 nýskr. 04/'01, bsk. ek. 110 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 480.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan X-Trail Comfort nýskr. 04/'03, bsk. ek. 59 þús. km. Verð 1.840.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Forester CS nýskr. 06/'98, ssk. Ek. 107 þús. km. Verð 820.000. Tilboð 620.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volvo V40 nýskr. 07/'99, bsk. ek. 110 þús. km. Verð 790.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.4 nýskr. 05/'98, bsk. ek. 99 þús. km. Verð 350.000. Tilboð 240.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Opel Vectra Elegance nýskr. 08/'02, bsk. ek. 55 þús. km. Verð 1.290.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 12/'04, bsk. ek. 20 þús. km. Verð 1.600.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Bora nýskr. 07/'02, bsk. ek. 43 þús. km. Verð 1.350.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza GL nýskr. 05/'96, ssk. Ek. 72 þús. km. Verð 480.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Lexus IS200 nýskr. 11/'01, ssk. Ek. 75 þús. km. Verð 1.890.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 05/'99 bsk. ek. 150 þús.km. Verð 1.520.000. Tilboð 1.270.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Jeep Cherokee nýskr. 08/'98, bsk. ek. 110 þús. km. Verð 880.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

Ingvar Helgason Notaðir bílar



Subaru Impreza GX nýskr. 11/'02, bsk. ek. 23 þús. km. Verð 1.350.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 05/'00, bsk. ek. 103 þús. km. Verð 750.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Passat nýskr. 06/'99, ssk. Ek. 91 þús. km. Verð 980.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Grand Vitara XL-7 nýskr. 11/'03, bsk. ek. 39 þús. km. Verð 2.380.000. Tilboð 2.180.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



MMC Pajero GLS nýskr. 04/'02, ssk. Ek. 66 þús. km. Verð 3.160.000. Tilboð 2.790.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy Wagon nýskr. 03/'00, bsk. ek. 115 þús. km. Verð 1.060.000. Tilboð 890.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Murano nýskr. 06/'05, ssk. Ek. 6 þús. km. Verð 4.660.000. 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 · FM 98,9 Bylgjan · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Fartölvutilboð.
**Tæknival.is**

Landakort í tölvuna.
**Penninn-Eymundsson.**

Heilreykt gæsabringa.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Manchestervörur
**Ástund, Austurveri.**

Íslensk list fyrir alla.
**Gallerí List, Skipholti.**

Glerlist.is
**Gler-í-gegn**

Síðasti öruggi skiladagur á jólakortum og pökkum innanlands er miðvikudagurinn 21. desember. Komdu tímanlega.
**Pósturinn.**

Borðtölvutilboð.
**Tæknival.is**

Góðan daginn.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Jakkaföt.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Jólagjöfin hans.
**Vdo.is**

Jólin eru í Debehams
Fjöldi tilboða á báðum hæðum sem koma þér í jólaskap
**Debenhams, Smáralind.**

Ný sending, röndóttir treflar frá 1.990.
**Verslun Guðsteins Laugavegi.**

Íslenska úrið.
**Gilbert úrsmiður.**
**Laugavegi 62.**

Aigle fatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Fluguhnýtingasett í jólapakkann.
**Útilíf.**

Jólavörur, Jólaknöll.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

Fluguveiðiskóli, gjafabréf.
**Langa.is**

Gjafakörfur, gjafakort.
**Maður Lifandi.**

Öðruvísi blómaskreytingar.
**Blómaversktæði-Binna**

Sérhæfð smurþjónusta fyrir jeppaeigendur.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Klettháls 3.**

Ljósritunarvélar.
**Tæknival.is**

Hagkaup býður landsins mesta úrval kjötvöru-
**Hagkaup,**
þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að versla.

Allar erlendar plötur á 1.699 kr. til jóla.
**Hagkaup.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari, Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Bingó í kvöld. allir velkomnir.
**Vinabær.**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Lene-Bjere auglýsir!
Sloppar fyrir dömur og herra.
**Lene-Bjere Bæjarlind 6**

Ostakörfur.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Teinóttar buxnadragtir,
**hjá Hrafnhildi.**

Herðaslár,
**Eggert Feldskeri.**

Hensongallar.
**Ástund, Austurveri.**

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðjur?
Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
**Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.**

Mundu happdrættisgíróseðilinn.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarbúlla_Tómasar.**

Dagatalskubbar.
**Guðjón_Ó.**

Prentarar.
**Tæknival.is**

Gjafakort, vinsæl jólagjöf,
**hjá Hrafnhildi.**

Kjólar 3.990,
**Guts Laugavegi 72.**

Gæða reiðtygi.
**Ástund, Austurveri.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Lene-Bjere auglýsir!
Jólagjafir í úrvali.
**Lene-Bjerre Bæjarlind 6**

Mikið úrval sófasetta. Frábær gæði á frábæru verði.
**Gallerí húsgögn, Dalvegi 18.**

Atson auglýsir. Ókeypis nafngylling fyrlgir Atson-seðalaveskjum.
**Atson, Brautarholti.**

Tilboðsverð á jólabókum.
**Bóksala stúdenta.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

boksala.is: Þægileg vefbókabúð.
**boksala.is**

Kortadiskur Landmælinga.
**Penninn-Eymundsson.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
**Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.**

Kauptu jólabækurnar á vefnum.
**boksala.is**

Leðurjakkar.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Hátíðarfatnaður.
**Laxdal Laugavegi.**

Við sendum þér jólabækurnar.
**boksala.is**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

AIGLE dúnkápur.
**Ástund, Austurveri.**

Jólagjöf hestamannsins.
**Ástund, Austurveri.**

Gæða hnakkar.
**Ástund, Auturveri**

Jazzfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Skemmtum okkur saman á skíðum í Tindastól.
**Árbær, skagafjordur.is**

Skíði í jólapakkann.
**Útilíf.**

Harðir pakkar.
**0Tæknival.is**

Peysur.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Vertu þú sjálf. Vertu Belladonna.

Eldsteikt er ekta. Bíómiði á myndina Draumalandið fylgir með kaupum á barnaboxum á Burger King fram að jólum, eða á meðan birgðir endast.
**Burger King.**

Álfelgur. Mikið úrval.
**Vdo.is**

Listmálaratrönur.
**Penninn Hallarmúla.**

Myndavélar.
**Tæknival.is**

Flottar buxur,
**Guts Laugavegi 72.**

Náttfötin fyrir hana frá Vanity-Fair.
**Ynja Hamraborg.**

Vetrarúlpur, ullarkápur,
**hjá Hrafnhildi.**

Góð hugmynd fyrir jólasveininn.
**Esso-stöðvarnar.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Ítalskar sparidragtir,
**hjá Hrafnhildi.**

Vantar þig jólafötin,
**Guts, Laugavegi 72.**

Löng, flott hálsmen og krossar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Vertu Belladonna um jólin.

Bingó í kvöld.
**Vinabær.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Dregið aðfangadag, glæsilegir vinningar. Greiðslukortaþjónusta.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, glóðasteiktir bulluborgarar.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Förðun og snyrtivörur.
**Maddina Laugavegi.**

Nýi kortadiskur Landmælinga fæst hjá okkur.
**Penninn-Eymundsson.**

Silkipeysur, hjá Hrafnhildi.

Kínaskór. Allar stærðir.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Bingó í kvöld kl. 19:15.
**Vinabær, Skipholti 33**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Ítölsk Panitone jólakaka.
**Ostabúðin skólavörðustíg**

Alvöru bensínbílar fyrir stóra stráka.
**Vdo.is**

Vandaðar ullarkápur,
**hjá Hrafnhildi.**

Stuttfrakkar.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Stakir jakkar.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Sérhannaður jeppa- og vélasleðagalli, jakki og buxur, á jólatilboði 18.600 kr.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Klettháls 3.**

Lene-Bjere auglýsir!
Dúkar í miklu úrvali.
**Lene-Bjere Bæjarlind 6**

Atson auglýsir fyrir dömur:
Hand- snyrti- og loðtöskur.
Opið til 20.
**Atson, Brautarholti.**

Reiðfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Allar gerðir hjálma
**Vdo.is**

Flauelsbuxur.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Stakar buxur.
Herrafataverslun Birgis.
Opið til 22.

Fjölbreytt úrval.
**Gler-í-gegn.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði.
Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Sælkerakörfur.
**Ostabúðin Skólavörðustíg**

Sparijakkar, sparipils,
**hjá Hrafnhildi.**

Hamborgarabúlla_Tómasar. Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Kasmírpeysur.
**Laxdal Laugavegi.**

Opið til átta,
**hjá Hrafnhildi.**

Balletvörur
**Ástund, Austurveri.**

Öðruvísi Vínartónleikar 8. janúar.
**Íslenska Óperan.**

Alpahúfurnar fást í Skarthúsinu, Laugavegi.

Húfur, vettlingar og treflar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

## KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra þvísamkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.


**Eignamiðlun Suðurnesja**
Sigurður V. Ragnarsson
löggiltur fasteignasali

**Hafnargötu 20**
**230 Keflavík**
**Sími 421 1700**
**Sími 426 7711**
**www.es.is**



**Glæsivellir 8, Grindavík**
Stórglæsilegt og vandað 215,1 ferm. einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 35,5 ferm. bílskúr. Mikill íburður í húsinu og allur frágangur fyrsta flokks. Innkeyrsla hellulögð með snjóbræðslukerfi. Stór sólpallur með heitum potti. **Verð: 50.000.000,-**



**Iðavellir 12, Grindavík**
Fallegt parhús 113,5 ferm. ásamt 36,1 ferm. bílskúr. spónlagðar.Í eldhúsi er innrétting úr spónlagðri eik, mjög vönduð, flísar á milli skápa, ofn, helluborð og vifta, flísar á gólfi. Á baði er innrétting, veggir og gólf flísalagt. Parket á gólfi í stofu og herb.. Lofthæðin í stofum og eldhúsi er látin halda sér. Sólpallur m. heitum potti. **Verð: 25.500.000,-**



**Glæsivellir 16b, Grindavík**
Mjög gott parhús 109,6 ferm. ásamt 25 ferm. bílskúr. 3 svefnherb. Nýlegt parket á stofu, holi og gangi. Innan gengt úr þvottahúsi í bílskúr. Bílskúr er með 25 ferm. millilofti. Búið að steypa grunn fyrir sólstofu. **Verð: 22.000.000,-**



**Efstahraun 7, Grindavík**
Gott 144,7 ferm. einbýlishús ásamt 42,1 ferm. bílskúr. 4 svefnherb. Parket á gólfum í stofum og gangi. Nýjar neysluvatnslagnir. Forhitari. Nýlegur þakkantur og þak. Góður staður. **Verð: 28.500.000,-**

Frum



**Heiðarhraun 1, Grindavík**
Gott einbýlishús 122 ferm ásamt 41,6 ferm. bílskúr. Húsið skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, bað, þvottaherb og geymslu. Í eldhúsi er ný spónlögð eldhúsinnrétting , mjög falleg, nýjar flísar á gólfii, nýr ofn, helluborð og vifta. Á baklóð er sólpallur. Góður staður. **Verð: 26.000.000,-**



**Staðarhraun 24B, Grindavík**
Glæsileg 124,8 ferm. íbúð í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, bað, 3 svefnherb. þvottaherb. Innrétting í eldhúsi og baði úr kirsuberjavið, einnig hurðir og skápar. Parket á stofu og herb. en flísar á eldhúsi, baði , gangi og forstofu. **Verð: 19.200.000,-**



**Baðsvellir 9, Grindavík**
Fallegt einbýlishús 146 ferm. ásamt 51,5 ferm. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, stóra stofu, borðstofu, hol 3 svefnherb. þvottherb. eldhús og bað. Byggð var við húsið ný forstofa 1998. Nýlegt járn á þaki á bílskúr. Ræktuð og snyrtileg lóð. Sólpallur. Mjög góður staður. **Verð: 28.600.000,-**



**Skipastígur 20, Grindavík**
Nýlegt raðhús ásamt bílskúr. Húsið er 103,8 ferm og bílskúr 23,2 ferm. Húsið skiptist í stofu, eldhús, bað og 3 svefnherb. Allar innréttingar, hurðir og skápar úr rauðeik. Parket á stofu, hol og herb. Flísar á eldhúsi og forstofu. Innangengt er úr forstofu í bílskúr. Bílskúr er flísalagður. Mjög falleg eign. Afhending í byrjun júní 2006. **Verð: 21.900.000,-**



**Blómsturvellir 2, Grindavík**
Mjög vandað einbýlishús 140,4 ferm. ásamt 36 ferm. bílskúr. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Góð verönd með heitum potti. Hlaðið útgrill með þaki. Innkeyrsla er hellulögð. **Verð: 28.900.000,-**

# UPPÁHALDSSTAÐUR

## *Ótal margir uppáhaldsstaðir*

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur á sér svo marga uppáhaldsstaði að hann þarf aðeins að hugsa sig um áður en hann svarar.

„Veistu, þeir eru svo margir að ég get bara ekki gert upp á milli þeirra,“ segir Árni. „En ætli það séu þá ekki Kerlingarfjöllin og svæðið undir Snæfellsjökli. Ef ég ætti að svara hvaða borg sé uppáhaldsborgin mín, þá er það Prag, eða kannski Berlín. Og uppáhaldsveitingastaðurinn minn er barinn á Naustinu eins og hann var á sjöunda áratugnum.“


ÁRNI BJÖRNSSON

# SJÓNARHORN


ÞAÐ ER KOMIN VETRARTÍÐ. FRÉTTABLAÐIÐ/e. ÓL.

## VISSIR ÞÚ

...að Jón Páll Sigmarsson er að mati Íslendinga fremsti afreksmaður okkar?

...að Jón Páll er fæddur 28. apríl 1960?

...að hann var 192 cm á hæð?

...að Jón Páll keppti í fyrsta sinn á kraftlyftingamóti 18 ára gamall?

...að hann keppti í 110 kg flokki og vann gullverðlaun?

...að síðar á sama ári vann hann til verðlauna á unglingameistaramóti Íslands?

...að Jón Páll vann til þrenna silfurverðlauna á Evrópumótum í lyftingum?

...að Jón Páll vann Norðurlandamótið fyrst aðeins tvítugur að aldri?

...að Jón Páll vann brons á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum árið 1980?

...að Jón Páll var kosinn Íþróttamaður Íslands árið 1981?

...að fyrsta aflraunamót Jón Páls var alþjóðlega mótið „Víkingur´82“ í Svíþjóð?

...að í kjölfarið var Jóni Páli boðið að taka þátt í Sterkasta manni heims 1983? Þá hafnaði hann í örðu sæti, einu stigi á eftir Bretanum Capes.

...að 1984 varð Jón Páll sterkasti maður heims?

... að Jón Páll vann titilinn Sterkasti maður heims alls 4 sinnum?

...að árið 1987 var haldin keppnin „Sterkasti maður allra tíma?“

...að þá keppni vann Jón Páll eftir harða keppni við Kastmaier?

...að þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál?






# Íslenska velferðarkerfið stórskemmt

**UMRÆÐAN**
KJÖR ALDRAÐRA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Nýlega ritaði ég blaðagrein um málefni eldri borgara og skýrði frá því, að Ísland væri mörgum áratugum á eftir hinum Norðurlöndunum að því er varðaði aðbúnað og kjör eldri borgara. Vitnaði ég í því sambandi í athuganir, sem samtök eldri borgara hafa gert á málinu. Fyrir skömmu kom út skýrsla frá Stefáni Ólafssyni prófessor um stöðu öryrkja hér á landi í alþjóðlegu samhengi. Sú skýrsla leiddi í ljós, að öryrkjar hér á landi standa langt að baki öryrkjum á hinum Norðurlöndunum og í flestum löndum OECD að því er varðar greiðslu lífeyris og framfærslueyris til öryrkja. Á sviði þessara mála er Ísland á bekk með þeim löndum Evópu sem eru á botninum að því er varðar kjör öryrkja, þ.e. með Tyrklandi og Miðjarðarhafslöndum!

Alþýðuflokkurinn kom alþýðutryggingum á 1936 og almannatryggingum 1945. Eftir lögfestingu almannatrygginganna, sem fólu í sér miklar umbætur á íslenska tryggingakerfinu, var Ísland í fremstu röð á þessu sviði í heiminum. En svo er ekki í dag. Ísland getur ekki eins og áður státað af því að vera með eitt besta kerfi almannatrygginga í heiminum. Það er búið að stórskemma almannatryggingarnar á Íslandi í tíð núverandi ríkisstjórnar og í valdatíð þeirra stjórnarflokka, sem standa að ríkisstjórninni. Alls konar tekjutengingar skerða bætur mikið. En mestu tjóni veldur sú ráðstöfun stjórnvalda 1995, að skera á sjálfvirk tengsl milli lífeyris aldraðra og öryrkja og lágmarkslauna launþega á almennum vinnumarkaði. Fram að þeim tíma hækkaði lífeyrir umræddra hópa sjálfvirkt, þegar lágmarkslaun hækkuðu. Skorið var á þessi tengsl. En um leið lýsti þáverandi forsætisráðherra því yfir, að þessi breyting mundi ekki skerða kjör aldraðra og öryrkja. Trygging aldraðra og öryrkja yrði tvöföld: Miðað yrði bæði við hækkun launa og verðlags, þegar lífeyrir umræddra hópa yrði ákveðinn ( hækkaður). Þetta var svikið. Eins og samtök aldraðra hafa bent á hefur lífeyrir aldraðra (og öryrkja) dregist mikið aftur úr í launaþróuninni síðastliðin 11 ár.

Ég hefi bent á það í blaðagreinum, að ef sjálfvirku tengslin hefðu haldist eða ef stjórnvöld hefðu staðið við fyrirheitið um að skerða ekki kjör aldraðra í kjölfar breytingarinnar 1995 þá hefðu aldraðir fengið 40 milljörðum kr. meira í lífeyri síðastliðin 11 ár en þeir hafa fengið. Stjórnvöld hafa því haft af öldruðum 40 milljarða síðastliðin 11 ár. Ríkisstjórnin skuldar því öldruðum mikla fjármuni. Aldraðir hefðu átt að fá meginhlutann af Símapeningunum en þeir fengu ekki eina krónu. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bæta öldruðum þennan skaða? Í því efni duga engir smáaurar. Það dugar ekki að sletta í aldraða nokkrum krónum eins og gert var með samkomulaginu við þá í nóvember 2002. Það verður að rétta hag aldraðra myndarlega. Landssamband eldri borgara vill að lífeyrir aldraðra frá Tryggingastofnun verði hækkaður um 17 þús. kr. á mánuði. Það er algert lágmark. Í raun þyrfti að hækka hann mikið meira vegna mikillar

## AF NETINU

### Vaxandi ólga

Vaxandi ólga og er innan stjórnarflokkanna um stöðu Íbúðalánasjóðs og framtíðarhlutverk. Hér er greinilega um að ræða tifandi tímasprengju, sem ekki er á þessu augnabliki séð hvernig hægt verður að aftengja. Líkur eru á því að til þess að svo verði þá verði það framsóknarmenn með félagsmálaráðherra í broddi fylkingar sem verði beygðir. Greinilegt er að þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja loka Íbúðalánasjóði strax á morgun, en flestir framsóknarmenn vilja að Íbúðalánasjóður starfi áfram. Óljóst er þó með formann flokksins og forsætisráðherra sem vafalítið er undir miklum þrýstingi samstarfsflokksins og frá aðilum innan bankakerfisins að leggja Íbúðalánasjóð niður a.m.k. í núverandi mynd.

**Jóhanna Sigurðardóttir á althingi.is/johanna**

### Tóm leiðindi

Uppeldisfræðimenntaðir leikskólakennarar banna okkur að slást og kenna okkur kynjafræði. Búið er að byrgja alla brunni, loka öllum fjörum og flytja alla slippi til Póllands. Sportið er skipulagt af ríkisstyrktum hreyfingum og afþreying felst í berrössuðum blökkukonum á popptíví, löngu áður en við áttum okkur á gildi fagurs bossa. Í grunnskóla taka við starfsdagar og lúsakambar. Allir kennarar eru með réttindi og leiðindi. Engin leiðbeinandi eða fyrirmynd. Miða skal að samræmdum prófum til að komast í samræmdan menntaskóla sem skilar mönnum í metnaðarfullt og praktískt háskólanám.

**Ásgeir Helgi Reykjfjörð Gylfason á deiglan.com**

### Nýr forseti Bolivíu

Morales er fyrsti frumbygginn sem kjörinn er í embætti forseta í Suður-Ameríku. Hann ólst upp í sárri fátækt í Andesfjöllum og aðeins tvö af sex systkinum hans komust á legg. Morales haslaði sér völl í bólivískum stjórnmálum sem leiðtogi kókabænda og átti stóran þátt í stofnun Sósíalistaflokksins þar í landi. Bólivía bætist nú í hóp Brasilíu, Argentínu, Uruguay og Venezúela þar sem vinstrimenn hafa náð kjöri til forseta á síðustu árum. Einhverjir myndu einnig telja Chile eiga þar heima þrátt fyrir að litlar breytingar hafi orðið á hagkerfi þess í forsetatíð Ricardo Lagos og lítil von á slíku frá hendi næsta forseta landsins

**SH á murinn.is**

### Skaðar flokkinn

Ég hef einu sinni heyrt Steinunni Valdís halda ræðu. Og gerði hún það svo framúrskarandi vel þannig að ég hef verið skotinn í Steinunni svona pólitískt síðan. En Stefán Jón hefur gegnið með borgarstjórann í maganum lengi, og ekki mikið við því að segja. En að standa í margrar mánaða kosningabaráttu eru allveg út í hött og skaðar einungis flokkinn.

**Sigurður H. Einarsson á sellan.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






**F. SCOTT FITZGERALD (1896-1940) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ekkert er jafn andstyggilegt og heppni annarra.“*

*F. Scott Fitzgerald er talinn einn besti bandaríski rithöfundurinn á 20. öld.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 21. DESEMBER 1958

# De Gaulle kosinn forseti



Á þessum degi árið 1958 var Charles de Gaulle kosinn forseti Frakklands með miklum meirihluta atkvæða. Í júní þetta ár hafði þessi stríðshetja úr seinni heimstyrjöldinni verið kölluð til að leiða landið meðan stóð á uppreisn og borgarstyrjöld í Alsír, en margir óttuðust að hún gæti leitt til þess að pólitískt jafnvægi í Frakklandi raskaðist.

De Gaulle var hershöfðingi í síðari heimsstyrjöldinni. Hann flúði til London árið 1940 þar sem hann skipulagði frjálsan her Frakka sem barðist víða. Í júní 1944 var hann gerður að leiðtoga frönsku útlagastjórnarinnar.

Í ágúst það ár, eftir innrás bandamanna í Frakkland, kom de Gaulle sigri hrósandi til Parísar. Í nóvember var hann kosinn forseti landsins til bráðabirgða en sagði af sér tveimur árum síðar og yfirgaf stjórnmálin 1953.

Árið 1958, þegar franskir landnemar höfu uppreisn í Alsír, var de Gaulle fenginn til að taka stöðu forseta enda þótti hann eini maðurinn hæfur til starfsins. Hann var gerður nokkurs konar einvaldur í hálft ár. Ný stjórnarskrá, runnin undan hans rifjum, var samþykkt í september og þann 21. desember var hann kosinn forseti fimmta lýðveldisins.

## MERKISATBURÐIR

**1952** Kveikt er á 15 metra háu jólatré á Austurvelli í Reykjavík. Þetta var fyrsta tréð sem Ósloarbúar gáfu Reykvíkingum.

**1968** Mannaða geimfarinu Apollo 8 er skotið á loft.

**1975** Sjakalinn fer fyrir áhlaupi hryðjuverkamanna á leiðtogafundi OPEC ríkjanna í Vín. Þrír látast og 63 eru teknir í gíslingu.

**1983** Fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Gerald Ford, leikur sjálfan sig í sápuóperunni Dynasty.

**1988** Hátt í 300 látast þegar flugvél Pan Am springur yfir Lockerbie í Skotlandi.

**1999** Þingsályktun um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun er samþykkt á Alþingi með 39 atkvæðum gegn 22.

---



*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Hulda Þorbjörnsdóttir**

lést á Hrafnistu Hafnafirði sunnudaginn 18. desember. Jarðaförin auglýst síðar.

**Börn, fósturbörn tengdabörn og barnabörn.**

---



*Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, umhyggju og einstakt vinarþel við andlát og útför okkar ástkæra*

**Karls Markúsar Bender**

verkfræðings, Freyjugötu 34 Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Hrafnhildur Ástþórsdóttir**
**Elín Sigríður Markúsdóttir**

---

*Elskulegur eiginmaður minn*

**Jónas Tryggvi Gunnarsson**

frá Vík, Kristnibraut 25 Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 19. desember.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Helga Árnadóttir**

---



*Við sendum hugheilar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og stuðning við fráfall og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Sóleyjar Þórarinsdóttur**

frá Suðureyri á Tálknafirði.

Einnig sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar Krabbameinsfélagsins. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Alúðarþakkir fyrir allt.

**Ólafur Magnússon og fjölskylda.**

---



**RÍKISÚTVARPIÐ** Reglulegar útsendingar þess hófust 21. desember 1930.

## RÍKISÚTVARPIÐ: ÚTSENDINGAR HÓFUST FYRIR 75 ÁRUM

# Eftirvæntingin var mikil

Reglubundnar útsendingar Ríkisútvarpsins hófust 21. desember 1930 og mörkuðu þáttaskil í menningarlífi þjóðarinnar. Áður hafði verið starfrækt lítil einkarekin útvarpsstöð á Íslandi en rekstur hennar fór í þrot. Eins og gefur að skilja fóru fram miklar umræður í þjóðlífinu áður en stofnað var til Ríkisútvarpsins og má segja að allar götur síðan hafi gustað um stofnunina, þó af mismiklum krafti.

Starf útvarpsstjóra var auglýst laust til umsóknar og sóttu tíu um. Var Jónas Þorbergsson ritstjóri Tímans ráðinn í starfið. Helgi Hjörvar var hins vegar fyrsti formaður útvarpsráðs. Ávarp sitt í fyrstu útsendingu Ríkisútvarpsins hóf Helgi á orðunum: „Það hefur varla verið beðið eftir öðru í meiri eftirvæntingu og með meiri vonarhug hér á landi heldur en þessari útvarpsstöð. Í þessum björtu vonum felst tvennt í senn: miklir möguleikar fyrir velgengni fyrirtækisins, en líka nokkur hætta. Því að björtustu vonirnar geta sjaldan rætzt. Hér hefur ekki verið byggð nein skýjaborg né draumahöll, heldur hversdagslegt steinsteypuhús, með rammaukn- um nýtízkuvélum, þar sem lífshætta er að ganga, ef einhver styður sínum minnsta fingri á skakkan stað.“



**JÓNAS ÞORBERGSSON** Fyrsti útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins.

Útvarp á Íslandi þótti merkilegt í flesta staði og ekki voru viðtæki til á öllum heimilum. Bar því við að fólk safnaðist saman heima hjá þeim sem áttu tæki til að hlýða á dagskrána. Sama var uppi á teningunum 36 árum síðar þegar Sjónvarpið hóf starfsemi.



**PÁLL MAGNÚSSON** Núverandi útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins.

Í fyrstu var aðeins útvarpað í um tvær klukkustundir á kvöldin en síðar hófust útsendingar á hádegi. Menningarefni af ýmsum toga var uppistaðan í dagskránni auk frétta.

Útvarpið var fyrst til húsa í Edinborgarhúsinu, Hafnarstræti 12, en fluttist fljótlega í Landssímahúsið við Austurvöll. Þar voru höfuðstöðvar Ríkisútvarpsins til 1959 er starfsemin fluttist að Skúlagötu 4. Útvarpið fluttist svo í núverandi húsakynni við Efstaleiti 1 á níunda áratug síðustu aldar.

Lengst af var aðeins útvarpað á einni rás en 1983 hófst útsending Rásar tvö. Við það hlaut „gamla Ríkisútvarpið“ viðurnefnið Rás eitt. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á háttum og lagi Ríkisútvarpsins og eru veigamestu breytingarnar fólgnar í því að stofnuninni verður breytt í hlutafélag.

Meðal heimilda: Útvarp Reykjavík, saga Ríkisútvarpsins 1930-1960 eftir Gunnar Stefánsson.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1879** Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna.

**1937** Jane Fonda, bandarísk leikkona.

**1940** Frank Zappa, bandarískur tónlistarmaður.

**1948** Samuel L. Jackson, bandarískur leikari.

**1959** Florence Griffith Joyner, bandarísk frjálsíþróttakona.

**1967** Mikhail Saakashvili, forseti Georgíu.

**1969** Julie Delpy, frönsk leikkona.

## AFMÆLI

**Örlygur Hálfdánarson** bókaútgefandi er 76 ára.

**Þorleifur Hauksson** íslenskufræðingur og þýðandi er 64 ára.

**Pétur Grétarsson** tónlistarmaður er 47 ára.

**Ásdís Olsen** dagskrárgerðarmaður er 43 ára.

**Ragnheiður Hanson** tónleikahaldari er 43 ára.

**Gísli Snær Erlingsson** kvikmyndagerðarmaður er 41 árs.

**Regína Ósk Óskarsdóttir** söngkona er 28 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

## ANDLÁT

**Ása Guðlaug Gísladóttir**, Fannafold 125a, Reykjavík, andaðist á líknardeild Landspítala, Landakoti, sunnudaginn 18. desember.

**Hulda Þorbjörnsdóttir**, lést á Hrafnistu Hafnarfirði, sunnudaginn 18. desember.

**Ingibjörg Stefánsdóttir**, Starengi 28, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sunnudaginn 18. desember.

**Jónas Tryggvi Gunnarsson** frá Vík, Kristnibraut 25, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 19. desember.

**Sigurpáll Ísfjörð Aðalsteinsson** áður til heimilis á Kópavogsbraut 1a, lést á Sólvangi, Hafnarfirði, laugardaginn 17. desember.

**Steingrímur Kristjánsson**, Árnatúni 3, Stykkishólmi, áður Öckerö, Svíþjóð, lést föstudaginn 16. desember.

## JARÐARFARIR

**11.00 Ólöf Guðjónsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**13.00 Guðríður Svala Káradóttir** frá Presthúsum í Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

**13.00 Ómar Hlíðkvist Jóhannsson**, Ásbúð 31, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju.

**13.00 Þorlákur Sigurðsson**, Hraunvangi 3, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

**14.00 Margrét Rósa Magnúsdóttir** (Pinný) Árholti, Húsavík, verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju.

**15.00 Kristín (Kádí) Daníelsdóttir**, Lindargötu 66, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.




*Góður jólaundirbúningur!*

**NÝTT!**

NÁTTFÖT OG BOXERAR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**JOE BOXER®**

SKÓLAVÖRÐUSTIG & SMÁRALIND

# hagstæðustu he

## jólainnkau




## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur - www.netto.is
Tilboðin gilda frá 20. til 24. desember. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi


eildarinnkaupin
upalistinn:
Opið til
22
alla daga
til jóla
Allt í
jólamatinn
Daim jólaískrans
Humar
Emmess Jólaís
Jólamynd Nettó
2005
Annie
Mynd með boðskap.
Mynd sem allir krakkar
þurfa að eignast!
Annie DVD
Kók 4 kippa
Appelsín
Malt
Quality Street
After Eight
Machintosh
Nóa Konfekt
nettó

# JÓLAPAKKAR OFFICE 1

## RISA tölva

HP Pavilion t880.dk Photosmart PC - P4 550 3.4 GHz

- Örgjörvir: Intel Pentium 4 550 3.4 GHz, 1MB L2 Cache
- Vinnsluminni: 2x512MB DDR SDRAM (PC3200)
- Harður diskur: 2 x 200 GB - Serial ATA-150
- Geislaskrifari: 16x DVD(+/-)R/RW (+R dual layer) LightScribe
- Geisladrif (nr2): DVD-ROM
- Korta lesari: 9 í 1
- Skjákort: NVidia GeForce 6600 - 256 MB
- Video inngangur: TV tuner
- Hljóðkort: 7.1 channel surround
- Tengi: 1 x PCI-Express, 3 x PCI, 7 x USB 2.0
- 2 x Firewire, (1 að framan), 1 x Parallel
- Netstýring: 10/100 netkort og 11/54Mbps þráðlaust netkort
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
- Annað: Þráðlaust HP lyklaborð og mús
- Hugbúnaður:
  Microsoft Works 8.0 á dönsku, Adobe Reader 6.0,
  ,InterVideo WinDVD Creator, Sonic RecordNow CD/DVD,
  Microsoft MovieMaker 2, HP Image Zone
  InterVideo WinDVD með Dolby Digital afspilun
  InterVideo Home Theater 2
- Stærð: 17” L1740 TFT flatur skjár
- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Sjónarhorn: 150°lárétt, 135°lóðrétt
- Punktastærð: 0.264mm
- Birta í nits: allt að 300 nits
- Skerpa: allt að 500:1
- Viðbragðstími: 13ms (rise + fall)
- Innbyggður 2ja porta USB2 hub
- Landscape/Portrait snúningur og hæðarstilling
- Anti-Glare/Anti-Static
- Tengi: Dual input VGA, Analog/DVI
- Ábyrgð: 3ja ára




FRÁBÆRT VERÐ 169.900,-



## Prentari-skanni-fjölföldun

PSC 1510 - Q5880B

- Prentari-skanni-fjölföldun.
- Prenthraði bls. á mín A4: Allt að 20 bls. í svörtu, 18 bls. í lit.
- Upplausn: 4800x1200 í lit, 1200dpi í lit
- Litatækni: PhotoRet IV með ljósmyndahylki
- Prentar á jaðar pappírs • Tengi: USB 2.0 - PictBridge
- Mánaðarnotkun: 1000 bls.
- Pappír: 75-90gr • Innbakki: 100 bls.
- Skannatækni: Flatbed • Upplausn: 1200x1200dpi
- Fjölföldun: Hraði bls. á mín.: 20 í svörtu, 18 í lit
- Minnkun/stækkun: 50 til 400%

FRÁBÆRT VERÐ 9.900,-




FRÁBÆRT VERÐ 19.990,-

## Ljósmyndaprentari

HP Photosmart 335 EMEA Photo

- Ljósmyndaprentun: 60 sek.
- Upplausn: 4800x1200dpi • Þráðlaus teng: aukahlutur
- HP Adaptive Lighting • HP Auto Red-eye Removal
- Full blæðing (Borderless printing) 4x12”
- Raufar fyrir öll helstu myndavélakort
- PicBridge fyrir myndavélar
- CompacFlash type I og II • Magic gate
- Memory Stick • Moemory Stick Pro
- Secure Digital • MultiMedia Card • Smart Media
- xD-Picture Card • LCD skjár: 1,5” • Innbakki: 20 bls.
- Tengi: USB, PictBridge, 4 raufar fyrir myndavélakort



FRÁBÆRT VERÐ 10.990,-

## Stafræn myndavél

HP Photosmart R717 Stafræn myndvél

- 6.4 MegaPixel • Aðdráttarlinsa: 24x total (3x aðdráttur, 8x digital)
- Hreyfimyndir: ótakmarkað eftir stærð kortsins
- Hljóð: Allt að 60 sek. með hverri mynd
- Fókus: Normal, macro, infinity, manual
- Skjár: 4.6cm lita LCD skjár (558x3=130572 punktar)
- Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10sek)
- Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
- Minni: 32MB innra minni
- Þjöppunarformat: JPEG(EXIF 2.2) myndir, MPEG1 hreyfimyndir
- Tengi: USB, HP Photosmart tengikví fáanleg sem aukahlutur
- Þyngd án rafhlaðna: 180gr • Minnkar rauð augu: Já
- Rafhlaða: HP Lithium-Ion rafhlaða • Stærð: 130 x 54 x 83mm
- HP Instant share - hægt að setja upp allt að 34 viðtakendur



FRÁBÆRT VERÐ 4.990,-

## Leikjaheyrnató

Logitech leikjaheyrnatól.

Vörunúmer: 980231-0914

Þægileg og flott heyrnatól fyrir leikina.



## Vefmyndavél

Logitech vefmyndavél.

Vörunúmer: 961322-0914

Mjög góð vefmyndavél á góður verði.

FRÁBÆRT VERÐ 2.490,-

Afgreiðslutímar verslana!

**Office 1 Smáralind**
Virka daga frá 10-22
laugardaga 10-22
sunnudaga 11-22

**Office 1 Skeifunni 17**
Virka daga frá 9-20
laugardaga frá 11-19
sunnudaga 13-19

**Office 1 Akureyri og Ísafirði**
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-22
sunnudaga 13-18

**Egilsstöðum**
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-18
sunnudaga 12-20

# Office 1 Superstore

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.354 +0,52%**

**Fjöldi viðskipta:** 315
**Velta:** 7.699 milljónir

MESTA HÆKKUN

**FL Group +1,71%**
**Landsbankinn +1,22%**
**Marel +1,08%**

MESTA LÆKKUN

**Össur -2,62%**
**Dagsbrún -0,54%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,30 +0,41% ... Bakkavör 51,50 +0,78% ... FL Group 17,90 +0,71% ... Flaga 4,90 +0,00% ... HB Grandi 9,55 +0,50% ... Íslandsbanki 17,00 +0,00% ... Jarðboranir 24,50 +0,82% ... KB banki 700,00 +0,58% ... Kögun 59,80 -0,00% ... Landsbankinn 25,00 +1,22% ... Marel 65,70 +1,08% ... SÍF 4,16 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,70 +0,00% ... Össur 111,50 -2,62%

viðskipti
MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Orkumikil samkeppni**
Forsvarsmenn fyrirtækja í raforkuframleiðslu eru strax byrjaðir að undirbúa sig undir samkeppni í raforkusölu til landsmanna. Eftir áramótin ræður fólk af hverjum það kaupir raforku. Á föstudaginn kom inn um lúgu Hafnfirðinga, sem kaupa raforku af Hitaveitu Suðurnesja, bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem vakin var athygli á lægra raforkuverði hjá þeim. Miðuðu orkuveitumenn við gamla gjaldskrá HS því deginum áður höfðu stjórnendur HS ákveðið að lækka raforkuverðið frá og með áramótum. Er þetta gagnrýnt á heimasíðu Hitaveitu Suðurnesja og sagt að raforkan hjá þeim sé ódýrari en hjá OR. „Með tilkomu lækkunar HS hf. eru fullyrðingar OR rangar!" segir þar og greinilegt að vinnudagar stjórnenda einokunarfyrirtækja verða annasamari. Að minnsta kosti til að byrja með þangað til jafnvægi næst á ný.

**Fjárfest með nefinu**
Í árslok keppast menn við að meta árangur sinn og stæra sig af uppskerunni. Sjóður sem stýrt er af Ola Gilstrings ávaxtar sig best þeirra sjóða sem fjárfesta í sænskum fyrirtækjum. Ole þakkar árangur sinn því að hann hefur fjárfest í smærri félögum. Hann segist óhræddur við að fjárfesta í góðum félögum sem af einhverjum ástæðum hafa orðið illa úti í umræðunni. „Það getur snúist um tölvufyrirtæki sem fólk verður illt af að heyra nafnið nefnt. Ég leita að fínum fyrirtækjum sem lykta af slori," segir Ola.

## MARKAÐSPUNKTAR

Útboðsgögn fyrir sex milljarða króna útboð á hlutum í **Avion Group** voru birt í gær. Einungis fagfjárfestum er gert kleift að kaupa hluti í félaginu að þessu sinni.

Launavísitala **Hagstofu Íslands** mældist 272,3 stig í nóvember og hækkaði um 0,6% frá fyrri mánuði. Mikið launaskrið hefur verið á þessu ári, en síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,3%.

# Rússar hóta að skrúfa fyrir gasið

Rússar hafa hótað að skrúfa fyrir gas til Úkraínu ef þeir borga ekki ásættanlegt verð. Á fundi sem leiðtogar ríkjanna héldu nýlega náðist ekki samkomulag um gasverð og upp úr viðræðum slitnaði. Úkraínumenn hafa til þessa fengið gasið mun ódýrara en heimsmarkaðsverð segir til um.

Rússar reyndu að semja um hækkun á gasverði svo að það nálgaðist markaðsverð en Úkraínumenn hafa hingað til aðeins þurft að borga fjórðung af því.

Forseti Úkraínu, Viktor Jústsjenko, líkti hótunum nágranna sinna í austri við fjárkúgun og sagðist ekki láta undan hótununum. Gasprom, hið ríkisrekna jarðgasfyrirtæki Rússlands, segist ekki sætta sig við neinar málamiðlanir og ætlar að loka fyrir gasið ef ekki semst fyrir fyrsta janúar. Samningamenn Úkraínu hafa sagt að þeir muni glaðir borga markaðsverð en vilja fá áratuga aðlögunartíma.

Fyrir stuttu hækkaði Gasprom verð til Eystrasaltslandanna um 125 dollara á rúmmetrann og og sækjast Úkraínumenn eftir því að verðið til þeirra hækki ekki meira en það í bili. Georgía, sem er eitt af fyrrum Sovétlýðveldunum, náði samningum þar sem gasverð til landsins hækkaði úr 63 dollurum í 110 dollara á rúmmetrann. ■



**FORSETI ÚKRAÍNU**
Grunnt á því góða hjá fyrrum samlöndum.

# Indverjar þráast við

Indverska lyfjafyrirtækið Ranbaxy Laboratories hyggst halda áfram að framleiða lyf sem Pfizer hefur einkaleyfi á.

Alríkisdómstóll komst að því í vikunni að einkaleyfi væri virkt og gilti til ársins 2011. Talmaður indverska lyfjafyrirtækisins sagði að þessum dómi yrði áfrýjað.

Hagnaður indverskra lyfjafyrirtækja sem einbeita sér að sölu samheitalyfja hefur minnkað á undanförnum árum og hafa þau því farið að framleiða lyf sem varin eru með einkaleyfi upp á síðkastið. Eitt indverskt fyrirtæki stendur í tíu málaferlum í Bandaríkjunum til að reyna að fá einkaleyfum hnekkt.

Stór hluti tekna indversku fyrirtækjanna var tilkominn vegna þess að alveg fram í byrjun þessa árs viðurkenndu indversk stjórnvöld ekki alþjóðleg einkaleyfi. ■

# Flatskjáir slá í gegn

í fréttatilkynningu frá verslanakeðjunni Circuit City, sem er næststærsti smásali raftækja í Bandaríkjunum, kemur fram að tekjur á þriðja ársfjórðungi jukust um tíu milljónir dollara eða um 650 milljónir íslenskar krónur frá sama tíma í fyrra. Tekjur Circuit City eru fimmtán prósentum meiri en salan nam tæpum þremur milljörðum bandaríkjadala. Söluaukninguna má að mestu leyti rekja til meiri sölu á flatskjám, stafrænum myndavélum og ferðatölvum. Á sama tíma hefur framlegð af sölu aukist um þrjú prósent, var 22 prósent en er í dag 25 prósent. Meðalsala í hverri verslun hefur aukist um þrettán prósent.

Fyrirtækið hefur að undanförnu unnið að endurnýjuðu útliti á verslunum sínum í baráttu sinni við að ná viðskiptum frá aðalkeppinauti sínum Best Buy. Talsmenn fyrirækisins reikna með að hagnaður verði tíu prósentum hærri en fyrri spár sögðu um.

Í tilkynningunni kom fram að Phil Scoonover, forstjóri fyrirtækisins, myndi taka sæti stjórnarformannsins Allan Mccullough sem hættir vegna aldurs.

Hlutabréf í helsta keppinautnum hafa lækkað um ellefu prósent það sem af er árinu á meðan hlutabréf í Circuit City hafa hækkað um fjögur prósent. ■



**FLATSKJÁR** Flatskjáir munu verða á hverju heimili innan tíðar.

# Ætla að nota hlutafé til fyrirtækjakaupa

**Eigendur Símans rýmkuðu starfsheimildir félagsins verulega í gær. Stjórnendur boða útrás og fjölbreyttari starfsemi.**

„Það er ljóst að innanlandsmarkaður er ekki okkar eini markaður. Við hyggjumst leita að tækifærum erlendis líka," sagði Brynjólfur Bjarnason forstjóri á hluthafafundi Símans í gær.

„Við höfum þegar mikið af viðskiptavinum erlendis, sem þýðir að viðskiptavinir okkar eru mörg af útrásarfyrirtækjunum. Við ætlum að fylgja þessum fyrirtækjum eftir. Við ætlum að halda áfram að þróa góða þjónustu og hyggjumst hasla okkur völl erlendis til að geta uppfyllt þau markmið."

Á hluthafafundinum var samþykkt heimild til stjórnar að auka hlutafé Símans um 3,5 milljarða króna að nafnverði. Miðað við gengið sem Skipti ehf. keypti Símann á í sumar jafngildir það tæpum 34 milljörðum króna.

Á fundinum kom fram að stjórnin hefur heimild til að nota viðbótarhlutaféð sem greiðslu í kaupum á öðrum félögum, erlendum og eftir atvikum innlendum eins og það var orðað. Hluthafar féllu frá forgangskauprétti.

Einnig var samþykkt að sameina Símann við Skipti og Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur Skjá einn. Síminn átti rúm 90 prósent í Íslenska sjónvarpsfélaginu. Með samrunanum á að einfalda skipulag félaganna. Tekur Síminn yfir eignir og skuldir þessara félaga. Hluthafar fá hlutabréf í Símanum í skiptum.

„Við munum kaupa bréfin af þeim sem vilja," sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, þegar tillaga um Símann var borin upp. Þeir hluthafar sem ekki líkar samruninn geta því selt bréf sín í Símanum. Lýður sagðist samt vona að sem fæstir gerðu það.

Síminn tekur yfir skuldir Skjás eins við sameininguna, Þær nema um 1,3 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi sem sýndur var á hluthafafundinum. Í júní í sumar var 750 milljóna króna skuld Skjás eins við Símann breytt í hlutafé. Í lok síðasta árs námu skuldir Skjás eins 1,5 milljörðum króna. ■



**BRYNJÓLFUR BJARNASON OG LÝÐUR GUÐMUNDSSON** Starfsheimildir Símans voru rýmkaðar verulega á fundi hluthafa. Brynjólfur lýsti framtíðarsýninni og kom fram að áskrifendur að Skjánum í gegnum ADSL væru orðnir rúmlega ellefu þúsund talsins.

Farþega- og flutningstölur félaga FL Group:

# Farþegum fjölgar enn

Farþegum í áætlunarflugi Icelandair fjölgaði um 15,3 prósent í nóvember 2005 frá sama tíma í fyrra.

Þeir voru nú rúmlega 94 þúsund en tæplegaa 82 þúsund í nóvember 2004. Sætanýting var mun betri nú en í nóvember 2004 eða 74,6 prósent samanborið við 67,1 prósent í fyrra. Framboðnir sætiskílómetrar jukust um 3,2% frá nóvember 2004 og voru nú rúmlega 348 þúsund.

Farþegum Flugfélags Íslands í innanlandsflugi fjölgaði um 10,3 prósent í nóvember. Farþegar voru nú tæplega 29.100 en tæplega 26.400 í nóvember 2004. Icelandair Cargo flutti 3,2 prósentum fleiri tonn í nóvember síðastliðnum en í nóvember 2004. Alls flutti félagið 3.470 tonn í mánuðinum.

Fartímar hjá Loftleiðum jukust um tæp 82 prósent í nóvember 2005 miðað við nóvember í fyrra. Fartímar nú voru 1.719 en 945 í nóvember í fyrra. ■




**LEIFSSTÖÐ** flugFarþegum fjölgaði talsvert milli ára hjá Icelandair.





# STUÐ MILLI STRÍÐA Árlegt stress jólasveinanna

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ER EKKI HRIFIN AF TILÆTLUNARSÖMUM KJÁNUM



Ég botna ekkert í þessum vangaveltum um tilvist jólasveinanna. Af hverju í ósköpunum ættu jólasveinarnir ekki að vera til? Þó svo að þeir sjái ekki um að setja í skóinn hjá öllum á Íslandi þá finnst mér nú bara allt í lagi að fólk gefi þeim smá breik. Þeir fara nú bara til byggða sitt í hvoru lagi og þurfa að sjá um alla þessa skó einir.

Sjálf er ég komin með glymjandi hausverk, stífar axlir upp að eyrum og krónískan kaldan svita af áhyggjum af því að ég nái ekki að klára allt fyrir jól. Ég byrjaði jólagjafakaupin í miðjum nóvember og fannst ég asskoti snemma í því. Tilkynnti öllum stolt að ég væri sko búin að kaupa heilar ÞRJÁR gjafir! Á örskömmum tíma breyttust þessar heilu þrjár gjafir í skitnar þrjár gjafir og ég roðnaði á meðan ég stundi skömmustuleg upp úr mér gjafafjöldanum sem ég var búin að redda. Núna fæ ég enn meiri hausverk af því að hugsa um allt sem ég á eftir að gera.

Ég er viss um að jólasveinarnir hafa verið komnir með krónískt mígreni af þessu árlega stressi sem felst í skó-ísetningum. Ég er viss um að sálfræðingurinn þeirra hafi sagt þeim annaðhvort að hætta þessu rugli eða fá hjálp frá einhverjum. Persónulega finnst mér ekkert athugavert við það að þeir emaili nokkrum foreldrum og biðji þá um að aðstoða sig við þetta heljarinnar verk. Þeir sem trúa ekki á jólasveinana eru bara einhverjir tilætlunarsamir kjánar sem fannst bara allt í lagi að jólasveinarnir mættu fyrir utan gluggann hjá hverju einasta barni á Íslandi. Þegar þeir áttuðu sig svo á því að það er einfaldlega ógerlegt ákváðu þeir að sveinarnir væru bara hreint ekki til! Ég vona að þessir kjánar hætti að breiða út þennan misskilning til barna sem eru einfaldlega klárari en þetta.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott









## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 4 |
| 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 | 3 |
| 5 | 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 7 | 6 | 8 | 5 | 3 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 9 | 2 | 4 | 3 | 1 |
| 6 | 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 5 | 3 | 2 | 8 | | |
| 4 | | | | 9 | | | | 1 |
| 2 | | | | | | | | 9 |
| | 8 | | 3 | | 7 | | 9 | |
| | | | | 1 | | | | |
| | 6 | | 9 | | 8 | | 5 | |
| 9 | | | | | | | | 5 |
| 7 | | | | 8 | | | | 3 |
| | | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 | | |






JÓLAGJAFIR FYRIR HESTA OG MENN
Verslanir okkar eru nú stútfullar af nýjum og spennandi varningi fyrir hestamenn og útivistarfólk!
FATNAÐUR HESTAMANNSINS
Fjölbreytt úrval og flottur fatnaður frá Mountain Horse, Top Reiter og Sonnenreiter!
TILBOÐ
18.900,-
19.900,-
SAGA
SONNENREITER by elta nova
24.900,-
TILBOÐ
EXPLORER ÚLPURNAR
Úlpur verða ekki mikið hlýrri en þetta!
Saga Collection reiðbuxur - nýtt snið
Tilboðsverð kr. 9.900,- Verð áður kr.12.900
Dakota reiðbuxur - Sonnenreiter
25% afsláttur
25% afsláttur aföllum beislum í desember
Ókeypis bók í kaupbæti!
JÓLAGLAÐNINGUR!
Allir viðskiptavinir okkar fá bókina HESTAR & MENN ókeypis í kaupbæti!
Tilboðið gildir út desember á meðan birgðir endast.
TOP REITER HNAKKAR
Mest seldu hnakkar á Íslandi
149.900,-
Nýi hnakkurinn frá Top Reiter J-Classic
Tilboðsverð kr. 99.900.-
Verð áður kr.139.900,-
99.900,-
HRÍMNIR
Gæðingurinn í röðum hnakka nú á sérstöku tilboðsverði í desember
ATH!
NÝ VERSLUN Í SMÁRALIND!
Höfum opnað nýja verslun í Smáralind - Full búð af freistandi tilboðum!
Hrímnir
TOP REITER
SAGA
SONNENREITER by elta nova
HESTAR MENN
Lynghálsi 4 • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is
Smáralind • Hagasmári 1 • Sími 564 3400
BJARNASTADIR

**Kl. 21.00**
*Tónlistarhópurinn* ***Camerarctica*** *heldur sína árlegu jólatónleika um þessar mundir og flytur í kvöld tónlist eftir Mozart við kertaljós í Kópavogskirkju.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kynna nýjan stúlknakór



Margrét Bóasdóttir stjórnar nýstofnuðum sönghóp, skipuðum 27 háskólastúlkum, sem koma í fyrsta sinn fram í hádeginu í dag í anddyri Háskóla Íslands.

Flutt verður jólaverkið Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten, sem er fyrir kvennakór og hörpu, en um hörpuleikinn sér Elísabet Waage.

„Þær hafa allar mjög mikla kórreynslu og hafa langflestar sungið þetta verk áður,“ segir Margrét, sem þekkir stúlkurnar vel frá því að þær voru ýmist í unglingakór Hallgrímskirkju eða unglingakór Selfosskirkju.

„Þessir tveir kórar fluttu þetta sama verk saman fyrir sex árum. Núna eru þær eiginlega allar komnar í Háskólann og þegar það kom í ljós varð þessi hugmynd til. Draumurinn er að halda áfram og syngja undir merkjum Háskólans. Með þessum tónleikum erum við eiginlega bara að kynna okkur og syngja fyrir nýja rektorinn, sem er kona.“

Sungið verður í anddyri Háskóla Íslands á síðasta prófdegi háskólastúdenta þannig að þessi fagra jólatónlist ætti að geta orðið kærkominn glaðningur fyrir jafnt stúdenta sem starfsfólk Háskólans.

„Við ætlum að syngja þetta jólaverk Brittens og svo ætlum við í lokin að biðja alla um að syngja með okkur nokkur jólalög. Háskólinn býður upp á piparkökur og kakó svo að þeir sem eru á ferðinni geta notið þessarar stundar með okkur.“

### > Ekki missa af ...

... síðustu tónleikum **Mikes Pollock** á þessu ári, sem haldnir verða á Café Rosenberg í kvöld.

... tónleikum **Sólrúnar Bragadóttur** sópransöngkonu og **Kára Þormar** organista í Fríkirkjunni á morgun þar sem þau flytja klukkustundar langa Maríudagskrá.



... tenórunum þremur, þeim **Gunnari Guðbjörnssyni, Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni** og **Snorra Wium**, sem ætla að skemmta vegfarendum í miðbænum á Þorláksmessu með söng á svölum Kaffi Sólons.



**BYLGJUR** Eitt verka Bjargar Þorsteinsdóttur í Grófarhúsinu.

## Björg í Grófarhúsi

Á fyrstu hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15, stendur nú yfir sýning á verkum Bjargar Þorsteinsdóttur myndlistarmanns. Sýningin er sú sjötta í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki Borgarbókasafnsins.

Björg hefur á myndlistarferli sínum fengist við grafík, málverk, teikningu, vatnsliti og collageverk. Hún sækir sér endurnýjun og tilbreytingu með því að breyta um tækni.

Undanfarið hefur hún einbeitt sér að vatnslitum þar sem yrkisefnið er oft leikur vatns og ljóss, greina má endurteknar hreyfingar og sjónrænar heildir þar sem gagnsæir litir og birta eru í öndvegi. Myndirnar eru málaðar beint á pappírinn án nokkurra frumdraga.

Artótek-listhlaða í Borgarbókasafni tók til starfa í ágúst 2004. Þar er íslensk samtímalist til leigu eða sölu til einstaklinga eða fyrirtækja.

Sýningar á verkum myndlistarmanna sem eiga listaverk í Artóteki eru haldnar reglulega á Reykjavíkurtorgi, Grófarhúsi að Tryggvagötu 15. Áður hafa listamennirnir Sigríður Ólafsdóttir, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Benedikt Lafleur, Ingimar Waage og Bryndís Brynjarsdóttir sýnt þar verk sín.






## „Við lifum á órómantískum tímum“

„Þetta er jörðin sem fæðir okkur og klæðir, því er þetta eitthvað sem skiptir okkur öll máli,“ segir Kristinn Sigmundsson óperusöngvari um tilefni dagskrár sem haldin verður í Hallgrímskirkju miðvikudagskvöld kl. 20. Dagskráin ber titillinn „Ljós í myrkri“ og undirskriftin er „Tónlist og hugvekjur til stuðnings íslenskri náttúru“. Kynnir er Arnar Jónsson en stærsta númerið er án nokkurs vafa Kristinn, sem er nýkominn heim frá New York þar sem hann var í Rómeó og Júlíu á sviði Metropolitan-óperunnar. Eftir jól mun hann svo halda til Feneyja, þar sem hann mun syngja í Valkyrjum Wagners.

„Ég er náttúruverndarsinni í breiðum skilningi. Náttúran er viðkvæmur hlutur og allar okkar athafnir hafa áhrif á hana. Ýmsar breytingar, svo sem hlýnandi veðurfar, eru að miklu leyti af manna völdum, Við höfum fyrst áhyggjur af lífríkinu, sem við erum þó alltaf hluti af, þegar breytingarnar fara að hafa áhrif á okkur sjálf.“ Kristinn er upprunalega líffræðingur að mennt og kenndi líffræði um hríð áður en hann lagði sönginn fyrir sig. „Líffræðin hefur alltaf átt þátt í mér og ég reyni að fylgjast með í umhverfismálum. Okkur ber að skila landinu til afkomenda okkar eins vel og hægt er, og ég efast um að stóriðja sé besta leiðin til þess. Það eru fleiri verðmæti en þau sem mæld eru í krónum, þó líklega verði á endanum einnig hægt að mæla skaðann í krónum. Skammtíma peningahagsmunir standa gegn þeim sem vilja leyfa náttúrunni að njóta vafans. Ég verð að segja að álit mitt á stjórnmálamönnum fer minnkandi með aldrinum.“



KRISTINN SIGMUNDSSON SÖNGVARI

Þó að Kristinn sé líffræðingur að mennt reynir hann einnig að læra af sögunni. „Hér voru stofnuð minkabú og sagt að minkarnir myndu aldrei sleppa. Nú erum við með mink alls staðar, og það er ekki hægt að eyða þeim nema kannski með sýklahernaði eða kjarnorkusprengjum. Vatnsborð Þingvallavatns lækkaði þegar farið var að virkja Sogið, og einn sjaldgæfur urriðastofn var um skeið næstum horfinn og var bjargað á síðustu stundu með ræktunaraðgerðum. Ef hugmyndir væru uppi um að virkja Gullfoss í dag væri aldrei að vita hvort ekki væri farið út í það. Við lifum á órómantískum tímum.“

Á tónleikunum mun Kristinn flytja Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og aríuna „In diesen heiligen Hallen“ úr Töfraflautu Mozarts. „Draumalandið er tenging við íslenska náttúru, og fallegur texti. Töfraflautan fjallar um hin helgu vé og listina að umgangast annað fólk, að fólk sýni skoðunum hvor annars virðingu. Ef við gerum það ekki getum við ekki talað saman og ekki komist að niðurstöðu í neinu máli.“

valurg@frettabladid.is

## Sólstöðuhátíð í sjötta sinn

Hin árlega Sólstöðuhátíð þungarokkara verður haldin á vetrarsólstöðum í kvöld í sjötta sinn. Fram koma Forgarður helvítis, Sólstafir, Potentiam, Momentum, Gjöll, Elegy og Atrum.

Forgarður helvítis hefur hafið upptökur á nýrri plötu en síðasta plata þeirra „Gerningaveður“ kemur út hjá lítilli grískri útgáfu snemma á á næsta ári. Sólstafir eru nýbúnir að gefa út plötuna „Masterpice of Bitterness“ hjá Spikefarm-útgáfunni í Finnlandi.

„Við byrjuðum að halda þetta þegar kristnihátíðin var haldin. Við vorum pirraðir út í hana og allt bruðlið sem fylgdi henni þannig að við ákváðum að vera prakkarar og halda andkristnihátíð,“ segir Siggi Pönk, tónleikahaldari og meðlimur Forgarðs helvítis. „Fólk hefur tengt þetta við djöfladýrkun en þetta er pólitísk hátíð. Tónlistin er samt af grófustu gerð. Þarna er rjóminn af grófustu þungarokkssveitum Íslands.“ Að sögn Sigga munu heiðingjar, anarkistar og umhverfisverndarsinnar jafnframt kynna málefni sín á hátíðinni.

Hátíðin í kvöld hefst klukkan 19.00 í Tónlistarþróunarmiðstöðinni og ætti að vera lokið upp úr klukkan 23.00. Aðgangseyrir er 500 krónur en aldurstakmark ekkert.



**SIGGI OG MAGNÚS** Siggi pönk, til hægri, og Magnús Halldór Pálsson úr Forgarði helvítis. Sjötta Sólstöðuhátíð þungarokkara verður haldin í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla
30–62%
afsláttur af vinsælum bókum
Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar
1.499kr
LANDSLIÐS RÉTTIR HAGKAUPA
2. sæti** Almennt
3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
Guðni Bergs
30%* afsláttur
6. sæti** Ævisögur
Guðni Bergs og Þorsteinn J. árita í dag í Kringlunni kl. 17:30-18:30
1.999kr
1. sæti** Almennt
Jóhann Ingi og Sæmundur árita Miðvikudag í Kringlunni kl. 19 og Smáralind kl. 20:30 Fimmtudag í Smáralind kl. 17 og Kringlunni kl. 18:30
Með lífið að láni
3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
ROKLAND
HALLGRÍMUR HELGASON
2. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
Þráinn Bertelsson
VALKYRJUR
6. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
3.136kr
Bókatíðindaverð 4.480,-
TOM EGELAND
Við enda hringsins
30%* afsláttur
3.980kr
Bókatíðindaverð 5.990,-
4. sæti** Ævisögur
34%* afsláttur
3.143kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
ÚTKALL
3. sæti** Almennt
30%* afsláttur
4.990kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
62%* afsláttur
3.143kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
LÍKAMI fyrir LÍFIÐ fyrir konur
9. sæti** Almennt
30%* afsláttur
1.990kr
Bókatíðindaverð 2.980,-
TÖFRABRAGÐABÓKIN
33%* afsláttur
Jón Víðis sýnir töfrabrögð á fimmtudag kl. 15 og 17 í Kringlunni og kl. 16 í Smáralind. Þorláksmessu kl. 14 í Kringlunni og kl. 15 og 18 í Smáralind
6.993kr
Bókatíðindaverð 9.990,-
ELDGOS
30%* afsláttur
7.788kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
JÖRÐIN
6. sæti** Almennt
40%* afsláttur
* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 6.-12. des. 2005.
Gildir til 22. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.

Gleðileg jól!

Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson barítón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.**
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin kl. 14-18, símasala kl. 10-18. Lokað 24. des.-2. jan. Netsalan alltaf opin.
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

**SALKA VALKA**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20

**WOYZECK**
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 21

**KALLI Á ÞAKINU**
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14

**CARMEN**
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ
GILDA ENDALAUST

Nýja svið/Litla svið

**ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV**
Nemendaleikhúsið, aðeins í desember
Þr 27/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

**MANNTAFL**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING

**BELGÍSKA KONGÓ**
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 MIÐAV. 2.500-

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00,** sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, **aukasýningar þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 15:00 **uppselt** og kl. 17:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Ljósmyndir úr kirkjugörðum


**ENGILL Á LEIÐI** Ein af ljósmyndum Ingu Sólveigar Friðjónsdóttur á sýningu hennar á Hverfisgötu 35.FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Inga Sólveig Friðjónsdóttir ljósmyndari hefur gaman af því að rölta um kirkjugarða. Hvar sem hún kemur á ferðum sínum um heiminn leitar hún uppi kirkjugarða, og hefur að sjálfsögðu myndavélina með sér.

„Það er svo friðsælt og huggulegt að labba um svona garða. Og alltaf nóg af myndefni,“ segir Inga Sólveg, sem hefur opnað sýningu á nokkrum ljósmyndum úr kirkjugörðum í ljósmyndagalleríi sínu, sem er til húsa að Hverfisgötu 35. Sýninguna nefnir hún Angelus, sem er latneskt orð og þýðir engill.

„Þetta eru allt saman englamyndir. Þetta er jólasýning má segja, og þess vegna ákvað ég að hafa eingöngu englamyndir, allt saman voðalega fallegt og huggulegt.“ Ljósmyndir hennar úr kirkjugörðum eru þó engan veginn allar mjög huggulegar ásýndum, enda þótt aðrar myndir hafi ekki fengið inni á þessari sýningu.

„Sumar stytturnar geta orðið hálf óhuggulegar þegar þær eru orðnar mjög gamlar, hauslausar og handalausar og komin skrítin áferð á þær. Þær eru ekkert óskaplega fallegar.“

Inga Sólveig opnaði ljósmyndagallerí sitt við Hverfisgötuna fyrir hálfu öðru ári, og hefur sýnt þar að mestu eigin ljósmyndir. Þetta er eina galleríið á landinu sem sérstaklega er ætlað undir ljósmyndasýningar, og Inga Sólveig hefur mikinn áhuga á að fá aðra ljósmyndara til þess að sýna hjá sér.

„Ég vona að ég geti haldið þessu bara sem ljósmyndagalleríi og lýsi hér með eftir ljósmyndurum sem eru að gera eitthvað skemmtilegt og hafa áhuga á að sýna.“

# Hveitijafningur eða kaloríubomba?

**[ BÆKUR ]**
**UMFJÖLLUN**

Skáldsagan Djöflatertan segir frá hefndaraðgerðum hóps ungra kvenna sem taka sig saman um að klekkja á svikulum karlmönnum. Sagan er samvinnuverkefni tveggja ungra höfunda, Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur, og verður að flokkast sem hreinræktaður „skutluskáldskapur“ ( á ensku chick lit). Sú bókmenntagrein hefur ef til vill ekki náð neinum hæðum hérlendis; þekktustu dæmin eru máski sögurnar Klisjukenndir (2004) og Dís (2000) sem var einmitt líka samvinnuverkefni ungra kvenna. Einkenni þessara bóka eru að þær fjalla oft um ástir og örlög ungra framakvenna þar sem koma við sögu tískufatnaður, kokteilar og sjálfskomplexar í bland við hugleiðingar um samskipti, einkum milli kynjanna.

Aðalsögupersónan Sara verður fyrir þeirri ólukku að kærastinn hennar segir henni upp og tekur saman við eina af vinkonum hennar. Í kjölfar þess fara æsilegir atburðir að gerast því Sara stofnar Hefnibandalagið ásamt þjáningarsystrum sínum og í sameiningu skera þær upp herör gegn þeim mönnum sem hafa sært þær og svikið. Þemað er nokkuð vel þekkt, fyrsta bókin sem kemur upp í hugann er Ævi og ástir kvendjöfuls eftir Fay Weldon sem kom út á íslensku um miðjan níunda áratuginn. Staðfæring þessa viðfangsefnis kvenlegs hefndarþorsta og stúlknaævintýra til nútíma Reykjavíkurborgar er nokkuð vel heppnuð en það verður seint sagt að atburðarrásin sé sennileg enda er það kannski ekki ætlunin.

Plottið býður upp á margar fyndnar senur þar sem þær vinkonur leggja á ráðin og hrekkja síðan fórnarlömb sín með frumlegum aðferðum. Saman við hefndarlýsingarnar fléttast litlar fjölskyldu-, ástar- og upprifjunarsögur sem eiga að varpa ljósi á persónur bókarinnar. Það er hins vegar erfitt að trúa á þetta kvenfólk eða hafa samúð með persónunum vegna þess að þeim er lýst á mjög kaldhæðinn hátt og þær virðast ekki stíga í vitið nema þegar kemur að hugmyndaauðgi og fatasmekk. Ef ég tek mér tungutak bókarinnar í munn myndi ég segja að persónurnar væru hreinlega of „pathetik“ og „súperfisíal“.

Málfarið fór reyndar merkilega mikið í mínar fínustu og hnyttnin hitti ekki í mark. Orðaleikir og slangur í ætt við einkahúmor skreyta textann frá fyrstu síðu og hætta of fljótt að vera fyndnir. Þetta er ekkert hreðjatak á íslenskunni og þegar maður er ekki viss um hvort stafsetningin sé innsláttarvilla eða ásetningur tekur steininn úr. Þetta er ekki frumleg bók, samtölin eru skondin og aðstæðurnar á köflum nokkuð skemmtilegar en fyrir mig er þetta hvorki fugl né fiskur, þótt grínið fari fram í 101 og Grafarholtinu gerist ekkert nýtt í þessari sögu.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**




**DJÖFLATERTAN**
HÖF. MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR OG ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR
ÚTG. VAKA HELGAFELL

**Niðurstaða:** Þetta er fljótlesin bók, fáar hraðahindranir eða stílæfingar, einföld og aðgengileg afþreying fyrir þá sem „fíla“ slíkt og þurfa á djöflatertum að halda.

Hin víðfræga skötuveisla á Þorláksmessu





Heineken

POTTURINN OG PANNAN
Borðapantanir í síma 551 1690

Opið 11.30 - 22.00 – Brautarholt 22 – 105 Reykjavík – Sími 551 1690 – www.potturinnogpannan.is



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** Salan á nýrri ljóðabók Þórarins sýnir að áhugi á ljóðum leynist enn með þjóðinni.

# Ljóðabók rýkur út

Á seinni tímum hefur ljóðinu, með ákveðnum greini, óspart verið spáð illum endalokum. Ný ljóðabók Þórarins Eldjárns, Hættir og mörk, hefur hins vegar hlotið mjög góðar viðtökur og nú er fyrsta upplag af bókinni uppselt hjá forlaginu.

Starfsmenn Eddu útgáfu hafa verið á þönum milli bókabúða að hafa uppi á óseldum eintökum til að koma þeim þangað sem algjör þurrð hefur verið. Þannig var bókin uppseld um tíma í helstu bókaverslunum í miðbænum um helgina.

Nú er annað upplag á leið í verslanir og því ættu þeir sem urðu frá að hverfa um helgina að geta nálgast þessa eftirsóttu ljóðabók, sem bóksalar völdu bestu ljóðabók ársins 2005. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

18 19 20 **21** 22 23 24

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 Jólatónleikar verða í anddyri aðalbyggingar Háskóla Íslands þar sem flutt verður jólaverkið Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten fyrir kvennakór og hörpu. Flytjendur eru nýstofnaður sönghópur, skipaður 25 háskólastúlkum, ásamt **Elísabetu Waage** hörpuleikara. Stjórnandi er **Margrét Bóasdóttir**.

☐ 19.00 Hljómsveitirnar **Forgarður helvítis, Sólstafir, Potentiam, Momentum, Gjöll, Elegy** og **Atrum** koma fram á hinum árlegu Sólstöðutónleikum í Tónlistarþróunarmiðstöðinni á Granda.

☐ 20.00 „Ljós í myrkri", dagskrá með tónlist og hugvekjum við vetrarsólstöður verður flutt í Hallgrímskirkju til stuðnings íslenskri náttúru. Hugvekjurnar flytja **Ásta Þorleifsdóttir** jarðfræðingur, **Ólafur Páll Jónsson** heimspekingur, **Katrín Fjeldsted** læknir, **Ósk Vilhjálmsdóttir** myndlistarmaður og séra **Sigurður Pálsson**. Meðal tónlistarfólks sem kemur fram er **Kristinn Sigmundsson** óperusöngvari.

☐ 21.00 Tónlistarhópurinn **Camerarctica** heldur sína árlegu jólatónleika í Kópavogskirkju.

☐ 22.00 **Borgardætur** verða með sína árlegu tónleika á Næsta bar.

☐ 22.00 Hið frábæra **Rolling Stones** tribute verður endurtekið á Gauknum í kvöld. **Rolling Stóns** skipa **Helgi "Jagger" Björnsson, Björgvin "Keith" Gíslason, Eðvarð "Wood" Lárusson, Tómas "Wyman" Tómasson, Birgir "Watts" Baldursson** og **Einar "Hopkins" Rúnarsson**.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Sometime** heldur sína fyrstu tónleika á Sirkus.

☐ 22.00 **Mike Pollock** heldur tónleika á Café Rosenberg.

### SAMKOMUR

☐ 17.30 Síðasta æfing **Hláturkætiklúbbsins** fyrir jól er í dag í fundarsal heilsumiðstöðvarinnar Maður lifandi, Borgartúni 24. Hláturæfingin stendur í hálfa klukkustund.

☐ 17.45 **Ásatrúarmenn** halda **sólstöðuhátíð** við Kaffi Nauthól í Öskjuhlíð. Gengið verður í blysför að hátíðarsvæðinu þar sem brúðkaupi Freys og Gerðar Gymisdóttur verður fagnað og glaðst yfir því að sól er að byrja að rísa á himni á ný.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Endurfæðingu sólar fagnað í Öskjuhlíð

Ásatrúarmenn fagna endurfæðingu sólar á vetrarsólstöðum í Öskjuhlíð í dag. „Við höfum haldið þessa hátíð allar götur síðan Ásatrúarfélagið var stofnað," segir Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði. „Við hittumst á Kaffi Nauthól klukkan 17.45 og förum í blysför að hátíðarsvæðinu. Þar er köstur í keri sem við kveikjum eld í til að fagna því að hringrás lífsins er að hefjast á ný. Þá segjum við ævintýri af brúðkaupi Gerðar Gymisdóttur og Freys, sem er jólasaga okkar ásatrúarmanna. Að því loknu förum við aftur upp á Kaffi Nauthól þar sem þeir sem vilja geta fengið sér hressingu."

Þetta er fjórða árið í röð sem ásatrúarmenn blóta jólin í Öskjuhlíð en áður var hátíðin oftar en ekki haldin innan dyra. Að sögn Jóhönnu varð Öskjuhlíðin einfaldlega fyrir valinu vegna þess að hún þótti fallegur og hátíðlegur staður. „Við ætlum líka að reisa okkur hof þar, sem verður væntanlega fyrsta hofið sem reist er í Evrópu í 900 ár."

Jóhanna segir að sífellt fleiri sækja sólstöðuhátíðina og ekki aðeins ásatrúarmenn enda er hún öllum opin. „Ég held að hátíðin höfði til allra sem vilja gleðjast yfir birtunni eða varðveita fornan menningararf. Mér eru minnistæðar tvær eldri konur að vestan sem komu eitt sinn á blót og fannst það einmitt svo gaman vegna þess að kom í stað sólarkaffisins sem var drukkið á Vestfjörðum."

- bs



**JÓHANNA HARÐARDÓTTIR** Segir sólstöðuhátíðina höfða til allra sem vilja gleðjast yfir birtunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM





# VIÐ BJÓÐUM **GÆÐI, ENDINGU** OG **3JA ÁRA ÁBYRGÐ**







Pioneer

**PIONEER PDP–506XDE/FDE PLASMASKJÁR**
Skjá stærð 127 cm (50"). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4.000:1
**Valið besta Plasma sjónvarpið 2005–2006**
**Verð frá: 499.900**

Pioneer

**PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3.000:1
**Verð frá kr.: 399.900**

Pioneer

Leiðandi í framleiðslu Plasma sjónvarpstækja, með því að velja PIONEER ertu tryggður til framtíðar, enda staðfesta erlend tæknitímarit það. Meðal annars hefur PIONEER hlotnast EISA verðlaunin tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð
Útkoma: Hreinni mynd, skarpari og mun raunverulegri en nokkru sinni fyrr. Sjáðu muninn!

SAMSUNG

Eitt framsæknasta fyrir tæki í heimi í raftækjaframleiðslu. Hjá SAMSUNG er markmiðið topp-vara á góðu verði. Þeir eiga í dag besta LCD sjónvarpið samkvæmt EISA, samtökum erlendra tæknitímarita. SAMSUNG er tæknirisi sem hefur ýtt Sony af stalli sem slíkum.




SAMSUNG

**SAMSUNG LE40M61BX**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006**
40" LCD sjónvarp. Háskerpusjónvarp (HDTV). 6,4 milljarðar lita. Upplausn 1366 x 768. Skerpa 5000:1. Birta 500 cd/m2. DNIe myndleiðrétting. 178° sjónarhorn. SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 369.990**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE-40R51B**
40" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 299.990**



SAMSUNG

**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 179.990**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE-40M51B**
40" LCD sjónvarp
Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 3000:1
Birta 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 329.990**

SAMSUNG



**SAMSUNG DVDVR325**
**Sambyggt DVD skrifari og myndbandstæki**
Skrifar frá DVD á VHS og frá VHS á DVD.
Tekur upp á DVD beint úr sjónvarpinu og myndbandstökuvélinni. • HDMI tengi
**Verð: 49.990**

SAMSUNG



**SAMSUNG DVD-HR720**
**DVD upptökutæki með 80GB hörðum disk**
Spilar DivX DVD,DVD-RAM,DVD-R,DVD-RW, SVCD,CD,CD-R,CD-RW,MP3,JPEG
**Verð: 44.990**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

# ORMSSON

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800**
**SMÁRALIND · SÍMI 530 2900**



LOEWE.



LOEWE.



LOEWE.

**LOEWE INDIVIDUAL**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768. Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari. Skerpa 800:1. Birta: 450 cd/m2
**Verð: 299.900**

**LOEWE XELOS**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready. Upplausn: 1366 x 768. Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari. Skerpa: 800:1. Birta: 450 cd/m2
**Verð: 259.900**

**LOEWE CONCEPT**
32 " LCD sjónvarp. Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 800:1. Birta: 450 cd/m2
**Verð: 199.900**

## LOEWE.

LOEWE línan er glæsilega hönnuð, hvernig sem á það er litið. LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE sjónvörp eru margverðlaunað fyrir gæði og afburða hönnun.

## SHARP®

SHARP LCD skjáir eru álitnir þeir bestu í heimi og vörulínan í SHARP LCD sjónvörpum er stór - hún spannar frá 13" upp að 45". Ef myndgæðin skipta þig máli þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá verður þú að skoða SHARP LCD sjónvörp.
Styrkurinn liggur í 25 ára þróun þessarar tækni.



SHARP

**SHARP LC-26GA6E**
HD -Ready
26 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366 x 768
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
**Verð: 149.900**



SHARP

**SHARP LC-32P50E**
PAL-optimal
32 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
**Verð: 159.900**



SHARP

**SHARP LC-37P50E**
PAL-optimal
37 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
**Verð: 259.900**



SHARP

**SHARP LC-15SH2E**
15 " Svartur TFT LCD skjár, flöktfrír m/glampavörn
Upplausn 640 x 480
Skerpa 500:1
Birta 430 cd/m2
OPC sjálfvirk birtustýring
Sjónsvið 170°/ 170°
**Verð: 49.900**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

Pioneer



Pioneer



**PIONEER DVR–530**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
DVD upptökutæki með 160GB hörðum diski
Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
**Eisaverðlaunin 2005-2006**
**Verð kr.: 69.900**

**PIONEER DVR–433**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
• DVD upptökutæki með 80GB hörðum diski
• Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
**Verð kr.: 54.900**




**5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON**



Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.



ekki gleyma að

*...fá þér smá sérrítár í aðdraganda jólanna.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ARNAR JÓNSSON LEIKARI

## Hafragrauturinn klikkar ekki



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** „Maðurinn getur auðvitað síst verið án vatnsins. Ég er alæta þannig að fái ég bara þennan grundvallarmat, fisk, kjöt, kartöflur og hrísgrjón þá er ég góður. Reynslan hefur kennt manni að það sem maður verður síst leiður á er fiskurinn. Því verð ég að nefna hann í þessu samhengi.“

**Hvað er besta máltíð sem þú hefur fengið?** „Maður man auðvitað alltaf best það sem er næst manni í tímanum. Ég fékk unaðslega máltíð fyrir nokkru. Það var bæði fiskur og kjöt á japönskum stað á Fiji-eyjum fyrir nokkrum vikum. Þar var um að ræða alls konar hrátt fiskmeti og einnig nautakjöt sem er meðhöndlað á mjög sérstakan hátt þarna. Það er skorið í mjög þunnar sneiðar og sett í sérstaka sósu svo úr verður einskonar fondu-réttur. Þetta var mjög bragðgott.“

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** „Það held ég hreinlega ekki. Ég borða siginn fisk og saltfisk, hákarl og skötu, og leifi aldrei. Þar kemur uppeldið sterkt inn.“

**Hvað leynist í eldhússkápunum?** „Flest sem þarf til hefbundinnar matargerðar auk þess sem einnig leynast hráefni til matreiðslu á því sem gæti talist nokkuð óvenjulegt, það er að segja matur með austurlensku yfirbragði og jafnvel egýpskt krydd.“

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?** „Það er langbest að fara bara í hafragrautinn. Hann lagar allt. Svo er það aftur svo heimskulegt að maður fer stundum aftur í ruslfæðið til þess að láta sér líða betur en auðvitað verður líðanin enn verri eftir það.“

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** „Það sem er ávallt til í ísskápnum hjá mér er allt það hráefni sem þarf til þess að setja saman góðan morgunverð. Allar tegundir af ávöxtum, þar sem ég bý alltaf til orkudrykk á morgnana úr ávöxtum. Síðan bæti ég við ólífuolíu, smá cheyenne-pipar og hvítlauksgeira. Þetta set ég síðan í blandara og þá er ég kominn með orku yfir daginn.“

**Hvaða mat myndir þú taka með þér ef þú værir fastur á eyðieyju?** „Ég myndi fyrst og fremst taka með mér öngul og stöng og veiða mér til matar. Það er varla sú eyja í heiminum sem ekki er með eitthvað matarkyns í sjónum kringum sig. Þá veiddi maður hákarl ef ekki vildi betur.“

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** „Ætli ég segi ekki bjarnarkjöt í Finnlandi og kengúrukjöt í Ástralíu.“

CAMUS:

## Vinsælasta koníakið í gjafaumbúðum



Camus-fjölskyldan hefur framleitt koníak síðan 1863 og hefur höfuð fjórða ættliðar fjölskyldunnar, Jean-Paul Camus, stýrt fyrirtækinu undanfarna áratugi. Sonur hans, Cyrill Camus, tók nýlega við sem forstjóri fyrirtækisins og er hann mikill Íslandsvinur og hefur heimsótt landið margoft, enda hefur Camus Cognac notið gríðarlegra vinsælda hér á Íslandi og verið söluhæsta koníakið síðastliðin 15 ár. Er Camus hvergi með jafn hátt hlutfall af allri koníakssölu og á Íslandi enda framleiðir Camus nær eingöngu svokallað „lúxuskoníak“ og er ekki í samkeppnivið„massaframleiðendur“. Þykir forráðamönnum Camus mikið til hinnar miklu sölu á Íslandi koma, sem þeir telja til marks um góðan smekk landans. Camus VSOP fæst í gjafaöskju í vínbúðunum og kostar 4.690 krónur.



JÓHANN SIGURÐARSON LEIKARI

## Alltaf gaman að elda hrygg

„Ég geri nú nokkuð af því að elda þrátt fyrir að ég hafi ekki gert mikið upp á síðkastið,“ segir leikarinn góðkunni Jóhann Sigurðarson sem að þessu sinni lætur okkur í té uppskrift vikunnar. „Mín sérgrein á heimilinu er steikin. Þá elda ég einnig nokkuð af fiski og matreiði stundum reyktan lax. Á sumrin grilla ég einnig mikið og þá allskonar hráefni, bæði kjöt og fisk og einnig grænmeti. Það litla sem ég veiði af fiski á sumrin elda ég líka fyrir fjölskylduna.“

Aðspurður hvenær hann byrjaði að elda segir Jóhann að það hafi verið fremur frumleg eldamennska til þess að byrja með. „Þegar maður var að reyna að byrja að elda sjálfur á yngri árum var maður nú frekar í fljótlegu réttunum. Eftir því sem á leið fór maður að gera flóknari og skemmtilegri rétti. Það er nú aðallega tímaskorturinn sem veldur því að maður gerir ekki eins mikið og maður vill .“

Jóhanni finnst skemmtilegast að elda stórsteikurnar. „Það er alltaf gaman að elda góðan hrygg eða læri og fylgja því vel eftir. Það er alveg nauðsynlegt að passa vel upp á tímann og hafa rétt hitastig og svona. Það er eiginlega mín deild.“

Að sögn Jóhanns er alveg nauðsynlegt að eiga gott úrval af góðum kryddum í skápnum. „Ásamt kryddi nota ég ólífuolíu mikið við eldamennskuna. Þá er líka nauðsynlegt að hafa almennileg tæki við hendina þegar verið er að elda góðan mat. Eftir að ég kynntist gaseldavélum þá hreifst ég mjög af þeim. Það er miklu skemmtilegra að elda á slíkum eldavélum heldur en á hinni hefðbundnu hellu. Bæði er þægilegra að eiga við matinn auk þess sem auðveldara er að ráða við hitann. Því nota ég eingöngu gas núorðið.“ Þegar Jóhann er spurður hvað hann myndi aldrei reyna að elda, annaðhvort vegna kunnáttuleysis eða þá einfaldlega vegna þess að honum finnst viðkomandi matur vondur, stendur ekki á svari. „Þegar ég var í sveit hérna um árið þá var stundum eldaður svokallaður skyrhræringur. Það var skyr og hafragrautur blandað saman svo úr varð einhvers konar hræringur. Mér myndi aldrei detta í hug að bera það á borð fyrir nokkurn mann. Ég á allavega ekki góðar minningar um þann graut.“

Jólamaturinn hjá Jóhanni er hefðbundinn á aðfangadagskvöld. „Við eldum lambahrygg og hangikjöt um jólin. Það eru sterkar hefðir í fjölskyldunni varðandi jólamatinn. Þá á ég einnig tvo unga menn sem borða ekki hvað sem er þannig að hangikjötið og lambið hefur vakið lukku hjá þeim. En við höfum hins vegar aldrei farið út í svínakjöt eða villibráð eins og hreindýr eða rjúpu á jólunum. Það hefur ekki verið talin ástæða til þess,“ segir Jóhann að lokum.

**Væn sjóbleikja heilgrilluð í álpappír**

- *Krydduð með sítrónupipar eða blönduðu fiskikryddi*
- *Einn laukur skorinn í þunnar sneiðar og lagður inn í fiskinn*
- *Einn tómatur niðursneiddur einnig lagður inn í bleikjuna*
- *Smá ólífuolía borin á álpappírinn svo roðið festist ekki við.*

Borið fram með salati sem samanstendur af:

- *Spínati*
- *Perubitum, ferskum*
- *Ristuðum furuhnetum*
- *Fetaosti í blárri krukku*
- *Kryddolíu*
- *og Parmesan osti sem skorinn er í sneiðar*

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá




CARMEN:

## Sjö sinnum valin víngerð ársins í Chile



Viña Carmen er eitt þekktasta vínfyrirtæki Chile og stendur á traustum grunni, stofnað árið 1850 af Christian Lanz, sem nefndi fyrirtækið í höfuðið á ástkærri eiginkonu sinni, Carmen. Árið 1992 var fyrirtækið endurbyggt og nýjum vínvið plantað með það í huga að ná fótfestu í útflutningi og í dag eru vín frá Carmen seld í yfir 50 löndum. Carmen hefur að mörgu leyti verið brautryðjandi í víngerð í Chile og hefur sjö sinnum verið kosin víngerð ársins þar í landi.

Í vínbúðum fást fjölmörg vín frá Carmen. Með hátíðarmatnum er vert að benda á reserve vínin, merlot sem kostar 1.390 kr. og cabernet sauvignon og carmenére cabernet sauvignon á 1.490 kr. Síðastnefnda vínið fékk í fyrra fimm stjörnur í einkunn í hinu virta tímariti Decanter en tímaritið var með sérstaka úttekt á vínum frá Chile.

## FREIXENET:

# Nýtt rauðvín og freyðandi rósavín




Spænska vínframleiðslufyrirtækið Freixenet er einkum þekkt fyrir freyðivínsframleiðslu enda stærsti framleiðandi freyðivína í heiminum. Fyrirtækið hefur nýverið fjárfest í annarri léttvínsframleiðslu og byggt upp tólf athyglisverð vínhús bæði á Spáni og í nýja heiminum. Freixenet er eitt af tíu þekktustu vörumerkjum Spánar samkvæmt alþjóðlegum könnunum og þekkt fyrir gæði og stöðugleika.

Ash Tree er ensk þýðing orðsins „La Freixenada" sem þýðir „staðurinn þar sem öskutréð vex". Hugmynd víngerðarmanna Freixenet var að búa til auðdrekkandi og ávaxtaríkt vín. Þrúgurnar eru ræktaðar í Kastilíu-héraði í miðju Spánar. Blandað er saman hefðbundnum spænskum þrúgum, í þessu tilfelli monastrell sem gefur víninu mýkt og angan og svo shiraz, þrúgu með öllu alþjóðlegra yfirbragð. Þetta er öflugt vín sem ræður vel við hefðbundinn íslenskan jólamat sem oft er saltur. Það er jafnframt mjúkt og ávaxtaríkt með kröftugum einkennum shiraz-þrúgunnar. Prófið það með hamborgarhryggnum!

*Kynningarverð á hátíðardögum í Vínbúðum 1.090 krónur.*

**Freyðandi rósavín**

Freixenet Rosado Brut er úr blöndu af þrúgunum garnacha og monastrell sem er blandað saman að jöfnu. Áferðin er ljósrauð og bragðið hreint og frísklegt. Þetta cava er einstakt sem fordrykkur. Rosado Brut er geymt í sex mánuði í tönkum og 30 mánuði í flöskunni. Einstaklega gott með mat, ræður við fjölbreyttari mat en flest freyðivín.

*Kynningarverð á hátíðardögum í Vínbúðum 890 krónur.*

## VEITINGASTAÐURINN

**ÓSUSHI** LÆKJARGÖTU 2A




# *Færibanda sushi*

**Stemningin:** Ósushi er austrænn veitingastaður með íslensku yfirbragði. Það sem maður kemur auga á fyrst þegar gengið er inn er án efa færibandið sem notað er til þess að færa viðskiptavinum dýrindisrétti. Ljóst er að hrár fiskur er ekki fyrir alla en þeir sem kunna að meta hann koma aftur og aftur. Það virðist þó sem Íslendingar taki hrámetið opnum örmum þar sem staðurinn er nánast alltaf fullur af fólki upp á hvert einasta kvöld.

**Matseðill:** Þetta er auðvitað sushistaður og matseðillinn ber auðvitað keim af því. Einnig eru til aðrir réttir fyrir þá sem ekki hafa hug á því að borða hráan fisk. Boðið er upp á alls kyns súpur, þar á meðal andarsalat, nautasalat og krabbasalat ásamt kjúklingasúpum og sjávarréttasúpum en allt er þetta með japönsku ívafi.

**Vinsælast:** Maki-rúllan með humar og mangó er vinsælasti rétturinn staðarins. Þá er einnig klassísk rúlla með krabba og avókadó sem nefnist California sem er nokkuð vinsæl. Auðvitað er staðurinn tiltölulega nýopnaður þannig að þetta á vafalaust eftir að breytast með tímanum.

**Réttur dagsins:** Ekki er enn kominn réttur dagsins en samkvæmt áreiðanlegum heimildum mun hann líta dagsins ljós á næstu vikum og mánuðum.

allt
heimili
Alla fimmtudaga

# Nýir hlutir í KAFFIBOÐI

Á horni Grettisgötu & Barónsstígs
Sími 562 1029
www.kaffibod.is




**Ottolina kaffið** hefur lengi verið þekkt íbúum Milanóborgar, Bjóðum úrval kaffibauna; s.s. Oro, Puro Arabica og Fortissima. Einnig malað kaffi frá Ottolina. Einnig bjóðum við kaffi frá M.o.c.a. í Róm. Fáanlegt hjá oss. Tilvalið til gjafa, fæst einnig í áskrift til fyrirtækja og einstaklinga. Fæst einnig í Bernhöfts bakaríi, Ostabúðinni og Búsáhöldum í Kringlu.



**Gæðagripur fyrir vandláta frá Isomac**

MILLENNIUM cappuccinovélin frá Isomac er 22kg gripur fyrir fólk sem vill njóta kaffidrykkju til hins ítrasta. Hún hefur allt það sem ein vél þarf. Vönduð og nákvæm pumpa, E-61 kjálki, stór tankur og öflugur ketill gerir kaffilögun fyrir stærstu matarboð og flóun mjólkur að tilhlökkunarefni. Verð kr. 145.900,-



**Útvarpsristin loksins fundin upp!**

Þau tíðindi hafa borist á langbylgju frá Ítalíu að búið sé að finna upp brauðristina með útvarpi innbyggðu — nú eða öfugt. Heyrast þau tíðindi um allt land á Kaffiboð FM. Að öllu gamni slepptu þá er hér traust brauðrist úr málmum með vönduðu útvarpi. Kr.7.900. Útvarpsbrauðristin fæst einnig í Búsáhöldum í Kringlunni og í Art form. Við eigum líka sturtuútvörp og klukkuútvörp



**Retro er nú loksins fáanleg á Íslandi**

Góð ítölsk vél úr stáli og messing, fáanleg í mörgum litum og krómi. Retro lagar eðalkaffi og er auðveld í notkun, en um leið er hún fallegt heimilistæki. Verð kr. 26.900,- Fæst líka í Búsáhöldum í Kringlunni. 5000 kr afsláttur til Visa korthafa til 17.desember.



**Ítalski kaffibarþjónninn frá Quickmill**

Rómuð kaffivél fyrir þá sem nenna ekki að laga latte eða espresso sjálfir; öll úr stáli og látúni. Hægt að beintengja við vatn. 13 kaffistillingar, bollahitari og öflug kvörn. Eina sjálfvirka vélin á markaðinum sem lagar alvöru espresso undir réttum þrýstingi. Varist eftirlíkingar. Verð frá kr. 109.900,-



**Arzberg postulín**

Tekatlar, mjólkurkönnur og bollar í mörgum litum frá Arzberg í Þýskalandi. Þetta er rómað gæðapostulín. **Verð á katli kr. 8.500,-**



Hvítt postulín frá Arzberg er einnig til; Pastadiskar, mjólkurkönnur, olíuflöskur,edikflöskur og bakkar. Verð frá kr. 690,-



**GIADA frá Isomac – litli meistarinn**

Hin klassíska "litla" 9 kg cappuccinovél frá Isomac á Ítalíu. Einfaldleiki, fegurð og gæði. Hún er eins og aðrar sem við seljum; með réttum þrýstingi fyrir cappuccino, ergo; djúpt og mikið bragð. Þessi fallega vél býðst einnig sem Supergiada og Giada de Luxe í miklu úrvali lita. Hún kostar frá kr. 37.900,-

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Garðar fær platínu

Fyrsta einsöngsplata Garðars Thórs Cortes, sem nefnist einfaldlega Cortes, hefur selst í yfir tíu þúsund eintökum og hefur því náð platínusölu. Safnplata Björgvins Halldórssonar, Ár og öld, er sömuleiðis komin í platínu.

Garðar er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem efnilegasti söngvarinn auk þess sem útgáfutónleikarnir sem hann hélt í Grafarvogskirkju verða sýndir á Stöð 2 á jóladag.



**GARÐAR THÓR CORTES** Fyrsta einsöngsplata Garðars Thórs Cortes hefur náð platínusölu.



**VERÐLAUNIN AFHENT** Sigur Rós við verðlaunaafhendinguna í gær. Þess má geta að Gunnar V. Andrésson tók við verðlaunum fyrir hönd sonar síns Ágústs Ævars, sem trommaði á fyrstu tveimur plötum sveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

# Sigur Rós verðlaunuð í bak og fyrir

Hljómsveitin Sigur Rós fékk í gær afhentar gullplötur fyrir nýjustu plötu sína Takk og plötuna () sem kom út árið 2002.

Takk hefur selst í 9.000 eintökum hér á landi en () hefur selst í 8.000 eintökum. Sigur Rós fékk einnig afhentar platínuplötur fyrir aðra plötu sína, Ágætis byrjun, sem hefur selst í 19.000 eintökum og fyrir fyrstu plötuna Von sem er komin í 10.500 eintök. Afhendingin fór fram í Gallerí Humar eða frægð! á Laugaveginum.

**Yfir 50 þúsund eintök**

Alls hafa plötur Sigur Rósar selst í yfir 50 þúsund eintökum hér á landi ef salan á endurhljóðblönduðu plötunni Vonbrigði er tekin með í reikninginn. Hefur sú plata selst í tæpum 5.000 eintökum og nálgast því gullið óðfluga.

Að sögn Ásmundar Jónssonar, útgáfustjóra Smekkleysu, hafði það dregist heldur á langinn að veita Sigur Rós gull- og platínuplöturnar og því var ákveðið að grípa tækifærið á meðan meðlimir sveitarinnar væru staddir hér á landi í jólafríi.

Ásmundur segir það sérstaklega áhugavert að Von sé nú komin í platínu því hún hafi selst í aðeins 313 eintökum á fyrsta söluári sínu. Hann segist það alveg magnað hversu margar plötur Sigur Rós hafi selst hér á landi. „Þeir eru búnir að vera í því að klára þessa Takk-plötu á árinu og ferðast út um allan heim. Þeir hafa spilað á tónleikum sem hafa yfirhöfuð fengið frábæra dóma og má með sanni segja að þeir hafi náð hápunkti sínum í Höllinni. Sigur Rós er líka með flestar útnefningar á Íslensku tónlistarverðlaununum þannig að þetta er búið að vera eftirminnilegt ár hvað Sigur Rós varðar,“ segir hann.

Plötusala Sigur Rósar hér á landi er vafalítið með því mesta sem íslenskir listamenn hafa náð hér á landi. Ásmundur segir þessar sölutölur þó ekkert einsdæmi og nefnir m.a. til sögunnar bæði Stuðmenn og Bubba því til stuðnings. „Hins vegar er það sjaldgæft að maður upplifi svona mikla sölu á tónlist eins og Sigur Rós er að gera,“ segir hann.

**Kynslóðalaus tónlist**

Ef litið er til útlanda hefur Sigur Rós selt plötur sínar í einni og hálfri til tveimur milljónum eintaka. Þar á meðal hefur Takk selst í um það bil 800 þúsund eintökum síðan hún kom út fyrir þremur mánuðum. „Takk er augljóslega sú plata hvað sölu og athygli varðar sem er að toppa það sem hefur áður verið í gangi hjá þeim. Tónleikarnir eru orðnir stærri og þeir eru að bæta í,“ segir Ásmundur.

Síðustu tvær plötur Sigur Rósar hafa selst í 5-600 þúsund eintökum erlendis og er því um töluverða bætingu að ráða. „Þetta er „katalógur“ sem heldur áfram að seljast. Það er greinilegt að þeir eru alltaf að bæta við sig nýjum aðdáendum og þá kaupendum sem bæta eldri verkunum við líka.“

Á næsta ári eru framundan hjá Sigur Rós frekari ferðalög um heiminn til að fylgja Takk eftir. „Þeir eru í fyrsta skipti á „playlista“ hjá BBC og þeirra prófíll hefur aldrei verið meiri í Bretlandi en í dag. Það er ljóst að þeir eru með aðdáendur hjá öllum kynslóðum og það aðgreinir þá frá mörgum öðrum. Þetta er svo tímalaus og kynslóðalaus tónlist sem þeir flytja,“ segir Ásmundur.

**freyr@frettabladid.is**




# Foo Figthers-gítar stolið

Víðir Björnsson, gítarleikari NilFisk, lenti í óskemmtilegri reynslu um síðustu helgi þegar gítarnum hans af gerðinni Dean var stolið.

Gítarinn hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir Víði því hann spilaði á hann þegar NilFisk hitaði upp fyrir vini sína í Foo Fighters í Laugardalshöll sumarið 2003. Einnig var hann að spila á gítarinn skömmu áður þegar Foo Fighters kíktu óvænt í heimsókn á hljómsveitaræfingu NilFisk á Stokkseyri og djömmuðu með þeim.

„Ég sakna hans. Hann er upphafið að þessu öllu. Rótarinn hjá Foo Fighters gerði við gítarinn og lagaði hann allan og þetta er bara ekkert skemmtilegur missir,“ segir Víðir.



**VÍÐIR BJÖRNSSON** Gítarleikari Nilfisk lenti í óskemmtilegri reynslu um síðustu helgi.

Stuldurinn átti sér stað í bakherbergi á skemmtistaðnum Gauki á Stöng á meðan NilFisk var uppi á sviði að spila. Einnig tróðu upp á Gauknum hljómsveitirnar Noise og Dimma. Um varagítar var að ræða sem Víðir hefur notað ef strengur slitnaði í hinum gítarnum. „Það hefur ábyggilega verið einhver fullur vitleysingur sem hefur gripið gítarinn. Hinar hljómsveitirnar vissu ekkert um þetta,“ segir Víðir. „Þetta er bara ömurlegt og ég hvet þá sem eru með gítarinn að skila honum. Ég verð ekkert mikið fúll ef ég fæ hann.“



**GÍTARINN** Gítarinn er til vinstri á myndinni. Víðir Björnsson saknar hans mjög og vill fá hann aftur.

Þeir sem vilja skila gítarnum eða geta gefið vísbendingar um hvarf hans er bent á netfangið nilfisk@strik.is. ■

# Jólatilboð aldarinnar

## 1 Þú kaupir Medion 40" LCD sjónvarp eða Medion 42" plasmasjónvarp...




**19.999**** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**239.988** STAÐGREITT

MEDION®

**40" LCD SJÓNVARP** 30140

- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**Mynd í mynd**
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað

**HD Ready**
Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.

**Tengdu við tölvuna**
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra fyrir nýjustu leikina!

**Ótal tengimöguleikar**
Tvö Scart tengi, Component tengi og S-Video tengi þýðir að þú getur tengt nóg af græjum við án þess að lenda í vandræðum.

**Skýrari mynd**
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við.




**15.799**** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**189.588** STAÐGREITT

MEDION®

**42" Plasmasjónvarp** MD35798

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 10000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg

**Miklir tengimöguleikar**
2 SCART tengi og S-Video tengi sem gera þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt mörgum öðrum tengimöguleikum.

**Mynd í mynd**
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú getur haft sem hornmynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.

Vá!




## 2 ...skilar gamla sjónvarpinu þínu...

Tegund, stærð, ástand, aldur eða áhorf sjónvarpsins skiptir ekki máli, bara að það sé eða hafi verið sjónvarp.

## 3 ...færð Sony heimabíó og 11 DVD myndir




SONY GÆÐI





SONY

**SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100**
DAVDZ100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- A/V Sync • Fjölkerfa • Mutli Stereo
- Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
- VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

**35.999**

Klikkaður kaupauki!

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444










# FÓLK Í FRÉTTUM



Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er ekkert til í þeim orðrómi að **Nicole Kidman** og sveitasöngvarinn **Keith Urban** hafi trúlofast á dögunum og að hún eigi von á barni. Þetta staðfesti fjölmiðlafulltrúi leikkonunnar nú fyrir skömmu og sagði engan sannleiksvott í þessum sögusögnum. Nicole væri alls ekki ófrísk. Áður hafði heyrst að parið hefði verið búið að skipuleggja brúðkaup á eyjunni Fiji nú um áramótin.

**Jude Law** hefur samþykkt að leika gegn þokkagyðjunni **Cameron Diaz** í nýrri mynd sem ber nafnið Holiday. Leikstjóri myndarinnar, **Nancy Mayers,** áætlar að tökur muni hefjast snemma á næsta ári. Munu Law og Diaz leika ástfangið par. Einnig leika í myndinni tónlistarmaðurinn **Jack Black** og **Kate Winslet** sem mun leika vinkonu Cameron.



**Kókaínparið Whitney Houston** og **Bobbi Brown** hafa verið kosin hallærislegasta par ársins 2005 af tímaritinu Star sem birti niðurstöður sínar fyrir skömmu. Um 35.000 manns tóku þátt í kjörinu. Af öðrum pörum sem komust á listann má nefna **Tom Cruise** og **Katie Holmes**, **Britney Spears** og **Kevin Federline** ásamt **Jude Law** og **Siennu Miller**.



**Elton John** mun þurfa að borga lögreglu úr eigin vasa vegna fyrirhugaðs brúðkaups hans og unnusta hans, **Davids Furnish**, í þessari viku. Ástæðan er sú að búist er við því að þúsundir aðdáenda muni mæta á staðinn þar sem vígslan fer fram og ljóst þykir að kalla þurfi út lögreglumenn til þess að gæta öryggis parsins. Elton og unnusti hans eru meðal fyrstu samkynhneigðu para á Englandi sem nýtir sér ný lög sem leyfa giftingu homma og lesbía Þar í landi.









www.sambioin.is










**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4-6-8-10 | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 6-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 5-8.10 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 4-6-8 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| INTO THE BLUE | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4.20-8-11.40 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is










| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5-7-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| NOEL | KL. 8 | |
| LORD OF WAR | KL. 9 | B.I. 16 |

Háskólabíó




**SOMETIME** Hljómsveitin Sometime heldur sína fyrstu tónleika í kvöld.

# Sometime á Sirkus

Hljómsveitin Sometime heldur sína fyrstu tónleika á Sirkus í kvöld. Sometime var stofnuð í sumar af Daníel Þorsteinssyni, trommara í Maus, og DJ Dice, eða Bjössa úr Quarashi. Fljótlega bættist við hljóðgaldramaðurinn Curver í bandið og sveitin fullkomnaðist síðan með djasssöngkonunni Divu De La Rosa.

„Þetta er live-tónlist, ekki beint dans heldur taktföst tónlist. Þetta er hálfgert teknó sem breytist yfir í hip hop," segir Curver. „Við erum undir miklum áhrifum frá „næntís" enda er „eitís" gjörsamlega búið að vera."

Að sögn Curvers spilar Daníel á rafmagnstrommur og hljóðsmala á meðan DJ Dice klórar plötur eins og hann eigi lífið að leysa. Diva De La Rosa sér um seiðandi söngröddina á meðan hann sjálfur einbeitir sér hljóðheiminum og Dub-effectum eins og hann hefur gert með góðum árangri í Ghostigital.

Tónleikarnir í kvöld eru liður í Sheptone-kvöldum á Sirkus sem hafa verið haldin á miðvikudögum í allan desember. Sometime hefur leik sinn kl. 22.00 stundvíslega og er aðgangur ókeypis.

# Mynddiskur með Jóa Fel

Matreiðsluþættir bakarameistarans Jóa Fel, sem sýndir hafa verið á Stöð 2 undanfarin ár við góðar undirtektir, eru komnir út í fyrsta skiptið á DVD-mynddisk.

„Þetta er mjög aðgengilegt fyrir alla," segir Jói Fel um diskinn. „Þetta er einfaldur matur, einfaldlega upp sett og það er ekki hægt að segja núna að menn kunni ekki að elda."

Eldsnöggt með Jóa Fel 1 inniheldur sex vel valda þætti þar sem Jói matreiðir einfalda og girnilega rétti, eldsnöggt og örugglega. Í þáttunum tekur hann á móti góðum gestum og býður þeim upp á ljúffenga rétti sem henta við öll tækifæri. Allar uppskriftir að réttunum sem Jói Fel matreiðir er að finna á disknum sem og í meðfylgjandi bæklingi. Sýningartími disksins er 190 mínútur.



**JÓI FEL** Bakarameistarinn er í aðalhlutverkinu á DVD-disknum Eldað snöggt með Jóa Fel.



**JÓLATÓNLEIKAR** Hljómsveitirnar Forgotten Lores og TMC halda jólatónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

# Tónleikar og jólaglögg

Hljómsveitirnar Forgotten Lores og TMC (Twisted Minds Crew) munu halda mikla jólatónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

Um upphitun sjá Beatmaking Troopa og Dj B-Ruff. Húsið opnar klukkan 21.30 og er opið til klukkan 1.00. Aðgangseyrir er 500 krónur og þeir fyrstu sem mæta á staðinn fá jólaglögg í hönd.



**KONG OG ANN** Hin risavaxna górilla nýtur hylli landans sem og heimsbyggðarinnar. Fimmtán þúsund manns hafa séð King Kong.

# King Kong fer vel af stað

Kvikmyndin King Kong fór vel af stað og má reikna með að alls hafi um tíu þúsund manns lagt leið sína í kvikmyndahúsin þessa helgina til að berja ferlíkið augum. Myndin var frumsýnd á miðvikudaginn og benda síðustu tölur til þess að fimmtán þúsund manns hafi séð myndina á fyrstu fimm dögunum.

Kvikmyndin segir frá hópi kvikmyndagerðamanna sem kemst í kynni við skrímslið King Kong en nær að fanga hann og flytja til New York með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er Óskarsverðlaunahafinn Peter Jackson sem leikstýrir myndinni en í helstu hlutverkum eru Jack Black, Naomi Watts og Adrien Brody auk þess sem Andy Serkis ljáir górillunni hreyfingar sínar.

# Mammút og fleiri hita upp

Hljómsveitirnar Mammút, Ghostdigital og hin efnilega söngkona frá Bath á Englandi, Bethia Beadman munu hita upp fyrir tónleika Hollywood-leikarans Kiefer Sutherland og hljómsveitarinnar Rocco DeLuca sem verða á Nasa á fimmtudag.

Bresk sjónvarpsstöð verður með í för og tekur upp tónleikanna vegna heimildarmyndar sem gera á um ferðalag Sutherland og félaga. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er miðaverð 500 krónur. Miðasala fer fram á midi.is og í Skífunni.



**MAMMÚT** Katrín Mogensen og félagar í Mammút hita upp fyrir Kiefer Sutherland á fimmtudag.



**BONO** Söngvari U2 hefur lagt sitt af mörkum í baráttunni fyrir minni fátækt í Afríku.

# Bono og Gates-hjónin menn ársins

Bono, söngvari U2, og hjónin Bill Gates og Melinda hafa verið kjörin menn ársins af tímaritinu Time.

Þau voru kosin fyrir framlag sitt til góðgerðarstarfsemi á árinu. Þau hafa m.a. lagt sitt af mörkum til að vinna bug á malaríu í Afríku, HIV, Aids og fátækt. George Bush og Bill Clinton, fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna, voru valdir félagar ársins fyrir mannúðarstörf sín eftir flóðin í Asíu og fellibylinn Katrínu.






## Vilja fá Indriða frítt

Forráðamenn Stoke City ætla sér ekki að að kaupa Indriða Sigurðsson af Genk í janúar heldur freista þess að fá hann frítt eftir að núverandi leiktíð lýkur í sumar. Þá verður Indriði orðinn samningslaus en búast má við því að Stoke muni fá harða samkeppni um að klófesta íslenska landsliðsmanninn.

**sport**

sport@frettabladid.is

KRISTINN ÓSKARSSON KÖRFUBOLTADÓMARI: BÚINN AÐ DÆMA 400 DEILDARLEIKI

# *Stefni að meiri dómgæslu erlendis*

„Það er engan bilbug á mér að finna. Ég held ótrauður áfram," sagði Kristinn Óskarsson, kennari og körfuboltadómari, í gær en hann dæmdi á dögunum sinn 400. deildarleik í úrvalsdeild þegar Grindavík og Skallagrímur öttu kappi í Grindavík.

Kristinn dæmdi sinn fyrsta leik fyrir sautján árum en það var leikur Njarðvíkur og Tindastóls. Síðan þá hefur hann sinnt dómgæslu í úrvalsdeild samfellt til dagsins í dag og segist hvergi nærri hættur. „Mín kynslóð í dómgæslunni, þá á ég við dómarana sem byrjuðu á svipuðum tíma og ég, hætti að mestu leyti fyrir tveimur árum þannig að mér líður núna eins og hálfgerði risaeðlu. Ég hef ennþá mjög gaman af því að dæma þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að hætta þessu strax."

Kristinn er 36 ára gamall og með elstu dómurum sem dæma hér á landi. Öðru máli gegnir um stöðu Kristins á erlendum vettvangi en þar þykir hann ungur og efnilegur. „Það er svolítið spaugilegt að hugsa til þess að ég er sagður ungur og efnilegur þegar ég er erlendis að dæma en hér á landi er litið á mig sem elsta dómarann. Ég fór á námskeið úti í sumar fyrir unga og efnilega dómara þannig að það bendir nú til þess að ég eigi nokkur góð ár eftir. Alþjóðadómarar geta verið að dæma til fimmtugs þannig að ég á fjórtán góð ár eftir."



Kristinn tók dómarapróf árið 1987, þá átján ára gamall, og hefur síðan dæmt 881 opinberan leik á vegum Körfuknattleikssambands Íslands. Að auki hefur hann dæmt fjölmarga leiki í æfingamótum, bæði hjá félagsliðum og landsliðum, hérlendis og erlendis.

Kristinn segir það sérstaklega hvetjandi fyrir hann að halda áfram að dæma á erlendum vettvangi. „Alþjóðadómgæslan hjá mér hefur verið að vinda svolítið upp á sig. Ég hef fengið mörg spennandi verkefni og þar sem ég er mikill keppnismaður þá er freistandi halda áfram að dæma erlendis."

## > Söfnunin gekk vel

Natalyu Kovtoun, ekkju Anatolij Kovtoun sem lék með körfuknattleiksliði KR á árum áður en lést sviplega á síðasta ári, voru í síðustu viku afhentar tæpar 200.000 krónur eftir söfnun sem nokkrir fyrrverandi liðsfélagar leikmannsins hér á landi stóðu fyrir. Það var Guðrún S. Þorgeirsdóttir, fulltrúi í íslenska sendiráðinu í Moskvu, sem afhenti Natalyu peninginn og að sögn hennar var hún afar hrærð og þakklát fyrir þessa óvæntu gjöf frá Íslandi. Uppátæki þessara fyrrum leikmanna KR er sannarlega virðingarvert því að upphæðin nemur venjulegum launum ekkjunnar í Rússlandi í eitt og hálft ár.

# Zidane telur Drogba vera bestan

**Ýmislegt forvitnilegt kemur í ljós þegar rýnt er í val þeirra sem höfðu atkvæðarétt í kosningu FIFA á besta knattspyrnumanni heims. Ljóst þykir að nokkrir leikmenn stundi greiðastarfsemi í vali sínu.**

**FÓTBOLTI** Af þeim 300 landsliðsþjálfurum og fyrirliðum sem kusu í kjöri FIFA á knattspyrnumanni ársins sem tilkynntur var í fyrradag voru það alls 159 sem settu brasilíska snillinginn Ronaldinho í 1 . sæti hjá sér. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hafði hann mikla yfirburði í kjörinu, hlaut alls 956 stig eða rúmlega þrefalt fleiri stig en Frank Lampard sem kom næstur með 306 stig.

Ronaldinho fékk einnig flest atkvæði í annað sætið eða 46, einu meira en Lampard sem fékk 45. Sá enski fékk hins vegar flest atkvæði þegar kom að því að velja í 3. sætið en þar fékk Lampard 46 atkvæði. Næstur kom Samuel Eto´o með 28 atkvæði en Ronaldinho varð þriðji með 23.

Þegar rýnt er í val einstaka þjálfara og fyrirliða kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós og greinilegt er að leikmenn horfa gjarnan til samherja sinna þegar kemur að því að nýta sér atkvæðarétt sinn. Þannig setur David Beckham t.d. framherjann Ronaldo í efsta sætið hjá sér en Fabio Cannavaro hjá Juventus er með samherja sinn Zlatan Ibrahimovich í 1. sæti. Okkar maður Eiður Smári Guðjohnsen setti Ronaldinho í efsta sætið í þetta sinn hjá sér en í fyrra valdi hann samherja sinn Lampard í það fyrsta. Í ár er Lampard þriðji í röðinni hjá Eiði Smára. Þá er ekki hægt að segja annað en það komi mikið á óvart að Zinedine Zidane, fyrirliði franska landsliðsins, telji Didier Drogba vera besta knattspyrnumann heims.

Eins og við var að búast er álit manna á bestu fótboltamönnum heims mjög misjafnt en þegar einstaka val allra þjálfara og fyrirliða er skoðað kemur glögglega í ljós að ákveðinn klíkuskapur á sér stað í kjörinu. Sú breyting varð í kjörinu í ár að þeir sem kusu máttu ekki velja leikmenn af sama þjóðerni og þjóðir sjálfir. Samt sem áður má sjá að þeir sem atkvæðarétt hafa eru gjarnir á veita leikmönnum frá sömu heimsálfu og þeir sjálfir stuðning. Þannig kemur meirihluti atkvæða Eto´o í fyrsta sætið frá hinum ýmsu þjóðum Afríku, t.d. Botsvana, Eþíópíu, Líbíu og fleirum. Þá enduðu Drogba og Michael Essien mun ofar í kjörinu en ætla mætti, en fyrirliðar afrískra þjóða horfðu mikið til þeirra í vali sínu. Það á þó ekki við um Clifford Celaire, þjálfara Dóminíska lýðveldisins, en hann er sá eini sem telur David Beckham vera besta knattspyrnumann heims.

**vignir@frettabladid.is**

**10 EFSTU LEIKMENNIRNIR Í KJÖRI FIFA Á KNATTSPYRNUMANNI ÁRSINS**

| NAFN | 1. SÆTI | 2.SÆTI | 3. SÆTI | STIG SAMTALS |
|---|---|---|---|---|
| 1. Ronaldinho | 159 atkvæði | 45 | 23 | 956 |
| 2. Frank Lampard | 25 | 45 | 46 | 306 |
| 3. Samuel Eto´o | 15 | 29 | 28 | 190 |
| 4. Thierry Henry | 11 | 34 | 15 | 172 |
| 5. Adriano | 17 | 21 | 22 | 170 |
| 6. Andriy Shevchenko | 16 | 18 | 19 | 153 |
| 7. Steven Gerrard | 11 | 19 | 19 | 131 |
| 8. Kaká | 10 | 12 | 15 | 101 |
| 9. Paolo Maldini | 7 | 11 | 8 | 76 |
| 10. Didier Drogba | 3 | 12 | 14 | 65 |

*Fyrir að vera valinn í 1. sæti fengust fimm stig, þrjú stig fyrir 2. sætið og eitt stig fyrir 3. sætið.*



**ÞRÍR BESTU** Það fór vel á með þeim Samuel Eto´o, Frank Lampard og Ronaldinho þegar tilkynnt var um besta knattspyrnumann heims í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**KOSNING HELSTU ÞJÁLFARA**

| LAND | ÞJÁLFARI | 1. SÆTI | 2. SÆTI | 3. SÆTI |
|---|---|---|---|---|
| Argentína | Jose Pekerman | Ronaldo | Eto´o | Lampard |
| **Brasilía** | **Carlos A. Perreira** | **Zidane** | **Nistelrooy** | **Gerrard** |
| Króatía | Zlatko Kranjcar | Ronaldinho | Robinho | Kaká |
| **Tékkland** | **Karel Bruckner** | **Ronaldinho** | **Gerrard** | **Henry** |
| Danmörk | Morten Olsen | Adriano | Ibrahimovich | Ronaldinho |
| **England** | **Sven Göran Eriksson** | **Ronaldinho** | **Adriano** | **Ibrahimovich** |
| Frakkland | Raymond Domenech | Maldini | Drogba | Rooney |
| **Þýskaland** | **Jurgen Klinsmann** | **Lampard** | **Ronaldinho** | **Adriano** |
| Ítalía | Marcello Lippi | Lampard | Ronaldinho | Ibrahimovich |
| **Holland** | **Marco van Basten** | **Ronaldinho** | **Adriano** | **Gerrard** |
| Portúgal | Luis F. Scolari | Kaká | Lampard | Ibrahimovich |
| **Spánn** | **Luis A. Suarez** | **Eto´o** | **Henry** | **Ronaldo** |
| Svíþjóð | Lars Lagerback | Shevchenko | Maldini | Raúl |
| ÍSLAND | ÁSGEIR SIGURVINSSON | KAKÁ | RONALDINHO | LAMPARD |

**KOSNING HELSTU FYRIRLIÐA**

| LAND | FYRIRLIÐI | 1. SÆTI | 2. SÆTI | 3. SÆTI |
|---|---|---|---|---|
| Argentína | Juan Pablo Sorin | Maldini | Gerrard | Drogba |
| **Brasilía** | **Cafu** | **C. Ronaldo** | **Zidane** | **Maldini** |
| Króatía | Niko Kovac | Lampard | Ronaldinho | Buffon |
| **Tékkland** | **Thomas Galasek** | **Ronaldinho** | **Lampard** | **Henry** |
| Danmörk | Thomas Helveg | Ronaldinho | Lampard | Adriano |
| **England** | **David Beckham** | **Ronaldo** | **Ronaldinho** | **Ibrahimovich** |
| Frakkland | Zinedine Zidane | Drogba | Maldini | Raúl |
| **Þýskaland** | **Michael Ballack** | **Kaká** | **Ibrahimovich** | **Eto´o** |
| Ítalía | Fabio Cannavaro | Ibrahimovich | Ronaldinho | Raúl |
| **Holland** | **E. van der Saar** | **Lampard** | **Ronaldinho** | **Rooney** |
| Portúgal | Luis Figo | Maldini | Henry | Ibrahimovich |
| **Spánn** | **Raúl Gonzales** | **Maldini** | **Henry** | **Eto´o** |
| Svíþjóð | Olaf Mellberg | Lampard | Eto´o | Maldini |
| ÍSLAND | EIÐUR GUÐJOHNSEN | RONALDINHO | ADRIANO | LAMPARD |



**HEIÐMAR FELIXSON** Heiðmar lék með Bidasoa á Spáni áður en hann fór til Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Heiðmar Felixson:

# Íþróttamaður ársins?

**HANDBOLTI** Heiðmar Felixson, sem leikur með handknattleiksliði Hannover Burgdorf í þýsku 2.deildinni, er á lista yfir þá tíu íþróttamenn sem koma til greina sem íþróttamenn ársins í Hannover en á listanum eru meðal annars tveir leikmenn úrvalsdeildarliðs Hannover í knattspyrnu.

Tilnefningin sýnir glögglega í hversu miklum metum Heiðmar er í Hannover en hann hefur spilað gríðarlega vel með liði sínu í ár. Árangurinn hefur samt sem áður ekki verið eins og best verður á kosið en Hannover er í 8. sæti deildarinnar. Heiðmar hefur leikið á Þýskalandi undanfarin ár. Hann kom frá spænska úrvalsdeildarliðinu Bidasoa, en á þeim tíma átti Heiðmar sæti í íslenska landsliðinu.

Ekki er þó talið að Heiðmar eigi mikla möguleika í kjörinu því á meðal þeirra tíu efstu er Nicolas Kiefer, einn besti tennisleikari Þýskalands, og er fastlega gert ráð fyrir því að hann muni bera sigur úr býtum í valinu. Kosningin fer fram á vefsíðu Neue Presse sem er með aðsetur í Hannover. **- mh**

Útskýring komin á því af hverju Mourinho tók ekki í hendina á Wenger:

# Wenger hunsaði jólakveðjuna

**FÓTBOLTI** Það andar köldu á milli Arsene Wenger, stjóra Arsenal, og Jose Mourinho, stjóra Chelsea, þessa dagana en þeir félagar hafa verið að rífast í fjölmiðlum síðustu vikur og nýtt mál kom upp um síðustu helgi þegar Mourinho neitaði að taka í hendina á Wenger eftir leik Arsenal og Chelsea. Eftir leikinn sagði Mourinho margt mikilvægara í leiknum og reyndi að gera lítið úr atvikinu.

Ástæðan fyrir því að Mourinho rauk strax inn í klefa eftir leikinn lak út í gær. Hann var hundfúll út í Wenger því hann hafði hunsað jólakveðju frá sér í jólakorti og dró í efa að kortið hefði komið frá Mourinho sjálfum. Mourinho sendi öllum knattspyrnustjórunum í úrvalsdeildinni jólakort og sendi persónuleg skilaboð með hverju og einu þeirra. Hann sagði við Wenger að hann hefði ekki ætlað að særa hann með ummælum sínum fyrr í vetur og ef hann væri sár þá bæðist hann afsökunar.



**HEY, AF HVERJU TALARÐU EKKI VIÐ MIG?** Arsene Wenger vill sem minnst vita af Jose Mourinho og talar ekki við hann þótt Mourinho hafi sent honum afsökunarbeiðni í jólakorti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Þegar Portúgalinn kom á Highbury spurði starfsmaður Arsenal hvort kortið væri virkilega frá Mourinho. Stjórinn trúði því vart að Wenger drægi í efa að kortið væri frá honum. Hann reyndi að ná tali af Wenger fyrir leikinn en starfsmenn Arsenal sáu til þess að hann kæmist ekki nálægt Frakkanum. Mourinho varð í kjölfarið sármóðgaður og þess vegna strunsaði hann beint af velli og ljóst að þetta athæfi verður ekki fyrirgefið í bráð. **- hbg**

Góður árangur náðist á Hallarmótinu í frjálsum:

# Björn setti Íslandsmet

**FRJÁLSAR** Landsliðsmaðurinn Björn Margeirsson setti á dögunum nýtt Íslandsmet í 2.000 metra hlaupi innanhúss en hann hljóp á 5:23,25 mínútum. Met Björns er það fyrsta sem skráð er í þessari vegalengd.

Mótið fór fram í nýju og glæsilegu frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum en Björn segir að þar sé um algjöra byltingu fyrir frjálsíþróttafólk sé að ræða.

„Það er ljóst að þessi aðstaða breytir miklu fyrir frjálsar íþróttir í heild sinni. Ég hugsa að þessi aðstaða eigi eftir að sanna gildi sitt á fáum árum frekar en mörgum. Ég er reyndar búsettur í Gautaborg í Svíþjóð þessa stundina og fór því frá Íslandi á frekar óheppilegum tíma, loksins þegar aðstaðan var orðin góð. En ég er nú reyndar í frjálsíþróttavænu umhverfi hér í Gautaborg og æfi að kappi, meðfram mastersnámi í vélaverkfræði."

Greinilegt er að aðstaðan góða í Laugardalnum hafði mikið að segja á Hallarmótinu, því fjöldi meta leit dagsins ljós, sérstaklega keppni unglinga. **- mh**

**MET Á HALLARMÓTINU**

**SVEINN ELÍAS ELÍASSON, FJÖLNI:** Bætti eigið met í 400 metra hlaupi sveina um tæplega tvær sekúndur, en metið er nú 51,1 sek.

**STEFANÍA HÁKONARDÓTTIR, FJÖLNI:** Bætti meyjarmetið í 400 metra hlaupi um rúmlega fjórar sekúndur, en hún hljóp á 58,43 sekúndum.

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON, FH:** Bætti piltametið í 400 metra hlaupi um tæplega þrjár sekúndur, en hann hljóp á 55,22.

SONY

# Allt þetta í einum pakka

KOMIÐ AFTUR



**KLVS32A10**
**SONY 32"LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**Verð áður**
**219.950 krónur**

**Skýrari mynd en þú átt að venjast ...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.**



**HTSS600**
**SONY HEIMABÍÓ**

Kaupauki

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**Verð áður**
**49.950 krónur**



**DVP-NS360**
**SONY DVD SPILARI**

Kaupauki

- Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**Verð áður**
**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**
**18.329 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
**eða 219.950 krónur staðgreitt.**

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

BaseCamp

## Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



**THIERRY HENRY** Henry hefur ekki enn endurnýjað samning sinn við Arsenal en núverandi samningur hans rennur út árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Barcelona staðfestir áhuga á Thierry Henry:

# Byrjað að tala um Henry í Barcelona

**FÓTBOLTI** Forseti Barcelona, Joan Laporta, hefur nú lýst því yfir opinberlega að félagið hafi áhuga á því að fá franska landsliðsmanninn Thierry Henry til Barcelona en miklar getgátur hafa verið uppi um að Henry sé þegar búinn að samþykkja för til spænska félagsins frá Arsenal.

„Við munum beita okkur fyrir því að fá Henry í raðir Barcelona því hann er einn fárra leikmanna í heiminum sem geta styrkt leikmannahóp okkar mikið,“ sagði Laporta.

Ronaldinho, sem á dögunum var valinn besti leikmaður heims af landsliðsþjálfurum og fyrirliðum landsliða, segir starfsfólk félagsins vera þegar byrjað að tala um að Henry komi til félagsins.

„Ég yrði afar ánægður með það að fá Henry og Frank Lampard hingað. Henry er stórkostlegur leikmaður sem hefur afar heilsteypta boltatækni sem gaman er fylgjast með. Að auki ber ég mikla virðingu fyrir honum sem manneskju. Inni á vellinum minnir hann á mig sjálfan.“ - mh



**YAO MING** Lagðist undir hnífinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Yao Ming meiddur:

## Skorinn upp á stóru tá

**KÖRFUBOLTI** Það verður erfiður róðurinn hjá Houston Rockets næstu vikurnar þar sem liðið verður að spila án Kínverjans risavaxna, Yao Ming. Ástæðan er sú að Ming lagðist undir hnífinn á mánudag þar sem hann var með sýkingu í stóru tá en Ming er væntanlega með einhverja stærstu tá í heimi.

Það gekk ekkert hjá Rockets þegar Tracy McGrady var meiddur um daginn og nú er spurning hvernig liðinu gengur án Mings. - hbg

Evander Holyfield:

## Vill berjast við Nikolay Valuev

**BOX** Bandaríski hnefaleikakappinn Evander Holyfield, sem orðinn er 43 ára, vill fá tækifæri gegn Rússanum Nikolay Valuev sem er nýbúinn að tryggja sér WBA-heimsmeistaratitilinn en hann lagði John Ruiz um síðustu helgi. Valuev er stærsti og þyngsti hnefaleikameistari sögunnar.

„Box snýst ekki um stærð heldur hvað maður gerir við þá hæfileika sem Guð gaf manni,“ sagði Holyfield sem er ákaflega trúaður og neitar að hætta að boxa þótt hann hafi ítrekað tapað illa síðustu ár. ■

Forráðamenn Real Madrid:

## Caro mun klára tímabilið

**FÓTBOLTI** Juan Ramon Lopez Caro mun klára tímabilið sem þjálfari Real Madrid en hann var upphaflega settur til bráðabirgða í starfið eftir að Wanderley Luxemburgo var rekinn úr starfi.

Caro er fyrrum unglingaþjálfari hjá Real og fær tækifæri til að sanna sig áður en stjórnin tekur ákvörðun um framhaldið næsta sumar. - hbg

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

18 19 20 **21** 22 23 24

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

☐ 20.00 **Haukar** og **HK** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Ásvöllum.

**SJÓNVARP**

☐ 16.20 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Útsending frá leik gærkvöldsins.

☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.

☐ 18.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Fallegustu mörk Tottenham.

☐ 19.30 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Doncaster** og **Arsenal**.

☐ 21.30 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Livorno** og **AC Milan**.







# SKÍTAKULDI ER HUGARÁSTAND

| | |
|---|---|
| Gerð: **Cintamani Eygló CM-712** | |
| Fóðring: **95% dúnn, 5% fiður** | Fóður: **Polyester** |
| Ytra byrgði: **Polyester** | Loðkragi: **Ekta skinn** |
| Verð: **Kemur á óvart** | |

CINTAMANI

GEFÐU HLÝJU

cintamani.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I don't think that there's anything worse than being ordinary."**

**Svar:** Angela úr kvikmyndinni American Beauty frá árinu 1999.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER ÞJAKAÐUR AF FORTÍÐARÞRÁ

# Söknuður

Ég sakna The Sopranos. Alveg skelfilega. Ég fæ svo sem alveg minn skammt af morðum og ofbeldi í öllum þessum aragrúa sakamálaþátta sem eru á boðstólnum en allt er það nú hálf klént. Marflatar persónur og tilbrigði við sömu stef. Hver Sopranos-þáttur er hins vegar eins og lítil bíómynd. Framleiðslan er fyrsta flokks, myndatakan snjöll og allt útlit til fyrirmyndar. Þá er handritið auðvitað sérstaklega safaríkt, persónurnar hver annarri betri og leikurinn í flestum tilfellum pottþéttur. Allt þetta skilar sér í því að þættirnir skilja eitthvað eftir sig. Fá mann til þess að hugsa, ólíkt flestum öðrum glæpaþáttum sem virðist þvert á móti ætlað að drepa alla hugsun.

Það segir auðvitað mest um slagkraftinn í The Sopranos að framleiðendurnir geta leyft sér að láta ár líða á milli framleiðslu þáttaraða. Þeir vita að við viljum meira og að við munum bíða jafn lengi og þeim sýnist.

Skjár einn sýnir gömlu Staupasteinsþættina seint á kvöldin. Alveg bráðsnjallt uppátæki sem er til eftirbreytni. Þættirnir voru á sínum tíma með því allra vinsælasta sem boðið var upp á í sjónvarpi en þeir gera meira en að lifa á fornri frægð. Þetta er eðalefni, skemmtilega skrifað og fyndið. Persónugalleríið er skrautlegt en iðulega eru það Frasier, póstfíflið Cliff og örlagasvelgurinn Norm sem stela senunni. Það er ekki það mikið af góðum nýjum þáttum í boði þannig að endursýningar á eldri snilld eru sjálfsagðar. Þetta var bara allt betra í gamla daga og maður myndi ekki slá hendinni á móti til dæmis Twin Peaks, SOAP, Dallas og Taggart á meðan aðalpersónan var enn á lífi.



**TONY SOPRANO** Biðin eftir því að mafíósinn snúi aftur er löng og ströng.



▶ 20.35 DRAMA

BRÁÐAVAKTIN



▶ 21.25 SPJALL

OPRAH



▶ 21.50 DRAMA

RESCUE ME



▶ 21:00 SPJALL

SIRRÝ



▶ 18.30 FÓTBOLTI

BESTU BIKARMÖRKIN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (20:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Disneystundin **17.56** Steini (29:52) **18.18** Sígildar teiknimyndir (14:42) **18.26** Líló og Stitch (52:65)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (21:24)**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljós**

▶ **20.35 Bráðavaktin (14:22)**

**21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (6:6)**

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Bob Dylan (1:2)** (No Direction Home: Bob Dylan) Ný heimildarmynd eftir Martin Scorsese um bandaríska söngvaskáldið Bob Dylan og feril hans á árunum 1961-1966. Sýndar eru gamlar upptökur með Dylan og fjölda annarra tónlistarmanna þess tíma og rætt við samferðamenn hans og hann sjálfan. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.

**0.15** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Strong Medicine (10:22) **11.05** Whose Line is it Anyway **11.30** Night Court (5:13)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Sjálfstætt fólk **14.30** Wife Swap 2 **15.15** Kevin Hill **16.00** Ginger segir frá **16.20** Smá skrítnir foreldrar **16.45** Könnuðurinn Dóra **17.10** Tracey McBean **17.20** Jesús og Jósefína **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.35 Galdrabókin (21:24)**

**19.45 The Simpsons (7:22)**

**20.10 Strákarnir**

**20.40 Supernanny (7:11)**

▶ **21.25 Oprah (21:145)**

**22.10 Missing (7:18)** (Mannshvörf) (Domestic Bliss) Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks.

**22.55 Strong Medicine (11:22)** (Samkvæmt læknisráði 4) (Maternal Mirrors) Vönduð þáttaröð um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.

**23.45** Stelpurnar **0.10** Most Haunted **0.55** Footballer's Wives **1.40** Numbers (Bönnuð börnum) **2.20** The Vagina Monologues **3.40** Twenty Four 3 (17:24) (e) **4.20** Silent Witness (8:8) **5.15** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Game TV**

**19.30 Game TV**

**20.00 Friends 5 (16:23)**

**20.30 Party at the Palms (5:12)**

**21.00 So You Think You Can Dance (12:12)**

▶ **21.50 Rescue Me (12:13)** (Happy) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11. september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn.

**22.35 Laguna Beach (1:17)** Önnur serían um krakkana á Laguna Beach.

**23.00** Fabulous Life of (6:20) **23.25** Friends 5 (16:23) (e) **23.50** The Newlyweds (13:30) **0.15** Tru Calling (13:20)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**

**19.30 Will & Grace (e)**

**20.00 Jamie Oliver's School Dinners** Jamie snýr aftur til Greenwich grunnskólann og sér að ástandið er ekki mikið skárra þar en þegar hann fór þaðan. Hann tekur að sér að þjálfa skólakokkana svo að þeir geti lært að elda ofan í börnin á hans máta.

▶ **21.00 Sirrý** Fólk sem breytir lífi annarra.

**22.00 Law & Order: SVU**

**22.50 Sex and the City – 3. þáttaröð** Miranda hefur áhyggjur af því að hún sé að renna yfir seinasta söludag og hefur áhyggjur af því að hún pipri.

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** NÁTTHRAFNAR **1.25** Everybody loves Raymond **1.50** Da Vinci's Inquest **2.35** Fasteignasjónvarpið (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**16.20** Enski deildabikarinn

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

▶ **18.30 Bestu bikarmörkin** (Tottenham Hotspur Greatest Goals) Glæsilegustu mörkin og eftirminnilegustu tilþrifin úr ensku bikarkeppninni.

**19.30 Enski deildabikarinn** (Doncaster – Arsenal) Bein útsending frá 5. umferð í enska deildabikarnum.

**21.30 Ítalski boltinn** (Ítalski boltinn 05/06)Bein útsending frá 17 .umferð ítalska boltans. Meðal liða sem mætast í þessari umferð eru: ASCOLI – TREVISO,FIORENTINA – PALERMO, INTER – EMPOLI, JUVENTUS – SIENA, LECCE – LAZIO, LIVORNO - MILAN,MESSINA – REGGINA, PARMA – CAGLIARI, ROMA – CHIEVO, UDINESE – SAMPDORIA

**23.10** Enski deildabikarinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Frank McKlusky, C.I. **8.00** Drumline **10.00** On the Line **12.00** Live From Bagdad **14.00** Drumline **16.00** On the Line **18.00** Live From Bagdad

**20.00 Frank McKlusky, C.I.** Sprenghlægileg grínmynd með Randy Quaid.

**22.00 Eurotrip** (Evrópurispa)

**0.00** All Over the Guy (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Cheech and Chong's Next Movie (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Eurotrip (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Superstar Money Gone Bad **14.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **15.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Party @ the Palms **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On 0.00 E! News **0.30** Style Star **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Portsmouth – W.B.A. frá 18.12 **16.00** Man. City – Birmingham frá 17.12 **18.00** West Ham – Newcastle frá 17.12

**20.00 Þrumuskot (e)** **21.00 Að leikslokum (e)**

**22.00 Middlesbrough – Tottenham frá 18.12** Leikur sem fór fram síðastliðinn sunnudag.

**0.00** Everton – Bolton frá 17.12 **2.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Doncaster – Arsenal

**Sýn** kl.19.30

## *Enski deildabikarinn*



***Arsenal fagna marki***

Sá leikur í 5. umferð ensku deildabikarkeppninnar sem flestir eru væntanlega spenntastir yfir að sjá er viðureign stórliðsins Arsenal og annarrar deildar liðsins Doncaster Rovers. Sigurganga þessa litla og lítt þekkta liðs, Doncaster, hefur vakið verðskuldaða athygli og er vitnisburður um einmitt það sem gerir bikarkeppnirnar á Englandi hvað skemmtilegastar; þegar litlu liðin ná að stríða þeim stóru. Ævintýri Doncaster varð fyrst lyginni líkast í 6. umferð þegar liðið gerði sér lítið fyrir og burstaði úrvalsdeildarlið Aston Villa 3-0, úrslit sem enginn, nákvæmlega enginn hefði þorað að veðja á. Ekki nóg með það að sigra lið sem er heilum þremur deildum ofar heldur voru yfirburðirnir svo miklir að undrun vakti. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur haft þann vana á að gefa efnilegustu leikmönnum liðsins hverju sinni tækifæri til að láta ljós sitt skína í deildabikarkeppninni, með eftirtektarverðum árangri og verður því stórfróðlegt að sjá hvernig spútnikliði deildakeppninnar í ár farnast gegn unglingaliði Arsenal.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.45** Veðurfr. **6.50** Bæn **7.05** Morgunv. **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufsk. **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikf. **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfr **12.50** Dánarfr.r **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpss.**14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.10** Veðurfregnir 16.13 Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfr. **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Bókaþ. **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Mike Skinner **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**14.00**
FRÉTTIR

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal

**13.00** Íþróttaþáttur

**14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

**19.35** **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

**21.10** **Frontline** (In Search of Al Qaeda)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**21.55** **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Alpine Skiing: World Cup Kranjska Gora Slovenia **13.30** Dancing: World Challenge Cup **14.30** Figure Skating: European Championship Torino Italy **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: UEFA Champions League Classics **17.30** Football: UEFA Champions League Classics **18.30** Snooker: Snooker Hall of Frame **19.30** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **19.45** Olympic Games: Olympic Torch Relay **20.00** Olympic Games: Olympic Magazine **20.30** Sailing: Inside Alinghi **20.35** All Sports: Wednesday Selection **20.45** Golf: Challenge Tour **21.15** Equestrianism: World's Top 10 Geneva **22.15** Equestrianism: Show Jumping Porto **22.45** Equestrianism: World Cup London **23.45** All sports: WATTS **0.15** Motorsports: Test Drive

**BBC PRIME**
**12.00** Last of the Summer Wine **12.30** Butterflies **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Lost for Words **21.00** How to Be a Prince **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Shooting Stars Christmas Special **0.10** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Masterclass **1.45** Personal Passions **2.00** Art and Its Histories

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Monkey Hunters **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Megastructures **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Monkey Hunters **20.00** Most Amazing Moments **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Megastructures **23.00** Megastructures **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Wild Indonesia **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Wild Indonesia **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**
**12.05** Dangerman **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** A 4x4 is Born **17.30** A 4x4 is Born **





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*... fær Freyja Haraldsdóttir sem útskrifaðist frá Fjölbrautaskóla Garðabæjar með hæstu meðaleinkunn. Hún býr við alvarlega fötlun og er alfarið bundin hjólastól.*

ÞRÍR SPURÐIR UMDEILDASTA MÁLTÍÐ HÁTÍÐANNA

# *Borðar þú skötu á Þorláksmessu?*



### Með þvottaklemmu á nefinu

Nei, ég borða ekki skötu á Þorláksmessu. Ég væri til í að hitta gæjann sem fann upp á þessu og ganga frá honum. Mér hefur verið sagt að þegar maður byrji að borða skötu þá fari manni að líka við hana en ég hef ekki fengið mig til að borða þennan mat. Ég hef samt smakkað skötuna, með þvottaklemmu á nefinu.

Heiðar Austmann útvarpsmaður.

### Borða mig ekki sadda

Já, ég borða stundum skötu. Mér finnst mikilvægt að fá mér að smakka og það er mismunandi hvað ég geri þetta kvöld. Stundum fer ég í boð eða á einhvern góðan veitingastað. Ég segi ekki að ég borði mig sadda en mér finnst gott að fá smá bragð, taka þátt í stemningunni.



Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

### Æðislega góð

Já, ég borða skötu, mér finnst hún æðislega góð. Ég hef ekki borðað skötu á hverju ári en hef gert það undanfarin ár. Mér finnst lyktin ekkert svo vond á meðan ég er að borða en þegar ég er búin þá getur hún farið í taugarnar á mér.

Kristbjörg Kjeld leikkona.





**LÁRÉTT**
**2** harðfrosin snjókorn **6** íþróttafélag **8** skordýr **9** segi upp **11** stöðug hreyfing **12** kappsamt **14** krapi **16** tveir eins **17** traust **18** for **20** forfaðir **21** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1** listi **3** frá **4** garðplöntutegund **5** landspilda **7** starfræksla **10** frostskemmdir **13** flík **15** urin **16** ósigur **19** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** hagl, **6** kr, **8** fló, **9** rek, **11** ið, **12** ákaft, **14** slabb, **16** tt, **17** trú, **18** aur, **20** ái, **21** próf.
**LÓÐRÉTT: 1** skrá, **3** af, **4** glitbrá, **5** lóð, **7** rekstur, **10** kal, **13** fat, **15** búin, **16** tap, **19** ró.


SKÖTUHLAÐBORÐ



Okkar fræga skötuhlaðborð í hádeginu á Þorláksmessu

Verð kr. 2.490.- pr.mann

Borðapantanir í síma 553 9700

Brasserie ASKUR
SINCE 1966
SUÐURLANDSBRAUT 4




**TARANTINO OG ROTH** Ætla að endurnýja kynni sín við Íslendinga en það seldist upp á Bíópartí Tarantino á einungis níu mínútum.
FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

BÍÓPARTÍ TARANTINO: SELDIST UPP Á NÍU MÍNÚTUM

# Bókaður hjá Conan O'Brian

Það virðist ekki vera nóg með að Tarantino sé fallinn fyrir landi og þjóð heldur hafa Íslendingar tekið honum fagnandi. Almenn miðasala hófst í gær og seldust þeir fimm hundruð miðar sem eftir voru á aðeins níu mínútum. Hinir fimm hundruð miðarnir voru rifnir út á netinu á 20 mínútum fyrir nokkrum dögum þannig að þúsund miðar voru seldir á tæpum hálftíma. „Þetta er rosalegt," sagði Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Iceland Film Festival, þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Íslendingar eru ekki vanir því að það skuli verða uppselt á svona viðburði með svona skjótum hætti þannig að það hefur verið allt geðveikt hjá okkur og fólk veit ekkert hvernig það á að haga sér," bætti hann við en langar biðraðir mynduðust fyrir utan verslanir Skífunnar rétt áður en miðasalan hófst.

Ísleifur sagði þetta vera ánægjulegt, sérstaklega í ljósi þess að enn hefur ekki verið tilkynnt hvaða þrjár myndir leikstjórinn verður með í farteskinu en það ætti að skýrast á næstu dögum. Þá sé þetta líka mjög gott afspurnar fyrir Tarantino en hann hefur í hyggju að koma hingað oftar og standa fyrir enn stærri viðburðum.

Tarantino kemur hingað ásamt fríðu föruneyti. Kvikmyndaleikstjórinn Eli Roth ætlar að koma hingað með honum en lengi vel leit út fyrir að hryllingsmyndaleikstjórinn kæmist ekki sökum anna vegna Hostel. Þá ætlar hinn virti kvikmyndarýnir Elvis Mitchell einnig að slást í hópinn en hann skrifar meðal annars kvikmyndagagnrýni fyrir New York Times. Leikkonan Vanessa Ferlito er einnig hluti af hópnum sem og bandaríski rapparinn RZA.

Tarantino og vinir hans lenda hér á landi rétt fyrir áramót, væntanlega í kringum 28. desember. Þeir halda síðan af landi brott 2. janúar og fara allir til Los Angeles nema Tarantino sem flýgur beint til New York. Búið er að bóka leikstjórann hjá spjallþáttastjórnandanum Conan O´Brian 3. janúar en eins og margir muna þá kom Kiefer Sutherland til hins eina sanna Davids Letterman skömmu eftir að hann eyddi áramótunum hér á landi. Vöktu lýsingar hans á áramótum Íslendinga mikla athygli en Sutherland hreifst mjög af sprengjuæði þjóðarinnar. **freyrgigja@frettabladid.is**



Glaðbeittir gestir á Hótel Holti tóku eftir því á sunnudaginn að þar sátu saman í hrókasamræðum þeir **Jóhannes Jónsson**, aðaleigandi Bónus, **Finnur Árnason**, forstjóri Haga, og **Hrafn Jökulsson**, forseti Hróksins, sem einmitt hefur tilkynnt að hann muni láta af sínu virðulega embætti þann 1. janúar. Þremenningarnir sátu ekki yfir kræsingum en drukku kaffi og það var greinilega glatt á hjalla og ýmis mál tekin fyrir. Jóhannes hefur verið velgjörðarmaður Hróksins á síðustu árum og átt þátt í þeirri vakningu sem hefur orðið um allt land. Eftir því var tekið að **Máni Hrafnsson** vappaði inn á bókastofuna og færði Jóhannesi gjöf en Máni hefur leitt skólaheimsóknir Hróksins og hefur líklega heimsótt fleiri grunnskóla hringinn í kringum landið en nokkur annar á undanförnum árum og boðað fagnaðarerindi Hróksins og Eddu en bókaútgáfan hefur gefið grunnskólabörnum á Íslandi 20.000 eintök af kennslubókinni Skák og mát.



**Björn Ingi Hrafnsson**, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er vígreifur á heimasíðu sinni enda hefur Framsóknarflokkurinn aukið fylgi sitt í Reykjavík eftir að hann gaf kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri flokksins vegna borgarstjórnarkosninganna á næsta ári. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup fer fylgi flokksins úr 2,3% í september í 4,8%. Þetta fylgi nægir þó ekki til að koma framsóknarmanni í borgarstjórn en Björn reiknar með því að það sem vanti upp á muni skila sér á næstu mánuðum og þá bindur hann ekki síst vonir við opið prófkjör flokksins í janúar en tæplega 7% borgarbúa á kosningaaldri hyggjast taka þátt í prófkjörinu samkvæmt könnuninni.



Ásatrúarmenn ætla að koma saman í Sundabor 1 klukkan 20 í kvöld og blóta goðin og hjónin Frey Njarðarson og Gerði Gymisdóttur. Freyr er frjósemisgoð en heiðnir menn til forna tengdu hækkandi sól frjóseminni. Blótið er helgað af Hilmari Erni Hilmarssyni allsherjargoða og **Sigurjóni Þórðarsyni**, Hegranesgoða og þingmanni Frjálslynda flokksins.



**ÞÞ**


STOR HUMAR
skatan er
komin.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Rokkarar skora á bankana

Áttundu jólatónleikar X-ins 97,7, X-mas, verða haldnir á Nasa í kvöld klukkan átta. Húsið opnar klukkutíma fyrr en alls koma tólf rokkhljómsveitir fram og flytja sígild jólalög hver með sínu nefi. Aðgangseyrir er 977 krónur en allur ágóði af miðasölu rennur óskiptur til styrktar Foreldrahúss. Þeir sem vilja geta því látið meira af hendi rakna til styrktar góðs málefnis. Stórfyrirtæki landsins eru hvött til að koma og leyfa öðrum að njóta þess gróða sem þau hafa upplifað að undanförnu. „Ég held að þau ættu að sjá sóma sinn í því að leggja góðu málefni lið," segir Þorkell Máni, talsmaður tónleikana, sem beindi orðum sínum sérstaklega til greiningardeilda bankanna en þær hafa verið áberandi í menningarlífi landans síðustu misseri að hans mati.

Þorkell Máni segir að mikil stemning sé fyrir tónleikunum og síminn hafi varlað stoppað hjá útvarpsstöðinni. „Jólalög eru almennt leiðinleg og það má spyrja sig hversu góð þau geta í raun orðið," útskýrir hann en bætir jafnframt við að útvarpsstöðin hafi sínar eigin forsendur fyrir tónleikahaldi af þessu tagi. „Rokkhljómsveitir á borð við Ensími og Botnleðju hafa sýnt að jólalög þurfa ekki alltaf að vera í einhverjum leiðinda-karókístíl," segir hann.

X-mas eru lokahnykkurinn í starfi útvarpsstöðvarinnar og því hefur jólaandinn svifið yfir vötnum í hljóðveri X-ins að undanförnu. „Ég veit eiginlega ekki hvar þetta endar. Fyrst losum við okkur við karlrembuna og núna erum við orðnir að einhverri jólastöð," segir Þorkell sem er kominn í jólaskapið.



**ÞORKELL OG FROSTI** Útvarpsstöðin X-ið 97,7 stendur fyrir áttundu X-mas tónleikunum á Nasa í kvöld klukkan átta.
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

**freyrgigja@frettabladid.is**

Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

# GÓÐA SKEMMTUN

*Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga*

*Nýir leikir í Vodafone live!*



Vodafone live! SÍMI

19.900 kr.

NOKIA 6101

14.900 kr.

NOKIA 6020

Vodafone live!

*ótrúlegt verð*

Vodafone live! SÍMI

24.900 kr.

MOTOROLA V3 RAZR

og vodafone

Heyrumst!

*Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30761 12/2005

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR


## *Rök og tilfinningar*

Oft á hverjum degi stöndum við frammi fyrir því að taka ákvarðanir. Þær eru misstórar og misþýðingarmiklar en skipta allar einhverju máli fyrir okkur sjálf.

**ÁKVARÐANIRNAR** geta verið smávægilegar, til að mynda varðað hvað við eigum að borða og drekka í það og það skiptið, eða stórar og afdrifaríkar og varðað líf okkar í heild sinni. Það er mjög misjafnt hvernig fólki gengur að taka ákvarðanir og jafnframt breytilegt hvers konar ákvarðanir fólki finnst auðveldast að taka.

**SUMUM** gengur betur að taka stórar ákvarðanir en litlar. Svo eru ákvarðanir misstórar í hugum fólks og skipta mismiklu máli. Flestir eiga auðvelt með að taka ákvörðun um hvað þeir ætla að fá sér að borða en fyrir suma er það heljarinnar mál (á ég að halda mig við heilsufæðið eins og ég var búin að einsetja mér eða á ég að leyfa mér að fá mér þetta súkkulaðistykki?)

**ÉG** hef komist að því að það eru tvær leiðir til að taka ákvarðanir, tilfinningaleiðin og röksemdaleiðin. Röksemdaleiðin á við um smærri ákvarðanir en tilfinningaleiðin um stóru ákvarðanirnar sem breytt geta lífi okkar.

**ÉG** er ein af þeim sem á auðveldara með að taka stórar ákvarðanir en litlar. Kannski á ég því auðveldara með að taka tilfinningalegar ákvarðanir en röksemdalegar? Þegar kemur að því að taka stórar ákvarðanir, til að mynda um að flytjast til útlanda eða skipta um vinnu, leyfi ég hjartanu að ráða för og treysti því að með því sé ég að velja rétt.

**EIGINLEGA** hefur það alltaf verið þannig hjá mér að þegar kemur að því að taka stórar ákvarðanir hef ég nær undantekningarlaust stökkva frekar en að hrökkva því ég hef haft það að leiðarljósi að það er alltaf hægt að snúa við, en ef maður reynir ekki, veit maður ekki hvað maður er að fara á mis við.

**AUÐVITAÐ** hef ég tekið fullt af ákvörðunum sem voru sennilega ekki mjög skynsamlegar eða ígrundaðar og voru eflaust byggðar á reynsluleysi og bjartsýni. Þó er ég þeirrar skoðunar að allar þær ákvarðanir sem ég hef tekið í lífinu hafi verið réttar vegna þess að á þeim tíma sem ég tók ákvörðunina var hún rétt. Ekkert sem gerst hefur síðan, aukin reynsla eða þroski, getur haft áhrif á ákvörðun sem þegar hefur verið tekin.

**ÞAÐ** má aldrei hugsa: ef ég hefði vitað það sem ég veit í dag, þá hefði ég aldrei tekið þessa ákvörðun. Því að þegar ákvörðunin var tekin, var hún rétt – og hlýtur því að vera það enn.





